stiftamtman Ólafi Stefánssyni þótti sem fólk við sjávarsíðuna væri gjarnara á að eyða öllu sínu aflafé í munað, glingur og óþarfa.⁹⁶ Þetta var reyndar ekki aðeins bundið við sjávarsíðuna, því sumir bændur voru líka gjarnir á slíka eyðslusemi sbr. eftirfarandi ummæli Ólafs frá árinu 1787: Utarmaz landit vid ofneydslu nockurra í mat og dryck, klædnadi og kaupi margs óþarfa í høndluninni, einkanliga í góðum árum, er jafnvel orsakar mannfali, þegar eptir á fylgir bagt árferði....heldr kaupa allt ofmikitt af tóbaki, brennuvíni og ymiskonar glingri í høndluninni, en klæda og gæda kroppinn óspart medan efni tilhröckva. Eg þeckir þá bændr, sem nú drecka kaffe tvisvar, og eigi sialdnar enn einusinni á degi, en Rom og Raudavín í stad øls og brennuvíns. Séd hefir eg mussuklæddan fulltíða bónda son, er til eingra menta var settr, en átti nockra skillinga, gánga með gull á hatti, og bláfátækar vinnukonur

⁹⁵ Sigurður Högni Sigurðsson: *Munaðarvörur á Íslandi á 18. og 19. öld og viðhorf til þeirra.*

⁹⁶ Sigurður Högni Sigurðsson: *Munaðarvörur á Íslandi á 18. og 19. öld og viðhorf til þeirra.*

bera gull, silfr og fleiel. Þetta er dáruskapr mikill, sem eigi nær tilforstandugs og sidláts almúga fólks, er hagar þessu á alla adra leid. Ofneytsla mat og dryck hefir opnat mörugum fátækum þær vídu vergánga- og þar eptir daudans- dyr, eptir þat þeir giørt hafa kallda-kol á sínum ábýlis-jörðum, en efni þeirra eru þrotin, þó nægilig hafi verit í fyrstu.

Þá kemur að annarri aðalorsök hnignunar landsins að mati Ólafs Stefánssonar en það var verslunin.⁹⁷ fær ekki verður betur séð en boðskapur Ólafs hafi verið sá að fólk ætti að halda sig almennt við siði og reglur sinnar þjóðfélagsstéttar í klæðaburði og öðrum venjum. Fólki skyldi því ekki frjálst að kaupa það sem hugurinn girntist, jafnvel þótt efnahagur viðkomandi leyfði það, nema stéttarstaða leyfði það einnig. Þannig ættu sjómenn eða venjulegir bændur ekki að leyfa sér að kaupa sömu vörur og sýslumenn. Vilji embættismannanna til að banna, eða takmarka, aðgengi alþýðu að fingerðari fataefnum stendur reyndar á gömlum grunni Jónsbókar. En þar voru reglur um leyfilegan klæðnað eftir stéttum. Þótt hvergi hafi verið nefnt að hreppstjórar ættu að sinna því eftirliti, telur Lýður Björnsson sennilegt að þeim hafi verið fengið það hlutverk af sýslumönnum vegna þess að hreppstjórnir höfðu betri aðstöðu til að líta eftir sveitungum sínum.

Allt frá miðöldum fram á 17. öld voru víðast hvar í Evrópu í gildi lög er sögðu fyrir um hvað hverri þjóðfélagsstétt leyfðist í klæðaburði.⁹⁸ Slíkum hugmyndum óx svo aftur fylgi á 18. öldinni í tengslum við ríkjandi hagstjórnarstefnu tímabilsins, merkantílismann. Óhóflög fyrri alda beindust fyrst og fremst að klæðnaði og skarti, hugmyndir 18. aldarinnar um neyslustýringu af slíku tagi virðast, a.m.k. að einhverju leyti, víðtækari en áður þekktist. Þannig má benda á að Stefán Þórarinnsson amtmaður vísar til konunglegra tilskipana fyrir Noreg og Danmörku, í greinargerð um ofneyslu alþýðunnar og afleiðingar hennar er hann sendi kansallínu árið 1791, sem takmarka ekki einungis skrautklæðaburð alþýðu, heldur og hversu mörgum gestum alþýðufólk megi bjóða til brúðkaupsveislu. Með vísan til tilskipunarinnar telur hann rétt að settar séu hömlur á t.d. kaffikaup Íslendinga eftir þjóðfélags stöðu. Þarna var um að ræða mjög ákveðna tilraun til neyslustýringar. Svo virðist sem tilgangurinn hafi ekki aðeins verið að setja alþýðuna á sinn stað, heldur einnig (og ekki síður) að stýra því hvað fólk gæti leyft sér efnahagslega og mætti lagalega kaupa af öðru en viðurkenndum og skilgreindum nauðsynjum. Þarna voru að verki hugmyndir merkantílismans, að hefta fjárstreymi út úr ríkinu með því að hindra kaup alþýðunnar á innfluttum munaði Dönsk stjórnvöld óskuðu eftir álitni Ólafs á efni greinargerðar Stefáns. Hann vildi ekki ganga eins langt og Stefán að þrengja að frelsi almennings í klæðaburði en skartgripaburð vildi hann láta takmarka hjá fátækara fólki. Einnig taldi hann að takmarka ætti kaup á kaffi við ákveðin tekjumörk hjá embættismönnum og að bændum skyldi alveg bannað að kaupa kaffi. Þá vildi hann láta stöðva innflutning á áfengi, enda væri það til mikils skaða fyrir fátæklinga.

Jón Steingrímsson segir frá heimsókn sinni til Brynjólfs Thorlacius á Hlíðarenda árið 1752.⁹⁹ en hann var einn af ríkustu mönnum landsins á þeim tíma. Jóni var boðið til herbergis, eða kamers, þar sem húsbóndinn sat á dönskum stól og var búinn að erlendum sið, með síða hvíta hárkollu, í bláum jakka, eða kjól, með silfurhnöppum, og hafði silfurbúinn staf í hendi. Þar var honum boðið te og með því margt góðgæti sem varla hefur verið algennt í landinu á þeim tíma. Voru þar m.a. brauð, ostar og síróp en

⁹⁷ Sigurður Högni Sigurðsson: *Munaðarvörur á Íslandi á 18. og 19. öld og viðhorf til þeirra.*

⁹⁸ Sigurður Högni Sigurðsson: *Munaðarvörur á Íslandi á 18. og 19. öld og viðhorf til þeirra.*

⁹⁹ Sigurður Högni Sigurðsson: *Munaðarvörur á Íslandi á 18. og 19. öld og viðhorf til þeirra.*

diskurinn var af tini segir Jón. Ekki er getið annars húsbúnaðar eða hvernig umhorfs var í stofu þessari að öðru leyti, en augljóst má vera að klæðnaður Brynjólfs ásamt matnum sem Jóni var borinn, og matarílátin, var allt erlent að uppruna eða í það minnsta í stíl. gagnrýni 18. aldarinnar á það sem talin var vaxandi neysla munaðarvöru í landinu, beindist í raun gegn neyslu alþýðunnar. Þótt gagnrýnin virðist stundum þannig orðuð að henni sé beint til Íslendinga almennt, má víða sjá af orðum sömu manna að ekki var ætlast til að yfirstéttin beitti sig sama aga og alþýðunni var ætlaður. Sumir skrifuðu opinskátt um hvað alþýðu hæfði og jafnvel hvað henni ætti að leyfast að kaupa og nota af munaðarvörum. Eins og má sjá af skrifum Magnúsar Stephensen var beinlínis reiknað með og ætlast til þess af heldra fólki að það viðhefði ákveðinn lífsstíl sem bar vitni um efnahag og þjóðfélagsstöðu þess.

breyttir lifnaðarhættir þeirra sem meira máttu sín á 18. öld og þá einkum sunnanlands.¹⁰⁰ ljúffengar og dýrar matvörur og drykkir ásamt kryddi var nú flutt inn í landið í ríkaara mæli en áður. Eggert og Bjarni töluðu um ógrynni af kryddi og vínnum auk brennivínsins. Te og sykur svo algengar vörur að næstum hver góður bóndi á nú teáhöld, kaffi að komaast í notkun, ekki notað af bændum og allmörgum prestum, aðrir landsmenn eyða því / 226 af því mönnum geðjast ekki maturinn nema í honum sé krydd frá öllum löndum jarðar og með honum séu drukkin rauð og hvít frönsk vín og jafnvel aðrar vintegundir enn dýrari, í stað þess sem menn þekkt alls ekki rauðvín fyrir 20 árum og notuðu þá hið venjulega hvíta vín einungis við hátíðlegustu tækifæri og þá aðeins helstu höfðingja. Langmest ber á breytingu þessari á Alþingi. Innflutningur breyttist talsvert á 18. öld, á mjölvörum aldrei yfir 5 þús. tonnur á 17. öld, 8 kíló á mann, einkum notað í vatnsgrauta með mjólk eða súrmjólk. efnadir bændur höfðu tvisvar til þrisvar í viku framan af 18. öld. Fátæklingar drýgðu oft grauta með fjallagrösom og murukjarna, jafnvel þangi þegar hart var í ári. Innflutningurinn jókst verulega þegar á leið 18. öldina og menn vöndust æ meira á mjölmát. 20-23 kíló á mann um 1770. 11-13 þús tonnur á ári.

Talsvert flutt inn af brauð, einkum skonroki og skipsbrauði, sem var algengast og ódýrast.¹⁰¹ / 227 margir þó aldrei eða sjaldn smakkað brauð þegar komið var fram á miðja 18. öld. Fleira bakkelsi kom, m.a. kryddtvíbökur annað veifið. dálítið af sætabrauði stöku sinnum. Ekki tekið upp í svonefndar kaupsetningar, fastákveðnar verðlagsskrár þeirrar tíðar, fyrr en seint á 18. öld, talið óhófsvarnigur lengi vel. Á fyrri öldum miklu meira flutt inn af öli en brennivíni, en eftir 1700 hafði þetta snúist við. samdóma álit að drykkjuskapur hafi aukist verulega á fyrri helmingi aldarinnar. Jón biskup Árnason fyrstur til að ræða áfengisbann, skömmu eftir 1720. Flestir á því að áfengi væri heilsusamlegt í hófi og jafnvel ómissandi í meðalaleysinu og kuldanum. 1733 biskup setur fram bænarskrá um innflutningsbann eða því sem næst. Margir hæfileikamenn spilltu sjálfum sér vegna ofdrykkju og minntu oft meira á skynlausar skepnur en siðaða menn. Stiftamtmaður taldi vínið þvert á móti ómissandi í þessu harðbýla landi, yrðu að fá einhverju velgju ofan á allt vatns- og blönduþambið. myndi skaða verslunina. Fékk því engan hljómgrunn. 1743 á fyrsta ári Hörmangara fluttar inn 722 tonn af vrennivíni og tólf af ákavíti. dró nokkuð úr á nsætu árum, einkum eftir að konungsverslunin hófst. Á dögum Almenna verslunarfélagsins sótti í sama farið. / 227 Á hverju ári 200 tonnur í hafnir í Gullbringusýslu. Ólafur Stephensen amtmaður lagði til að enginn fengi meira en 1/20 af vörum þeim sem hann legði inn. Stjórn félagsins aftók með öllu. enn vaxandi á dögum konungsverlunarinnar

¹⁰⁰ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 225-226.*

¹⁰¹ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 226-227.*

síðari. 1779 fluttar inn 1160 tonn af brennivíni og 54 anker af rommi, en ekki nema 104 tonn af öli. 1783 lagði Lauritz A. Thodal til takmörkun aðflutnings en var ekki sinnt.

Tóbak lærðum við að brúka af útlenskum duggurum á fyrri hluta 17. aldar, það fór ekki að tókast til muna í Danmörku fyrr en um miðja öldina.¹⁰² enskt og hollenskt tóbak ogt gefið um á sinni hluta 17. aldar, reykt í brenndum leirpípum, seinna komust menn upp á lag með að tyggja og taka í nefið. Átti vaxandi vinsældum að fagna á fyrri helmingi 18. aldar. Á seinni hluta aldarinnar neftóbaksnotkun mjög í vöxt færðist, bæði hjá körlum og konum. Jón biskup Árnason vildi gera það útlægt, a.m.k. takmarka neysluna verulega. ekki undirtektir, menn héldu því m.a. fram að sjómenn mættu alls ekki án tóbaksins vera. Hleypti í þá hita og væri gott fyrir heilsuna, drægi óæskilega vessa og slím úr líkamanum. Upp úr 1780 vildi Thodal stiftamtmaður / 229 stemma stig við tóbaksnautn en náði ekki fram að ganga.

Nýlenduvörur: af tei og kaffi höfðu menn lítið að segja fyrr en komið var langt fram á 18. öld.¹⁰³ á tímum Almenna jókst neyslan og eftir að kóngsverlunin síðar tók við 1774 ört vaxandi, allmargir efnaðir bændur farnir að venjast á þessar nýjungar. Svipað með sykur, hvítasykur og kandís. Hélt í hendur við innflutning á tei og kaffi. 1760 kaffi og te flutt á eina höfn, Hólminn og sama gildi um sykurinn. Um 200 pund af sykri það árið.

Fæða almennings:

aðalfæða almennings við sjávarsíðuna fiskur, nýr og hertur.¹⁰⁴ Mest étinn þorskur og flyðra og súrt smjör haft með. Einnig nokkuð af jöti, keypt af uppsveitarmönnum, ýmist skrokkar eða fé á fæti. Meðferðin á kjötinugamalgróin, ekki reykt heldur hengt upp í hjalla og látið vindþorna dálítið og síðan soðið í súpu. Miklu meira flot rann af vindþurrkuðu þegar það var soðið og þannig sparaðist smjör. / 230 dýrt að kaup viðbit „einkum nú þegar allar matvöru hafa hækkað í verði síðan nýju „innréttungarnar“ komu.“ þurrkaða kjötið var talið auðmelt, saðsamt og hollt öllum þeim sem sífellt voru á stjái og unnu erfiðisvinnu. Iðjuleysingjum og lasburða fólki væri það hins vegar illa til neyslu fallið eins og svo mörg önnur hollustan.

klæðnaður:

Á kirkjubúninginu í Lateran árið 1215 snerist kirkjan gegn notkun á grænu og rauðu og þótti óhæfa að kirkjunnar menn klæddust marglitum fatnaði.¹⁰⁵ Marglit klæði, köflótt og röndótt, fengu niðrandi merkingu og voru slíkar samsetningar notaðar í myndmáli til að einkenna fólk sem stóð utan við eða var á mörkum samfélagsins. Þetta viðhorf endurspeglast í Kristinna laga þætti Grágásar, en þar er prestum bönnuð sundurgerð í klæðnaði. Árið 1269 ítrekaði Árni biskup Þorláksson þessa reglu og bannaði prestum að bera rauð klæði, gul eða græn, tvílit klæði, marglit eða röndótt. Árni biskup var að framfylgja erlendum reglum og bann hans er því ekki ótvíræð sönnun þess að hin marglita miðaldatíska hafi verið almenn hér á landi. Jónsbók árið 1281. Þar segir: „Það er öllum mönnum kunnugt um þann mikla ósið, er menn hafa hér meir í venju tekið í því landi en í engu öðru fátæku, um skruðklæða búnað“ (bls. 115). Lögin benda til að litklæði hafi verið eftirsótt og

¹⁰² Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 228-229.*

¹⁰³ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 229.*

¹⁰⁴ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 229-230.*

¹⁰⁵ Æsa Sigurjónsdóttir: *Klæðnaður og tíska.*

nýjar flíkur verið komnar til landsins, aðskornir kyrtlar og efnismiklar hettur, en hvort tveggja var tískufyrirbæri þessa tíma. Támjóir skór, breið belti, hnappar og hettur sjást víða í skreyttum handritum miðalda Íslandslýsing á latínu frá því um 1590 er elsta þekkta skriflega lýsing á klæðnaði Íslendinga. Hún er talin eftir Odd Einarsson biskup og var þýdd á íslensku árið 1971: (...) með oss eru gerð hvers konar föt og yfirhafnir, stærri og smærri, úr ull fjárins, sem sé treyjur, kápur, nærföt, þykk hlífðarföt, brækur, svuntur, sokkar o.s.frv. Þetta er sumpart ofið úr þykkum og grófum þræði, svo sem vaðmál það, sem árlega er flutt út frá Íslandi, sumpart úr nokkru fínni þræði, en slík föt eru einkum ætluð til heimaþarfa. En svo að klæðnaður þessi ljái mönnum nokkurn virðuleik, er dúkurinn almennt litaður svartleitum eða dökkum lit. (...) En þó Íslendingar séu nú hvorki um of snyrtilegir né sómakærir í klæðaburði, eru þeir samt ekki afskaplega ótilhafðir, en finnst nóg að vera þægilega klæddir og vel varðir gegn kulda og vosbúð. Þess vegna dúða þeir að vísu allan líkamann vel, en þó sérstaklega fæturna, sem þeir verja með ullarleppum auk leista og sokka úr ull. En skór eða öllu heldur skinn-sokkar eru hins vegar saumaðir úr óunnum skinnnum húsdýra og bundnir með löngum og þunnum þvengjum á tvo vegu (bls. 99–100).

Um höfuðbúnað kvenna segir hann: (...) þá er ekki síður fábrotinn og ófínn höfuðbúnaður sá, sem konur vorar una sér við.¹⁰⁶ Er hann að öllum jafnaði gerður úr hálfri annarri alin af líndúk, eða þar um bil; hann er brotinn saman í skakkhorn og vafinn um höfuðið. Utan yfir þessa skýlu er svo bætt við annarri eins úr líndúk og þannig koll af kolli, unz vafningur þessi er orðinn nægilega margfaldur og tilkomumikill, og eru endar hans þá tengdir saman í hnakkanum með fremur litlum spöngum. Og með þessum hætti skýla sér jafnt yngismeyjar sem eldri konur, en vaf nefnist höfuðbúnaður þessi á íslensku. Hins vegar fara efnameiri konur og meyjar ekki á mis við sitt skart, svo sem hálsfestar, ennisbönd, slár, brjóstskraut eða brjóstfestar, sem og dýrmæt belti úr skíru silfri, en notkun þeirra er ævaforð með þessari þjóð (bls. 100). Vafið, sem hér er lýst svo nákvæmlega, var lengi eitt af sérkennum íslenska kvenbúningans. Ekki er vitað hvernig eða hvenær þessi tíska barst til landsins, en vafið minnir óneitanlega á höfuðbúnað niðurlenskra kvenna á seinni hluta 15. aldar eins og hann er til dæmis sýndur í málverkum Hans Memlinc (1430–94) sem starfaði í Hansaborginni Brugge (nú í Belgíu). Vafið hefur að öllum líkindum borist til Íslands á síðari helmingi 15. aldar. Þá voru ævintýralegir tímar, mikill auður safnaðist á fáar hendur og samskipti voru óvanalega fjölbreytt við enska, þýska og hollenska kaupmenn. Einnig er hugsanlegt að íslenskar fyrirkonur sem fóru utan hafi borið tískuna heim og kemur þá nafn Ólafar ríku Loftsdóttur, konu Björns Þorleifssonar hirðstjóra, upp í hugann. Hvítt lín var merki um auð og völd. Auk þess að vera glæsilegt tískufyrirbæri hafði vafið að sjálfsögðu einnig það hlutverk að verja hárið gegn reyk og óhreinindum.

Í Íslandslýsingunni segir að flestir bændur og almúgi gangi í einföldum, dökkum, heimaunnum vaðmálsfötum, og þannig hélst klæðnaður þeirra fram til loka 19. aldar.¹⁰⁷ Embættismenn skáru sig úr og héldu sig eins og starfsbræður þeirra erlendis kvenna í lok átjándu aldar og byrjun þeirrar nítjándu, en þá var hann orðinn hefðbundið umfjöllunarefni erlendra ferðamanna. Búningurinn var samsettur af mjög stuttri treyju, þykkum vaðmáls- eða klæðispílsi og frekar mjórri svuntu og var hann skreyttur leggingum og/eða ullarknipplingum. Undir treyjunni var litríkur flauels- eða ullarupphlutur reimaður yfir ljósa vaðmálsskyrtu og var

¹⁰⁶ Æsa Sigurjónsdóttir: *Klæðnaður og tíska*.

¹⁰⁷ Æsa Sigurjónsdóttir: *Klæðnaður og tíska*.

hann oftast áfastur við undirpils sem var kallað kotpils. Hárið var hulið með höfuðklútum og efst trónaði hvítur faldur, sem á síðari hluta 18. aldar var þunnur og breiður eins og spaði, enda kallaður spaðafaldur. Misjafnt var hversu mikið var lagt í þennan búning, en efnakonur áttu dýrmætt silfur, ennisbönd, festar, digrar keðjur og skrautleg belti og notuðu sem brúðarbúning. Myndefni frá þessum tíma er mun fjölbreyttara en áður, en oft er um að ræða prentmyndir gerðar eftir glötuðum frummyndum, eins og frægar myndir sem birtust í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar. Teikningar franska málarans Pierre Ozanne eru því einstakar. Þær eru gerðar á Vatneyri við Patreksfjörð sumarið 1772, þegar franskur hnattleiðangur hafði þar stutta viðdvöl til að gera stjörnumælingar.

Stéttaskipting í klæðaburði: Mismunur á klæðnaði alþýðu annarsvegar og stórbænda eða embættismanna hinsvegar var sígilt umfjöllunarefni yfirvalda allt fram til loka 18. aldar.¹⁰⁸ Þessi munur var álitinn af hinu góða og var hlutverk hans að sundurgreina virðingar manna. Á teikningu frá Leirá (Þjms. 553) er þessi stéttamunur í klæðnaði sýndur greinilega. Um miðja 18. öld var innflutningur á vefnaðarvöru fjölbreyttur. Fluttar voru til landsins nokkrar gerðir af einlitu klæði í sterkum grænum, bláum, rauðum og svörtum litum. Einnig fjölbreytt úrval af striga- og hörefnum, einlitt og röndótt léreft, mynstrað flauel og jafnvel silki. Hnappar voru vinsælir bæði á karlmannsog kvenflíkum og áttu helst að vera stórir og áberandi. Eggert Ólafsson segir í Ferðabók þeirra Bjarna Pálssonar: „Veraldarhöfðingjar ganga í lituðum klæðum úr erlendu efni. Fyrrum gengu þeir í ullarklæðum, en nú gerast silki- og flauelsklæði tíska, einkum þó silkisokkar og vesti úr

flauei og silki“ (II, 222). Þetta var um miðja öldina. Um svipað leyti lýsti síra Jón Steingrímsson Brynjólfi Thorlacius sýslumanni á eftirfarandi hátt: „Hann hafði hvítt lokka-parryk á höfði, sem náði á axlir og herðar niður, í bláum kjól með stórum kúluhnöppum af silfri og studdi sig fram á silfurbúinn reyrstaf“

/ 7 **1701:** Líkist krókfaldurinn nýi hrútshorni eða Fróðárrófu?¹⁰⁹ spurði kryplingurinn Guðmundur Bergþórsson hið landskunna skáld á Arnarstapa. segir nýung sem guðs orði sé ósamboðin, sem áður hafi ei haft menn né mæ, krókfaldurinn þing húsgangs-yngismeyja, krókurinn kálfsrófa, hrútshorn, stertur og ugla. kaup þú trafið hvítt og hreint, svo sterturinn geti staðið beint sem stikill fram. Hengir þú þar höttinn á, heiðarlega hann skartar þá.

1752: / 189 úr bók Horrebows, Níels: Íslendingar vinna sjálfir á sig fatnað sinn og með það eru flestir þeirra ánægður, eins og skynsamlegt er og væri óskandi að fleiri þjófóðir færu að því dæmi.¹¹⁰ Bæði karlar og konur notta vaðmál í hinn ytri klæðnað, en flest kvenfólk notar líka lituð klæði, sem selst í ladninu svo að mörgum þúsundum álna skiptir, í pils og svuntur. ekki af bestu gerð, bæði á boðstólum fínt og gróft klæði, sem allt er unnið í Danmörku. efnað fólk á klæðiskjóra, bæði karar og konur, yfirstéttarkarlar notar eins og fyrirfólk hjá okkur silkifóður í föt sín og annan íburð eftir því. hempan er ævinlega svört, ríkiskonur hafa mörg pör af fallega gerðum silfurspennum, oftast gylltum framan á hempunni allt í skaup niður, til skrauts, halda henni ekki saman. Bæði pils og svuntur með flosböndum eða silkiborða eða breiðri silkisnúru að neðan. Á svuntustrengnum vírvirkishnappar úr silfri, einatt gylltir. Fátækt fólk lætur sér nægja látún. treyjurnar eru ævinlega svartar og fall fast að líkamanum, þröngar ermanr fram á úlnil, skreyttar lituðum borðum úr silki eða flueli við alla suma og að neðan breiðari og

¹⁰⁸ Æsa Sigurjónsdóttir: *Klæðnaður og tíska*.

¹⁰⁹ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

¹¹⁰ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

fallegru silkibönd. Við úlnliðinn á hvorri ermi hnappar af sömu gerð og silfurskart eða látúns. Um hálsinn lítill stinnur krugi þriggja fingra breiður, líkastur prestakraga og undidr hann gengur ysta flíkin.

/ 189 um höfuðið vefja konur löngu hvítu trafi úr gfour lérefiti og þar utan yfir öðru fínna, stendur upp í loftið eins og stórlkur. silkiklút brugðið utan um yfir ennið. stúlkubörn með húfur. karlar í serkjum og skyrtum úr þunnu vaðmáli eða flóneli, grófu lérefiti látið sjást yfir brjóstunum.

1760 / 240 Eggert Ólafsson: nú bangga bændur um allt land í svörtum vaðmálsfötum svo manni gæti komið til hugar að sætu sífellt í sorgum.¹¹¹ fyrr á tímum í móraðum, gráum og hvítum fötum. nú ganga menn í stuttreyjum, á ferðalögum í svörtum vaðmálskápum eða hempum. á hföði hatt eða hettu og þunna skó úr ósútuð leðri á fötum. í prónapeysum og sokkum, nærbusur og skyrtur eru úr ullareinskeftu, sem er hvítur heimaofinn dúkur. klerkar einnig mest í svörtum vaðmálsfötum. Veraldarhöfðingjar ganga í ltiuðum klæðum úr erlendu efni. nú gerast silki- og flauelsklæði tísska, einkum þó silkisokkar og vesti úr flaueli og silki.

Lífslíkur, hýbúlahættir, kjör:

fáir urðu mjög gamlir.¹¹² margir heilsutæpir um fimmtugt eða jafnvel fyrr. Reykvíkingar nutu þess að vera í nágrenni við landlækninn og útlærða danska ljósmóður Margrethe Katrine Magnussen frá 1761. lýsing Sveins Pálssonar landlækins á ferðum um Gullbringusýslu um 1790: bæir litlir og þröngir, illa viðaðir og ógerlegt það heita má að þrifa þá. Viðbjóslegur óþefur af daglegum úrgangi frá útveginum, lýsisbornum sjóklæðum og þó einkum hinni svonefndu for. Það er þró grafin niður í jörðina fast við bæjardyrnar og hlaðin upp úr grjóti. Í hana er safnað hlandi, rusli, fisksoði og öðrum óþverra, síðan notað sem áburður á túnin. Þegar vermenn koma heim í sveitirnar á sumrin þefar heimafélkið af þeim með / 231 háðslegum viðbjóði, uns þeir hafa látið þvo allan sinn fatnað sem rækilegast. Leiðinda dāmur helst við þessa menn nokkurn tíma eftir heimkomuna, þrátt fyrir það.

Lýsingar úr erindum til Landsnefndarinnar 1770:¹¹³ kjörum þeirra fátæku lýst, sem stynja undir sínu grátlegu ástandi. Sumt vinnufólk átti ekki sjö dagana sæla. maturinn, m.a. harður fiskur oft og tíðum skemmdur, myglaður og músétinn. Grautur á mognana sagður svo hrár að ofan að af mátti hella vatninu nær til fjórða parts og sat þá mjölið eftir. Blautur fiskur hrár og illa til búinn og hreinsaður. Fatnaður allsendis ónógur og aðbúnaður innanhúss: mega menn kasta sér niður ofan á eina rekkjuvoð með hörðum staurum eður skógarviðarhrísi undir og mjög litlu af heyi ofan á, líka við sjósíðuna með marhálmi undir rekkjuvoðinni, ... svo jafn þreyttur nær upp stendur eins og þegar hann leggst niður á kvöldum / 232 meset kvartað yfir versluninni, þegar sveitamenn kæmu færandi hendi á sumrum með vörur sínar, smjör, sýru, ull, vaðmál og annað sem sjávarfólkið gæti ekki án verið, þá sætu hinir ríkari fyrir og keyptunánst allt upp. síðan seldu þeir fátæklingunum sömu vörur aftur á mun hærra verði. Í kaupstöðum ganga þeir ríku á undan, taka fjórum sinnum en þeir þurfa hinir fátæku þar í mál fá ekki hálf misseris björg og ekki nærri jafnvægi þeirra fisks og lýsis, sem þeir taka frá sér og sínum börnum og láta í kaupstað, neyðast svo til að kaupa og stundum lána af þeim ríku í molatali og uppsettum taxa, svo allt hnígur að aumingjans örbirgð og mega

¹¹¹ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

¹¹² Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 230-231.

¹¹³ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 231-233.

oft og tíðum sitja með svangan maga. / 233 að loknum móðuharðindum semur Hannes Finnsson biskup rit sitt um mannfækkun af hallærum á Íslandi til að komast m.a. til botns í því hvort búandi væri hér á landin. Niðurstaðan: eigi óbyggjandi.

veitingahús 1789:

Margrét Angel, þar sem nú Aðalstæti 16, fékk leyfi til veitinga og hélt það í nokkur ár.¹¹⁴ Fyrsti veitingasalinn í Reykjavík. 1794 sótti Gunnlaugur Sveinsson kaupmaður um leyfi til veitinga á öli, brennivíni og tei og mun hafa fengið þá þegar. Henrich Scheel fyrrum tuktmeistari varð veitingamaður undir aldamótin, keypti 1790 litunarahús Innréttinganna fyrir suðurenda Aðalstrætis reif og byggði í astaðinn snoturt / 325 timburhús og lagði þar stund á bakarið og veitingasölu í Scheelshúsi, varð nafnkunnugt sem gamla klúbbhúsið. Ráðsmaður við tuktuhúsið 1787 vikið úr starfi 1793 vegna óreiðu, m.a. í fjármálum stofnunarinnar. Mikil klúbbaöld runnin upp í Evrópu, einkum á Englandi og Norðurlöndunum. félög og klúbbar ...

Mannasiðir heldra fólks:

veislur:

/ 61 árið 1720 afhenti Jón biskup Vídalín nýja stiftamtmaninum, sjóðliðsforingjanum Pétri Raben, tillögur um viðreisn landsins.¹¹⁵ Færði honum minnishornin úr Skálholtskirkju handa gripasafni konungs. fjögur svonefnd minnishorn, ma. stórt nautshorn með silfurhólki og víravirkiskúlu á stiklinum og breiðri silfurbeit á barmi. Skreytt skjaldarmerkjum norskra konunga og stórhöfðingja. Hrútshorn með' gylltri myndskreyttir silfurbeit. eftir að hann kom heim sendi hann honum með Eyrarbyggðaskip hin hornin þrettán sem eftir voru heima í Skálholti, ásamt öxi sem menn kalla Rimmugýgi Skarphéðins. Minnishorn þessi voru notuð til að drekka minni í kaþólskri tíð við giftingar eða trúlofanir fyrirfólks.

1761: / 8 sjá annál. Viðhafnarbrúðkaup að Leirá.¹¹⁶

Stéttaskipting:

Thorarensen/ Stephensen Stefán Þórarinnsson ([24. ágúst 1754](#) – [12. mars 1823](#)) var íslenskur [lögmaður](#) og síðar [amtmaður](#), [konferensráð](#) og riddari af [Dannebrog](#). Hann var ásamt bræðrum sínum ættfaðir Thorarensen-ættar. https://is.wikipedia.org/wiki/Stef%C3%A1n_%C3%9E%C3%B3rarinnsson setja í heimildaskrá ef ég nota. Hann lauk embættisprófi í lögfræði [1777](#) og fór að vinna í [rentukammerinu](#). [3. febrúar 1779](#) var hann skipaður varalögmaður en fór þó ekki strax til Íslands, heldur ferðaðist um [Noreg](#) til að kynna sér bústjórn og [jarðyrkju](#). Byggir sér veldi með framfarahugsjónum eins og Stephensenar og Skúlamenn. / **1781** / 142, júlí. Stefán Þórarinnsson ræktunarráðunautur, ungur sýslumannssonur úr Eyjafirði tjáði þingheimi í júlí að konungur hefði falið sér að vinna að framgangi jarðabóta í landinu.¹¹⁷ bauðst til að veita fræðslu munnlega og skriflega uns leiðbeiningar hans hefðu verið prentaðar. / 156 Stefán lögmaður Þórarinnsson er systursonur Ólafs Stefánssonar = Stephanungar og Thorerensenið er skylt.

1787 / 185 apríl, **Levetzov stifti vildi ekki að Hannes biskup skrifaði nafn sitt í sömu línu** í bók prestastefnunnar á Þingvöllum í fyrrasumar biskupi þótti sér

¹¹⁴ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 324-325.*

¹¹⁵ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

¹¹⁶ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .*

¹¹⁷ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .*

óvirðing gerð og stjórnarskrifstofunnar úrskurður að þeir eigi að skrifa í sömu línu.¹¹⁸

Segja má þó að visst blað hafi verið brotið í notkun jarðabókaheimilda frá upphafsskeiði einveldistímans með doktorsritgerð Björns Lárussonar hagsögufræðings í Lundi, *The Old Icelandic Land Registers*, sem út kom árið 1967.¹¹⁹ Að stofni til er ritgerðin útgáfa jarðabóka sem gerðar voru á árunum 1686-1697, en helsta nýjungin í rannsóknum Björns voru tvímælalaust útreikningar hans á skiptingu jarðeigna á Íslandi við lok 17. aldar. Þar sýndi Björn ótvírætt fram á að nær allar jarðir á Íslandi voru í leigu nálægt aldamótunum 1700 (um 96% heimila nýttu ekki eigið eignarland) og að eignarhaldi jarða í einkaeigu var mjög misskipt - um 7% landeigenda áttu um 45% jarðeigna í einkaeigu.(5) Niðurstaða hans um þetta efni var sú að stóreignafólkið hafi flest verið skylt innbyrðis og með inngiftingum hafi því tekist að halda eignum sínum innan örfárna ætta þrátt fyrir að eignir hefðu tilhneigingu til að dreifast vegna erfðareglna.

Rannsóknir Björns voru að vissu leyti upphaf endurskoðunar sagnfræðinga á samfélagi einveldistímans á Íslandi. Sú samfélagsgerð sem birtist í jarðabókunum féll þannig betur að söguskilningi sjöunda áratugarins en hugmyndum sjálfstæðisbaráttunnar um sameiginlega hagsmuni allra Íslendinga og sameiginlega baráttu þeirra fyrir þjóðfrelsi. Landeigendur 18. aldar mynduðu nú sérstaka stétt í anda marxískrar efnishyggju, sem átti tilveru sína og völd undir eignarhaldi á "framleiðslutækjum" samfélagsins, þ.e.a.s. svo fremi sem jörð getur talist tæki. Reyndar gerir Björn ekki mikið úr þessu atriði í ritum sínum, af því að hann lagði höfuðáherslu á heimildirnar sjálfar og vandamál þeim tengd, en rannsóknir hans höfðu samt óhjákvæmilega mikil áhrif á viðhorf sagnfræðinga til samfélags og valdagerðar 18. aldar. Þannig varð sú kenning ráðandi meðal sagnfræðinga að stétt eins konar landeigendaaðals hafi stjórnað landinu á 18. öld í krafti auðæfa sinna. Sá sem haldið hefur þessu hvað eindregnast fram er sennilega sænski sagnfræðingurinn Harald Gustafsson, sem kannað hefur stjórnkerfi einveldistímans á Íslandi af hvað mestum lærdómi. Í doktorsritgerð sinni *Mellan kung och allmoge* hafnar hann t.d. skoðun manna eins og Þorvalds Thoroddsens um að þjóðin hafi öll verið á sama báti á 18. öld, niðurbrotin í fátækt undir áþján danskra einokunar.(6) Þess í stað kynnir hann til sögunnar sameinaða valdastétt, "den isländska eliten" eins og hann nefnir hana,(7) sem réði bæði yfir eignum og helstu valdastofnunum samfélagsins. Í krafti stöðu sinnar stjórnaði valdastéttin miðlun upplýsinga á milli ríkismiðjunnar og Íslands, og gat á þann hátt ráðið lagasetningu og aðgerðum ríkisins hvað Ísland varðaði.

Þessi tenging auðs og valda hefur valdið sagnfræðingum nokkrum heilabrotum á undanförunum árum, enda er tæplega fullskýrt hvernig hin íslenska landeigendastétt gat tryggt sér aðgang að embættum eftir að einveldi var orðið fast í sessi og konungsvaldið varð virkara í stjórn landsins. Bragi Guðmundsson hefur t.d. dregið nokkuð í efa hina marxískt ættuðu stéttgreiningu á bændasamfélagi 18. aldar í riti sínu *Efnamenn og eignir þeirra um 1700*, en þar gerir hann allitarlega grein fyrir íslenskum gósseigendaættum eins og þær birtast í *Jarðabók Árna og Páls*. Lokaniðurstaða hans getur tæpast talist mjög eindregin, en um samband auðs og valda á 18. öld segir hann að "auði [hafi] verið mjög misskipt með embættismönnum á Íslandi um 1700 og það eina sem sameinaði þá voru sams konar störf. En sem heildstæð embættismanna- og jarðeigendastétt voru þeir ekki

¹¹⁸ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800*, .

¹¹⁹ [Guðmundur Hálfánarson](#): „Staða rannsóknna á sviði 18. aldar fræða: Sagnfræði.“

til. Auður og embætti gátu farið saman og gerðu það oft en ekki nándar nærri því alltaf."(8) Rannsókn Braga er of takmörkuð í tíma til að gefa fullnægjandi svar um efnið, en hún er allrar athygli verð og kallar á dýpri greiningu á valdagerð 18. aldar.

Í doktorsritgerð sinni frá 1983 vottar Gísli Gunnarsson landeigendakenningunni virðingu sína, en hann telur þar að á Íslandi hafi verið "tiltölulega samstæð yfirstétt [á 18. öld] sem efnalega hafði bæði stuðning af einkajörðum sínum og lénsjörðum kóns og kirkju (og skipaði að sjálfsögðu helstu embætti kóns og kirkju)."(9) Þessi yfirstétt gægist fram öðru hvoru í texta Gísla, en í raun gerir hann ekki mikið úr þætti hennar í íslenskri samfélagsþróun. Athyglisverðasta nýjung Gísla í umræðunni um samfélagsgerð fyrri tíma er einmitt sú kenning hans að bændasamfélagið hafi verið íhaldssamt og áhættufælið í eðli sínu og andstaða við breytingar á atvinnuháttum hafi ekki einungis mótast af hagsmunum yfirstéttarinnar, þótt oftast hafi látið hæst í henni. Þannig kemst hann að því að einokunarverslunin hafi verið að sönnu bölvuð, en hún hafi ekki verið sök Dana einna heldur hafi hugmyndafræði hennar fallið ágætlega að samfélagshugsun "gamla samfélagsins", þar sem allt átti að vera í föstum skorðum og sjávarútvegur og samkeppni voru litin hornauga. Segja má því, þó að slíkt sé óneitanlega mjög mikil einföldun á viðamikilli greiningu Gísla á sögu einokunarverslunarinnar, að hann hafi tekið til endurskoðunar þær hagsmunaandstæður sem oftast hafa verið taldar ráðandi í samfélagi 18. aldar. Gildir það bæði um hinar viðteknu andstæður á milli Íslendinga og Dana og hinar nýju stéttaandstæður landeigenda og leiguliða. Þessar kenningar vöktu mikla athygli á sínum tíma(10) og hafa haft víðtæk áhrif á ritun félags- og hagsögu 18. og 19. aldar. Um þær hefur reyndar staðið styr, en ég sakna þess að fátt nýtt hefur komið fram um stjórn- og efnahagskerfi 18. aldarinnar síðan þýdd og endurskoðuð bók Gísla kom út árið 1987.

Í heild má segja að margar og mikilvægar nýjungar hafi komið fram í rannsóknum á samfélags- og valdagerð 18. aldar á árunum frá um 1970 og fram á síðasta áratug, enda voru félags- og hagsaga í miklu afhaldi meðal sagnfræðinga á þeim tíma. Sameiginlegt einkenni þessara rannsókna er að þær hafna söguskilningi sjálfstæðisbaráttunnar þar sem litið var á fortíðina sem eilífa baráttu Íslendinga við útlent vald.(11) Þess í stað hafa sagnfræðingar eins og Harald Gustafsson og Gísli Gunnarsson bent á að samfélagsþróun á Íslandi átti sér margar hliðstæður við það sem gerðist í nágrannalöndunum, og að andstæðan Ísland-útlönd hafði allt aðra merkingu á 18. öld en hún fékk í rómantík 19. aldarinnar. Síðan doktorsritgerðir þeirra komu út nálægt miðjum síðasta áratug hefur þó verið heldur hljótt á þessum vígstöðvum sagnfræðinnar, hvort sem þar er um að kenna dvínandi áhuga á félags- og hagsögu á síðustu árum eða fámenni í íslenskri sagnfræðingastétt.

Hugmyndasaga, upplýsing:

Hinn þáttur rannsóknarsögu 18. aldar sem verið hefur hvað mest áberandi innan sagnfræðinnar á undanförunum árum er hugmynda- og menntunarsaga 18. aldar.¹²⁰ Að mörgu leyti er þessi áhugi sjálfgefinn, vegna þess að 18. öldin var mjög frjór tími í útgáfu lærdómsrita sem aftur ber vott um geysilega áhugaverða gerjun í andlegu lífi Íslendinga á upphafsárum "nú tímans". Fremstir í flokki sagnfræðinga á þessu sviði standa, að öðrum ólöstuðum, prófessorarnir Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson, en þótt þær rannsóknarhefðir sem þeir tengjast séu mjög ólíkar myndar hugtakið "upplýsing" kjarnann í rannsóknum þeirra beggja á sögu 18. aldarinnar. Með rannsóknum þeirra hefur framfaraviðleitni og framfaratru 18. aldar

¹²⁰ [Guðmundur Hálfánarson](#): „Staða rannsókna á sviði 18. aldar fræða: Sagnfræði.“

verið sett í nýtt samhengi - nú verður nýbreytni sem varð í verklegri og andlegri menningu þjóðarinnar á 18. öld tæpast skýrð með þeirri tilviljun að þá hafi fæðst hópur óvenjulegra gáfu- og mannkostamanna sem hóf baráttu fyrir bættum hag hnípinnar þjóðar, heldur tengist íslensk upplýsing náíð alþjóðlegum hugmyndastraumum.

Með þessu er ekki sagt að sagnfræðingar hafi fyrst uppgötvað áhrif upplýsingarstefnunnar á íslenskt samfélag nú á síðustu árum. Í þeim kafla sjöunda bindis Sögu Íslendinga sem fjallar um sögu menningar og mennta á tímabilnu 1770-1830 bendir Þorkell Jóhannesson t.d. á breytt viðhorf til alþýðufræðslu á síðari hluta 18. aldar, sem hann rekur til hinnar evrópsku upplýsingar, og svipaða sögu má reyndar segja um Jón Aðils í fyrirlestrum hans um íslenskt þjóðerni.(12) Í ritum þessara manna birtist upplýsingin þó sem heldur loftkennt fyrirbæri, eða eins konar halastjarna sem siglir í gegnum kristalhvolf gamallar hjátrúar og hindurvítna; hún verður eins konar óljóst samheiti fyrir allt sem var nýtt - ný viðhorf til alþýðu, frelsis og framfara. Að vissu leyti á þetta sér þá skýringu að afmörkun upplýsingarstefnunnar hefur oft verið óljós. Því eru ótalmargar vistarverur í húsum hennar, sem rúma spekinga sem eiga fátt annað sameiginlegt en að hafa verið uppi á svipuðum tíma. Hvað Ísland varðar flækist málið enn frekar við þá staðreynd að í mikilvægum málaflokkum tengist upplýsingin hugmyndum sem eru eldri en hin "eiginlega" upplýsing, en blandast við hana er líður á 18. öldina. Þannig á kameralisminn, sem var leiðarstjarna í hag- og stjórnspeki danska einveldisins lengst af á 18. öld, rætur í merkantílisma 17. aldar frekar en upplýsingu, og uppeldishugmyndir íslenskra upplýsingarmanna byggðust ávallt að nokkru leyti á píetismanum, sem tæpast getur talist "upplýstur", a.m.k. ekki ef miða á við hina frönsku upplýsingu.

Þessi sérstaða íslenskrar (og þar með að nokkru leyti danskrar) upplýsingar skýrist annars vegar af því að hún tengist miklu fremur þýskri hreinsun þokuanda, Aufklärung, en hinu franska ljósi, les lumières. Þýska upplýsingin var almennt mun varkárari í gagnrýni sinni á konungsvaldið en sú franska, um leið og norður-þýsk upplýsing, sem hafði mikil áhrif í Danmörku, lifði í náinni sambúð við lúterstrúna.(13) Hins vegar skorti algerlega á Íslandi þann jarðveg sem upplýsingin óx í á meginlandi Evrópu. Hér var ekkert þéttbýli sem heitið gat og engin innlend borgarastétt. Íslendingar áttu ekki einu sinni yfir höfði sér aðalsstétt sem gat viðhaldið sjálfstæðu og framsæknu menningarlífi á borð við salónana frönsku eða tónlistarlíf á þýsk-austurríska menningarsvæðinu.

Með þessu er ekki sagt að upplýsingin hafi í raun haft lítil áhrif á Íslandi, heldur aðeins að áhrif hennar hafi ávallt verið tempruð af hefðinni. Íslenskir upplýsingarmenn, sem flestir voru embættismenn eða menntamenn á leið í embættismannastétt, leituðust mjög við að samræma skoðanir sínar hefðbundnu gildismati og samfélagshugsun og lítið ber á gagnrýni meðal þeirra á skipulag bændasamfélagsins íslenska eða stjórnarfar konungsvaldins í hjálendunni. Sem dæmi má nefna að um leið og menn eins og Magnús Stephensen og Baldvin Einarsson vildu efla upplýsingu á Íslandi og útrýma "hindurvítini" í viðhorfum til náttúrunnar eða harðneskju í refsingum og uppeldi, taldi hvorugur nauðsynlegt að breyta undirstöðum bændasamfélagsins íslenska. Báðir voru þeir einlægir trúmenn og hvorugur þeirra hafði mikla trú á eflingu þéttbýlis á Íslandi. Báðir vildu þeir efla nýjar atvinnugreinar á Íslandi, en um leið höfðu þeir hina mestu skömm á siðspillandi áhrifum lausamennsku og þurrabúðarlífs.(14) Arfleifð upplýsingarinnar er því heldur mótsagnakennd. Greinilegt er að hugmyndir búauðgismanna um frjálsa verslun grófu undan trausti stjórnvalda á verslunareinokun og tilraunir til

iðnaðarstarfsemi á vegum Innréttinganna í Reykjavík má eflaust rekja að einhverju leyti til framfaratrúar upplýsingar. Eins má greina breytt viðhorf til verklegra framkvæmda í tilskipunum um jarðrækt frá 1776, en sennilega segir dómur Þjóðólfs í Ármanni á Alþingi um væntanlegan boðskap Ármanns í Ármannsfelli nokkuð um árangurinn:

Eg spái því, að þegar hann nú kemur, ef það annars verður nokkuð af því, þá setji hann upp langa hrókaræðu um kálgrauta, um túngarðahleðslu og þúfnasléttun og annað þvílíkt, sem enginn lifandi maður hefir gagn af, því enginn étur kálgrautinn hans, og túngarða hleður enginn maður með vitinu, því þeir hrynja jafnóðum ofan í höndurnar á manni aftur.(15)

Upplýsingin hlýtur þó ávallt að verða miðlægt fyrirbæri í rannsóknum á sögu 18. aldar. Hún er kjörin í þessu tilliti vegna þess að hún sameinar margar og ólíkar fræðigreinar, sem sést kannski hvað best á ritgerðasafninu Upplýsingin á Íslandi sem kom út í ritstjórn Inga Sigurðssonar fyrir nokkrum árum. Þar leiddu saman hesta sína sérfræðingar úr nokkrum geirum vísindanna og mátu áhrif upplýsingarinnar á sínum sérsviðum. Upplýsingin er líka kjörin vettvangur til samanburðar við önnur lönd, vegna þess að hún hafði veruleg áhrif um öll okkar nágrannalönd, bæði í austri og vestri. Ég vil þó vekja athygli á að hugmyndasaga 18. aldar nær óneitanlega yfir víðara svið en upplýsinguna eina og enn vantar sárlega nýjar rannsóknir í sagnfræði á aðdraganda hennar. Í því sambandi má benda á ritgerð Jóns Ólafssonar úr Grunnavík, Hagþenki, frá árinu 1737, en þar viðrar hann hugmyndir sínar um menntun íslenskra ungmenna.(16) Eins má færa fyrir því rök að meistari Jón Vídalín sé meiri átjándu aldar maður en Magnús Stephensen, því höfuðrit Jóns kom út á öldinni á meðan helstu skrif Magnúsar voru gefin út á þeirri nítjándu. Rannsókn á ritum manna frá fyrri hluta 18. aldarinnar og skipulegur samanburður við hina eiginlegu upplýsingarmenn hlýtur líka að teljast nauðsynlegur til að skilja þau nýmæli sem upplýsingin færði inn í íslenskan hugmyndaheim, auk þess sem slík rannsókn myndi treysta samhengið í íslenski sögu.

Þegar á heildina er litið má segja að safn sagnfræðirannsókna á 18. öldinni sé bæði auðugt og fjölskrúðugt, þótt enn séu viðfangsefnin ærin. Mér fannst þannig athyglisvert að sjá hversu mismunandi skilning sagnfræðingar leggja í hugtakið 18. öld, vegna þess að rannsóknartímabilið í hag- og stjórnskipunarsögunni nær yfirleitt frá því seint á 17. öldinni og endar einhvern tíma á níunda áratug 18. aldar, en rannsóknir í menntunar- og hugmyndasögu hefja oftast leikinn um miðja öldina, en spanna tímann til um 1830-1840. Þetta er okkur áminning um að þrátt fyrir að aldri séu hentugir merkimiðar þá stöðvast gangur sögunnar ekki við aldamót. Átjándu aldar fræði geta því aldrei afmarkast við þá öld sem gefur þeim nafn, en sem sérstakur rannsóknarvettvangur opna þau möguleika á að leiða saman fræðimenn á ólíkum sviðum sem eru í raun allir að fjalla um sama fyrirbærið, þ.e.a.s. menninguna í allri sinni fjölbreytni. Einungis með samræðu fræðigreina getum við fengið þá heildarsýn sem er nauðsynleg til skilnings á þessu flókna viðfangsefni, og það er von mín að málþing sem þetta megi a.m.k. verða örlítið skref á þeirri braut.

Prentsmiðja:

1773 / 90 stórauðugur bóndi, Bogi Benediktsson hefur lagt fram fé ti þessa fyrirtækis, október.¹²¹ Vestur í Hrappsey, Bogi og Ólafur Olavíus, kunnur af ritum

¹²¹ Öldin átjándu. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

þeim um búnaðarnýjungar. Ó O fékk konungsleyfi í fyrra í Skálholtsbiskupsdæmi, öll önnur rit en guðsorðabækur gegn því að smiðjan greiði skálholtskirkju hundrað dali á ári. kom til Stykkishólms með letur og áhöld. Útgáfa mánaðrrits á dönsku hafin, Magnús frændi Skúla sýslumaður Ketilsson gefur út, prentað í Hrappsey, segir ýmis tíðindi af Íslandi. upphaf tímarita það fyrsta. systursonur Skúla þótt aðeins rúmlega fertugur sýsli í dölum í tvo áratugi.

Hrossakjötsát:

1776 / 109 höfðingjar á Vesturlandi komnir í hár saman.¹²² Magnús Ketilsson sýslumaður í Búðardal: hleypidómar, hver kann að segja að hann sem fordæmir hrossakjötsát hafi réttara fyrir sér heldur en hinn sem etur hrossaslátur? hrossafлот, ein tunna lýsis fjórir ríkisdalir, svo Ísland gæti grætt 6400 dali við það að brenna hrossafлотi, betra en sitja í myrkrinu? - Gunnar Pálsson prófastur Hjarðarholti: Hrappseyjarblöð segi ei að þau leyfi mönnum eður bjóði hrossakjöt að eta, / 110 nýjungameistarar

1777 / 112 Kaupmannahöfn 1. apríl, Halldór Jakobsson sýslumaður: gullvægir pistlar postulans Pálusar mengaðir hrossakjötsræðum.¹²³ bók í Hrappsey víðvíkjandi slátrun hrossa og graðhesta og matreiðslu hrosskjöts sem almúganum er afdráttarlaust talin trú um að sé heiðarlegur mannamat. ætti að gera slík skrif upptæk.

God states that cud-chewing animals with split hooves can be eaten (Leviticus 11:3; Deuteronomy 14:6). These specifically include the cattle, sheep, goat, deer and gazelle families (Deuteronomy 14:4-5). Equines Donkey (ass), Horse, Mule, Onager, Zebra (quagga <https://www.ucg.org/bible-study-tools/booklets/what-does-the-bible-teach-about-clean-and-unclean-meats/which-animals> *setja í heimildaskrá ef ég nota*

Ættin:

faðir Skúla:

Skúli er sonur **séra Magnúsar Einarssonar** (um 1675-1728) í Húsavík og konu hans Oddnýjar Jónsdóttur í Keldunesi Kelduhverfi, Árnasonar.¹²⁴ Sonur séra Einars Skúlasonar í Garði og konu hans Guðrúnar Hallgrímsdóttur prests í Glaumbæ, Jónssonar. Lærði í Hólaskóla, missti prestsréttindi fyrir lausaleiksbrot (með Þuríði Björnsdóttur í Viðvík, hét dóttir þeirra Guðrún og dó uppkomin), fékk uppreisn, mun haustið 1706 hafa vígst aðstoðarprestur föður síns, **bjó í Keldunesi** fékk Húsavík 16. febr. 1712 og hélt til æviloka. Druknaði af báti út af Tjörnesi. Talinn vel gefinn, búskýslumaður og karlmenni. Magnús prestur vígðist fyst sem kapelán til föður síns og bjó þá að Keldunesi. Hann þótti gáfaður sem ættmenn hans, og var talinn allvel lærður, hagamæltur og sæmilega lögfróður. Hann druknaði í aflaferð til bú síns 1728, því hann var umsýslumaður hinn mesti. —Átti deilur nokkrar við síra Jón greipaglenni Einarsson á Skinnastsöðum, en þeir sættust heilum sáttum 1713.

systkini Skúla:

¹²² Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

¹²³ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

¹²⁴ Íslenskar æviskrár.

/ 34 ættingjum sýndi Skúli rækni.¹²⁵ hann kom báðum bræðrum sínum, Einar og Jóni á framfæri, Einari að ráðsmennskustarfi á Hólum en Jóni til menningar utanlands og innan og fékk því um leið komið að hann varð kirkjuprestur að Hólum 1752. Unnust / 35 þeir bræður mjög, þótt stundum bæri á milli því að báðir voru stórgeðja og kappsfullir. Jón afarmenni að burðum og varð Skúli að láta hlut sitt ef til átehta kom. Mikið tröll ertu Jón bróðir. Skúli hélt og brúðkaup Sigríðar systur sinnar með mikilli rausn, er hún giftist Jóni presti Vídalín í Laufási.

Skúli er sonur **séra Magnúsar Einarssonar** (um 1675-1728) í Húsavík og konu hans Oddnýjar.¹²⁶ ekki talin upp í aldursröð: *Jón eldri*, efnismaður dáinn 18 vetra. *síra Jón á Staðastað*, *Einar Hólaráðsmaður*, umboðsmaður Miðfjarðarjarða, að Bjargi í Miðfirði, *Sigríður átti síra Jón Vídalín að Laufási*, *Guðrún eldri* dái óg. 1738, *Guðrún yngri* f. k. *síra Ketils Jónssonar* í Húsavík og Skúli fögeti. Á sex systkini, fædd nú, einn deyr rétt uppkominn og ein ógift - fjögur af embættismannastétt, 1 prestur, 1 umbm., og tvær maddömur.

1. *Jón Magnússon*: (1715-20. jan. 1796).¹²⁷ Lærði hjá síra Þorleifi Skaftasyni, **Skúli kom honum í Skálholtsskóla 1736**, stúd 1740 með heldur lélegum vitnisburði, tepptist í Noregi veturinn 1721-1742, skráður í háskólanum í Kh. apríl 1742, guðfræðapróf 1. ág. 1744 með 3 einkunn. fékk Mel júní 1746 og kom samsumars til landsins, en skömmu síðar samt! kvaddur til dómkirkjuprests að Hólum, sama ár prófastur í Hegranesþingi, **officialis = stiftprófastur 21. sept. 1752 og gegnir biskupsembættinu til 1755**, fær þá Staðastað og heldur til æviloka. manna rammastur að afli, harður í horn að taka, átti rimmu við Stefán rektor Björnsson svo að rektor varð að fara frá, síðar langa misklið við Gísla biskup Magnússon vegna úttektar á Staðastað. Baldinn yfirboðurum, en talinn ella óhlutdeilinn og falslaus, einlyndur og trúlyndur. Djáknar þóttust illa haldnir á Staðastað. Þórunn kona hans varð geðbiluð 1776, dái 1795, Hansdóttir klausturhaldara Schevings á Möðruvöllum. Börn: **Lárus Snefjeld lögfræðingur**, (1751-1786) varð kópísti í rentukammeri ókv. barnlaus. **síra Hallgrímur í Görðum á Akranesi** frá 1797 áður hjá foreldrum sínum, Árni geðbillaður, Guðmundur stúdent, Helga átti Stefán umboðsmann Scheving að Inghjaldshóli.

2. *Einar Hólaráðsmaður*: um 1720-1772.¹²⁸ Í Hólaskóla 1735-40, en ekki víst hvort stúdent. Skúli gerði hann að yfirbryta eða eins konar umboðsmanni sínum í ráðsmennsku Hólastóls og var hann ráðsmaður einnig fyrstu ár Halldórs biskups Brynjólfssonar til 1750/51. 1749 útvegaði Skúli bróðir honum umboð konungsjarða í Miðfirði. bjó að Enni á Höfðaströnd, 1753 að Reykjum í Miðfirði síðar að Bjargi, 1757 og andaðist þar. Varð holdsveikur. Þrotabú að honum látnum, enda höfðu 44 umboðskúgildi fallið í kláðanum. Fréttabréf frá honum í Lbs.801,4to. Kona Ingibjörg f. um 1712 Björnsdóttir prests í Hofspingum Björnssonar, hún ekkja síra Jóns Jónssonar í Hofspingum. Börn 1) Magnús síðast verslunarfulltrúi á Eyrarbakka, d. í bólu 20. jan. 1786. 2) **Rannveig, d. 1786, ógift og barnlaus í Viðey.**

3. *Sigríður átti síra Jón Vídalín* (1726-1767) að Laufási: ¹²⁹ Sonur Jóns sýslumanns Vídalín Pálssonar eldri (stúdent í Sórey, próf í læknisfræði Kh. heyrari að Hólum og sýslumaður í Vaðlaþingi, varð úti á Hjaltastaðaheiði **aðeins 25 ára gamall**) og konu hans Helgu Steinsdóttur biskups, Jónssonar. Stúdent Hólum 1745,

¹²⁵ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

¹²⁶ *Íslenskar æviskrár.*

¹²⁷ *Íslenskar æviskrár.*

¹²⁸ *Íslenskar æviskrár.*

¹²⁹ *Íslenskar æviskrár.*

gók guðfræðapróf 1747 með þriðju einkunn, prestur Ríp og Viðvík, Þikngeyraklaustursprestakall 1752 og Laufás til æviloka. **Andaðist á ferðalagi (féll af hestbaki)**. vel gefinn, skáldmæltur, fátækur fékk 1757 hæsta styrk 24. rd. af gjafafé konungs til presta. Átti með Sigríði Skúlasystur 1) **Geir biskup** og 2) Jón undirkaupmann á Eyrarbakka, ókv. barnlaus og 3) **Jón stýrimann Indíafara!** og Sigríði sem átti Jens kaupmann Örum.

4. *Guðrún yngri* f. k. *síra Ketils* Jónssonar í Húsavík:¹³⁰ mamma Ketils dóttir umboðsmanns. Ketill gekk í Skálholtsskóla, stúdent 1722, í þjónustu Brynjólfs sýslumanns Thorlacius að Hlíðarenda, fékk Húsavík 1728 ... Guðrún systir Skúla giftist honum 1730 og deyr úr bólu 1742. Börn 1) **Magnús Ketilsson sýslumaður í Búðardal:**

Magnús Ketilsson (29. janúar 1732 – 18. júlí 1803) http://is.wikipedia.org/wiki/Magn%C3%BA:_var_sýslumaður_Dalamanna á síðari hluta 18. aldar, mikill jarðræktarfrömuður og stundaði tilraunir í garð- og trjárækt. Hann var einnig einn helsti forsvarsmáður [Hrappseyjarprentsmiðju](#) og gaf út fyrsta tímarit landsins.

Magnús var sonur Ketils Jónssonar (1698 – 24. mars 1778) prests á [Húsavík](#) og konu hans Guðrúnar Magnúsdóttur, systur [Skúla landfógeta](#). Hann stundaði nám við [Kaupmannahafnarháskóla](#) en varð sýslumaður í Dalasýslu 1754, 22 ára að aldri, og gegndi því embætti til dauðadags, eða í 49 ár. Hann bjó í [Búðardal](#) á [Skarðsströnd](#) og rak þar stórbú, eitt það stærsta á Vesturlandi. Magnús þótti röggasamur og duglegur embættismaður en nokkuð ráðríkur og harður í horn að taka, stjórnsamur og tók sérlega hart á betli og flakki, en rækti embætti sitt vel þótt hann væri nokkuð drykkfelldur á efri árum.

Hann var vel lærður, mjög vel að sér í latínu og grísku og las líka ensku, frönsku og þýsku auk dönskunnar. Hann skrifaði meðal annars um [guðfræði](#), [lögfræði](#), [sagnfræði](#) og [ættfræði](#) og voru mörg verka hans prentuð í Hrappseyjarprentsmiðju, sem hann átti stóran þátt í að móta. Hann gaf út fyrsta tímarit sem prentað var á Íslandi, [Íslandske Maanedstidende](#), sem var á dönsku og flutti fréttir frá Íslandi.

Magnús var mikill áhugamaður um hvers kyns fróðleik og framfarir og þó sérstaklega um bætta búnaðarhætti, og samdi ýmis rit um [búfræði](#) og búnaðarhætti til leiðbeiningar fyrir bændur. Sjálfur stundaði hann miklar tilraunir í jarðyrkju og garðrækt og slíku og ræktaði ýmiss konar [grænmeti](#) í garði sínum í Búðardal. Á meðal þess sem hann ræktaði eða reyndi að rækta voru kartöflur, rófur, næpur, nípur, gulrætur, hreðkur, rauðrófur, piparrót, laukur, hvítkál, blöðrukál, grænkál, salat, spínat, karsi, steinselja og salvía og árið 1778 ræktaði hann spergil (asparagus).

Hann ræktaði líka [bygg](#) og hafra og gerði tilraunir til að rækta rúg og hveiti en það tókst þó ekki. Einnig reyndi hann að rækta [lín](#) og [hamp](#) og jafnvel [tóbak](#). Ýmsar trjátegundir reyndi hann líka að gróðursetja með misjöfnum árangri. Hann lét reisa [vatnsmyllu](#) í gili fyrir ofan bæinn og mun hafa verið einna fyrstur til þess á Íslandi.

Magnús var tvíkvæntur. Fyrri kona hans var Ragnhildur Eggertsdóttir (1740 - 6. nóvember 1793), dóttir [Eggerts ríka Bjarnasonar](#) á [Skarði](#), en hin síðari var Elín Brynjólfsdóttir (1741 – 15. júní 1827) frá Fagradal og voru þær Ragnhildur bræðradætur og báðar af ætt [Skarðverja](#). Þegar Magnús **lést eftir byltu af hestbaki** (líka mágur Skúla Jón Vídalín Geirs biskups pabbi!) 1803 tók Skúli sonur hans við sýslumannsembættinu og bjó á Skarði. Eftir hann tók sonur hans Kristján Skúlason við og þegar hann lét af embætti 1859 höfðu þeir langfeðgarnir verið sýslumenn Dalamanna í 105 ár samfleytt.

Fleiri börn Guðrúnar Skúlasystur og Ketils: 2) *Jón* eldri **umboðsmaður**, 3) *Sigríður* átti **síra** Þorlák Jónsson í Húsavík, 4) *Oddný* átti launbarn og svo smíð og djákna, 5) *Guðrún eldri* bónda og skáld, 6) *Guðrún yngri* bændur. Þegar Guðrún dó kvæntist Ketill annarri prestsdóttur og átti sýslumann og 2 presta með henni.

föðurætt Skúla: *prestaleggur og lengra aftur biskupar. faðir og báðir langafar föðurmegin prestar sterkur prestakarleggur aftur til Þorláks biskups afa nafna hans og langafa. Mamma Þorláks biskups laundóttir Guðbrands biskups Þorlákssonar. ekki skrítið að Skúla langi í Skagafjarðarsýslu!*

¹³⁰ *Íslenskar æviskrár.*

móðurafi séra Magnúsar föður Skúla: Guðrún föðuramma Skúla og móðir Magnúsar var dóttir síra *Hallgríms Jónssonar prests í Glaumbæ*.¹³¹ *langafi Skúla*. prestsonur síra Jóns Jónssonar á Höskuldsstöðum. stúdent frá Hólaskóla 1625, í Kaupmannahafnarháskóla til 1628, verður þá heyrari á Hólum. Svo prestur og prófastur í Hegranesþingi. Officiales í Hólabiskupsdæmi að Þorláki Skúla biskup látnum. Vel að sér, mikils virtur, búmaður í meðallagi. Kona hans Sesselja dóttir lögréttumans. Börn þeirra 2 prestar, 2 prestar tengdasynir og einn sýslumaður. Þessu gat Guðrún amma montað sig af við Skúla. ömmubróðir hans síra Jón í Glaumbæ og séra Bjarni í Odda. Sesselja ömmusystir átti Jón sýslumann Þorláksson í Berufirði. Steinunn ömmusystir síra Jón Einarsson að Munkaþverá. Þorbjörg ömmusystir síra Halldór Eiríksson á Hjaltastöðum.

föðurafi Skúla: Faðir hans er sonur **séra Einars Skúlasonar** (1647-20. júlí 1742) í **Garði**.¹³² Garðskirkja er í Skinnastaðaprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi. Garður er bær, kirkjustaður og fyrrum prestssetur í Kelduhverfi. Þar voru katólskar kirkjur helgaðar Maríu guðsmóður, Jóhannesi postula og Tómasi postula, Guði og öllum heilögum mönnum. Útkirkja var í Ási, en sóknirnar voru sameinaðar 1816.

Prestakallið var lagt niður til bráðabirgða 1862 og að fullu 1880 og sóknin lögð til Skinnastaðar. Kirkja, sem nú stendur á staðnum, var byggð 1890. Einar afi Skúla er sonur síra **Skúla Magnússonar í Goðdölum** Vesturdal í Skagafirði og konu hans Arnþrúður Björnsdóttir í Kálfsgerði, Arnbjarnarsonar. Einar lærði í Hólaskóla og er talinn stúdent þaðan 1664 en 1666 er réttara. Í biskupsþjónustu að Hólum amk. 1668-9. Vígðist 10. okt. 1669 að Garði, veitingarbréf frá 20. ág. Hann hélt aðstoðarpresta frá 1706-1707, en lét af prestskap 21. júní 1733. Virðist hafa verið röggSAMUR og eigi látið ganga á rétt sinn. Var hagamæltur, erfiljóð um f. k. sína í ÍB66,8to. föðurbróðir Skúla er Jón heyrari í Skálholti og á Hólum. heyrari = fornt/úrelt. sá sem hlýðir yfir, kennari. **heyrari** í Hólaskóla. Sigurður föðurbróðir Skúla dó vofeiflega í Hólaskóla.

Séra Skúli Magg í Goðdölum langafi Skúla er sonur sr. Magnúsar Jónssonar að Mælifelli og Ingunnar Skúladóttur systur Þorláks Skúlasonar Hólabiskups. Mamma Þorláks biskups laundóttir Guðbrands biskups.¹³³ Hann var mikilhæfur nokkuð hrokafullur, frægur ræðumaður svo að fólk kom langt að til þess að heyra kenningar hans.¹³⁴

Skúli gamli langafi Skúla af mestu kirkju og kennimannaætt landsins eftir siðaskipti, sem er runnin frá ömmu hans, Steinunni laundóttur Guðbrands Hólabiskups.¹³⁵ Hana átti Guðbrandur með þernu á Hólastað áður en hann kvæntist. Steinunn þessi var einnig móðir Þorláks Skúlasonar eftirmanns Guðbrands á Hólum. Synir Þorláks urðu samtíða biskupar, Gísli á Hólum en Þórður í Skálholti.

móðir Skúla:

Oddný móðir Skúla var hin mesta merkiskona og kvenskörungur, og er ætt hennar rakin til Lofts ríka Guttormssonar á Möðruvöllum og Jóns biskups Arasonar. (af vefnum upp úr bók Jóns Aðils)

móðir Skúla var kvenskörungur mikill og ættstór.¹³⁶ Hún var komin af Laxamýringum í föðurlegg og Þuríði laundóttur síra Sigurðar prófests Jónssonar (d. 1595) á Grenjaðarstað. Þórunn? þessi var eina barn Sigurðar sem lifði fram yfir

¹³¹ *Íslenskar æviskrár.*

¹³² *Íslenskar æviskrár.*

¹³³ http://is.wikipedia.org/wiki/%C3%9Eorl%C3%A1kur_Sk%C3%BAason

¹³⁴ *Íslenskar æviskrár.*

¹³⁵ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

¹³⁶ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

unglingsár. Sigurður var sem kunnugt er hægri hönd föður síns, Jóns biskups Arasonar. Hann bar ægishjálmm yfir aðra klerka norðanlands um sína löngu daga og var tvisvar kosinn biskup í Hólastifti, fyrst að föður sínum látnum (1551) og aftur eftir Ólaf Hjaltason (1559), en í hvorugt skiptið féllust dönsk yfirvöld á kjörið. Það eru því tvær laundætur sem skjóta Skúla í ætt við tvo merkustu biskupa Hólastaðar, þá Guðbrand Þorláksson og Jón Arason.

systkini Skúla:

Kona kaupmáli 25. okt. 1704 Oddný Jónsdóttir í Keldunesi.¹³⁷ Börn þeirra: Jón eldri, efnismaður dáinn 18. vetra, Síra Jón á Staðastað, Einar Hólaráðsmaður, umboðsmaður Miðfjarðarjarða að Bjargi í Miðfirði. I Sigríður átti síra Jón Vídalín að Laufási, Guðrún eldri dáin ógift 1738, Guðrún yngri f. k. síra Ketils Jónssonar í Húsavík, Skúli landfógeti. Oddný ekkja varð seinni kona síra Þorleifs Skaftasonar að Múla.

æskan:

börnin að leik í stofunni á prestssetrinu og bar á milli. Skúli vildi einn öllu ráða í leiknum og lék systkini sín svo hart, að faðir þeirra og barnfóstran urðu að skerast í leikinn og stía Skúla frá hinum börnunum.¹³⁸

“Náttúran sjálf hefur frá örófi alda afmarkað Kelduhverfi rækilega. Að austan er hin mikla elfir Jökulsá á Fjöllum, að sunnan Mývatnsöræfi, að vestan hár fjallgarður og að norðan opið haf. Innan þessara vébanda var það gjörsamlega einangrað. Það er eins og rækilega umgirtur landskiki á mótum Suður-Þingeyjarsýslu og Norður-Þingeyjarsýslu.

Kelduhverfi er í rauninni ríki út af fyrir sig, en ekki hluti af stærri heild, og því hefði farið best á því, að sýslurnar hefðu haft það sem skartgrip héraðsins þarna á milli sín.” Keldunes er í miðri sveit og þar var lengi þingstaður hreppsins. Keldunes er kennt við miklar uppsprettur, sem koma undan hraunjaðrinum og kallast nú Brunnar. Í fornöld voru slíkar uppsprettur nefndar keldur og af þessum keldum dregur bærinn og einnig sveitin nafn sitt. Kelduhverfi myndi því kallast "Springfield" á alþjóðamálinu.

Fyrir unnendur íslenskrar náttúru hefur Kelduhverfið upp á margt að bjóða. Þar er fyrst til að nefna Vatnajökulsþjóðgarð með sínum náttúruperlum. Um hann getið þið fræðst hér á heimasíðunni. Fuglalíf er mjög fjölskrúðugt og fyrir fuglaskoðara er hér mikið að sjá. Silungurinn í Litlá og vötnunum þrem hefur dregið margan veiðimanninn í hverfið. Ekki má gleyma selnum sem syndir mót hörðum straumi Jökulsár og heldur þar löngum til. Hellar, gjár, skógar, heiðar, og svartur ægisandur ásamt fjallahringnum, allt þetta gerir Kelduhverfið að þeim skartgrip sem Árni Óla minntist á.

Skúli er fæddur 12. des. 1711 að Keldunesi í Norður-Þingeyjarsýslu og vatni ausinn að Garðskirkju daginn eftir og heitinn eftir langafa sínum Skúla Magnussyni

¹³⁷ *Íslenskar æviskrár.*

¹³⁸ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fógeti“, 10.

presti að Goðdölum í Skagafirði, er andast hafði þá um nóttina. (af vefnum upp úr bók Jóns Aðils)

Skúli Magnússon hinn yngri var elstur sinna systkina og ársгамall er faðir hans fékk veitingu fyrir Húsavík.¹³⁹ Hann var baldinn krakki. Hýðingar og aðrar venjubundnar uppeldisaðferðir dugðu lítt til þess að halda honum í skefjum. Foreldrar Skúla brugðu því á það ráð að koma honum í fóstur til afa hans að Garði í Kelduhverfi. Hinn aldni prestur hafði reyndar ágætt lag á Skúla og gaf það uppeldisráð til foreldranna að láta „drengrinn ætíð hafa nóg að starfa“, það eitt gæti fírrt hann vandræðum. Hvort sem við getum kallað Skúla ofvirkan að nútíma hætti eður ei er ljóst að starfsþrek hans og dugnaður yfir ævina var á við nokkra menn, en jafnframt var honum gjarnt reka olnboga í síður samferðamanna sinna.

Skúli fæddist að [Keldunesi](#) í [Norður-Pingeyjarsýslu](#) árið [1711](#), sonur Magnúsar Einarssonar, sem var prestur á [Húsavík](#) frá 1715, og konu hans Oddnýjar Jónsdóttur. Skúli var við verslunarstörf á unglingsárum en hóf skólanám hjá [Þorleifi Skaftasyni](#) prófasti í [Múla](#) í [Aðaldal](#) haustið 1727. Magnús faðir hans drukknadi í ársbyrjun [1728](#), þegar hann var að sækja rekavið, en tveimur árum síðar giftist móðir Skúla séra Þorleifi, sem útskrifaði hann svo með stúdentspróf [1731](#).

Á unglingsárum var Skúli [innanbúðarmaður](#) hjá [dönskum](#) kaupmanni og kynntist þá gildandi verslunarháttum. Kaupmaður kallaði oft til Skúla: „Vigtaðu rétt, strákur“, en það þýddi að hann ætti að snuða viðskiptamennina, vigta laklega og hafa þannig ranglega af fátækum mönnum. Er sagt að honum hafi [runnið í skap](#) og strengt þess heit að verja kröftum sínum og lífi til þess að reka úr landi einokunarkaupmenn og bæta verslun landsmanna og lífskjör.

Spennandi er að spá í hvernig mikilmenni verður til. Skúli Magnússon og Oddnýjar fæddist 12. desember árið 1711 í Kelduhverfi og var faðir hans prestur í Húsavík. Sagt er að fjórðungi bregði til nafns. Upphafleg merking auknefnisins Skúli er skamkvæmt orðsifjabókinni sá sem hlífir. Jú, Skúli vildi hlífa landinu við örbirgð, flytja inn nýja straua, rífa það upp, vera eins og Jón forseti síðar sómi, sverð og skjöldur. Eftirnöfn Skúla vísa líka táknrænt í rétta átt, Magnús er hinn mikli og Oddný setur nýtt á oddinn. Hendingin gaf honum nafn við hæfi. Hann var svo flottur að þegar hann fótbrotnaði í heimaskóla var það verðandi biskup sem felldi hann.¹⁴⁰ Helgisögubragð er af þótt satt sé, eins og á öllum öldum þegar hendingar klingja og syngja.

Skúli segir í sjálfsævisögubroti sínu skemmtilega frá bernsku sinni og hafa fræðimenn endurtekið þar úr ýmsa pósta.¹⁴¹ Hann gerir mikið úr óþekkt sinni, segist hafa verið erfiður og ódæll og hrekkjóttur, sýndi strax sem drengur takta þess sem vill láta til sín taka. Var óþekkur eldhugi, kannski ofvirkur á sjúkdómsmáli samtímans. Hann var af prestum en þó ekki alinn í bómull, látinn vinna til sjóss og lands. Skúli var undirmatsveinn – á kaupskipi hlýtur að vera, léttadrengur og háseti og vann við verslunina í Húsavík á sumrin. Kynntist því siglingum og kaupmennsku kornungur áður en hann settist af alvöru í skóla. Fékk ekki ölmusu á Hólum en svo heppilega vildi til að lærimeistari hans, áður fyrr skipaður skólameistari á Hólum, varð stjúpi hans og útskrifaði hann. Skúli nýstúdent gekk í

¹³⁹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

¹⁴⁰ Skúli Magnússon: „Skúli Magnússon. Skráð af honum sjálfum“, 58.

¹⁴¹ Skúli Magnússon: „Skúli Magnússon. Skráð af honum sjálfum“, 55-59. / Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 9-15.

þjónustu lögmans hér heima í tvö ár, sem var góður skóli og opnaði honum bókasafn, og í því heillaðist hann hvað mest af náttúrufræði. Gat ekki hugsað sér að setjast sem prestur í útkjálkabrauð.

Skúli og Einar afi:

/10 Strangur agi afa eftir að hann fór til hans,¹⁴² ekki barsmíðar, kvölds og morgna fylgja afa sínum út í kirkju, krjúpa á kné og gera bæn sína og lesa / 11 svo bæði kvöldbæneg morgunbæn inni á staðnum, engri hörku eða líkamlegum refsingum eins og þá tíðkaðist. með ástúð og blíðu, kristn fræði, samfata stillingu og einbetinu tókst gamla manningum að beygja skap skúla, tók stakkaskiftum og fékk að lokum ást á afa sínum og bar lotningu fyrir honum. 1724 aftur til foreldra óþekkur afi neitaði um blessun í árlegri heimsókn, fékk þegar það afa með fögtum tárnum, og afi sagði við föður hans. láttu hann hafa nóg að starfa það eitt getur / 12 haldið honum í skefjum.

/ 12 faðir hans hélt honum að allskonar störfum bæði heima fyrir og á sjó og var sitt á hvað (faðir hans líka dáinn og þurfti að standa sig) undirmatsveinn á skipi, vikapiltur, háseti og vinnumaður.¹⁴³ Þrjú ár 1724-1727 búðarloka á sumrum hjá kaupmanni í Húsavík og komst þá fyrst í kynni við íslensku einokunarháttsemina. Sagði afa sínum, karl varð æfur við og mælti: 'ætla þú drengur minn, að gera þig sekan í svo auðvirðulegu athæfi! Viljir þú fara að mínum ráðum þá hættir þú veslunarstörfum og ferð í skóla. Það tekur svo langan tíma sagði Skúli, afi svaraði á latínu Nógu fljótt sækist ef nógu vel sækist. ég bið þess, mælti afi, að / 13 þú meigr læra a þekkjja heiminn, en Guð varðveiti þig frá heiminum.

Snemma þótti hann ódæll, og vildi einn öllu ráða, er hann var að leikjum með systkinum sínum. Sá Magnús prestur eigi annað betra en að koma honum til Einars prests föður síns. Hugði Skúli gott til umskiftanna, því hann bjóst við að verða enn frjálsari hjá karli, en honum varð eigi kápa úr því klæðinu. Karl hélt á honum ströngum aga, en fór þó ávalt með góðu að honum. Var hann hjá afa sínu í þrjú ár, frá 10— 14 ára aldurs og tók skap hans þar miklum stakkaskiftum, en skjótt sótti i sama horf er hann kom aftur til foreldra sinna. Tók Einar prestur þá það ráð að ríða heim til Magnúsar sonar síns á ári hverju og leggja blessun yfir börn hans, en Skúli fékk því að eins blessunina að hann lofaði bót og betrun, en alt vildi hann til þess vinnna. Er fráleið sótti oftast í sama horfið, þar til eitt sinn er Einar prestur kom þar í erindagerðum þessum, ávarpaði hann þá Skúla og mælti: „Þú verður af blessuninni, drengur minn, því þú tekur engum áminningum!“ Þetta fékk svo mikið á Skúla, að hann bað afa sinn grátandi um blessunina. Blíðkaðist þá karl og mælti, um leið og hann sneri sér til Magnúsar sonar síns: „Með einu skilyrði skaltu fá hana. Láttu drenginn ætíð hafa nóg að starfa, það eitt getur haldið honum í skefjum“. Þótti Skúla þetta góður kostur og sótti fast vinnuna. *(af vefnum upp úr bók Jóns Aðils)*

hjá Húsavíkurkaupmanni:

1727 / 92 Risna Akureyrarkaupmanns. varði á þessu ári 280 pottum af brennivíni, 50 pottum af ákavíti, 160 pottum af miði, 40 pottum af frönsku víni, tíu pundum af tóbaki og einni tunnu af skipsbrauði til risnu handa bændum og búaliði er í

¹⁴² Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, 10.

¹⁴³ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

kaupstaðinn koma.¹⁴⁴ Hefur því alloft verið skent á staup við búðarborðið eða stungið nestispela í vasa bænda. Þessi risnukostnaður nam 120 rd.

Þrjú sumur (1725 — 1727) var hann undirtylla hjá Schougaard kaupm. á Húsavík og komst þar fyrst í kynni við einokunarverslunina, og leist ekki vel á, enda gleymdi hann því aldrei síðan. (af vefnum upp úr bók *Jóns Aðils*)

heimanám Skúla:

Skúli hóf nám hjá séra Þorleifi Skaftasyni (f. 1683) í Múla haustið 1727, þá 16 ára.¹⁴⁵ Eftir fyrsta námsveturinn drukknaði Magnús faðir Skúla og ekkjan stóð ein uppi með 5 ung börn.

Lærði fyrst hjá föður sínum, svo hjá stjúpföður sínum, síra Þorleifi Skaftasyni í Múla.¹⁴⁶ wikipedia: **Múli** (áður **Fellsmúli**) er gamalt stórbýli, [kirkjustaður](#) og lengi [prestssetur](#) í [Aðaldal](#) í [Suður-Þingeyjarsýslu](#) og stendur fremst á hálsi sem teygir sig niður í breiðan dalbotninn. [Stjörnu-Oddi Helgason](#) var vinnumaður í Múla á 12. öld og skoðaði gang himintungla, bæði þar og í [Flatey á Skjálfanda](#). Múli þótti mjög gott brauð fyrr á tíð og var prestakalli því eftirsótt og þar voru margir þekktir prestar. Einn þeirra var [Barna-Sveinbjörn Þórðarson](#), sem uppi var á 15. öld og var sagður hafa eignast 50 börn. Einnig má nefna [Einar Þorsteinsson](#), síðar biskup, og [Þorleif Skaftason](#). [Skúli Magnússon](#) fógeti lærði til stúdentsprófs í Múla hjá séra Þorleifi, sem varð stjúpfaðir hans.

Skúli stúdent úr heimaskóla Þorleifs 26. mars 1731.¹⁴⁷ með ágætum vitnisburði. Hafði áður um sumur verið skrifari Benedikts lögmanns Þorsteinssonar.

/ 13 Þorleifur mikilmenni að andlegu og líkamlegu atgervi, skólameistari að Hólum, hélt nú heimskóla í Múla búinn að útskrifa ekki allfáa stúdenta til háskólans í Kaupmannahöfn.¹⁴⁸ Skúla gekk námið ógreitt í fyrstu því hann átti erfitt með að læra utan að og hæddust skólabræður hans að þessu. En séra Þorleifur þóttist finna góðar námgefur hjá honum og spáði að hann mundi útskrifast fyrstur af þeim öllum, óx Skúla hugur við þetta og tók sér vel fram. Þegar faðir hans dó 1728 fór Skúli til afa, taldi sér skylt að standa fyrir búi móður sinnar og styðja hana til að koma upp yngri systkinum sínum, en karl talaði kjark í hann og fór hann þá aftur til séra Þorleifs.

slysið: / 14 fékk slæma byltu í glímu við einn skólabróður sinn, lestist svo á fæti að hann lá rúmfastur frá jólum til páska, las af kappi í rúminu og skilaði til jafns við hina sveinana og meira en krafist var. Þorleifur bauðst til að útskrifa hann um vorið.¹⁴⁹ Skúli vildi freista þess að ráði vana sinna þá sækja um ömusuvist í Hólaskóla, reið vestur en Steinn biskup tók þunglega, varð að fara á brott við svo búíð. Fékk ekki tóra bundist þegar fór af staðnum, heldur snéri sér við og mælti: Nú ert þú mér andstæður, en betur muntu taka mér næst.

/ 14 séra Þorleifur mun hafa útskrifað Skúla vorið 1730, kvæntist móður Skúla þá 21. maí.¹⁵⁰ / 15 gaf honum burtfararvottorð vorið eftir hrósar Skúla fyrir ágætar gáfur og ástundun við námið.

¹⁴⁴ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

¹⁴⁵ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

¹⁴⁶ Íslenskar æviskrár.

¹⁴⁷ Íslenskar æviskrár.

¹⁴⁸ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fógeti“, .

¹⁴⁹ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fógeti“, .

¹⁵⁰ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fógeti“, .

stjúpi Skúla:

1735: / 126 Séra Þorleifur Skaftason flytur guðsþjónustu við grjóttaltari á Siglufjarðarskarði.¹⁵¹ Dularfullur skýstrokkur og manndauði, sem eignaður er illum anda. vegna manntjóns þess sem orðið hefur með dularfullum hætti á skarðinu undanfarin ár. Að boði Steins biskups gerði séra Þorleifur í Múla þetta. Um aldarskeið hefur á því borið að ferðamenn hafi hnigið dauðir niður á Siglufjarðarskarði á einstigi nokkru, er alfaravegur liggur um. svo mikil brögð að þessu nú upp úr 1730 að ekki hefur einleikið þótt og verið eignað illum anda. Þannig lýst að yfir menn stepist á þessari leið skýstrokkur eða loftstrókur sem álitum er líkur dökku skýi og svipaður í laginu og skopparakringla, en aldrei á það að ljósta nema einn mann í senn, stundum þann er fremstur fer, stundum þann sem aftastur er. Hnígu þegar dauður til jarðar, jafnt á nóttu sem degi. stöku sinnum en mönnum staðið vaxandi ógn af skarðinu, ekki langt frá steinar við veginn og þar hefur verið síður margra að gera bæn sína áður en lengra var haldið. ekki einhlýtt vörn. Séra Þorleifur er almennt haldinn andríkasti prestur á Norðulandi um þessar mundir og það verið í trausti þess hve bænheitur hann er að Steinn biskup lét sækja hann austur í Aðaldal til guðsþjónustugerðar í skarðinu. Altari var hlaðið af grjóti við einstigið, flutti bænarákall. mun fátítt nú á seinni öldum en alsíða í kaþólskri tíð.

/ 14 Oddný þótti bestur kostur þar í veitum norður fyrir margra hluta sakir. varð úr að séra Þorleifur Skaftason bað hennar; tók hún því dauflega í fyrstu, en lét þó til leiðast, því að henni þótti ráðahagurinn vænlegur til mennignar börnum sínum og prestur hafði mikið orð á sér. Brúðkaup haldið í Múla 21. maí 1730.¹⁵²

Um haustið 1727 var honum komið, að áeggjun og atfylgi afa síns, til náms hjá Þorleifi presti Skaftasyni í Múla. Þremur árum áður en hann verður stjúpi hans! En um veturinn druknaði faðir hans, eins og áður er frá sagt, fanst Skúla þá skylda sín að hætta námi, en annast búvarðveislu með móður sinni og hjálpa þannig til uppeldis systkina sinna. Leitaði hann ráða afa síns í þessu efni, en hann eggjaði hann fastlega til þess að halda áfram náminu og fór hann því aftur til sr. Þorleifs og útskrifaðist þaðan um vorið 1731, en þá urðu margar tafir á vegi hans. Hrósar sr. Þorleifur honum mjög fyrir gáfur og ástundun við námið. (*af vefnum upp úr bók Jóns Aðils*)

síra Þorleifur Skaftason í Múla (9. apríl 1683-16. febr. 1748):¹⁵³ Sonur Skafta lögréttumans Jósefssonar á Þorleiksstöðum, Skagafirði. 8 árum yngri en faðir Skúla. stúdent 1703 fór til Noregs og stúdent í Kaupmannahöfn 1704-1705, fór til síra Lopts föðurbróður til Jótlands, varð attestatus 1705, kirkjuprestur að Hólum og prófastur í Húnavatnspingi, rektor að hólum 1707-8. Fékk Múla 1724 og varð prófastur í Þingeyjarþingi 1734 til æviloka. Enn officialis í veikindum og við lát Steins biskups Jónssonar, og við brottför Harboes í júlí 1745. Gáfumaður mikill og manna best að sér, játar Harboe í skýrslum sínum. Jón biskup Árnason vildi fá hann til biskup eftir Stein og ýmsir, jafnvel Harboe, en ofdrykkja talin honum til tálma. Kenndi mörgum skólalærdóm. Afarmenni að burðum, hreingerður og fornmannlegur í háttum. Um hann þjóðsögur, sjá Fjallkona 1886 og ýmis handrit. Druknaði í kíl sem rennur úr Hrauntjörn. Kona 1. Ingbjörg 27. okt 1709, d. 1723 Jónsdóttir Hólaráðsmanns að Nautabúi Þorsteinssonar, bróður Einars biskups. áttu fullt af börnum, séra Jón að Múla, síra Ara að Tjörn í Svarfaðardal, síra Stefán á

¹⁵¹ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

¹⁵² Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

¹⁵³ Íslenskar æviskrár.

Presthólum, Magnús á Skútustöðum, Gróu sem átti síra Sæmund Jónsson á Stað í Kinn, Jórinni sem átti Ólaf Þorláksson á Skútustöðum, Guðrún eldri átti Guðmund Ásmundsson að Reykhúsum, Guðrún yngri talin af sumum hafa átt ... Sigríður ógift. launsonur Kolbeinn faðir Þorleifs auðga á Háeyri. Ólafur ókv. Kona 2: 21. maí 1730, Oddný Jónsdóttir ekkja síra Magnúsar Einarssonar í Húsavík og þau bl. (Saga Íslands VI)

Wikipedia: **Þorleifur Skaftason** (9. apríl 1683 – 16. desember 1748) var íslenskur prestur og prófastur á 18. öld, þekktur fyrir lærdóm og gáfur. Hann var talinn fjölkunnugur og eru til ýmsar þjóðsögur tengdar meintri galdrakunnáttu hans.

Þorleifur var fæddur að Bjarnastöðum í Unadal í Skagafirði, sonur Skafta Jósepssonar sem síðar var prestur og lögréttumaður á Þorleifsstöðum í Blönduhlíð og konu hans Guðrúnar Steingrímsdóttur. Í manntalinu 1703 er hann sagður þjónustumaður á Stóru-Ökrum í Blönduhlíð. Hann lærði í Hólaskóla og var árið 1707 vígður dómkirkjuprestur á Hólum. Þegar Jón Einarsson heyrari, sem átti að taka við skólameistaraembættinu, dó í Stórubólu 1707 áður en hann náði að setjast í embættið var Þorleifur settur skólameistari um stundarsakir. Því starfi gegndi hann aðeins í nokkra mánuði og sveinarnir voru aðeins 20 vegna bólunnar.

Þorleifur var prestur á Hólum 1707-1724 og prófastur í Skagafjarðarprófastsdæmi frá 1708. Síðan fékk hann Múla í Aðaldal 1724 og var prófastur í Þingeyjarprófastsdæmi frá 1734 til dauðadags. Hann gegndi biskupsstörfum 1740 eftir dauða Steins biskups Jónssonar og aftur 1745 þegar biskupslaust var um tíma. Hann var vel lærður og hafði orð á sér fyrir að vera góður kennari. Hann kenndi mörgum unglíngum og bjó þá undir skólanám og sumir útskrifuðust frá honum sem stúdentar, þar á meðal Gísli Magnússon biskup og Skúli Magnússon fógeti, sem raunar varð stjúpsonur Þorleifs.

Þorleifur var sagður góður söngmaður, mikill kennimaður og mikill kraftajötunn. Það orð lá á að hann væri fjölkunnugur, sumir sögðu rammgöldróttur, og er sagt að hann hafi til dæmis verið fenginn til að blessa Siglufjarðarskarð og hrekja burt óvætti sem þar átti að hafa aðsetur. Hann blandast einnig inn í sögur af Galdralofu, enda var hann dómkirkjuprestur á Hólum um daga hans. Sagt er að þegar Ludvig Harboe fór að svipast um eftir biskupsefni 1741 hafi Þorleifur í Múla komið sterklega til greina en galdraryktið hafi spillt fyrir honum og ekki síður að hann þótti drykkfelldur og lítill fjármálamaður. Þorleifur drukknaði í lítilli keldu sem aldrei hafði verið talin mönnum hættuleg og kenndu sumir göldrum um.

Nafn fyrstu konu Þorleifs er ekki þekkt. Önnur kona hans (g. 27. október 1709) var Ingibjörg Jónsdóttir; Jón Þorsteinsson faðir hennar var bróðir Einars biskups, ráðsmaður á Hólum og bóndi og lögréttumaður á Nautabúi. Þau áttu mörg börn og eru miklar ættir frá þeim komnar. Þriðja kona hans var Oddný Jónsdóttir, móðir Skúla Magnússonar fógeta, sem þá var orðin ekkja, og segir Jón Espólín að hún hafi játast honum með því skilyrði að hann kenndi sonum hennar. Þau áttu ekki börn.

Svo fór að Þorleifur í Múla lærifaðir Skúla bað Oddnýjar, en hann var þá ekill.¹⁵⁴ Hún var treg til í fyrstu en létt þó til leiðast að lokum. Jón Espólín segir að Oddný hafi játast Þorleifi með því skilyrði að hann kenndi sjálfur sonum hennar til útskriftar, en hún þóttist spyrja ýmsa misjafna hluti frá Hólaskóla á þeim tíma auk þess sem efni skorti til formlegrar skólagöngu þeirra þar. Skúli telur Þorleif með

¹⁵⁴ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

þrem bestu vina sinna á þessum tíma en samt segir hann í ævisögubroti sínu að honum hafi ekki verið um ráðahaginn gefið „en lét svo vera“. Skúli vildi freista þess að halda áfram námi í Hólaskóla með ölmusustyrk. Hann reið til staðarins og bar málið upp við Stein Jónsson biskup. Steinn lét piltinn bíða í heilan dag eftir ákvörðun sinni, en mjög hafði sá biskup orð á sér fyrir að vera seinn til allra hluta. Loks um kveldið kom neitun frá Steini og varð Skúli frá að hverfa við svo búíð grátandi að eigin sögn og hét því að næst þegar hann kæmi til Hóla í Hjaltadal yrði honum betur tekið. Varð það að efndum. Þorleifur var manna best að sér á Norðurlandi um sína daga, söngmaður góður, andríkur og afarmenni að burðum. Alþýða manna hafði hið mesta álit á honum og taldi að hann kynni hrafnamál. Bólu-Hjálmar heldur því jafnvel fram í sagnaþáttum sínum að hann hafi ritað „bækling lítinn“ eða leiðarvísí um „aðferð, misflug og tilbreyting á krasmáli hrafna.“ En því svo við að „þann ritling mun nú vart að finna.“ Víst er að hann kom mörgum manni til mennta bæði á Hólum og með einkakennslu á heimili sínu, og var mikils virtur fyrir þekkingu sína. Þorleifur útskrifaði Skúla með góðum vitnisburði árið 1731. Skúli var þá í raun orðinn stjúpsonur séra Þorleifs því þetta var ári eftir brúðkaup hans og Oddnýjar.

skrifari lögmanns:

í Rauðuskriðu 1730-1732, í tvö ár.¹⁵⁵ Í bókasafni Benedikts lögmanns komst Skúli yfir ýmsar bækur á erlendum málum, einkum náttúrufræði, fór að hugsa til utanfara til háskólans. honum þótti lítil framavegur að taka prestsvígslu og setjast í eitthvert útkjálkabrauð. fór með Húsavíkur kaupskipi haustið 1732. Heill á húfi til Hafnar eftir 8 daga útivist.

Að afloknu prófi fór Skúli til Bened. Þorsteinssonar, lögmanns norðan og austan og var hjá honum á 2. ár. (af vefnum upp úr bók Jóns Adils) Þorleifur útskrifaði Skúla með góðum vitnisburði árið 1731 og hann siglir til hafnar 1732. Þröngt pláss fyrir 2 ár.

Benedikt lögmaður Þorsteinsson á Rauðuskriðu:

Lögmaður norðan og vestan.¹⁵⁶ sýslumannssonur. Seildist mjög til jarðarkaupa og átti því stundum þröngt í búí. allvel að sér, mjög málstirður, dró mjög taum sýslubúa sinna, heilráður undirmönnum, enginn jafnaðarmaður, talinn vinfastur, en þó séður og féfastur, vellauðugur að fastaeign. Bókamaður mikill. Eftir hann til ættartölubók í 2 bindum, vann og að endurskoðun ísl. laga að konungsboði, einkum 2. maí-7. júlí 1730 með hinum lögmanninum. ÞV sbr. vísan í vörðunni! Konan hans Þórunn Björnsdóttir sýslumanns að Burstafelli Péturssonar.

Benedikt Þorsteinsson (12. júlí 1688 – 1733) var íslenskur [lögmaður](#) og [sýslumaður](#) á 18. öld. Hann bjó í [Rauðuskriðu](#) í [Reykjadal](#).

ÞV gúgg: Rauðaskriða er í Aðaldal, S-Þing, nú hótél.

Foreldrar Benedikts voru Þorsteinn Benediktsson sýslumaður í [Bólstaðarhlíð](#) í [Húnaþingi](#) og kona hans Halldóra Erlendsdóttir. Benedikt var við nám í [Kaupmannahafnarháskóla](#) veturinn 1707-1708 en þá kom hann heim og varð [sýslumaður](#) í [Þingeyjarsýslu](#) tvítugur að aldri. Því embætti gegndi hann allt til dauðadags.

Þegar [Oddur Sigurðsson lögmaður](#) kom ekki til þings 1716 var Benedikt skipaður til að sitja í lögmanssæti og árið eftir varð hann [varalögmaður](#) norðan og vestan. Oddur var settur af embætti 1726 og varð Benedikt þá lögmaður en hafði þó ekki nema hálf laun fyrr en búíð var að dæma í máli Odds í hæstarétti. Benedikt var

¹⁵⁵ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

¹⁵⁶ Íslenskar æviskrár.

veikur vorið [1733](#), treysti sér ekki til að ríða til þings og bað [Magnús Gíslason](#) lögmann að gegna störfum fyrir sig á þinginu. Hann dó svo sama ár.

Árið 1726 fékk Benedikt leyfi hjá konungi til að mega reisa kirkju í Rauðuskriðu á eigin kostnað, en þar hafði áður verið kirkja en var löngu aflögð. Honum entist þó ekki aldur til og lauk Jón sonur hans verkinu.

Kona Benedikts var Þórunn Björnsdóttir ([1690](#) – [28. janúar 1748](#)), dóttir Björns Péturssonar sýslumanns á [Bustarfelli](#) í [Vopnafirði](#) og Guðrúnar Marteinsdóttur konu hans.

ástarævintýri á meðan hann er skrifari lögmans:

orðsending frá Benedikt lögmanni Þorsteinssyni á Rauðuskriðu þar sem hann bauð Skúla að gerast sýslumaður Þingeyinga og jafnframt að fá hönd dóttur sinnar.¹⁵⁷ Skúli hafði unnið fyrir Benedikt áður en hann hélt utan og hafði jafnframt dregið sig saman við dóttur hans. Þegar hér var komið sögu lá Benedikt banaleguna og hefur vakað fyrir honum að koma dóttur sinni í örugga höfn áður en hann skildi við þennan heim. Skúla leist hið besta á sýsluna, en verr á gjaforðið. „Mér var að sönnu vel við jómfrúna,“ viðurkennir hann í ævisögubroti sínu, „en strax merkti ég að sú girnd var fölsk“.

sú sem Benedikt vildi að Skúli kvæntist er varla Elín, fædd 1720, því að hún er max tólf ára þegar Skúli er hjá honum.¹⁵⁸ Frekar Sigríður Benediktsdóttir, óg. en átti launson [Hallgrím Bachmann](#) með Jóni stúdent Þorgrímssyni. Ólst upp hjá móðurbróður sínum, Jóni sýslumanni Benediktssyni í Rauðuskriðu. Í Hólaskóla en varð ekki stúdent, mun hafa farið til Kh. 1759. Komst í riddaralífvörð konungs, kom heim 1763, lærði læknisfræði hjá Bjarna landlækni Pálssyni, fór utan með honum 1765 og fullkomnaði sig betur í læknisfræði, kom aftur 1766, tók próf hjá Bjarna 1767. Skipaður fjórðungslæknir í syðra umdæmi Vestfirðingafjórðungs 26. júní 1767, eitt ár að Staðarfelli, á Reykhólum - 1773, þá í Bjarnarhöfn til æviloka 1811. rausnarmaður, skörulegur og harðfengur, átti þjark við suma, einkum síra sæmund Magnússon Holm. Kona 1769 halldóra f. 1750 d. 1821 Skúladóttir landfógeta. Börn síra Jón Bachmann að Klausturhólum, Árni varð sykursuðusveinn erlendis. Kristín f. k. Ólafs fjórðungslæknis Brynjólfssonar.

Jóni stúdent Þorgrímsson: faðir Þorgrímur Jónsson á Skjöldólfsstöðum.¹⁵⁹

Skjöldólfstaðir, Eydalir í Breiðdal, Norður-Múla, Iceland

lærði í Hólaskóla fór utan 1740 skráður í stúdtölu í Kh. 20. des. sama ár en **andaðist úr bólu**. Hann og Sigríður barnsmóðir hans voru heitbundin. Hún þá búin að eiga launsoninn þegar Benedikt lögmaður vill fá Skúla fyrir tengdason.

[Kaupmannahöfn:](#)

Hann stundaði nám við [háskólann í Kaupmannahöfn 1732-34](#) án þess þó að ljúka prófi.

fékk áhuga á hagfræði, eðlilegt komandi frá svo frumstæðu landi. oeconomia rótin: from oikos "house, abode, dwelling" + nomos "managing,"

[annáll:](#)

1728:

¹⁵⁷ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

¹⁵⁸ Íslenskar æviskrár.

¹⁵⁹ Íslenskar æviskrár.



Kort over København i 1728. Voldene er nu fuldt udbyggede, og Nyboder og Christianshavn indlemmet. De med gult markerede bygninger, er de bygninger der brændte under [Københavns brand 1728](#), mens de med blå markerede bygninger er de bygninger, som yderligere brændte under [branden i 1795](#). (Se også kortene [København 1699](#) og [København 1728](#))

Skúli kemur í raun út rétt eftir brunann, 1732. Bara 4 ár.

Skúli í háskóla:

Magnusson, Skúli (Schulo Magni fil., 1732 privat, 21 Aar.)¹⁶⁰ Født 1711 död 1794, Landfoged paa Island.

D. xxii. Decembris.¹⁶¹ Repræsentatis publice in Consitorio d. XIX. Dec. convenientibus civitati academicæ in stylo Latino artibusque humanioribus profectibus, cives publice, itidem in Consitorio, renunciati suint per me, Io. Grammium, quator Islandi, quorum vera pagina legentur nomina.

21 árs. Schulo Magni fil., e priv. institut, dioeces. Holum. priv præc. Io Grammius.

20 ára. Johannes Benedicti fil., etiam e priv. ejusd. dioeces. " " Chr. Bagger.

22 ára. Jonas Theodori, e schola Schalholt " " Io. Gram.

25 ára. Jonas Martinius, e sch. Holensi " " Th. Barthol.

/ 550, 1734 24 ára Torfi Bjarnason frá Íslandi og 23ja ára Ottho Gerhardius

/ 403, Friðrik 4 gaf nær ævilokum út firna stranga tilskipun um þindarlausar kirkjugöngur og heimlisandakt.¹⁶² Svo 1730-46 sat Kristján 6 að ríkjum og um hans daga náði heittrúarstefnan hámerki, þó nokkuð slakað á ströngustu kirkjugöngukvöðunum. Þá Skúli í Höfn. Friðrik 5 1746-1766 hvarf að mestu frá

¹⁶⁰ *Studenterne ved Københavns Universitet 1668-1739*, 265.

¹⁶¹ *Kjøbenhavns Universitets Matrikel I, 1611-1667*, 541.

¹⁶² Bergsteinn Jónsson: *Mannkynssaga 1648-1789*, .

strangleika fyrirrennara sinna og leið þá ekki á löngu áður en eðlislæg glaðværð Dana hafði þurrkað út mæðusvipinn. Leikhús Kaupmannahafnar opnuð á ný og menn tóku til óspilltra málanna við að gleðja sitt synduga hold eftir meira en aldarfjórðungs gleðskaparþann. / 404 meginafrek stefnunnar og boðbera hennar var efling alþýðufræðslunnar og aukin umhyggja þjóðfélagsins fyrir olnbogabörnum, munaðarleysingjum, öryrkjum og fátækum gamalmönnum.





Hans Gram, leyndarskjalavörður:

/ 16 Gram fornvinur Árna Magnússonar sendir Skúla blankan til Jóns Grunnvíkings að biðja að greiða fyrir sér, sem bara / 17 sjálfur í basli. hafði bara hugreystandi rövl út úr honum. Þeir vinir síðan. lætur Skúla afrita Karlamagnúsarsögu fyrir franska sendiherrann: ¹⁶³ Skúli sat við það starf í réttan mánuð og galt Gram honum 36 rd. fyrir, en sendiherrann bætti þar við 2 dúkötum í gullmynt. Fyrsta djöbbredding rektors Gram fyrir Skúla. Gram þó áður búinn að gefa honum 10 rd. og hleypa honum í bókasafn sitt. honum jafnan opið til afnota.

(1685-1748) danskur sagnfræðingur.¹⁶⁴ Kristján VI hélt mikið upp á hann, gerði hann árið 1730 að konunglegum historiograf og leiðtogi konunglega bóksafnsins og 1731 að leyndarskjalaverði, ritari í leyndarskjalasafninu. lagði grunn að gagnrýnni sagnfræðilegri aðferð í Dm. skrifaði í og stofnaði Videnskabernes selskabs skrifter, skrifaði nótur, langar og djúpar um Meursius verðlausu Danmerkursögu sem út kom 1746, skrifaði inngang og gaf út Niels Krag's sögu Christjáns III, 1737 og vann í gegnum Slanges sögu Kristjáns IV, sem útkom 1749. fyrsti sagnfræðingur Dana sem virkilega kynnir sér frumheimildir. Prófessor í grísku við Kaupmannahafnarháskóla frá 1714.

The *Karlamagnús saga*, *Karlamagnussaga* or *Karlamagnus-saga* ("[saga of Charlemagne](#)") was a late 13th century [Norse](#) prose compilation and adaptation, made for [Haakon V of Norway](#), of the [Old French *chansons de geste*](#) of the [Matter of France](#) dealing with Charlemagne and his [paladins](#).^[1] In some cases, the *Karlamagnús saga* remains the only source for otherwise-lost Old French epics.^[2]

https://en.wikipedia.org/wiki/Karlamagn%C3%BAs_saga

AM 180 a fol.		<i>Karlamagnús saga</i> ; Iceland, 1450-1499	Origin
AM 180 c fol.		<i>Karlamagnús saga</i> ; Iceland, 1375-1425	
AM 180 d fol.		<i>Karlamagnús saga</i> ; Iceland, 1690-1710	
AM 531 4to		<i>Karlamagnús saga</i> ; Iceland, 1600-1699	

<https://handrit.is/en/bibliography/view/Karlamag1860>

1

Karlamagnús saga <https://handrit.is/en/manuscript/view/da/AM02-0180-d>

Folieret med rødt blæk 1-302. Desuden delvis, sporadisk og ufuldstændig paginering/foliering med sort blæk.

¹⁶³ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 17.

¹⁶⁴ *Aschehougs konversationsleksikon* 8, 19. / *Den Store Danske Encyklopædi* 7, 533.

Omrækkede blade med kun de indre kolonner beskrevne. Tildels åben plads for initialer. På bl. 15r, 217r-218 og 288 findes der åben plads for lakuner.

Ifølge Jón Ólafsson's katalog er håndskriftet skrevet af Jón Arnórsson.

Bindet er fra 1700-1730. Overtrækket var opr. beskrevet pergament fra Psalterium VII, dette er nu overført til Access. 7d, Hs 112.

Skrevet i Island ca. 1700.

Under forudsætning af at Jón Ólafsson's formodning om afskriverens navn er rigtigt, er dette håndskrift med sikkerhed nævnt i [AM 435 a 4to](#) bl. 140v. Her kommer [Arne Magnusson](#) med oplysninger om et Karlamagnús saga-håndskrift afskrevet af [Jon Arnórsson](#), der sammen med mindst to andre [Arne Magnusson](#) tilhørende membraner af samme saga, må antages at være gået tabt under Københavns brand i 1728: "Karla Magnuss saga. Folio innbundenn med einum spenle. hefur fyrrum fylgt Skalholltz kirkiu (það er su sem Jon Arnorsson skrifade epter). non admodum vetustus Codex."

Af en fortegnelse bl. 153 fremgår, at dette håndskrift fandtes blandt de islandske bøger i fortegnelsen over "Skálholltz stadar afhendingu til Mag. [Pordar Thorlakssonar](#) 1674".

En haustið 1732 sigldi hann til Kaupmannahamar, og lagðist í bólusótt er hann var nýstígin af skipsfjöl, og bar þess menjar æ síðan. Brátt varð Skúli félaus; hafði farið með léttu pyngju heiman að og eyddist það skjótt í veikindunum, örvænti hann nú um að geta haldið náminu áfram og liugði helst að fara í siglingar. En próf. Gram, rektor háskólans, bað hann hvergi fara og liðsinnti honum á allar lundir, útvegaði honum vinnu við afskriftir norrænna bóka og léði honum bókasafn sitt til afnota. Hvarf nú Skúli aftur að námi og sótti fast. Las hann í fyrstu guðfræði og hugði að leysa af hendi próf í henni, en var af stjórnardeild íslensku málanna fenginn til að þýða íslensk skjöl á dönsku. Breytti það atvik svo hug hans, að hann lagði guðfræðina á hylluna, en tók að lesa lög og þjóðhagsfræði. *(af vefnum upp úr bók Jóns Aðils)*

Slíkt var óþolið að Skúli fór til Hafnar til náms þótt aurlaus væri. Hann stundaði guðfræðinám við háskólann [1732-34](#). Um það leyti sem fátæktin var að reka hann um borð í Kínaskip sem skipsskrifara bauðst honum að vinna fyrir sér með náminu í Höfn sem textamaður og þýðandi.¹⁶⁵

Skúli fór utan 1732, lagðist í

Kh. í bólusótt, þó skráður í stúdentatölu í háskólanum 19. dec. lagði stund á **lögfræði** (aðrir segja guðfræði), en tók eigi próf.¹⁶⁶ aflaði sér nokkurra tekna með uppskriftum og þýðingum íslenskra skjala. Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla var stofnuð árið 1736.¹⁶⁷

Haustið 1732 tók hann sér far með Húsavíkurskipi til Kaupmannahafnar og hóf nám í guðfræði og sögu.¹⁶⁸ Hann las meðfram náminu „stjórnarfars- og þjóðhagsfræði“ sem voru honum mikil hugðarefni, enda varð þekking hans á þessum greinum síðar vel ljós. Hann komst í kynni við virtan fræðimann og

¹⁶⁵ Lýður Björnsson: Skúli fógeti, 11.

¹⁶⁶ Íslenskar æviskrár.

¹⁶⁷ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálu*, 83.

¹⁶⁸ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

Íslandsvin, prófessor Gram sem varð honum til mikillar aðstoðar. Skúli átti í nokkrum fjárhagsörðugleikum ytra, en sóttist námið vel. Fyrir fátæktarsakir segist hann hafa ætlað að munstra sig á skip sem átti að fara til Kína en Gram hafi þá útvegað honum vinnu við þýðingar. Skúli segist hafa verið öllum stundum á bókasafni Grams velgjörðarmanns síns, lesið helstu lærdómsrit þess tíma og hvergi liðið betur. Það var einnig Gram sem opnaði Skúla leið að danska stjórnkerfinu, þar sem hann átti eftir að njóta mikillar hylli – lengi vel.

Hans Gram, leyndarskjalavörður:

/ 15 Skúli tók Gram prófessor, aldavin Árna fornfræðings Magnússonar, að aðalkennara sínum, en lagði þó jafnframt stund á guðfræði.¹⁶⁹ Fjárkrökkur, efst í huga að ráðast skrifari á skip eitt, / 16 sem lá ferðbúið til Kína. Gram kyrrsetti hann., það hann bera kveðju Jóni Grunnvíking og biðja hann að greiða fyrir sér. Jón gat ekki hjálpað, Gram fékk honum þá 10 og það hann vera hughraustan og hvergi renna sagði að bókasafn sitt skyldi jafnan standa honum opið til afnota og reyndis honum í öllu hinn besti drengur. var vinveittur íslenskum námsmönnum við háskólann og fræðimaður allmikill á s-gu og fornnorrænar bókmenntir. útvegað honum nokkru síðar vinnu við skriftir og lét hann meðal annar gera eftirit af sögu Karls hins mikla fyrir sendiherra Frakka í Kaupmannahöfn. Sat við það réttan mánuð og fékk 36 rd fyrir, en sendiherrann bætti við tveimur dúkötum í gulli.

/16 Skúli tók aftur til námsins og sótti fyrirlestra af kappi, en þess í milli hafðist hann við í bókastofu Grams og lét Gram hann jafnan hafa /17 nokkuð að starfa og galt honum kaup fyrir, að jafnaði 12 skildinga á dag og á því lifði Skúli að mestu leyti og fleytti sér fram allsæmilega.¹⁷⁰ Skúli hafði helst í huga að taka guðfræðipróf áður en skip færi út til Íslands vorið 1734, en sumarið 1733 leitaði Hessen, forseti stjórnardeildar íslenskra mála, eftir við Gram og það hann útvega sér færan Íslending til að snúa íslenskum skjölum á dönsku. Vann Skúli það verk kauplaust og leysti svo af hendi að Hessen lauk hinu mesta lofsorði á. Við þetta beindist hugur Skúla að lögfræði og stjórnmalum.

Fátæktin varð Skúla að happi.¹⁷¹ Staðnaða tungumálið opnaði dyr að dönskum skjalasöfnum. Skúli hafði tekið prófessor Hans Gram, etatsráð og leyndarskjalavörð sem aðalkennara. Gram fékk Skúla til að skrifa upp gömul handrit og benti öðrum á að nota krafta hans. Prófessor Gram var fræðimaður á sögu og fornar norænar bókmenntir, aldavinur Árna Magnússonar. Hann átti afburða bókasafn sem gladdi Skúli mikið, þar kynntist hann víðari heimi en venjulegur háskólastúdent og myndaði sín fyrstu tengsl við valdamikla menn.

Skúli fyllibytta lemur löggur:

/ 17 Skúli var örgeðja og óstýrilátur við öl og vílaði ekki fyrir sér að ganga í berhögg við lögregluna, þegar svo bar undir, enda var ekki tekið ýkjahart á slíku um þær mundir.¹⁷² Hann kvaðst / 18 vilja sýna að Íslendingar hefðu kraft í köggjum, ef á reyndi. Annars sneiddi hann sig yfirleitt hjá allri óreglu um þessar mundir og lét eigi freistast til ólfinaðar og iðjuleysis ... las sjálfur í tómsundum um stjórnarfar og þjóðhagsfræði. Lærði líka bókband og varð allfær í þeirri iðn. ... iðnir urðu honum hið mesta áhugamál

Skúli var „gleðimaður mikill“ út í Kaupmannahöfn, enda taldi hann „glas af góðu víni ómissandi til þess að þíða freðinn Íslending“ eins og segir í ævisögubroti hans.

¹⁶⁹ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

¹⁷⁰ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

¹⁷¹ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfögeti*, 21-22. / Skúli Magnússon: „Skúli Magnússon. Skráð af honum sjálfum“, 61.

¹⁷² Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

¹⁷³ Einu sinni lenti hann í svartholinu fyrir að berja á dönskum næturvörðum sem gerðu athugasemdir við drykkju hans, en Skúli forðaðist aftur á móti „ósiðsamleg veitingahús“.

Lenti á fyllirí svo slæmu, örgeðja og óstýrilátur, að hann barði 4 næturverði og braut þrjár gaddakylfur, borgaði sekt og slapp með það.¹⁷⁴ Stundaði námið samt vel og tók þátt í kappræðum á latínu. Var flinkur í mannlegum samskiptum, ávann sér aðstoð og hylli æðri manna og tókst létt að heilla konur. Lögmannsdóttirin sem hann hafði búið í návígi við sem nýstúdent var skotin í honum, vildi fá hann í hjónaband og sú sveifla kom honum kornungum í sýslumannsstól. Skúli var alfaapi, karlar vildu fá hann í valdanetið og kerlur fengu í knén. Það er gullljóst.

Lagadeild Kaupmannahafnarháskóla var stofnuð árið 1736.¹⁷⁵

siglir heim:

/ 18 Benedikt lögmaður vildi hann sækti um Þingeyjarsýslu, en varð endirinn á að Jón sonur Benedikts hlaut og var látinn njóta föður síns.¹⁷⁶ Skúla var þá boðin Austur-Skaftafellssýsla, var efins, leitaði til Grams sem var þess heldur hvetjandi / 19 og mælti vertu trúr í litlu þ.á verður þú settur yfir meira. skýlaust loforð deildarinnar fyrir sýslu er næst losnaði og honum líkaði betur. Veitt 15. feb. 1734. Skúli fór út um vorið og kvaddi fyrst Wöldike, kennara sinn í guðfræði og færði honum 15 rd í kennslukaup eins og þá var títt, en W vildi ekki við taka, kvað +Skúla hafa verið sér einna kærastan af öllum lærisveinum sínum og alls góðs maklegan, kvaddi með virktum og árnaði góðs. Gram var Skúla ytra sem afi hans heima. Síðustu orð Grams til Skúla: Guð hefir gefið þér góðar gáfur. Þú ert þrjár, en hreinskilinn / 20 Farðu vel! Gram fékk honum meðmælabréf til góðkunningja síns, Jóns biskups Árnasonar í Skálholti og kom það Skúla síðar að góðu haldi. Skúli hafði komið sér líka í mjúkinn hjá ýmsum mönnum í stjórnardeild íslenskra mála í Höfn og naut þeirra síðar.

Þegar hann fór frá Kaupmannahöfn kastaði hann fram þessari stöku:

Þótt ég Hafnar fái ei fund,
framar en gæfan léði,
ljúft er hrós fyrir liðna stund:
Lifði ég í Höfn með gleði.

Skúli kemur heim úr námi:

/ 22 kom út með Búðaskipi nokrru fyrir þing félaus með öllu. Hitti á Búðum Vigfús son Jóns Próf. Halldórssonar hins fróða í Hítardal og slóst í för maeð honum.¹⁷⁷ segist sjálfur hafa lært þar meira í lögum á tveimur vikum en í tvo vetur í Höfn. „ég held það búi eitthvað í þér. Haltu svo fram sem horfir!“ Skúli settur landþingsskrifari um sumarið og fórst það lofsamlega úr hendi. muna reynslu hans líka í Höfn. Á þessu þingi var birt verslunarreglugerð súm sem konungur hafi gefið árið áður, 13. apríl 1722. Samin að nokkru leyti að tilhlutan ÁM og P Vídalins sem

¹⁷³ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

¹⁷⁴ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 21-22. / Skúli Magnússon: „Skúli Magnússon. Skráð af honum sjálfum“, 61.

¹⁷⁵ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálu*, 83.

¹⁷⁶ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fógeti“, .

¹⁷⁷ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fógeti“, .

stjórnin hafði sent hingað út til að kynna sér hag lands og þjóðar. Fyrir tillögur þeirra rýmkaði / 23 stjórnin svo um verslunarböndin að landsmenn væru ekki skyldaðir til að versta á höfnum umdæmis sem búsettir í, ef höfn í næstu lá betur við. staðfest einokun eins félags, áður aldrei færri en amk þremur. Þessi ókjör átti nú Skúli að skrifa á þinginu.

skjalasöfn sýslumanna eru illa varðveitt.¹⁷⁸ engar kópíubækur og lítið af bréfasöfnum þeirra, bara frá yfirmönnum.

Séra Jón Halldórsson í Hítardal: / 129 28. okt. 1736 andaðist í gær.¹⁷⁹

þjónaði Hítardal í nálega hálfan fimmta áratug. prestar kusu hann tvívegis biskupsefni eftir fráfall Jóns Vídalíns, þótti mjög fyrir öðrum klerkum. var í æsku kennari í Skálholtsskóla og skólameistari um skeið. afkastamikill rithöfundur og fræðimaður. á síðustu árum sjóndapur og þjáður af visnun, enda háaldraður.

áhrifavaldar:

Skúli og Eggert Ólafsson eru dæmigerðir upplýsingamenn.¹⁸⁰ / 152 Jón Ólafsson Svefneyingur, bróðir Eggerts skrifaði greinar um bíblíupýðingar í rit Lærdómslistasins. fyrsta nútímaumfjöllunin um meðferð á biblíulegum texta. Jón Eiríksson studdi Skúla Magnússon í umbótaviðleitni hans, kom að útgáfu *Kirkjusögu Finns Jónssonar*

Skúli dáði Pétur mikla Rússakeisara 1672-1725, hörku hans við að iðnvæða ríki sitt sem dregist hafði aftur úr vestur Evrópu í verktækni, ásamt hetjunum Hannibal og Karli XII.¹⁸¹ Kynslóð Skúla, Pingel amtmaður til dæmis, dáðist mjög að Pétri. Þjóðir sem dregist höfðu aftur úr í verklegum efnum voru á viðreisnarnótum um miðja 18. öld, leitandi fyrirmynda og leiða til að efla haginn ofan frá. Hrefna Róbertsdóttir benti á það sem öðrum sást yfir að Pingel amtmaður blés til framfara um 1745, hann gaf tóninn í þeirri músík sem varð Innréttungarnar. Skúli brást sem sýslumaður einn við sem framfaramaður í svari sínu til Pingels. Þar með bræddi hann dönsk hjörtu og gerði sig að góðu efni í háembættismann. Skúli hafði líka samband og tengls við mikilvægan greifa í kansallínu.

Fjölskyldan:

Steinunn kona Skúla:

Steinunn:

/ 141 *brúðkaup:* í veislum drekka Íslendingar úr sama bikar hver af öðurm og sungin vers við hverja ádreypu. stundum kemur inn loddari í nautshúð með hornum og réttir mönnum vítabikar og leikur marga fíflsku fyrir gesti. Harboe hefur verið sagt að eitt sinn er drukkið minni heilags anda hafi prófastur í Skálholtsbiskupsdæmi sagt: Hver sem ekki vill drekka skál heilasgs anda, sé bөлvaður.¹⁸² Allir drukku í skyndi.

/ 135 **1739-40.** ráðspjöll höfðingjadætra geta verið dýr.¹⁸³ Dóttir Bjarna sýslumanns hins ríka á Skarði Péturssonar, Þrúður, ól barn og kenndi skrifara föður

¹⁷⁸ Gustafsson, Harald: *Mellan kung och allmoge*, 40.

¹⁷⁹ *Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

¹⁸⁰ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín: „*Guð er sá sem talar skáldsins raust*,“ 139, 152.

¹⁸¹ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfögeti*, 82, 314. / Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*, 77-84, 87, 95.

¹⁸² *Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

¹⁸³ *Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

síns. Hún hrökklaðist að heiman en tekin í sátt og skjallega staðfest að hún mætti halda arfi. Faðirinn lögsóttur og dæmdur til að greiða henni fullrétti, fimmtíu hndruð í jörðum og lausafé og sextán dali í peningum, friðlaus og útlægur annars. Hans Becker tekinn við lögmannsembætti breytti í heiðarlegan heimanmund. Ef maður barnar meyju sem hann hefur áður beðið en ekki fengið.

Undirskrifaður ... vottorð þeirrar trúlofunar ... sem fram fór að Bjarnanesi í Hornafirði þann 30. Júní 1737 í viðurvist æruverðugra kennimanna séra Bendickts Jónssonar og síra Bergs Guðmundssonar, milli sýslumannsins Herra Skúla Magnússonar og æruverðugar heiðurskvinnu Steinunnar Björnsdóttir, hvar með þau hvort öðru lofuðu og tilsögðu ektaskapar trú og kærleika setjandi sama sitt áform til þar uppá væntanti Kongl Majst bevilningar og náfrænda samþickis.¹⁸⁴ Datum ut supra Gestur? Teitur? Leifur? Sigurðsson, Eiríkur Jónsson.

Benedikt Jónsson fékk Sólheimaping 1731 missti prestskap 1744 fyrir hördómsbrot, uppreisn 1747. Bergur Guðmundsson vígðist 1724 aðstoðarprestur séra Ben. Jónssonar í Bjarnanesi, tók við 1744. Bjo í Árnanesi til 1738, en þá höfðu þeir síra Benedikt bústaðaskipti og flutist síra Bergur að Bjarnanesi. / Eiríkur Jónsson, bóndi student, sonur síra Jóns Eiríkssonar í Bjarnanesi. Bjó að Hoffelli.

Konungl. Majst. Sýslumanns í Skagafjarðar sýslu Seign. Skúla Magnússonar ... að og samþickja vildi það hann í egtaskap mætti samankoma með dóttur minni ástkærri Steinunni Björnsdóttur, er mitt andsvar að svo framt þetta er guðs vilji, ... dóttur minnar ljúft ... og að ráði hennar æruverðugu fósturforeldra sr. Benedickts Jónssonar og Madame Rannveigar Sigurðuradóttur samþicking að ... göfugur sýslumann Seign Skule Magnússon megi h. egtaskap með áðurnefndri dóttur minni, sem hefur öðlast Kongl. Maj allranáðugustu bevilning að það megna frændsemi þeirra á milli ske megi. Etc etc. Björn Jónsson Thorlacius 19. júlí 1737.¹⁸⁵

séra Björn Jónsson Thorlacius. Sonur Jóns sýslumanns Þorlákssonar í Berufirði og Berunesi og Sesselju Hallgrímsdóttur prests í Glaumbæ Jónssonar. Fékk Garða á Álftanesi 1720. Prófastur í Kjalarnesþingi frá 1738 til dauðadags. Laundóttir séra Björns er Steinunn sem átti Skúla.

14. feb. 1738 Konungsleyfi þeirra til hjúskapar. Kon Christian den siette ... saa og hermed vevilje og tillade at Schule Magnusson ... og Steinunn ... maa udi Ægteskap sammen komme ... flott bréf með innsigli stóru og kóngs eigin undirskrift.¹⁸⁶

Hólum í Hjaltadal, 26. ágúst 1738 Steinn Jónsson biskup staðfesting hjúskaparleyfis ... eftir kongsbréfi skuli sanngjarnlega ákveða hvað mikið þau, eftir efnum gefa skuli til Möðrufells hospitals ...¹⁸⁷

Bjarnanesi anno 1738 7. Septembris fram fór og aftalaðist heilags hjónabands undirbúningur millum ... Skúla og Madame Steinunnar ... að frændsemi í föðurætt skyld í þriðja lið ... séra Benedikt og Rannveig Sigurðardóttur standa

¹⁸⁴ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

¹⁸⁵ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

¹⁸⁶ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

¹⁸⁷ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

fyrir gifting dóttur sinnar, telja svo hennar æruverðugu fósturforeldrar til giftingar og heimanfylgju sextiger hundruð í lausafé og eftir loforði og ávísan hennar kæra föður velæruverðugs sr Gjörns sextuiger hundur í óánefndri? Fasteign, er þó að næstu fardögum útsvarast, eftir meðfylgjandi reikningi og specification.¹⁸⁸ Uppá sýslumanns seign. Skúla magnússonar vegan talar og hans máli framfilgir hans kæri mágur æruverðugur kennimann sr. Kietill Jónsson ... lofar .. M Steinunni ... í tilgift þrjátiger hundruðum í lausafé, en so tilskilað af öllum hlutaðeigendum ... að leggja með ... að haldist ... margar undirskriftir. Reikningar fylgja. Í silfri: þrír filigrans svuntu knappar laufalausir? Silfurbelti, ett á sökkt plúss með 21 doppu með laufum, pörum og ... í klæðnaði: klæðishempa lögð með flauelsborða, ný og fín klæðishempa borðalögð.vaðmálshempa lítið borin, rauð .. pils borðalagt og fóðrað, klædispils blátt, silki svunta, af Rósa tubin? Splussis svunta fóðruð með raski og lögð grænum knippingum. Klæðistreyja með flauels kraga lögð með egta salúni. Önnur klæðis treyja með pluss kraga lögðum. Í klútum, tröfum, silki skreyttum og uppslög, látuns , summa 67 Rd. 5 sk.stokka belti.

Í sængurfötum, í fatnaði og reiðtygjum. Í silfri. Transport. Undirrita hjónin fósturforeldarnir og Skúli.

Kona Skúla var Steinunn Björnsdóttir prests í Görðum á Álftanesi. Mamma Reykjavíkur þurfti að þola geðsveiflur álags Skúla. Skúli segir um Steinunni að í henni hafi hann fyrst séð þann maka sinn sem hann vildi hafa við búið, sem þyldi hans bresti og alldrei reiddist, heldur var alltaf sú sama, hvað sem á gekk.¹⁸⁹ Svona eiga makar að vera. Þau áttu níu börn, tvo syni og sjö dætur svo hann var umkrýndur eigin meyjafans. Sex þeirra, strákarnir og fjórar telpur komust til manns, sem var stórt hlutfall í gamla daga og afkomendur Skúla því margir. Jarðabætur lét fógetinn gera í Viðey, stundaði stórbúskap, lét rækta korn og tré og mikla kálgarða. Mikið af grænkáli og blessað kúmen. Spreytti sig á tóbaksrækt. Byggði upp svo stórkostlegt æðarvarp í eyrni að í meðalári fengust 9700 egg og firn af hreinsuðum dúni. Fólk og búfé var eftir því. Góssentímar og gleði og margur góður sopi. 30 kýr gefa mikla mjólk, skyr og mysu.

Þau giftast 7. sept. 1738.¹⁹⁰ Guðrún, fædd 1709. d. 1785. laundóttir síra Björns Thorlacius (um 1680-júlí 1746) í Görðum á Álftanesi. Faðir hans er Jón sýslumaður Þorláksson í Berufirði og Berunesi. Móðir hans er önnusystir Skúla, Sesselja Hallgrímsdóttir, prests í Glaumbæ. Skúli og Steinunn eru því skyld, bæði afkomendur síra Hallgríms, þremmenningar. Hálf vandræðalegt. Björn var stutt í Khöfn, attestatus í guðfræði eftir nokkura mánaða nám. býr fyrst hjá foreldrum sínum í Berufirði. Er spítalahaldari á Hörgslandi á Síðu 1706 og býr þar. fékk þar uppreisn 21. des. 1709 fyrir barneign með vinnukonu sinni í milli kvenna. Þórunn fyrri kona hans dáin snemma árs 1709, Pálsdóttir klausturhaldara á Kirkjubæjarklaustri. Vígðist 11. nóv. 1714 aðstoðarprestur síra Jóns Torfasonar á Breiðabólstað í Fljótshlíð. Fékk Garða á Álptanesi 17. maí 1720. Prófastur í Kjalarnesþingi frá 1738 til dauðadags. Er fallinn frá þegar Steinunn og Skúli koma á svæðið. Þórunn seinni kona síra Björns fallin frá um sama leyti, Aradóttir sýslumanns Þorkelssonar, þau bl. Björn átti bara eina dóttur með Þórunni fyrri; Þóru konur Halldórs biskups Brynjólfssonar.

Börn Skúla:

¹⁸⁸ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

¹⁸⁹ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 284. / Jón Jakobsson: „Skúli Magnússon“, 44.

¹⁹⁰ Íslenskar æviskrár.

Espólín telur þau upp í þessari röð: Jón, Guðrún, Björn, Rannveig, Guðrún önnur, Oddný, Halldóra.

Jón Skúlason aðstoðarlandfógeti:

Viðey, 27. Aug. 1764.¹⁹¹ Ég undirskrifaður kongel majest Landfoged Schule Magnusson inngang hér með svo látandi Accord og Contract við minne kongel. Adjunctum landogeta. Son minn Jón Skúlason; nefnilega:

1. Með þessari næstkomandi ársbyrjun, tekur hann mót Landfóetqa emættinu að öllu, með þessum skilmálum, að hann það að öllu láti uppá mitt og hans eigið ansvar forsætte eftir sinu befallings hljóðan og allareiðu útgefnum og útgefandi höje Cammer. Collegii Ordres, samt í öllu, embættinu viðkomandi mig fyrir Primum Bestalete3r agnoseere, og méer að hlýða.
2. Áskil ég mér fríværælsa í Wiðey, og hýsingu nær ég þar er, samt fría og anstændiuga underholdning fyrir konu mína og 3 dætur, svo lengi með þurfa.
3. Hér í mót fær hann af mér til aluna 300 Rd. Árlega samt Widey með öllum sér þarflegum búshlutum, afgiftarlaust og frí að öllu.

/ 82, talsverður hæfileikamaður en hvergi nærri jafnoki föður síns.¹⁹² Kvæntur Ragnheiði laundóttur Þórarins sýslumanns Jónssonar, áttu einn son er sig nefndi Viðöe. Lauk Jón embættisprófi í lögum 1755 19 ára gamall , skipaður aðstoðarlandfógeti 1763. Skúli enda líka framkævmdestjóri Iðnaðarstofnananna, sagt upp 1769, eftir miklar deilur og þras hófustu illvígmaferli. drykkfelldur

Rannveig: kona [Bjarna Pálssonar](#) landlæknis: Rannveig ekkja Bjarna Pálssonar landlæknir síðan haustið 1779, 8. sept. Fædd 1742 deyr 1803.

1779: / 126 bréf 9. september. Björn Pálsson andaðist í gær sextugur að aldri eftir tæplega tuttugu ára embættisferil.¹⁹³ kunnur af ferðum sínum með Eggerti Ólafssyni. Auk ferðabókarinnar kom út eftir hann ýmsar ritgerðir um náttúrufræðileg og læknisfræðileg efni. kom því til vegar að reist lyfjabúð, lærð ljósmóðir fengin til landsins og embætti fjórðungslækna stofnað hafði vísi að sjúkrahúsi á heimili sínu, Nesi við Seltjörn

Guðrún eldri:

Ragnhildur Sigrún Björnsdóttir: “Góðkvendi göfugt var ...” *Sagnir* 24. árg. 1. tbl. 2004: fluttist árið 1783 í Viðey. Samkvæmt óprentuðu handriti eftir Hannes Þorsteinsson ólst Guðrún að einhverju leyti upp hjá hjónunum í Miðgrund í Skagafirði og erfði síðan jörðina eftir þau.

Guðrún giftist Jóni Snorrasyni sýslumanni í Skagafirði 23. Júlí 1760 þá tvítug að aldri „og hélt Skúli veizlu þeirra virðulega í Viðey og gerði dóttur sína vel úr garði. Svo vel að Guðrún fékk tvö hlutabréf í Innréttunum í heimanmund frá föður sínum og er hún eina konan sem vitað er um að hafi átt þar hlutabréf. Talsverður aldursmunur var á þeim hjónum eða sextán ár þar sem Jón var fæddur 1724 en Guðrún árið 1740. Jón lést 47 ára að aldri þann ". júní 177115 eftir aðeins ellefu ára hjónaband þeirra. Allar heimildir eru samhljóða um að þau hafi ekki átt nein börn sem lifðu.

¹⁹¹ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

¹⁹² Þorkell Jóhannesson: *Saga Íslendinga* 7, .

¹⁹³ *Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1760-1800,* .

Eftir að Guðrún varð ekkja bjó hún áfram í Skagafirði allt þar til hún fluttist suður og settist að hjá föður sínum í Viðey árið 1783 þá 43 ára að aldri. Hann var „lærður maður og vel að sér, en hinn mesti drykkjusvoli og fóru embættisverk hans öll í ólagi og fjárskil með versta móti." Jón varð sýslumaður í Hegranessýslu þann 6. júní 1757 og hélt hann þeirri sýslu til æviloka. Jón og Guðrún bjuggu fyrst á Ökrum til ársins 1764 en þaðan fóru þau að Hofi á Höfðaströnd." Hjónaband þeirra var ekki gott og má telja að það hafi ekki síst verið vegna ráðskonu þeirra hjóna, Ingibjargar Ólafsdóttur, en við hana hafði Jón haldið fyrir hjónaband sitt og hélt því áfram eftir að hann kvæntist. „Hafði [Guðrún] erft svo mikið af skaplyndi föður síns, að hún þoldi eigi að virðingu sinni væri misboðið, enda þótti hún kvenskörungur og merkiskona um flesta hluti." Ef til vill hefur sambúð þeirra galdið þess að hjónabandið var barnlaust. Ekki eru heldur til heimildir um að ráðskonan hafi orðið ófrísk eftir Jón.

Enn fremur segir í ævisögu séra Jóns Steingrímssonar eldprests um Guðrúnu: Það fyrsta eg catechiseraði, varð fyrir mér af ungmennunum Guðrún dóttir Skúla fáveta. Var hún svo skörp, að ei sá fyrir, hvor betur mundi hafa, þá eg spurði út úr, svo eg mátti þá strax leggja að mér að studera þá iðju, að ei yrði til minnkunar. Af þessu má sjá að Jón var fermingarfræðslukennari Guðrúnar. Það er greinilegt að mönnum þótti mikið til koma hversu vel lesin og greind Guðrún var.

Eftir að Guðrún fluttist til Viðeyjar nefndi hún vinnustofu sína nokkrum sinnum í bréfum sínum og kallaði hana Annríki. Þar var greinilega mikið að gera og margt brallað. Handavinnuna gerði Guðrún oftast en ekki að umtalsefni og sagði t.d. í bréfi til Sveins Pálssonar lækni þann 24. ágúst 1790: „Hér með fylgja nú enn síðir hvítir sokkar, og máski þeir verði fúnir, þegar til yðar koma, því þeir eru nú að þorna..." Hún var kjarnakona til handanna en athyglisvert er að Guðrún fjallar svo til ekkert um handavinnu sína í bréfunum til föður síns sem skrifuð voru á árunum 1774-1776. Ástæðu þessa er líklega að leita í því að á þeim árum hafði hún nóg að gera við að hafa umsjón með jörðum föður síns í Skagafirði og þar ábyrgð á ýmsu sem hún gerði ekki eftir að hún var flutt í Viðey.

Hún fékk einhvers konar lyf frá vini sínum Sveini Pálssyni lækni og fannst það hafa gert nokkuð gagn. Hún fjallar um það í bréfi frá 16. ágúst 1789: Eg drakk af því sopa minn, kvöld og morgun, meðan það entist, og á meðan á því stóð, og nokkrar vikur þar eftir, var ég nokkuð minnisbetri, en áður, svo víst er það, að sú náttúra fylgir því. Svo ef ég hefði fengið það strax, þegar ég missti minnið, þá máske það hefði dugað, og kannski það dygði enn, ef ég hefði það lengi, en ég ætla að láta sona vera, og þreyja af með þögn með þolinmæði, þar til guði þóknast að bæta öll mín mein. Þegar þetta bréf var skrifað var Guðrún aðeins 49 ára og ólíklegt að hún væri farin að missa minnið.

PENSION: í bréfi frá Skúla dagsettu 23. júní 1783 segir varðandi eftirlaun Guðrúnar: Það sem mér hefur orðið ágengt fyrir þig, að pension fengir, sér þú af innlögðu meðfylgjandi, hvar með óska þér til lukku að vel og lengi njóta megir! Þú getur nú þá 20 Rd. árlega tekið í reikning okkar af jörðunum... Þetta var á þeim tíma sem Guðrún var að flytjast suður til föður síns í Viðey og þótti Skúla þessi eftirlaun greinilega vera mjög góð fyrir hana. Hún hélt þeim þó ekki óskertum því samkvæmt heimildum fékk hún einungis 16 ríkisdali í eftirlaun árið 1809.

Miðað r sem vinurinn erlendis er beðinn um að útvega þetta eða hitt, eins og sjá má í bréfi frá 24. ágúst 1790: Gjörði svo vel fyrir mig ef getið með

hægum móti, og útvegið handa mér nokkuð af nýtan[egum] silkipjötlum, ég þigg þær hvort sem eru gamlar eða nýjar, og hvernig sem litar eru, séu þær fallegar er gott, séu þær litljótar lita ég þær sjálf upp aftur. Smá pjötlur af flaueli, eru líka góðar. 1 & 2 pör útslitnar silkiströmpur, get ég lfka þegið, þó skuluð þér láta þetta ekki vera meira, en fyrir 1 rd. eða hæðst til 9 marka. Ekki get ég ímyndað mér hvað Guðrún hefur ætlað að gera með útslitna silkisokka en finnst ágiskun Elsu E. Guðjónsson í Konur og kristsmenn koma vel til greina. Elsa telur að Guðrún hafi ef til vill ætlað að rekja sokkana upp og nota þá til útsaums eftir að búið

Merkilegt er að sjá í bréfi frá 12. ágúst 1812 að Guðrún hefur fengið að fara með í kaupstað árlega, frá því hún var 9 ára gömul: Eg kom fyrst í kaupstað, þegar ég var 9 ára, og síðan árlega, og seinast nú, þann 14. júlí, og nú er ég á 73 ári, og hef alltjafnt haft nokkuð burt með mér, af kramvöru, nema nú í síðasta sinn. Maske ég lifi ei til, að koma þar oft. Ef Guðrún kom fyrst í kaupstað þegar hún var níu ára, hefur það verið árið 1749. Það ár varð Skúli faðir hennar landfógeti og má því álykta að þessi kaupstaðarferð hafi staðið í tengslum við fóstur hennar á Miðgrund. Þaðan í frá fékk hún að fara með í kaupstaðinn árlega. Ástandið í landinu árið 1812 var Áhugasvið Guðrúnar hefur greinilega verið annað þegar hún var ekkja í Skagafirði og hafði umsjón með jörðum föður síns í fjarveru hans. Þar skrifaði hún mest um búskap og efni tengt honum ásamt því að fjalla mikið um fjárhagsáhyggjur sínar og lýsa þessi bréf því mjög vel raunum skuldugrar ekkju á þessum tíma. Eftir að hún var flutt í Viðey þurfti hún ekki að hafa áhyggjur af búskap lengur og bréf hennar bera merki um allt aðrar áherslur en áður. Þá skrifaði hún um dauðsföll, giftingar, veðurfar, náttúruhamfarir og annað sem líklegt var að viðtakandi hefði áhuga á.

Í bréfi frá Magnúsi Stephensen etasráði til Ragnheiðar Þórarinsdóttur, mágkonu Guðrúnar, sem dagsett er 24. september 1812 kemur eftirfarandi fram: býð ég Mad. Guðrúnu Skúladóttur vist og veru og alla forörgun hjá mér um hennar lífstíð einsamalli, alla þjónustu og aðhjúkrun án alls reiknings eða borgunar, og skal hún sjálf mega vinna sér og hafa sína Pension óskerta. Samkvæmt þessu fékk Guðrún frítt húsnæði og lyfjakostnað, greitt úr vasa Magnúsar etasráðs, og því ekki skrytið að hún dásamaði hann eins mikið og hún gerði í bréfum sínum þar sem hann tryggði henni áhyggjulaust æviköld.

átti Jón sýslumann Snorrason í Hegranesþingi: bjuggu á Ökrum 1757-64, svo að Hofi, Jón deyr 1771. Áttu ekki börn. Líttill fjárgæslumaður, enda drykkfelldur.

Giftingar skilmálar eður fjárlag til giftingar dóttur Skúla Magnússonar.¹⁹⁴

Ökrum 2. oct. 1750 Dóttur minni Guðrúnu Skúladóttur eftirlæt ég hérmeð til allrar byggingar... afnota og gagns jörðina Kolgröf liggjandi í Lýtingstaðar hrepp og Reykjakirkjusókn, með eftirfilgjandi skilmálum. Hún skal sjálf eiga og uppbera allt það jörðin af sér gefur ... skal halda jörðinni við hefð og mag tog láta ekkert af sér ganga. Hún skal sjálf hafa húsbóndarétt og byggingaráð yfir jörðinni ... Skúli Magg.

Bessastöðum 21 okt. 1750, eftir því að ég hefe síðan á býli lofaða jörðuna Kolgröf, Guðmundi Erlendssyni, þá sömu jörð til allra umráða og ágóða fengið dóttur minni Guðrúnu eldri, undir hönd og umsjá fóstura hennar, æruprýdd

¹⁹⁴ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

Guðmundar Clemenssonar þá er það mitt loforð soleides um breytt, að það haldist ei framur nú velnefndum Guðmunde Clemenssyni til um sjónar, og hann jörðuna samt dóttur mína Guðrúnu haganlegast fyrir gott finni, svo að nær honum býðst betra landseta til jarðarinnar, þá vil ég að hún þeim hinum sama byggist.¹⁹⁵

23. júlí A 1760 ... innhalld af gifting skilmálum fram förnum að Viðey ... eðla Hr sýslumannsins í Hegraness sýslu Sr. Jóns Snorrasonar og ... Guðrúnar Skúladóttur undireins og á samt því að þau eru í heilagan egtaskap saman vígð af velærðuverðugum prófastnum í Gullbringusýslu Sra Guðlauge Þorgeirssyni heima í Viðey eftir allra náðugustu Resolution af 1. Aprílís síst liðins, þá eru eftir fylgjandi skilmálar í vorra upp a'hr. sýslumannsins vegan til staðar veranda háeðla hr. amtmannsins yfir Íslandi Magnúsar Gíslasonar og mín Skúla Magnússonar uppá dóttur minnar Guðrún vegan eftirfylgjandi þeir skilmálar:¹⁹⁶

1. ... í hennar klæðum og silfri el út virt 30 Rdl accier í þeim nýju Innretningum 25 Rdl. og prmtó afhendta 100 rdl. 25. Til samans 89 Rdl. Auk þessa er það sem Guðrún Skúladóttir hefur fyrir Testament eignast af sál. Guðmandar Clemenssonar eftirlátum munum með þessum skilmálum. Að ... Jón. Gangi 1. eftir því henna til góða, þar næst annist ekkju sál. Guðmundar ærlega svo framvegis.

2. að inntekt Guðrúnar í garð sýslumannsins auki allt það sem brúka verði er í hans garð innkomið frá Guðmundi eða Bríjetu, Guðrúnu til góða, bæði í föstu og lausu. Kolgröf.

3 Jón gefur hér á móti 40 hundruð eða Rdl. í landaurum

4. ... erfitt að lesa. Undirrit. Magnús Gíslason, S Magnússon, J Snorrason, Sölvason, Gísli Snorrason b Mrcusson Stephenson Magnús Sæmundson?

Af giftingaskilmálum framförnum að Widey þann 23. Júlí anno 1760 milli Jóns og yngismeyjar Guðrúnar Skúladóttur, undireins og ásamt því að þau eru í heilagan egtaskap saman vígð af vel... eftir ... resolutionin af 1. Aprílís næstliðins þá eru eftirfylgjandi skilmálar í vorra uppá hr. sýslumannsins vegan til staðar veranda landfóg til giftingar konumunda klæðum og silfri 80 Rdl.¹⁹⁷

Möðruvallaklaustir 17. Nón. 1772, W Schieving: Eftirskrifað er útlagt úr Hofs sterfbúi til ekkjunnar Madame Guðrúnar Skúladóttur: langur listi yfir eigur.¹⁹⁸ Beltis stokkar af silfri 3 Rdr, silfur staup, hve mörg lóð, silfur milnur, aðrar ditto, tinkanna, tinfat og 2 tindiskar, Pilts og svinte af bláu chaton, treyja með prjónabauns ermum og sars fóðri, vaðmálshempa með flos saum, handklæði, pottur tekur 4 fjórð., annar ditto og þriðji gamalt bekkja brekán með götum, smávaðmáls rekkju voðir, einskeftu og vaðmáls rekkju voðir, bláröndóttur lérefts koddí með vaðmáls very, útslitin dýna með fiðri, nærri ónýt ásamt strigakodda, sæng af bláröndóttu boldangi með fiðri, gamall borðúkur af bláprykkta lérefti, söðull etc. nenni ekki meir.

¹⁹⁵ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

¹⁹⁶ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

¹⁹⁷ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

¹⁹⁸ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

Bréf Skúla til dóttur, Widey 24. Febrúar 1773:¹⁹⁹ Dóttir mín ástkær! Síðan í haust hefi ég frá þér meðtekið þín 4 elskuleg tilskrif af 15 september, 4. Okt., 4. Og 10 Januári. Ásamt það sem þau tilsegja að þeim fylgja eigi, hvað allt ástsamlega þakka, og legg hér inn þinn kvitteraðan reikning fyrir jarða umboðið, jarðir, reikn eitthvað og klukka láta til mín óskemmda hingað flytja klukkuna. Nefni prófasturinn síra Ellenous? það oftast þá svarar þú að ég sé búinn að taka klukkurnar til mín. Þegar við sjáum hvernig. En í vor skulum við innflutta inn pakkað á Akra bænhús pappí handa þér, skal ég ei gleyma með vemoðum? eða fyrstu hentugleikum, með takist það ekki því þetta far með Þingeyra jarðameða? sem hingað kom um afgang sýslumanns B. Halldórssonar, og lofa að bestýra með hentugleikum, samt minna bréfa til lögréttumanns Eiríks um sterfbús settan? á Víðivöllum? og Jón á Silfrastöðum. Frá landsskrifara hefi ég fengið meðfylgjandi útskrift af ... testamentum þú munt hafa originaler, búskapur einnig með föstru þína í hendar lifanda lífi er mikið góður og ómissandi hvernig sem falla keð?, sem þú ummælir, með haf ærlega með við nær það afgjörir, sem ásamt með undirskrifa.

Þú hefur aldeilis satt í því að aðhaldið munar fara að græða í búskapnum, eða hvað viltu af þeim gjöra? Eða hvernig fara að ráða þínum öðruvísi. Mitt ráð er að þú takir rauðhveisan sem umskrifar, þeir gjöra ei meira en taka heim af þeim aftur, hvað samt er ótrúlegt, lát svo allt doka og vera kyrrt, eins og ég áður sagt hefi, og ekkert skaltu útskrifa af því til þín er komið, eða af hestunum. Svára af heimferð undir að það megi bíða til þess bréf fári um þín ansögning / vel er það af mér geteð nokkuð góð mosum? Rafskeð útvegað, líka vil ég tæma leggja bond, lík þeim sem vant að hafa á Hofi. Það er skjálfsagt að Holtskirkju bygging á að fullkomnast og þú færir mér það til skilnings að passa vel upp á að það allt innfært verði í kirkjubókina og ég fái þar af útskrift síðar meir. Nú hygg ég að flestu sé svarað úr þínum góðu bréfum. Nær belagheit falla þá forsóma ekki að skrifa mér til. Héðan er sú nýmæla, hér lifum eftir vana, ... enn þá mjög aflalítið, heilsa frá mértil þinna guð geymi þig og endast til alls góðs, þess óskar indilega, þinn elskandi faðir Sk Magnússon.

Kaupmannahöfn 23. júní 1783.²⁰⁰ Utan á: Til Mad.me Guðrún Skúladatter á Ökrum Skagafjord og Hofsós district. Skúli til Guðrúnar eldri: Nauð og eckert látæði eða nýjungar dró mig út af Íslandi í fyrra og það með þeirri hægð að eg skildi í Viðey eða að skilnaði á þingi opinbera: Guð hér vísi og alleina best fyrir útfallenu? Eftir það í fyrra hafi 5? daga verið í Hólmsskipi greip mín gamla gigt mig svo freklegar en nokkru sinni til fornam að ekki gat ferðalag haft út af því værelsi sem í var allt til jóla og nú aftur síðan 12. Maí verið svo slæmur að ei treysti mér til baka með skipunum í þetta sinn. Það sem mér hefur orðið ágengt fyrir þig, að pension fengir, sérð þú af innlögðu meðfylgjandi, hvar með óska þér til lukku að vel og lengi njóta megir! Þú getur nú þá 20 Rdl ærlega tekið í reikning okkar af jörðunum, eða og öðruvísi eftir sem þóknast, að form að til kvitteringar lagt hér inn með, svo kvittingarnar hreinskrifaðar geti alltið sent til Viðeyjaf eftir jólin með vermóðum eða öðrum vissum ferðum árlega. Þá skuld sem þinn sál. Egtamaður átti til kóns að færa hefi ég takið upp á mig svo nær 50 Rdl. Og betalað. Um Tugthúsið guma eg með?, því það er enn svo langtum vágara!?

Fréttir þær allar af Norðurlandi sem veist og til með vil ég fá til baka, eða allt það sem passerað er síðan í fyrra burtu fór, svo greinilega sem getur, jafnvel þótt þær

¹⁹⁹ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

²⁰⁰ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

teygðar uppá nokkrar örkkappír. Líka þigg ég góð og löng leggjabönd handa sjálfum mér. Góður Guð uni þér alls góðs sér til dýrðar og þér til gagns. Þess óskar og biður af auð þinn elskandi faðir Sk. Magnússon.

Björn skipasmiður í Kh.:

Guðrún yngri átti Jón sýslumann Arnórsson í Snæfellsnessýslu

Föt Mad.me Guðrúnar yngri.²⁰¹ Silfur: gullfesti, hempoþjöldur með þörum gyllt, ermahnappar gylltir, bellti gyllt, gylltar milnur, þrennir silfursvintuhappar gylltir. / klæðishempa með tilhlýðilegum búningi, vaðmáls hempa góð, vaðmáls hempa lakari ný, vaðmál í hempu, dittó forn hempa, pluss treyja klæðis treyja ný, klæðis treyja ... etc.

Ellidast. 2. Apríl 1793.²⁰² Guðrún Skúladóttir: Hjartkæri faðir, guð veri með yður! Hjartanlega þakka ég yður allt föðurlegt dyggðar yki? mér auðsýnt. Ég lifi nú bærilega heilbrigð og svo hef ég verið oftast í vetur, guði sé lof. Að öðru líður mér eftir nonum, ég á valla að þenkja til annars. En mér veiti héðan af ördukt inglegg hér innaní uppteiknan á þeim fjármunum sem mér voru til slegnir og þar með fylgjir og uppteiknan á þrjú V.m. finnur valdi fyrir mig. Ég sá mér ómögulegt að varðveita það óskinn mt. Þósinning? Að það var bráðræði fyrir mig og það hefði kunnað að verða meira úr því en mér lá peningum bæði til að betala Augtioninni og til að gefa með lifandi skepnunum mínum líka fidi ég því til að lifa af. Í vetur var ég svo óheppin að féð mitt skemmdist og drap og hefur svo kýrin gjört mér mikið lítið gagn. Svo minn guð leiðe okkur fram án allrar náðar, fyrst til vorsins ei veit ég víst hvað af mér verður. Ég hefi falað Ho Rdl sem hér úti staðarsveitinni að Hr. Skieving og hefi ei fengið fullkomið loforð. Hann segist muni koma hér eftir hátíðina því hann ætlar á manntalsþing herra Guðmundar í Hnadalssýslu og gefa mér þá fullkomið svar og með honum vil ég koma þessum seðli. Ég hefi ei getað skrifað yður til í vetur greinilega því þessi meðfylgjandi blöð fécking frá Sn Finni veitt skömmu fyrir páskana ég kann ekki annað að segja en hann hafi rétt við mig. En aungvan hlut hefur hann heldur gefið mér. Gjörði þér svo vel faðir góður og skrifið Sm. Pétri í Görðum til og þakkið honum fyrir mig, hann hefur oft gjört bön mína fyrir utan það sem ég sagði yður í haust að hann hefði gefið mér. Guð láti það öngvum þeim ólaunað sem mér gjöra gott. Mikið þykir mér fyrir að selja skepnurnar mínar. Ég hef og fengið nokkurn veginn vísa von um að mega behalda þessu nema aðrir mínir skuldunautar komi og krefji mig þá það verður opinbert og fæ ég þá Grænedigt? Við Sr Erlend Hannesson, því hann hefur missst Brennistaði sem hann setti í Cation. Enginn kaupmanna hefur neitt fengið svo þeir eiga rétt til þess sem til fæst? Ef þeir vilja hart að ganga. Þó vona ég að guð gefi mér að þeir gjöri það ekki og síst lifandi skepnurnar hving? Mindar? við að búa. Ég man nú ekki hvað ég á að skrifa meira í þetta sinn, nema að biðja yður að fyrir gefa klór þetta. Guð minn góður styrki og hjálpi yður í yðar aldúrdóm og gefi það best sem síðast er. Þess óskar yðar elskandi dóttir Guðrún Skúladóttir. Ps. Fátt er það sem fulltreysta má. Nér er hér Skieving sviptur? suður að Innra-Hólmi og kom hér ekki, sem mér hafði þó skriflega lofað og ei veit ég neitt víst hvernig fæ látið eða ekki og b'íður það nú svo þar til linnir að láta núveinin að koma þessum?

²⁰¹ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

²⁰² Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

til sýslumanns Guðmundar og biðja hann fyrir ... ævinlega blessaðir og sælir í guði.

Fortegnelse.²⁰³ Enken Mad.m Guðrún Skule datter efter ordre fra amtet af 30. Julii d. a. ad beværke af Sal Sysselmand Arnorssens Stervboe, efter den fortegnelse og værkning som den over den 16. October 1790 er affattet og for saa vidt de samme effecter er nu in Natura i Servboet fore finnes: Í fríðu, í silfri, í bókum, í búshlutum, ellssgögn, smíðja og smíðató, reiðskapur og amboð, í rúmfatnaði, í skipum. Summa 225 Rdl. 95. Sýsslumaður F. Jónsen Elliðast. 17. Sept. 1792.

Uppboðsbréf sömu ekkju, som til henne av sal. Sysselmand Jón Arnórssnes stervboe er udlaveret. Sama datum.²⁰⁴

Oddný:

Oddný átti síra Hallgrím Jónsson í Görðum á Akranesi

Minnisblað yfir það sem Oddný Skúladóttir færir burt með sér sem eína eign frá föður sínum í Viðey ár 1782.²⁰⁵ Fatnaður, úti klæðis hempa með rósa flauels borða lögð. Flauels treyja með egta vírs knipplingum lögð. Hárrauð klæðis föt lögð með svörtum silki knipplingum. Blátt upphluts pils með rósa flayels upphlut lagður með egta vírs knipplingum. Smá vaðmáls hempa með flosvirki. Klæðis treyja lögð með svörtum fløyels borða. Græn ullar damasks föt með svörtum borðum. Vaðmáls hempa gömul með flosverki. Markaus? Treyja með rauðum flauels borða. Blá klæðis föt með grænum knipplingum. Grænt upphluts pils með pnæðis? Upphlut. En nú gömul vaðmáls hempa með flosverki. Klæðis treyja með rauðum borðum. Þrikk einskeftu föt. Höttur með plussi, Gull og silfur. Rúmföt. Vantar omtrent til þess sem hinar dætur mínar notið hafa omtrent 170 Ríxdl virði í þægilegum aurum. Viðey den 3. Júlí 1782.

Halldóra: átti Hallgrím lækni Bachmann.

sú sem Benedikt vildi að Skúli kvæntist er varla Elín, fædd 1720, því að hún er max tólf ára þegar Skúli er hjá honum.²⁰⁶ Frekar Sigríður Benediktsdóttir, óg. en átti launson *Hallgrím Bachmann* með Jóni stúdent Þorgrímssyni. Ólst upp hjá móðurbróður sínum, Jóni sýslumanni Benediktssyni í Rauðuskriðu. Í Hólaskóla en varð ekki stúdent, mun hafa farið til Kh. 1759. Komst í riddaralífvörð konungs, kom heim 1763, lærði læknisfræði hjá Bjarna landlækni Pálssyni, fór utan með honum 1765 og fullkomnaði sig betur í læknisfræði, kom aftur 1766, tók próf hjá Bjarna 1767. Skipaður fjórðungslæknir í syðra umdæmi Vestfirðingafjórðungs 26. júní 1767, eitt ár að Staðarfelli, á Reykhólum - 1773, þá í Bjarnarhöfn til æviloka 1811. rausnarmaður, skörulegur og harðfengur, átti þjark við suma, einkum síra sæmund Maagnússon Holm. Kona 1769 halldóra f. 1750 d. 1821 Skúladóttir landfógeta. Börn síra Jón Bachmann að Klausturhólum, Árni varð sykursuðusveinn erlendis. Kristín f. k. Ólafs fjórðungslæknis Brynjólfssonar.

Á meðal barna þeirra voru [Jón Skúlason](#) aðstoðarlandfógeti og Rannveig, kona [Bjarna Pálssonar](#) landlæknis.

²⁰³ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

²⁰⁴ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

²⁰⁵ Lbs. 20. Fol. Bréf varðandi Skúla Magnússon fógeta, Bjarna Pálsson landlækni o. fl..

²⁰⁶ Íslenskar æviskrár.

Jón aðstoðarlandfógeti:²⁰⁷ *Guðrún eldri* átti Jón sýslumann Snorrason í Hegranesþingi, *Björn skipasmiður* í Kh., *Rannveig* átti Bjarna landlækni Pálsson, *Guðrún yngri* átti Jón sýslumann Arnórsson í Snæfellsnessýslu, *Oddný* átti síra Hallgrím Jónsson í Görðum á Akranesi

Guðrún: hvor? yngri eða eldri?

Fyrsta konan sem átti hlutabréf var Guðrún dóttir Skúla fógeta.²⁰⁸ Svo ég taki frúarvinkilinn á þetta. Fékk það sem heimanfylgju þegar hún giftist. Krökkt er af sætum fróðleiksmolum og söðullinn sem hún reið á sinn kvenveg sitjandi kvenveg ... er til.

hlýhugur hennar til Innréttinganna og einlæg sannfæring um ágæti þeirra og sár vonbrigði í bréfi hennar til Sveins Pálssonar landlæknir frá 1790:²⁰⁹ „Nú er loksins búið að eyðileggja fabriquna í Reykjavík og það er nú fyrir nærverandi tíð mitt mesta mótlæti. Margur saknar hennar hér eftir þó lítið þætti til hennar koma meðan hún stóð ...“

Brjóstagjöf:

heyrði til undantekninga þegar komið var fram á 17. og 18. öld.²¹⁰ á 18. öld mun hafa látið nærri að eitt af hverjum þremur börnum hafi dáið á fyrsta ári.

Eignir Skúla:

Kaupbréf Halldórs Bjarnasonar fyrir 32 hundr. í Rauðalæk með 4. kúg. af hr. landfógetanum Skúla Magnússyni vegna sín og Jóns helgasonar fyrir 160 rixd. specie, dat. 8. Septembris 1751.²¹¹

Kerfið:

réttarfar og refsilöggjöf:

upplýsingin reyndi að gera refsilög og framkvæmd að virku þjóðfélagsafla.²¹² 1750-1840 er býsna róstusamt í löggjöf ekki síst á sviði refsiréttar og sakamálaréttarfars. / 63 refsingar miðalda snúast um hefnd og viðvörun. Líkamlegar refsingar voru taldar vænlegastar til árangurs. Upplýsingin gagnrýnir þetta, út frá náttúruréttarhugmyndum 17. og 18. aldar og kenningunni um þjóðfélagssáttmálann. Ríkisvaldið nú talið komið frá þegnunum og ber að hafa hagsmuni þegnanna að leiðarljósi. Einstaklingurinn hefur ákveðin réttindi og því þurfti að setja refsingum ríkisvaldsins skörður. Upplýsingin þrengdi hugtakið afbrot og þar með fækkaði refsingum. trúarleg brot og siðferðileg úreltust. krafa um skýr lög svo þegar vissu hvar mörkin lægju og afturvirk refsilög því bönnuð. Engum mátti refsa án dóms og laga. / 64 töldu refsivist og þrælkunarvinnu betri en hýðingar, aflimanir og aðrar limlestingar. dauðarefsingu hafnað, talið að yfirvöld hefðu ei siðferðilegan rétt til að taka líf manna. Helstu hugmyndasmiðir Frakkarnir Voltaire og Montesquieu ásamt Ítölunum Beccaria og Filangieri. Undir lok 18. aldar varð bylting í sakamálarétti ýmissa Evrópuríkja, pyndingar að mestu úr sögunni, dauðarefsingum stórlega fækkað og dregið úr harðneskju í fangelsum, mjög dregið úr líkamlegum refsingum og refsivist algengari.

²⁰⁷ Íslenskar æviskrár.

²⁰⁸ Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*, 22.

²⁰⁹ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 174.

²¹⁰ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 101.

²¹¹ *Alþingisbækur Íslands XIV*, 114.

²¹² Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum*, 61, 63-64.

danskur refsiréttur hvíldi á 18. öld aðallega á dönsku lögum Kristjáns 5. frá 1683.²¹³ Í samanburði við refsilöggjöf ýmissa þjóða Evrópu á sama tíma var refsiréttur Dönsku laga tiltölulega mildur. / 67 Stampe og Colbiørnsen innleiddu upplýsingu refsiréttar í Danmörku á 18. öld. Dauðarefsing fyrir þjófnað var afnumin með tilskipun 27. apríl 1771. / 68 Þótt löggjafarvaldið hafi horfið til konungs með einveldishyllumunni 1662 hafði Alþingi engu að síður löggjafarvald með höndum fyrstu áratugina. lítið á Ísland sem sérstakt löggjafarsvæði, sem sést á því að hvorki Dönsku lögum nég Norsku lögum Kristjáns 5. var ætlað að gilda hér á landi. Dómstigin hér fjögur, sýslu-, lögpings- og yfiréttur hér og hæsti- í Dm. mátti auk þess skjóta til konungs og Kansellis og heimildum til þess fjölgaði á 18. öld. hélst til 1800 þegar áfrýjunardómarnir tveir á Þingvöllum sameinuðust í Landsyfirrétti í Reykjavík. 19. feb. 1734 sagði konungsbréf Norsku lög gilda í þjófnaðar- og manndrápsmálum í stað Jónsbókar. Norsku lög greindu sundur smáþjófnað og stórþjófnað = búfé og góss tíu lóða silfurs virði eða meira. smáþjófnaður í fjórða sinn og stórþjófnaður í annað sinn = kagstrýking, brennimerking og þrældómur í járnum ævilangt. Dauðarefsingu hlutu aðeins þeir sem brutust úr járnum og gerðu sig seka um þjófnað að nýju eða brutu upp læstar hirslur. Sektir ekki tíðkaðar / 68 Alþingisbækur sýna að farið var að beita þjófnaðarákvæðum Norsku laga nokkru áður en lögleidd hér, fyrsta dæmið 1727. 1745-1751 13 Íslendingar dæmdir til að kagstrýkjast, brennimerkjast og þræla ævilangt í járnum, um miðja 18. öld hafa Íslendingar að fullu gengist undir þjófnaðarákvæði Norsku laga í orði og verki.

manndráp og önnur ofbeldisverk: Norsku lög átti skv. 1734 kongsbréfi bara að gilda um þjófnað og manndráp, en dómur sýna að menn töldu að þau ættu líka að gilda um önnur ofbeldisverk.²¹⁴ Norsku lög líf fyrir líf og þeir aðrir sem viðriðnr morðið. önnur ofbeldisverk sektir eða batur sem venjulega runnu til brotþola. dómur Lögpingsréttarins fylgdu Norsku lögum fyrir 1734, 1708-1729 amk sjö menn af báðum kynjum líflátnir eftir þeim. Konur líka hálfhögg, áður gjarnan drekkt fyrir dulssakir. Frá 1734 - 1751 / 69 aðeins tveir teknir af lífi í skjóli norsku laga á Alþingi. **kynferðisbrot:** um miðja 18. öld enn Stóridómur meginlöggjöfin nánast í upprunalegri mynd. hálfhögg, drekking, hýðingar, sektir og brottvísun úr landshluta. Mikil refsiharka. ísl dómendur tregir til að beita þessum ákvæðum fyrstu áratugina eftir lögtöku hans 1563, þó ekki annað séð en um miðja 18. öld hafi menn verið farnir að hlíta ákvæðum hans samviskusamlega.

réttarfar sakamála: 2. maí 1732 skyldi fara eftir ákvæðum norsku laga um meðferð mála fyrir íslenskum dómstólum.²¹⁵ Jónsbók þá lögð niður að því leyti. Í Jónsbók ekki gerður greinarmunur á / 70 hvort sótt til refsingar eða til heimtu einkaréttarlegra krafna. Meginreglan sú að einstaklingar áttu sókn sakar. helstu sönnunargögn: aðildareidur sóknaraðila og hreinsunareidur varnaraðila, vitnisburður, mats- og skoðunargjörðir, játning skjöl og önnur sýnilega sönnunargögn. Þótt mörg ákvæði norsku laga varðandi réttarfar sakamála áttu illa við á Íslandi, tileinkuðu íslenskir dómur sér þau fljótt, t.d. ákvæðin um sönnun og sönnunargögn og jafnvel áður en til formlegrar lögleiðingar kom. *Helstu breytingar:* einn dómari í stað fjölskipaðra dómara. lögmenn dæma einir á Alþingi og lögréttumenn nú aðeins réttarvottar – ei lengur meðdómendur. Sýslumenn dæmdu yfirleitt einir í héraði, en kvöddu þó til átta meðdómendur í refsímálum þar sem líf eða æra manna var í húfi. Heimildir til að sanna mál með eidi takmarkaðar.

²¹³ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum*, 65-68.

²¹⁴ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum*, 68-69.

²¹⁵ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum*, 69-70.

Saksóknarvaldið enn yfirleitt í höndum þess sem misgjört var við. skyldan að afla sannana hvíldi á honum. viðurkennd í raun reglan um að sönnunarbyrðin hvíli á sækjanda refsímálsins. engin skylda á dómara að hlutast til af sjálfsdáðum um rannsókn máls nema í undantekningartilfellum.

breytingar á ísl. refsilöggjöf 1750-:

ákvæði um þjófnað hert með tilskipun 19. nóv. 1751.²¹⁶ þurfti aðeins smáþjófnað annað sinn eða stórþjófnað fyrsta sinn til að vera dæmdir til kagstrýkingar, brennimerkingar og ævilangrar þrælkun. Allur þakinn. rökin sú að kagstrýktir og brennimerktir gætu hvort er eð ekki brauðfætt sig heldur flökkuðu um landið til byrði og hættu. hallæri í landinu. / 71 hófst nú mikill straumur Íslendinga í þrælakistur Kaupmannahafnar. 1745-1758 43 Íslendingar þá leið. Flestir dómar 1755-1757. Heimildir benda til þess að sumir dæmdir aðeins í héraði og þarir sendir með öllu ódæmdir. Kóngbréfi 14. apríl 1759 er beint gegn þessu. Mælst svo fyrir að dómum um æviþrælkun skyldi skotið til danska Kansellisins áður en framkvæmdir. Hið íslenska tugthús stofnað 1761 til að létta af þrælakistu Hafnar.

Bænaskrá sýslumanna 1758: þeir væla um að fá aftur dauðarefsingar, kostnaður, upphald frá héraði til alþingis, Kaupmenn fóru að heimta gjald fyrir flutninginn svo að sýslumenn spyrntu við fótum og sendur bænaskrána. Stampe aðalrátunautur fékk til umsagnar, samdi greinargerð: sagði að flestir þjófnaðir á Íslandi framdir í neyð og vísaði til neyðarréttar, *jus Supremae necessitatis*. ekki refsileysi, en aldrei mætti refsa af mikill hörku fyrir slíkt brot. Taldi ófært að mæla með tillögum sýslumanna. Sagðist hafa sannspurt að fólki á Íslandi væri gert að sæta hörðum refsingum ódæmdu. Verksvið sýslumanna taldi hann of víðfeðmt og varasamt að sömu menn hefðu sakeyri á leigu og drægu brotafólk fyrir tóm. **Hegningarhús,** hegningarhús, hegningarhús, sagði Stampe, það myndi létta af kostnaði sýslumannaog spara flutning til Danmerkur. Hér gætir áhrifa upplýsingar, a.m.k. náttúruréttar.

með tilskipun 27. apríl 1771 *dauðarefsingar fyrir þjófnað afnumdar* í Danmörku.²¹⁷ Fyrir einfaldan þjófnað í fyrsta sinn tveggja mánaða til tveggja ára tugthúserfiði. taka mið af aldri, uppeldi, fyrra líferni, aðstæðum, aðdraganda, hvort áðu sekur og frá hverjum stolið. ekki einfaldur þjófnaður var nú: stuldur á búpeningi í haga, innbrot og stuldur frá skipbrotsmönnum og annar sérstaklega ámælisverður þjófnaður, aðeins í slíkum tilfellum líkamlegar hegningar heimiliáðar, kagstrýkja skyldi þá og láta erfiða í járnum æfilangt.

um miðja 18. öld gætir tilhneigingar til að herða refsingar við vissum tegundum manndrápa.²¹⁸ upplýsingartengsl 18. des. 1767: kvað á um refsingu þeirra er sökum eigin vansældar frömdu morð í þeim tilgangi að hljóta dauðadóm (ÞV maður mátti jú ekki taka eigið líf!) treina átti líf slíkra og baka sem mestar mögulega þjáníngar þangað til þeir geispuðu golunni. skynsamlegra þótt grimmara ... / 75 *Kynferðisbrot:* á síðari hluta 18. aldar fer fyrstu einkennanna sem bera ættarmót hinna nýju viðhorfa að gæta í lagaákvæðum sem snertu kynlíf. 27. feb. 1770, 3. apríl 1771 og 14. des. 1775 nokkrar breytingar varðandi forboðna liði skyldra eða tengdra til hjónabands, og í öðrum tilfellum mætti veita leyfi. nokkur erindi send til Íslands varðandi hórdómsbrot flest um túlkun einstakra ákvæða Stóradóms. flest um frillulífi, algengustu tegund afbrota kynferðislegra. 3. júní 1746 tilskipiun gert ráð fyrir að þeir sem í fimmta sinn frillulífis sendir í refsivist til Danmerkur / 76 fyrsta heimiild til að dæma í refsivist fyrir skírlífis- og sifskaparbrot í íslenskum

²¹⁶ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálu*, 70-71.

²¹⁷ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálu*, 72.

²¹⁸ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálu*, 74-76.

lögum. Tilskipun 8. júní 1767 er opinber aflausn fyrirlegorðssakir afnumin, þess í stað varðhald upp á vatn og brauð í átta daga, sem má leysa sig undan með greiðslu sektar. Ekki leidd í lög þó fyrir en 1770. 1772 bara sekt, ekki varðhald. Í Styruensee slökun tilskipun 13. júní 1771 refsingar fyrir frillulífi afnumdar! en æ numið úr gildi 27. feb. 1772. sögðu að siðferðisástandið meðal almúga færi mjög versnandi. ekki einu sinni birt uppi á Íslandi þegar hún var afnumin! dönskum yfirvöldum hefur þótt Struensee ganga of langt í frjálsræðisátt. sektir færðu líka yfirvöldum tekjur, sýslumenn með sakeyrinn á leigu, hefðu orðið af drjúgri tekjulind! En, með bréfi 16. feb. 1787 voru sektir fyrir frillulífsbrot afnumdar.

réttarframkvæmd kynferðisbrota: Í sextán / 77 kansellíbréfum 1745-1798 kveðið á um mildun eða niðurfellingu dæmdrar refsginar fyrir kynferðisbrot, varðhald oftast í átta dag upp á vatn og brauð í staðinn.²¹⁹ í sumum dauðadómi breytt í ævilanga refsivist, sbr. kóningsbréf 28. maí 1735. gjarna vísað til afkomu fólks. 1773 átti að láta Magnús Einarsson úr Mýrasýslu missa höfuðið fyrir hórdóm 78 ára gamlan, mildað og látinn sæta átta daga varðhaldi upp á vatn og brauð. í öðru bréfi tekið tillit til aldurs unglingsstúlku sem hrasað hafði, 26. febr. bréf 1751. í stað tólf vandarhögga varðhald í átta daga. nefnt að hýðingin gæti valdið svo ungri menneskju varanlegu tjóni. Greinilega var mönnum farið að ofbjóða harka Stóradóms nokkru áður en hróflað var við ákvæðum hans að ráði.

meðferð sakamála: í norsku lögum ei gerður greinarmunur á opinberum málum og einkamálum.²²⁰ 21. maí 1751 mælt svo fyrir að dómari eða yfirvöld á viðkomandi stað tækju brotamál í sínar hendur, rannsökuðu þau og öfluðu gagna um málið, yfirheyrðu og leituðu að vitundarmönnum eða samsekum, skipa sækjanda og verjanda, sem einnig áttu að taka þátt í rannsókn málsins. 1796 svo skilið milli einka og obinberra mála.

Áhrif upplýsingar í íslenskri réttarlöggjöf: eftir miðja 18. öld en ekki vart frumkvæðis Íslendinga sjálfra í því efni.²²¹ andæfa ekki heldur hinum nýju straumum á hugsjónlegum eða fræðilegum forsendum, heldur efnahagslegum eða fjárhagslegum, sbr. bænaskrá sýslumanna 1758. / 90 skýrasta dæmið á 18. öld um áhrif upplýsingar á þessu sviði er þjófnadarákvæði 20. febr. 1789 og réttarframkvæmd á sviði kynferðisbrota með náðunum og mildunum.

ríkisvald nær seint að festa klær til sveita í Dm og Íslandi:

er miðaldir liðu út reyndi ríkisvaldið um Evrópu alla að leggja reglu sína yfir og á samfélögin.²²² Reynt að halda einveldinu fram gegn þingum, borgurum og valdamönnum í héraði. Sprakk að lokum í frönsku byltingunni og uppreisn austurískra Niðurlanda, sem var stjórnað frá Vín. / 22 í Danmörku og í Slésvík-Holstein var sterkur aðall, greifar og barónar. Miðstjórnin notaði þá til að heimta inn skatta og skrá menn í herinn. Þannig sá ríkið sig nauðbeygt til að halda heilmiklu valdi eftir í héraði. Svipað í borgum, einveldið aldrei algjört. Fyrst með nýju lagaverki 1780-1800 fengu embættismenn á vegum ríkisins völd á landsbyggðinni. Miðstýringin þá fyrst fullkomnuð. / 23 embættismannavöld fyrr í Noregi

²¹⁹ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum*, 76-77.

²²⁰ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum*, 78.

²²¹ Davíð Þór Björgvinsson: *Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum*, 84, 90.

²²² Gustafsson, Harald: *Mellan kung och allmoge*, 13, 22-23.

úrbæturnar og stjórnarsýslubreytingarnar ekki bornar fram af kameralískri trú á forsjárskyldur ríkisins.²²³ Miklu fremur hugsunarháttur frumliberalismans um að ríkið ætti að leysa atvinnuvegina úr fjötrum. landsnefndin þó kameralistísk.

eigendur jarða á Íslandi:

Björn Lárusson 1967: 1695 voru 95-96% bænda leiguliðar.²²⁴ Ríkið átti 48% (kóngur 16% og kirkja 32%) og 52% jarða voru í einkaeigu. Nokkuð misjafnt eftir landshlutum: á Vestfjörðum 1710 bjuggu 7,2% bænda á eigin jörð en í S-Þingeyjasýslu 1703 voru bara 8 bændur af 340 eigin herrar.

upplýst einveldi?:

hið náttúrulega fyrirmyndarsamfélag, frönsku fýsíookratarnir eða búauðgismennirnir.²²⁵ á þýska menningarsvæðinu sem Norðurlönd falla undir ríkti aftur á móti, kenning um hvernig hinn skynsami fursti skyldi stjórna löndum sínum. náði fullkomnun á 18. öld með samtvinnun fyrri kenninga og upplýsingarhugmynda. / 45 ekki gagnrýnin skynsemi í Danaveldi eins og Austurríki, sem misheppnaðist. Hér virðing fyrir hefðum og lögbundnum forréttindum = ríkjandi þjóðfélagsgerð. Því ekki upplýst einveldi í Danaveldi, þó kameralísk viðhorf til ríkisins. / 47 um 1600 komu í Danmörku stað lénsherra stiftamtmennt og undirmenn þeirra, amtmennirnir. Hér við dauða síðasta lénsherrans, Henriks Bjelkes 1683 settur stiptamtmaður yfir landið. fógæti lénsherrans á Bessatstöðum leystur af hólmi af konunglegum embættismanni, landfógæta sem skyldi hafa með höndum vöslu jarðabókarsjóis; þ.e. annast innheimtur á tekjum konungs á Íslandi og sjá um að reiða af höndum útgjöld krúnunnar í landinu. Svo 1688 skipaður amtmaður yfir Íslandi. Þá formlega komin sama stjórnskipun á hér og í Danmörku, ekki að fullu að innihaldi því landfógæti ei með föst árslaun heldur 1691 gerir hann samning um innheimtuna, rétt sin og lénsherra fyrir á tíð.

Stiftamtmanntilinn virðist innihaldslítið þrjá þegar hann var hengdur á 5 ára gamlan U. Chr. Gyldenlöve d. 1719.²²⁶ En við upphaf 18. aldar nánara samband Íslendinga og ríkisstjórnarinnar að hefjast. Ferð Lauritz Gottrups lögmans til Kaupmannahafnar, umræða um framtíð Íslands og stjórnun þess hófst. Skrásetningin á jarðabók Árna og Páls var stórvirki í stjórnarsýslu, en engar beinar að gerðir fylgdu í kjölfarið. Árni Magg náði aldrei að fullgera hana og eftir dauða hans féll hún í gleysku. Um 1720 endanlegur sigur hins nýja stjórnarfars. Heimsókn stiftamtmanntil landsins tákni um nærveru miðstjórnarvaldsins, þótt hann lægi í fleti sínu yfirkominn af gigtarkasti meginhluta dvalar sinnar hér. Niels Fuhrmann kom 1718 og virðist hafa verið framkvæmdasamur og áhrifamikill, hafði burði til að hemja sjálfstjórnartilhneigingar íslenskra embættismanna.

1737 apríl. / 130 Stórhriðar og mannskaðar norðan lands.²⁷⁶ á sunnudaginn í níuviknaføstu skall á stórhrið, fjölda fólks að fjörtjóni og grandaði þúsundum sauðfjár. átta hundruð fjár fórust í Kelduhverfi og í Skagafirði 300. Á sumardaginn fyrsta gerði annað stórhriðaráhlaup með svo miklu hvassvirði að mikið af svartfugli hraktist úr Drangey fram um allar sveitir í Skagafirði. / 136 1739, júlí. Óáran og bjargleysi víða um land. Stórfellir þrjú ár í röð. síðasti vetur verstur með gróðurleysi fram á fardaga og nautgripafelli og nú í jóli slíkt áhlaup norðan lands með frosti og snjó að nautjörð hefur tekið af og fuglar dáíð í hrönnum við Mývatn. Í hitteðfyrri einn grimmastí vetur á þessari öld með linnulausum stórhriðum, höfðu í för með sér mikla fjárskaða um Norðurland. einnig fjöldi fólks úti í hriðum. Bati kom ekki fyrr en um fardaga og varð því þá þegar hinn mesti fellir.

1739 / 135 á síðasta ári 17. aldar tekið upp gregoríanskt tímatal. Jón biskup Árnason er allra manna rímfróðastur og prentað í Höfn Fingrarím, mynd af fingrum með tölustöfum árituðum. Eftir því í lófa lagið að finna misseraskipti og tíðir kirkjuársins, hlaupár etc. / 149 **1744** almanaksmeistarinn í Höfn, prófessor Jóakim Friðrik Rasmus setti páskakomu viku sépar en rétt var og hefur ruglað allt helgihald í Danaveldi. Valt á fjórum klukkustundum á aldri tungls, sviptur embætti sínu.

²⁷⁶ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

1739, 4. des. / 133 Steinn Hólabiskup látinn.²⁷⁷ Búinn að vera biskup síðan Skúli fæddist. Meistari Steinn, spakur og óreiðinn og nýttu sér það sumir menn. veittu nokkrir honum ámæli um ritningarútleggingu hans og eigi mikinn lærdóm og meira en vert var. Góður veslum mönnum en enginn búsyslumaður. Varð oft ekki entur út skólinn fyrir lítilli forsjá. trúmaður þolgóður en til engra straumbrota.

1741 / Harboe, sjá þar.

1741: / 141 hollensk dugga strandaði á Borgarsandi í Skagafirði.²⁷⁸ Skúli gerði dugguna upptæka og bauð upp allan varning, lýsti mennina ófrjálsa og hafði þá með sér heim að Ökrum. Dugguna le't hann draga í sundur og flytja viðina heim að Ökrum þar sem hann hefur hafist handa um bæjarbyggingu.

1742 Skúli á þingi: 25. júlí 1742, Nikulás Magnússon sýslumaður Rangæinga fyrirfór sér í fyrrinótt, steypiti sér í gjá.²⁷⁹ Gekk frá búð sinni um nóttina. Sveinn hans skyldi hafa gát á honum, sýnt að ekki heill geðsmuna. fygldi honum út á hólmann, sýslumaður hélt áfram suður á hraunið, sveinn hljóp heim að Þingvöllum til að letia fulltingis prestsins þar. skjöl úr vasa hans fundust á gjárbarmi, spólkorn austan við Þingvallatún. Hann var kræktur upp úr gjánni, maður látinn síga niður með krókstjaka.hafði besent Magnúsi lögmanni Gíslasyni peninga og þau boð með að hann fæli honum Þorleif sons sinn, því að ætti ekki ólifað nema aðeins þrjá daga. Nikulás sonur Magnúsar Benediktssonar á Hólum sem á Brimarhólmi var sakfelldur fyrir morð á vanfærri barnsmóður sinni.

1742 / 144 þingklukkan, um langan aldur á þingvöllum allstór klukka er hringt var þegar sest skyldi að dómum, gömul sögn að Haraldur konungur Sigurðsson hafi gefið Íslendingum klukkuna á 11. öld.²⁸⁰ fyrir llanokkru ónothæf vegna elli eð skemmda og lögmenn sendu hana til Hafnar þar sem hún skyldi steypit upp. kom aftur hingað með Keflavíkurskipi, lá lengi í kaupstaðnum en kostnaðurinn ekki verið greiddur verslunarfélaginu sem annaðist bræðslu hennar og flutning milli landa. Nú í haust er Félag lausakaupmann amisssti verslunina lét Keflavíkurkaupmaður Borup, auðugur borgari og ölbruggari í Kaupmannahöfn flytja hana úr landi, til Hafnar eða Lukkuborgar. því ógreiddur kostnaður.

1743: / 145 Tóvinna, mikil ull tætt og unnin.²⁸¹ 213 693 pör sokka og 110 507 pör vettlinga úr landi með kaupskipunum. Dregur óðum úr því að ofið sé vaðmál til sölu. 876 álnir sendar úr landi af því. 1.211 peysur seldar í kaupstað, ullarsalan varð 84.800 pund.

1743: / 149 **Hallæri og uppflosnun.**²⁸² enn í þrjú ár samfleytt mestu harðindi með miklum felli fénaðar og bjargarleysi. mikill hafís öll árin og í fyrra grimmosti frostavetur sem komið hefur um marga áratugi. miklir mannskaðar á sjó, fólk flosnað upp og sums staðar menn fyrir farið sér í örvæntingu er búpeningur allur var fallinn og bjargir þrotnar.

²⁷⁷ Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

²⁷⁸ Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

²⁷⁹ Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

²⁸⁰ Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

²⁸¹ Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

²⁸² Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

1743: / 147 Harboe lætur prenta Stóradóm, sem í gildi í nálega 180 ár.²⁸³ stundum margir teknir af sama árið. ákveði hans eru hverjum fullvita manni kunn, svo oft er landslýður minntur á með málarekstri, dómum og aftökum. kóngur á seinni árum oft gert linun á ef málsbætur hafa verið. aðeins í mestu hallærum að rán og stuldir yfirgnæfa þessi brot, þyngsti refsivöndurinn.

1744: / 149 **Halastjarna.**²⁸⁴ Febrúar óhugnanleg teikn um skeið sést á himni nótt eftir nótt. Halastjarna með langan vönd út frá sér, fyrst vart nokkru eftir þrettándann, sést á kvöldin í útsuðri með öðrum stjörnum en gengur undir fyrir dag á morgnanna. margir fullvissir að boði ótíðindi. sumir bera kvíðboga fyrir því að geislar hennar brenni gras af jörðu og lauf af skógum þegar vorar. / 151 **messu á jólanótt bönnuð**, heitdagurinn forni tekinn af, einmánaðarsamkoma á Norðurlandi fyrsta þriðjudag í einmáudi þá frjáls samskot til fátæklinga tíðkast, jú gleðisamkomur öðrum þræði, sumardagurinn fyrsti messugerð tekin af. í staðinn skírdagur og föstudagurinn langi löghelgaði, en leyft að róa til fiskjar ef hart er í ári. mælist illa fyrir / **1744:** 151 *hafís nálega umhverfis landið*. þrjátíu bjarndýr gengu á land í vetur. júní **1745**. gengu á land í Skaftafellssýslu, voru þar unnin fimm í vor. þrír menn komu gangandi úr Grímsey. hafísinn lónar enn við land. komin Jónsmessa en vellir tæpast litkaðir í m-örgum héruðum landsins. jarðklakinn um tvær álnir í vor. **1746** / 160 **mjög sóttfelt** í sumar og haust orðið mörgu fólki að aldurtila. / 163 1747 **mannskæð flekkusótt eða mislingar**. svo næm að flestallir fá hana, bæði ungir og gamlir, algengt að þeir sem á skrið eru komnir veikist á nýjan leik eftir tvo eða þrjá daga / **1747** 164 fólk tekið að falla af harðrétti. dæmafátt óþurrkasumar sunnan lands. Sýslumenn hafa opnað búðir kaupmanna, stundum tvisvar á vetri hinar sömu. fellir og landfarstótir hafa kvistað niður vannært fólk, einkum norðan lands og vestan í fyrra. þótt fát sé víðast orðið fénaðar eftir mörg fellisár verða menn enn að draga saman bústofn sinn. / 184 mannfellir á Norðausturlandi grimmdarhörkur um land allt í vetur.

1745: *Kristján Drese* kræður fyrir drykkjuskap og óreiðu. / 152 20. júlí 1745, landfógeti í sex ár, ákræður í lögréttu fyrir vonda hegðun, hemjulausan drykkjuskap og óreiðu í embætti.²⁸⁵ hafði látið festa upp tilkynningar þess efnis að hann myndi bera fram málefni konungs í lögréttu. að morgni kom Pingel amtmaður í lögréttu og kallaði upp nefn fógeta en hann ekki nærstaddur. Sendi einn sýslumann með tvo lögréttumenn í búð hans, komu aftur með þau skilaboð að skrifari hans Hans Tofte væri af hans hálfu í lögréttu ef einhverju væri að sinna. myndi ekki koma, hefði nóg að starfa við að gæta peninga og skilríkja konungs í búð sinni. Tofte lagði fram skrá um skuldir sýslumanna, klausturhaldara og umboðsmanna lesnar í heyranda hljóði, magrir mótmæltu að þeir væru réttir, Sveinn varalögmaður Sölvason sýndi rifna kvittun, fjögurra ára gamla. fyrir gjöldum af jörðum í Eyjafjarðarumboði. skv skilaboðum fékk Toft í hendur en fógeta rífið í sundur. ekki vjilað skrifa nýja í staðinn, Tofte sagði fógeta hefði skipt og skoðun og hann ætlaði að hann myndi geta skrifað nýja kvittun. Sveinn fór á fund Drese og fékk endurnýjaða. En sýslumenn komu hver af öðrumfram í lögréttu og báru fram kvartanir og kærur vegna vondrar og daglegrar drykkju landfógetans, hefði rekið marga öfuga frá sér með lögskipuð gjöld, sumir ekki getað innt þau af höndum, þótt Tofte hefði leitast við að aðstoða.una þessu ekki. 6. ágúst vék Pingel amtmaður Drese frá embætti fyrir drykkjuskap og

²⁸³ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

²⁸⁴ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

²⁸⁵ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

sjóðþurrð, fól Guðna sýslumanni Siguðssyni að gegna störfum hans fyrst um sinn. sjóðþurrðin talin nema nálega hálfu þriðja þúsundi ríkisdala.

1746 / 157 í vor gefnar út margar nýjar tilskipanir.²⁸⁶ hreppstjórar fá vald til margvíslegra afskipta. Bæn og andvarpan, agi og gapastokkur til siðabóta. Ný tilskipun um húsaga. nákvæmlega sagt fyrir um uppeldi barna og skyldur og réttindi húsbænda og vinnuhjúa, hreppstjórum, prestum og sýslumönnum falið að sjá um að fylgt, sekta og setja í gapastokk þá er brotlegir gerast. læsir foreldrar eiga að byrja að kenna börnum sínum lestur fimm eða sex ára, læra í kveri og hafa yfir kvölds og morgna. daglega lesa einn eða tvo kapítula í biblíunni eða annarri andríkri bók í viðurvist alls heimilisfólks, sé enginn læs, sækja slíka lestra á aðra bæi. leigja afskekktar jarðir læsum bændum. / 158 straffa börn með alvarlegum orðum, hendi og vendi. höfuðhögg fyrirboðin og að slá í höfstugri reiði. bannað að hræða börn með jólasveinum eða vofum. halda börnum til hreinlætis og skikkanlegrar meðferðar á fötum, mat og öðru sem þeim er fengið í hendur.... kenni foreldrar ekki nytsamlega vinnu taka 10-12 ára börn og fá í hendur vinnusömum bændum, setja foreldrana í gapastokk. tipta hjú og láta lúta sama aga og börnin, bæn og guðrækni. ósæmilegt tal, gaman, blót og ragn harðbannað, hégómlegar sögur, amorsvísur og rímur er angra heilagan anda. fólk sem þetta iðkar á að setja í gapastokk ef viðvörðun nægir ekki. / 160 hnýsni og mas bannað

1746 / 159 nýr kóngur, **Friðrik V.** 287 Kristján VI náði ekki fimmtugsaldri, ríkti aðeins í sextán ár.

1746 / 162 prestum fyrirskipaðar húsvitjanir, ný lög sett um hjónabönd og brúðkaup.²⁸⁸ / 163 des. 1746 **biskupsfrúin nýja á Hólum** Þóra Björnsdóttir, ól barn á þriðja dag jóla, en Halldór biskup Brynjólfsson kom ekki heim úr vígsluför sinni fyrr en á miðju sumri. Vígður á boðunardegi Maríu, þá einmitt hefði barnið komið undir að réttum meðgöngutíma kvenna. janúar 1747. Halldór biskup hefur látið fara fram vitnaleiðslur um barnsfæðinguna á hólum í viðurvest séra Sæmundar magnússonar prófests í Miklabæ, Skúla sýslumanns og dómkirkjuprests. undirritað skjal þess efnis að því síður þurfi að tor tryggja biskupsfrúna að hálærðir læknar erlendis telji að svo miklu geti skakkað um meðgöngutíma sem hér átti sér stað. / 173 biskup biður um verndarbréf, sept **1749** skrifaði konungi, gegn rógi vondra manna sem hafa í flimtingum hinn skamma meðgöngutíma biskupsfrúarinnar árið 1746. telur sig ofsóttan af öfundarmönnum upp á smásmugulegan máta í sinni fátækri elli og veikleika.

1747 / 164 hörmangarar verstu kaupmenn sem verslað hafa á Íslandi.²⁸⁹ Skúli reið á vaðið með bréfi til dönsku stjórnarinnar, bar Hofsóskaupmenn ýmsum sökum, tráviður ónýtt rusl. meginviðureign Skúla hófst í hitteðfyrra, hann seldi einskis nýtt járn. Skúli bað bændur að koma á þingstaðina með járn til sýnis, skoraði á héraðsbúa að bera fram kærur og kvartanir yfir verslunarháttum á Hofsósi. Tók þingvitni um þetta, skortur einátt á mjöli, timbri og annarri nauðsynjavöru í kaupsatðnum. mold í mjöli / 165 kaupmenn reiðir

1748 / 168 Séra Þorleifur í Múla drukknaður, febrúar 1748.²⁹⁰ fannst örendur í kíll, er rennur úr Hrauntjörn í Aðaldal, svo grunnum að varla vatnaði yfir hann og aðeins fárra faðma breiðum. Hafði farið að heima með húskarli sínum að afla sér viðar á reka, en skilið við samferðamann sinn er hann hélt heim á leið með

²⁸⁶ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

²⁸⁷ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

²⁸⁸ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

²⁸⁹ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

²⁹⁰ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

viðardrögurnar, talið að hafi verið ölvaður, enda maður drykkfelldur. Var leitað þegar ekki þótti allt með felldu. var stórmenni kallaður og einna mest virður af prestum norðan lands. fyrri maður Oddnýjar druknaði fyrir réttum tuttugu árum einnig í viðarferð. hraut útbyrðis í góðu veðri, náðist en var þegar örendur.

1749 / 118, Bréf Holsteins greifa til Skúla dagsett 26. maí 1751, eftir að hann sendi greinargerð til Kansellisins 1749.²⁹¹ kom í lýsingu sinni á framfæri tillögum um endurbætur á sviði fiskveiða og benti stjórnvöldum á að aðrvænlegra væri að efla fiskveiðar Íslendinga en að láta þegna annarra ríkja hirða obbann af arði Íslandsmiða. / 119 Greifinn telur fullþjóðlegan keim af tillögum Skúla, en hverut hann til að gera betri grein fyrir tillögum sínum um endurbætur á atvinnuvegunum, bréf þetta gefur til kynna að skýrsla Skúla hafi vakið meiri athygli stjórnvalda en aðrar sýslulýsingar, varð viðskila við hinar og er talin etv. glötuð. / 119 haustið 1751, 20. nóv. stíluð á Stiftamtman, varð Skúli við þessum tilmælum Holsteins greifa. / 120 verður tillagan um Innréttingarnar, milli þessara bréfa félagið stofnað.

Skúli fær Skagafjarðarsýslu:

Í október 1735 bar svo við að sýslumaður Skagfirðinga Jens Spendrup druknaði í Héraðsvötnum, og losnaði þá sýslan.²⁹² Skúli sá hér tækifæri. Þegar á næsta þingi kom hann að máli við Lafrentz amtmann og bað um efndir á loforði því er honum hafði verið gefið. Amtmaður tók því allfjarri. Hann kvaðst einn ráða um stöðuna og væri sýslan ætluð öðrum manni sem var þegar kominn til Skagafjarðar. Hins vegar var Skúli þekktur af öðru en að gefa eftir sinn hlut baráttulaust og nú fuku danskir hirðsiðir og virðingarröð. Hann dró upp úr þússi sínu skrifleg vottorð máli sínu til stuðnings, otaði að amtmanni og krafðist þess að fá sýsluna. Amtmaður reiddist slíkri frekju og sagði að Skúli væri sá fyrsti og eini sem færi „svo aftan að siðunum“. Svo fór eftir fund þeirra í tjaldinu á Þingvöllum að báðir héldu utan til þess að gera út um málið. Í Kaupmannahöfn tók Lafrentz að mýkjast og bauð nú íslenska ruddanum

lögmannsembætti ef hann drægi sýslumannsumsókn sína til baka. Skúli tók því líkega og Lafrentz skrifaði hin bestu meðmæli með lögmannsumsókn hans. Hins vegar varð amtmaður þess brátt áskynja, að Skúli hafði alls ekki dregið hina umsóknina til baka. og f auk þá verulega í

hann. Hann sendi því næst harðorða umsögn með umsókn Skúla um Skagafjarðarsýslu, en þótt Lafrentz væri siðfágaður mjög að ytra borði, átti hann það til að skrifa bréf með því lagi sem Þjóðverjar kölluðu „þrumustíl“. Með þessu bráðræði var amtmaður orðinn tvísaga. Eftir bréfaskriftum hans að dæma var Skúli of mikill þrjótur til þess verða sýslumaður, en var samt vel til þess fallinn að vera lögmaður. Lögmannsembætti var þrátt fyrir allt virðingarmeira en sýslumennska, þótt það væri tekjulægra. Dönsku stjórninni þótti þetta grunsamlegt og vopnin snerust í höndum amtmanns. Skúla var veitt Skagafjarðarsýsla 14. apríl 1737. Sannaðist þar sem síðar meir að Skúli var öllum Íslendingum leiknari að eiga við dönsk yfirvöld.

/ 25 tók þá Bjarni Nikulásson við vestursýslunni. Skagafjarðarsýsla losnar um þær mundir. Lafrents amtmaður lagðist allur á móti Skúla, en Skúli fór utan (Hafnarferð 2) amtmaður fór utna líka en hafði ekki vitsmuni á við Skúla í viðureigninni og fór svo að Skúli hreppti sýsluna, 14. apríl 1737. hálfþrítugur

²⁹¹ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttinganna“, .

²⁹² Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

unglingur reis gegn sjálfum amtmanninum, jók eflaust álit hans um allan helming, utan lands sem innan.²⁹³

/ 26 bjóst til heimferðar í sýslu sína, lét smíða ferju nyrðra á Jökulsá á Fjöllum til að flytja á farangur sinn, er hann kæmi að austan.²⁹⁴ lét flytja ferjuna um langan veg austur að ánni; hafi þá engin fera verið á ánni í rúm 30 ár. gaf bændum þeim er næstir bjuggu ferjuna, eitt dæmi þess hve göfuglyndur hann var og vildi bæta kjör alþýðu í öllum greinum.

bjó fyrst að Hofi svo Gröf á Höfðaströnd:

fór utan 1736, fékk Hegranesþing 14. apríl árið eftir.²⁹⁵ kom til landsins samsumars, settist að fyrst að Hofi, síðan í Gröf á Höfðaströnd, en bjó frá 1741 á Ökrum. Þótti brátt hinn atkvæðamesti maður, var jafnframt ráðsmaður Hólastóls 1741-6.

/ 26 Guðrún systir hans var til húsumráða með honum,; var hún þá frumvaxta og efnisstúlka hin mesta. En Skúli naut hennar skamma stund því hún dó skömmu síðar, 23. febr. 1738.²⁹⁶ Tregaði Skúli hana mest af öllum sínum ástmönnum, að því er hann sjálfur segir (og nefndi tvær dætur sínar eftir henni?)

Þar bjó hann fyrst í [Gröf á Höfðaströnd](#) en lengst af á [Stóru-Ökrum](#) í [Blönduhlíð](#).

Skúli setur niður bú í Gröf: Skúli settist að í Gröf á Höfðaströnd sem þá var laus til ábúðar.²⁹⁷ Var þá skammt á milli stórmenna þar á bæ því ekki var langt liðið frá láti virðulegustu frúar Skagafjarðar, Ragnheiðar Jónsdóttur. Hún hafði búið þar um langa hríð með Odd digra bróður sinn sem ráðsmann. Gröf hafði hún fengið til framfærslu ásamt átta öðrum jörðum er maður hennar, Gísli Þorláksson biskup á Hólum, lést árið 1684. Ragnheiður prýðir framhlíð 5.000 króna seðilsins.

Bjarni Halldórsson sýsli Hún:

1736: / 127 Bara ári áður en Skúli kemur í Skagafjörð lætur sýslumannsfrúin Hólmsfríður tvo vinnumenn tyfta þernu síðna er átti að gegna því hlutverki að halda á ljósi.²⁹⁸ Réðst annar vinnumaðurinn á Katrínu Tómasdóttur, fletti pilsum hennar upp yfir höfuð henni og settist á höfuðin, en hinn lamdi hana með vendi á nakinn líkamann. Byltu þeir henni til á ýmsa vegu, eftir því sem verðugat apótti að vandarhöggin hæfðu hana. Þegar frúnni þótti gott gekk hún brott með föruneyti og skildi Katrínu eina eftir í húsunum í myrkri svo grálega leikna. Næsta dag flúði hún frá Víðidalstungu, sýslimaður reyndi að fá hana til að sættast en þess var enginn kostur, sótti sitt mál þess fastar sem örðugra veittist að fá það tekið upp. Sýslumaður reyndi að eyða eða tefja með lagaflækjum. almannarómur að hefði átt vingott við sýslumann. sýslumannsfrúin er látin og annar vinnumaðurinn strokinn og finnst ekki. þykir víst að sýsli hafi komið honum undan þegar sýnt að málið yrði ekki barið niður. dæmdur réttttækur, hinum gefinn kostur á að sættast við Katrínu gegn bótum, sýsli á sjálfur að greiða málskostnað. talin sú hirting er á felsta vörum hefur verið á landi hér.

Lögreglustarf Skúla: harður sýsli:

²⁹³ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

²⁹⁴ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

²⁹⁵ Íslenskar æviskrár.

²⁹⁶ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

²⁹⁷ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

²⁹⁸ *Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

Lögreglustarf Skúla: Verkefni Skúla í Skagafirði voru sem annarra sýslumanna á þeim tíma, að vera í senn dómari, lögregla og hagsmunavörður fyrir héraðið.²⁹⁹ Algengustu brotin voru þjófnaðir og lög landsins tóku hart á slíkum yfirsjónum. Eitt fyrsta embættisverk Skúla var að dæma hjón frá Á í Unadal fyrir hnúpl úr Hofsósbúð. Þau voru rekin af bújörð sinni; hann strýktur og brennimerktur á enni, en hún hýdd. Á sama ári var Þórunni tálausu refsað fyrir að stela úr hjöllum á Höfðaströnd með 14 ára syni sínum. Þórunn þessi hafði alist upp á flæki ngi um Skagafjörð. Hún hlaut húðstrýkingu fyrir, en var sjálf sett til þess að hýða son sinn með hrísi. Þetta eru dæmi um þau verk sem yfirvald Skagfirðinga innti af hendi með skilvísi, en þrátt fyrir það fékk Skúli orð á sig fyrir að vera miskunnsamur við þá sem aumari voru. Jón Espólín segir að hann hafi verið góður ekkjum og aðstoðarlausum börnum og oft veitt þeim mikla hjálp. Hann hafi heldur ekki verið „smámunasamur um nokkurn hlut“. Þá var það sögn alþýðu að hann léti suma sakamenn sleppa er honum þótti mannsbragur á og ganga margar sögur þar af.

Besta dæmið um þetta er mál Árna Grímssonar útileguþjófs er var handtekinn í Skagafirði í júní 1744 fyrir smáþjófnað.³⁰⁰ Árni var knálegur maður, skraddari og þjóðhagi. Þjóðsögurnar segja að Skúli hafi gengið fyrir framan fangahúsið þar sem Árni var í haldi og haft yfir í heyranda hljóði flóttáætlun fyrir fangann og síðan sagt honum að leita á náðir séra Árna Skaftasonar í Sauðanesi, sem var bróðir Þorleifs Skaftasonar prófests og stjúpföður Skúla. Síðan strauk Árni Grímsson úr varðhaldi Skúla og Árni Skaftason tók við honum. Hann skipti svo um nafn og gerðist gildur maður austur þar og eru miklar ættir frá honum komnar.

Jón eldklerkur Steingrímsson segir einnig frá lögreglustarfi Skúla á Hólum á þeim tíma er Jón var nemandi við skólann.³⁰¹ Svo var mál með vexti að hestakarlar var á Hólum er hét Vigfús Einarsson og auknefndur var Fúsi flotkampur. Jón segir að Fúsi hafi verið nískasti maður sem hann hafi fyrirhitt á ævinni og hafði hann „samankvalið“ um 80 ríkisdali. Einhverjir skólapiltar töluðu um „að mátulegt væri að skilja hann af“ með peningana og tóku þá loks ófrjálsri hendi. Síðan segir Jón að Skúli hafi „uppfiskað“ hver átti sök á þjófnaðinum „með kænsku og svikum ... fyrir umgang einnar bannaðrar skækju þar á staðnum.“ Skúli hafði engar vífilengjur, handtók tvo skólapilta og flutti á brott í járnum undir sálmasöng hinna skólapiltanna sem margir hverjir þóttust hafa sloppið með skrekkinn. Þessi tveir piltar voru þeir Illugi Sigurðsson og Skafti Árnason son þess sama Árna Skaftasonar sem tók við útileguþjófnum Árna Grímssyni sem að ofan er getið. **Þorleifur Skaftason prófastur** (ÞV hann gæti verið staddur þar á prestastefnu?) brá þegar við er hann heyrði að bróðursonur hans hafði verið handtekinn og reið sem af dró til Akra. Jón Espólín segir að hann hafi ruðst inn til Skúla er hann lá í rúmi sínu og kveðið þessa vísu við raust:

Bölvaður Ölver, bröltu fram úr bæli þínu,
kynstra draugur, kvalinn þínu,
komdu og hlýddu máli mínu.

Svo fór að Þorleifur reið á brott með piltana tvo, en þeir höfðu þá verið í varðhaldi hálfan mánuð upp á vatn og brauð.

Skúli dæmdi piltana til hýðingar og brennimerkingar, eins og honum bar skylda til, en á sama tíma var refsingu frestað og sótt um náð til konungs, sem var veitt ári

²⁹⁹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁰⁰ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁰¹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

síðar, enda stóð öflugur frændgarður að baki piltunum tveim.³⁰² Svo fór að piltarnir sluppu við þau örlög sem áður höfðu beðið Þórunnar tálausu fyrir að stela fiski úr hjöllum, því þeir héldu báðir æru sinni óhýddir og ómarkaðir og sigldu síðan til Kaupmannahafnar og urðu báðir prestar. Féð endurheimtist nær allt og Fúsi féll frá skaðabótakröfum á hendur piltunum. Jón Steingrímsson segir að þegar Fúsi flotkampur gekk „glæðvær“ fram fyrir Skúla til þess að fá peningana aftur, hafi Skúli svarað hvatskeytlega að Fúsi hafi aldrei tíundað dalina sína 80 og séu þeir allir fallnir undir konung. Fúsi féll þá í „víl og vesaldóm ... og dó síðast í harðrétti“ svo aftur sé vitnað Jón, sem virðist hæstánægður með útreið flotkampsins. Þetta mál dró þó dilk á eftir sér því að annar piltanna, Skapti Árnason, var verndari Jóns Steingrímssonar í Hólaskóla og eftir brotthvarf hans varð Jón fyrir aðkasti annarra skólapilta og var m.a. borinn loginni þjófnaðarsök, en það er önnur saga.

<http://www.snerpa.is/net/thjod/fogeti.htm>:

/ 26 sannnefndur einvaldur í sýslu sinni.³⁰³ refsaði og ráðstafaði glæpamönnum og umrenningum og gekk ríkt eftir því við alla, völduga og vesæla, að lögum væri hlýtt. Birti viðvörun sína á manntalsþingum við brennivínssölu og tóbaksprangi ýmissa lausingja, sem áður höfðu tíðkast mjög þar í sveitum og varð þeim ekki vært þar undir stjórn hans. Mörgum þótti hann héraðsríkur og afskiptasamur um önnur mál, en bændum og búaliðum / 27 þótti þó fyrst taka átján yfir samþykkt sú er hann lét gera að Vallnalaug (13. maí 1739) um hrossabeit og hagagöngu. tún og engi urðu varla varin og heimahagar bitust upp

/ 29 sannnefndur einvaldur í sýslu sinni.³⁰⁴ Pétur Ovesen á Hofsósi fékk að kenna á harðræði Skúla. Hann ritaði stjórninni 1743 og bar sakir á hann, nokkru síðar seldi Ovesen Skúla járn til Hólastóls er varð að sora einum er brugðið í eld. Skoraði Skúli þá á sýslubúa að koma fram með kærur sínar og tók þingvitni um. sumt ófagurt, skortur á mjöli og timbri, og seldi þá vöru herra verði en aðrir sem ekki væri tilgreind í verðlagsskránni. hún var orðin gömul, síðan 1702 og ýmsar nýjar vörur á boðstól, sem kaupmenn fluttu hingaði í laumi. okruðu meira og minna á þeim, því einráðir um verðið. Bændur sögðu og að kaupm. neitaði eftir geðþotta sínum að taka móti sláturfé og hefði oft gert þá afturreka með það. úr þessu varð rimma milli Skúla og Ovesens, en þó einkum vegna ónýta járnins og mjöltunnu / 30 sem Skúl sagði að væri moldarblandin. Bjarni sýslumaður á Þingeyrum Halldórsson flutti málið á þingi af heindi kaupmanns, hafði Skúli jafnan hærri hlut og Ovesen hvað eftir annað dæmdur í málskostnað en varningssvikin líklega ekki þótt fullsönnuð af hendi Skúla.

Skúli var umsvifamikill og stjórnsamur sýslumaður í Skagafirði.³⁰⁵ Setti eina af landsins fyrstu samþykktum um búfé, sem fólst í því að reka hross á fjöll á sumrin og setja hömlur á hestaeign. Hann var draumasýslari Dana með því að fylgja lagabókstaf og beita hörku gagnvart strönduðum hollenskum duggum sem höfðu rekið launverslun, og var verðlaunaður fyrir. Þeir sem báru út óhróður um kvennafar og ólifnað Skúla urðu að greiða háa sekt og biðjast fyrirgefningar. Var hann þó svakafenginn á stundum. Hann sá um fjármál Hólastóls, lenti í ásökunum, en vann málaferlin. Útvegaði nýjan prentstúl til prentverksins. Frammistaða hans

³⁰² Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁰³ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fôgeti“, .

³⁰⁴ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fôgeti“, .

³⁰⁵ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfôgeti*, 37-54, 57. / Lýður Björnsson: *Skúli fôgeti*, 17. / Skúli Magnússon: „Skúli Magnússon. Skráð af honum sjálfum“, 42. / Jón Jakobsson: „Skúli Magnússon“, 46.

gerði sitt til að koma honum í mjúkinn hjá stjórninni. Hann þjónaði sýslunni í tólf ár og sannaði sig sem einn stjórnsmasta höfðingja landsins.

Launverslun:

Þetta ár (1741) **keypti Skúli Stóru-Akra í Blönduhlíð:**

Ríkisskjalasafn Dana: Rentekammeret 303: 372.68: 1740-1741. Dokumenter vedr. de under Island opbragte 6 hollandske hukkerter. Rapport, auction i Kiöbenhavn, 20. mars 1741.

Rentekammeret, 22. feb. 1741: Skal bort sælges: De under Island opbragte og ved Holmen liggende 6 Hollandscke Huckerter nemlig: 1. Huckerten Dat Jungste Kindt. 2. Junker Gerrit. 3. de Gekronede Cabliou. 4. Portugal. 5. Jonge Clausine. 6. Dadelbom.

Sú þriðja sem eftir beretning forhen har været ført af en skipper navnlig Cors Jensen og skal hava navn af Dat Jungste Kindt. annað skip, líka þorskar 296 og hálf tunna, og grófir ullarsokkar m.a. fiskilínur, allt

Khöfn, 24. nóv. 1740: Anno 1740, den 18. nóv, líka liver tran, smjör, Khöfn., 14. des. 1740, spanskt salt 93 tunnur.

Endalausir reikningar og yfirlit yfir gróðann af uppboðunum. Heildarreikningur 8. apríl 1741: Kostnaður og gróði. Tekjur: 11 þúsund 396 ríkisdalir, kostnaður (2.979 rd. órugg með þessa tölu)

liquidation = gerðar upptækar.

Sem sýslumanni bar Skúla ekki einvörðungu að fylgjast með því að kaupmenn héldu einokunarlögin, um verð og gæði á vörum, heldur einnig að Skagfirðingar stæðu við sitt og versluðu hvergi annars staðar en á Hofsósi. Víst var að Norðlendingar stunduðu umfangsmikla launverslun á þessum árum.³⁰⁶ Hér voru margar hollenskar og enskar duggur á sveimi meðfram ströndum og skagfirskir bændur vildu ekki eiga það undir Dönum hvernig þeir stunduðu sín viðskipti. Þeir seldu þrjónles, fisk og lýsi en duggarar létu í staðinn tóbak, járnþotta, brennivín, lítið eitt af kornvöru, síróp, hunangskökur og ýmsar tegundir af klæðum og léreftum. Skagfirðingar gerðust jafnvel svo djarfir að pranga í öðrum landshlutum með varninginn sem þeir höfðu keypt á laun. Þeir fóru gjarnan suður yfir heiðar, keyptu fisk í verstöðvunum fyrir sunnan og vestan land og græddu vel. Skúli lét það afskiptalaust hvað menn hefðu í klyfjum sínum er þeir riðu í önnur héruð, en svo gerðist það að hollensk dugga strandaði við Mallandstanga á Skaga í júlí 1740. Skúli var þá ekki kominn úr Alþingisreið sinni og Hollendingarnir voru ekki bjargarlausari en það, að þeir náðu vopnum sínum og helstu verðmætum. Síðan stóðu þeir vörð um eigur sínar með nakin sverð og mundaðar byssur. Enginn þorði nærri að koma uns skipbrotsmennirnir gátu útvegað sér báta og siglt til hafs og náð til samlanda sinna á öðrum duggum fyrir utan. Sáust þeir ekki síðan.

Þegar Skúli kom að sunnan og skoðaði strandstaðinn flaut þar á fjörur varningur sem Skagfirðingar höfðu selt duggurunum. Sýslumaður lét bóka að þar hefði launverslun augsýnilega farið fram og gerði allt góss upptækt sem eftir var, en hreyfði ekki við málinu frekar.³⁰⁷ Sjaldan er ein báran stök. Næsta ár strandar önnur hollensk dugga í Skagafirði, nú á Borgarsandi, og er heldur nauðlegar komið fyrir skipverjum því þeir hröktust allslausir á land. Skúli kom þegar til leiks og lét bjarga

³⁰⁶ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁰⁷ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

því sem hægt var úr skipinu sem var eins og hið fyrra; fullt af skagfirskum vörum. Sýslumaður tók síðan alla áhöfnina höndum og skipaði rétt sem dæmdi þá seka fyrir launverslun. Allar eignir þeirra voru um leið dæmdar af þeim, en Skúli sleppti þeim við hýðingu sem öllum verslunarbrjótum bar samkvæmt lögum. Landslög skipuðu einnig svo fyrir að skipbrotsmennirnir ættu að fara utan í járnnum og þræla á Brimarhólmi, en það var erfitt og dýrt að koma þeim út. Skúli beiddist undan því við dönsk yfirvöld að refsingunni yrði framfylgt, en án árangurs.

Hann sat því uppi með heila skipshöfn, en lét þá vinna fyrir mat sínum.³⁰⁸ Lyktirnar á þessu máli urðu þær að Skúli sleppti skipstjóranum eftir að ljóst varð að Danir ætluðu ekki að gefa sig í þessu máli. Hann sendi síðan Jón bróður sinn á laun til þess að hjálpa áhöfninni að strjúka og komust þeir allir burt með öðrum duggum frá sinni heimaslóð. Það er athyglisvert að maður sem seinna barðist svo ákaft á móti dönsku einokuninni skyldi ganga svo hart fram gegn verslunarbrotum. Skúla hefur líklega verið í mun að sanna sig fyrir dönskum stjórnvöldum, en það hafði lengi angrað Dani hversu mildilega íslenskir sýslumenn tóku á launverslun sem virtist viðtekin venja á sumum landsvæðum.

Brimarhólmsdómurinn var líka að mörgu leyti táknrænn því Hollendingunum var þrátt fyrir allt leyft að sleppa frá öllu saman.³⁰⁹ En Skagfirðingum fannst Skúli vera of óvæginn við duggarana sem þeir hafa líklega margir átt persónulegan kaupskap við. Þeim þótti ófært að fara svo illa með hrakta skipbrotsmenn og fullyrtu enn fremur að sýslumaður hefði stungið undan mestu af varningnum. Ætlun hans hafi fyrst og fremst verið að auðga sjálfan sig. Á þessum sögum sást einnig fangamark Þórodds heyrara en erfitt er að segja til um sannleiksgildi þessara ásakana frekar en annars sem sagt var um Skúla, en aldrei voru kærur í þessa veru bornar fram opinberlega. Þvert á móti. Dönsku stjórninni líkaði svo vel við afgreiðslu Skúla á þessu máli, að hún sendi honum 200 dala verðlaun.

/ 27 sannnefndur einvaldur í sýslu sinni.³¹⁰ lét gera upptækar tvær hollenskar duggur fyrir launverslun við landsmenn þvert ofan í einkaleyfi verslfélagsins; duggarar höfðu selt læréft, klæði og tóbak fyrir brjónles, fisk og lýsi. Þetta þótti flestum ódæmi, ekki átt því að venjast að undanfögnu að sýslumenn væru svo athugulir og eftirgangssamir ... þótt ekkert tiltökumál þó keyptu endur og sinnum lítillræði fyrir ógilt þrjónles / 28 svo fór að allar óhróðurssögurnar sem gengu um Skúla fjöllunum herra út af þessu duggumáli urðu að þagna, því honum aldrei með réttu neitt til saka fundið um þetta. Hann lét óhróður sem vind um eyrun þjóða, því aldrei varðu honum orðsýkin að meini. Á fyrstu árum hans í embætti strönduðu hollenskar duggur í Skagafirði en er skipsmenn urðu uppvísir að því að versla við landsmenn gerði sýslumaður skútuflökin upptæk ásamt farmi þeirra og er sagt að bærinn sem hann reisti á Ökrum og enn stendur að hluta hafi verið gerður úr skútuviðnum.

Skúli auðgaðist vel í Skagafirði og varð svo voldugur að hann tókst á við einokunarkaupmenn og kærði [Hofsóskaupmann](#) fyrir að selja ónýtt járn og mjöl sem blandað var mold, selja vöru herra verði en leyft var og fleira. Urðu mikil málaferli út af þessu og var Bjarni Halldórsson málsvari kaupmannsins en Skúli hafði betur í málinu og aflaði þetta honum mikilla vinsælda meðal almennings. Hann var mikill stórbokki og héraðsríkur en jafnframt gestrisinn og gjöfull við þurfamenn og áhugamaður um framfarir, lét meðal annars smíða marga rokka og vefstóla.

³⁰⁸ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁰⁹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³¹⁰ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

býr að Ökrum:

/ 33 flutti þangað vorið 1747.³¹¹ Húsaði þar reisulegan bæ og voru húsin virt á 500 rd. og þótti mikið í þá daga. vinsælid hans fóru sívaxandi þegar menn fóru að venjast honum, ekki um það fengist þótt harðskeyttur stundum, því að raungóður þótti hann héraðsbúum og mikilhæfur í mörgum greinum.

Þetta ár (1741) **keypti Skúli Stóru-Akra í Blönduhlíð** og á fardögum (um vorið) yfirgaf hann Gröf með timbur úr tveimur duggum í farteskinu og halarófu af hollenskum föngum í eftirdragi.³¹² Á Stóru-Ökrum var skipaviðurinn og fangarnir nýttir til þess að smíða rammbbyggðan bæ sem var án efa reisulegasta hús Skagafjarðar á þeim tíma. Sagt var að allir veggir í bænum hafi verið troðnir með hollenskum stígvélahælum og svo vel var vandað til verka, að bærinn eða hluti hans stendur enn uppi. (Þetta var sama ár og Skúli gerðist ráðsmaður Hólaskóla og svo vildi til að Þóroddur heyrari – sem Skúli lét reka frá Hólum – varð næsti ábúandi í Gröf).

iðnaður:

/ 32 þegar Skúli varð þess vís að nupp var teikinn nýr vefstóll í Skálholti varð hann sér óðara úti um vefstól til Hólastóls með nýja laginu og lét / 33 vinna mikið í honum.³¹³ Ári síðar lét hann setja upp annan samkynja að heimili sínu að Ökrum. Um sömu mundir viðleitni hans hafin um að koma á betri og greiðari ullarspuna og tóvinnu, gömlu snældurnar gerði hann útlægar úr skagafirði og kom á handrokkum.

Kvennamál Skúla:

/ 28 sannnefndur einvaldur í sýslu sinni.³¹⁴ nokkuð dró það úr vinsældum Skúla um þessar mundir að hann drakk talsvert og þótti þá nokkuð svakafenginn. Þó geymdi hann sér löngum drykkju þangað til hann hafði lokið þingi hverju, eða drakk heima.

Skúli var ókvæntur er hann kom í Skagafjörð, en það kom á daginn að enginn skortur var á húsfreyjum til þess að sjá um húshaldið í Gröf.³¹⁵ Sama vor og Skúli settist þar að bástur þær fréttir úr Skaftafellssýslu að tvær konur hefðu þar alið barn og kenndu báðar honum. Höfðu þær báðar verið hjá prestinum í Bjarnanesi, þar sem Skúli dvaldist meðan hann var sýslumaður austur þar. Hét önnur Steinunn, dóttir Björns prófests Thorlacius í Görðum. Hún var komin af Steinunni laundóttur Guðbrands sem Skúli sjálfur. Svo fór að Skúli kvæntist henni, en sór fyrir faðerni hins barnsins sem reyndar fæddist andvana. Þær sögur gengu að Skúli hefði viljað hafna ráðahagnum, en Björn faðir hennar gengið hart að honum að samþykkja. Björn var talinn göldróttur af alþýðu manna og var ályktað af almannarómi að Skúli hefði látið undan vegna ótta við fjölkynngi Bjarnar. Hins vegar urðu Skúli og Steinunn samlynd hjón, en eins og hann segir sjálfur frá í ævisögubroti sínu var Steinunn kona er „þyldi mína bresti og aldrei reiddist mér, heldur væri mér ætíð hin sama hvað á gengi“.

Skúli hafði á yngri árum orð á sér fyrir að vera mikill kvennamaður en erfitt er að gera sér grein fyrir hversu mikill fótur var fyrir því orðspori, en svo margar

³¹¹ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

³¹² Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³¹³ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

³¹⁴ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

³¹⁵ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

kjaftasögur gengu af Skúla að afskaplega erfitt er að greina satt frá lognu.³¹⁶ Skagfirðingar höfðu gaman af því að tala um sýslumann sinn, sem efni stóðu til, en stundum tók sú kjaftagleði á sig viðurstygilegar myndir. Skömmu eftir að Skúli fluttist að Gröf kom upp sá kvittur að hann héldi við ekkju í nágrenninu og dætur hennar einnig, en börnin sem samlífið gaf af sér væru borin út. Skúli komst á snoðir um orðróminn og rakti beint til upprunans, Þórodds Þórðarsonar heyrara (yfirkennara) á Hólum. Kjöftugur mjög og illmælinn en gat litlu svarað þegar Skúli bar upp fyrir hann róginn. Svo fór að hann baðst skriflega afsökunar og greiddi 60 dali í skaðabætur.

Eftir að Skúli hinn yngri kom í Skagafjörð sem sýslumaður, grennslaðist hann fyrir um nafna sinn og langafa á meðal fólks og fékk tvennar sögur sem hann lýsir í ævisögubroti sínu.³¹⁷ Annars vegar var sagt að Skúli hefði verið „stórbokki“, „mikill rubbungsprestur, öldungslegur, svæsinn og mikilfenglegur“. Hins vegar voru þau fyrri sóknarbörn til eru álitu hann nánast heilagan, og að hann hefði orðið uppnuminn til himna af fjalli því er Goðdalakista heitir og stendur skammt frá prestssetrinu. Skúli hinn eldri þótti góður kennimaður, skáldmæltur og flutti afburða prédikanir, svo að fólk kom að langa vegu til þess að hlýða á hann. Þá var hann hestamaður mikill, reið jafnan greitt og segja sumir að Skúlaskeið á Kaldadal sé við hann kennt, en þar tók hann klár sinn svo til kostanna að hann fótbrotnaði. Það sópaði að Skúla er hann reið um í byggð. Hann hægði aldrei á sér er hann mætti fólki heldur kallaði: „Vík úr vegi, barn mitt, því hér ríður presturinn á Goðdölum!“ Séra Skúli náði hárríelli. Hann lést 88 ára að aldri, 12. (13. des. segja ísl æviskrár) desember 1711.

umsjón Hólastóls:

Harboe kemur:

138 september 1741 Harboe, danskur kastalaprestur kominn að Hólum með biskuplegt vald, í fylgd með fyrrverandi Skálholtsrektor.³¹⁸ Þeir ætla að yfirheyra presta sem margir óttast um embætti sitt og orðrómur er um að þeir vilji koma á villutrú. 2 prestar fóru utan í fyrrasumar að leita eftir biskupstign, í staðinn sendur með Hofsósskipi kom í lok síðastliðins mánaðar, danskur setuliðsprestur, Lúðvík Harboe, slésvískrar ættar með biskuplegt vald. rannsaka kirkju- og trúmál í öllum greinum og yfirheyra prestana. Jón Þorkelsson, fór úr landi fyrir nokkrum árum. almannarómur segiri að runnið undan rifjum Jóns. hataður af mörgum, sem ei heyrir hann né séð. uppþembdur af eitri hinnar nýju trúarstefnu, sagt hann vilji „gerspilla öllu sönnu þjóðfrelsi og uppræta úr hugum manna heiðarleik, rétttrúnað og sannarlegt siðgæði.“ kaupmennirnir ekki síður en aðrir andsnúnir, ekki fyrir stignir á land á Hofsósi en menn hópuðust að þeim með háreysti og hrópuðu til þeirra formælingar og ókvæðisorð. á Hólum hafa dunið á Jóni háðsyrði og örg lastmæli, svívirðingar krotaðar á herbergishurð hans og níðkveðlingar skildir eftir á þröskuldinum. varla fyrir það synjandi að drukknir menn vaði að / 139 rekkjustokknum í svefnhúsi hans til þess að demba yfir hann skökmmum. Jón bermæltur og hugmkill og lætur engan bilbug á sér finna, Harboe er mildari og þýðari í viðmóti en menn ætluðu.

³¹⁶ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³¹⁷ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³¹⁸ *Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .*

/ 139 biskupsstóll og skóli í rústum.³¹⁹ Hús flest nálega fallin, skjalasafnið í mestu óreiðu og sumt týnt. vanhöld á kvikfénaði og húsbúnaður úr sér genginn. Þeir félagar ætla og að þrifnaði sé ærið áfátt á setrinu. tebollinn svo útbíaður að hann gat varla snert á honum kjötsúpan og smjörið krökkt af hárum. Sægur af gömlum kerlingum samankominn á Hólum og sjálf grætur biskupsfrúin linnulaust þegar Harboe gefur sig á tal við hana. kennslubækur fornar, skólaagi rokinn út í veður og vind og rektor þekkingarsnaður og áhugadaurur, heyrarinn sem raunar missti embætti sitt í vor, rostafenginn og deilugjarn. Harboe og Jón hafa mikinn viðbúnað um aðflutning matvæla til staðarins handa skólapiltum næsta vetur, oft sendir brott upp úr miðjum vetri sökum bjargarleysis.

/ 139 bréf Harboes 3. okt. 1741.³²⁰ Íslendingar hraustir og sterkir. venjuleg fæða harðfiskur mkeð dálitlu af súru smjöri, oft brænt og gult og mengað hári og öðrum óþverra, til drykkjar súra mjólk sem kalla skyr. svo óþrifnir að fær oft og tíðum viðbjóð af því að sjá til þeirra. matast á rekkjum sínum, ægir saman tóbaki, harðfiski, smjöri og ull. ummgengnin svo blygðunarlaus að eigi getur verri verið. bæði karlar og konur liggja allsber í hreysum sínum og fleti þeirra ekki betri en sakamaður er þræla í járnum hjá oss. skoðast ekki tiltakanlegt afbrot þótt hafi átt tvö eða þrjú börn í lausaleik heldur þykir miklu fremur ærleg sök. það er álitid fremd ef einhverjum tekst að komast yfir dóttur auðugs manns. vísaði einum skólaveini burt, 24 ára slæpingi hinn mesti. síður að drekka sig fullan og þylja óbótaskammir og koma svo daginn eftir og biðjast afsökunar. alsiða að venja börn kornung af brjósti, jafnvel vikugömul, þótt ekki tíðkist alls staðar. stungið upp í holum legg og hellt kaldri mjólk sem rennur jafnótt út um nefið aftur, við munnin troðið ullarlagði til að halda henni niðri. við jarðarför einu sorgarklæðin svartur klútur um háls og kona svart bindi um höfuðbúnaðinn. Sá nánustu ættinga varpa sér niður á leiðið og gráta beisklega.

1745 í ágúst / 153 Harboe og Jón sigla.³²¹ fóru um allt land, Harboe kynnti sér kunnáttu presta og hæfni feimin börn, fávísir klerkar. Fjölmennt við kirkjur á yfirreiðinni, fólk fýsti að sjá þá menn sem svo margt og misjafnt hafði verið rætt um unglingar flestir smeykir og feimnir og stamir í svörum frammi fyrir þessum höfðingjum / 154 almennarómur er að Harboe miklu ljúfari og viðmótsþýðari en menn áttu von á , sættu þó bæði prestar og söfnuðir alvarlegum áminningum, örfáir hafa orðið að láta af þjónustu. lestrarkunnátta misjöfn, betri norðan lands telja helming læsan.

https://is.wikipedia.org/wiki/Ludvig_Harboe. 1746 tók hann við biskupsstólnum í [Niðarósi](#) í [Prándheimi](#). 1748 sneri hann aftur og giftist Frederikke Louise Hersleb dóttur þáverandi Sjálandsbiskups, [Peder Hersleb](#). Nokkrum mánuðum fyrir hafði tengdafaðir hans gert hann að aðstoðarmanni sínum og við lát hans [1757](#) varð Ludvig Harboe Sjálandsbiskup, sem hann var til dauðadags. Þegar Ludvig Harboe kom til Kaupmannahafnar árið 1745 kom [Jón Eiríksson](#), síðar [konferensráð](#) með honum en Harboe hafði tekið ástföstri við Jón og reyndist mikill velgjörðarmaður hans. Jón fylgdi biskupi til Niðaróss. Ludvig Harboe var kunnur fræðimaður og tók t.d. saman rit um [siðaskiptin á Íslandi](#). Hann var í [Vísindafélaginu danska](#)

Prentsmiðjan:

Jón Árnason Skálholtsbiskup segir í bréfi í september 1742 til Skúla Magnússonar sýslumanns í Skagafirði (1737-1749) og staðarráðsmanns á Hólum (1741-1746) að kirkjustjórnarráðið danska vilji láta prenta tvær bækur,

³¹⁹ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

³²⁰ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

³²¹ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

Biblúkjarna J. Lasseniusar og *Hólmanga eða Orusta og sigur trúarinnar* eftir J. D. Jersin.³²² voru prentaðar á Hólum 1743 og 1744 í þýðingu Jóns Þorkelssonar, auk annarrar bókar eftir Jersin, *Sá sannni lífsins vegur*. Biskup tekur þó fram að erfitt sé að gefa út bækur sem þessar þar sem almenningur hefur vanist húslestrarbókum og sunnudagapostillum. Að auki sé prentverkið á Hólum svo úr sér gengið að bækurnar séu „illa prentaðar, hálfir stafir eru klesstir, hálfir sjást ekki, illa bundnar, innsaumaðar með íslenskum ullarþræði, hverjum mölurinn og fúinn eyðir strax á einu ári ... þær eru með slæmum skinum og það sem mest er rándýrar. Bætið þér þessa bresti og mun yður ganga langtum betur bóksalan.“ 1748-1763 8,6 bækur að meðaltali á hverju heimili. Fimm til níu bækur til á 42,6% heimila og 10-14 bækur á 29,6% þeirra. Allt guðsorðabækur. Mettaður markaður.

1745 mikið eftir af útgáfu þeirra Harboes, 182 eintök þá til af *Lífsins vegi*, 231 eintak af *Hólmgöngunni* og 430 eintök af *Biblúkjarnanum*, innbundnum og óinnbundnum.³²³ Til samanburðar má geta þess að til voru 809 eintök af *Vídalínspostillu* sem prentuð var þetta sama ár. Höfundar þeir sem Jón þýddi voru ekki píetistar. Johannes Lassenius (1636-1692) var Þjóðverji sem kom til Kaupmh. 1676 sem þýskur hirðprestur. og 1678 guðfræðiþrúfessor jafnframt við háskólann. Rétttrúnaðarmaður og naut vinsælda sem predikari og fyrir uppbygginarrit sín. / 60 tvö önnur verk hans þýdd á íslensku *Vikubænir* 1682 og endurútgefnar tvisvar sinnum, 1746 og 1751 (í sálmabókinni). Jens Dinesen Jersin (1588-1634) danskur biskup á tímum rétttrúnaðar. Ekki píetísk verk þótt innihald þeirra hafi vel samræmst áherslum píetismans. *Biblúkjarninn* var t. d. ætlaður ungmennum, einföldum og þeim sem ekki höfðu aðgang að Ritningunni.

Farið var að ráðleggingum biskups um prentverkið.³²⁴ 1744 gerðar endurbætur á því og bækur alfarið prentaðar með nýju lettri ári seinna. Skúli að verki. Hann jók upplag prentaðra bóka um helming og náði verði þeirra niður, sem því nam. Fór nú prentsmiðjan að skila hagnaði. Ennfremur sett lög um skylduprentun á opinberum tilkynningum og lögum. Prentuð 511 eintök af konungsbréfi um ferminguna. 361 eintök af tilskipunum um helgidaga og fermingu.

viðskipti við Hólamenn:

Halldór biskup Brynjólfsson á Hólum (1746-1752).³²⁵ Þrátt fyrir áhuga á veraldlegri umsýslu hélt biskup ekki vel Hólaskóla, en með hinum píetísku tilskipunum jukust mjög kröfur á hendur biskupum um að gefa vel við skólann. Amk einu sinni þurfti að senda pílta heim: Í bréfi Pingel amtmanns (1744-1752) til Ólafs Gíslasonar Skálholtsbiskups vorið 1748 segir frá því að skólanum hafi verið sagt upp í febrúar eftir að skólapiltar höfðu soltið allan veturinn, ekki fengið neinn fatnað, peninga né bækur. Slakt eftirlit með siðferðinu, segir hann og. Konur eignist bar eftir 5 mánaða meðgöngu, þar á meðal ein prestsfrú nýgift, án þess að nokkuð sé að gert. Hólabiskup hefur líklega átt óhægt um vik þar sem sögusagnir voru uppi um að svipað eða eitthvað / 99 verra hafi hent biskupsfrúna. Skólamálið er rakið nokkuð ítarlega í nýlegri útgáfu af bréfum Gunnars Pálssonar skólameistara á Hólum (1742-1753). Ljóst af þeim að biskupi hefur verið vorkunn að geta ekki framfylgt hinum bjartsýnu tilskipunum um aðbúnað skólapilta. Til þess hafði stóllinn einfaldlega ekki tekjur, enda rann þessi umbótaviðleitni stjórnvalda út í sandinn.

³²² Torfi K. Stefánsson Hjaltalín: „*Guð er sá sem talar skáldsins raust*“, 59.

³²³ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín: „*Guð er sá sem talar skáldsins raust*“, 59.

³²⁴ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín: „*Guð er sá sem talar skáldsins raust*“, 60.

³²⁵ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín: „*Guð er sá sem talar skáldsins raust*“, 98-99.

skólameistari og einhverjuir nemendur vildu nota tækifærið og koma biskup frá vegna þessa máls.³²⁶ Halldór biskup Brynjólfsson var skuldum vafinn þegar í upphafi biskupsstarfs síns árið 1746. Ekki tók betra við með stólshaldi, endav varð dánarbú biskups þrotabú. Sumarið 1746 hafði verið slæm tíð á Norðurlandi og víðar. Á útmánuðum 1747 ljóst að vistaskortur yrði á Hólum. Skólameistari skrifaði til biskups 10. febrúar og kvartaði yfir því að nýju reglugerðinni ekki framfylgt hvað varðar fatnað, rúmföt, sængurstæði og hóbýli skólapilta. Biskup svaraði því til að enginn höfuðstáll hefði fylgt stólnum er hann tók við embætti. engin íveruföt til handa piltum. 22. apríl skrifaði biskup amtmanni um málið og upplýsir að segja þurfi skólanum upp innan hálf mánaðar efg ekki fáist vistir frá Hofsóskaupmönnum. Amtmaður skrifaði Skúla Magnússyni (1711-1794) sýslumanni bréf 27. maí og fór fram á rannsókn á ástandi stólsins. Skúli tjáði biskupi að ekki hægt að halda skólann lengur vegna fæðuskmorts. Skólanum sagt upp 23 júní það ár. Átti að halda til 3. júlí skv. reglugerð. Sama sumarið 1757, erfitt að afla fiskmetis til skólabúsins. Biskup sótti um leyfi til konungs um að fá að stytta skólatímam. eftir það einungis haldinn til fardaga. svo 1748 sagat umm 27. feb. Biskup bauðst til að greiða ölmusupiltum í bókum það sem upp á ölmusna vantaði. Fór fram á það daginn áður við biskup að þeir fengju greitt í peningum. Gunnar svaraði / 100 segir að hinn lögbundni skólatími hafi alltaf verið haldinn í ráðsmannstíð Skúla, þó styttri. Amtmaður, sem var eftirlitsmaður skólans ásamt Sveini Sölvasyni lögmanni norðan og vestan (1746-1782) blandaði sér í málið og segir nógan fisk að fá fyrir sunnan. Spyr hvers vegna stólsfólkinu hafi ekki verið fækkað, milli 75 og 80 manns. Amtmaður fyrirskipaði rannsókn á fjárhaldi stóls og skóla. / 101 Gunnar Pálsson skólamesitari höfuðpaurinn í aðför að biskup, maður beggjaj blands. skrytinn maður við dropa og sopa. skritin samskipti þeirra eldklerks Jóns Steingrímsonar / 102 biskup var býsna þrasgefinn og hafði löngum átt í jagsteyt við hina og aðra. deilur við Skúla Magnússon þá stólsráðsmanns, vegna úttektarmála staðarins. Pingel amtmaður talaði um dýrslegan ruddaskap biskups, bestial Grovhed.

Skúli hafði forsjá [Hólastóls](#) eftir að [Steinn Jónsson](#) biskup dó árið [1739](#) og þar til [Halldór Brynjólfsson](#) tók við embætti [1746](#). Í úttektargerð kemur fram að hann hafi unnið gott starf, skilað af sér betra bú en hann tók við, látið byggja upp töluvert af húsum staðarins og útvegað nýtt letur til prentverksins, útvegað lærdan prentara og látið prenta bæði sumar og vetur. [Bjarni Halldórsson](#) sýslumaður á Þingeyrum var annar þeirra sem samdi úttektina en tveimur árum seinna sneri hann þó við blaðinu og kærði Skúla fyrir vanskil. Á endanum var Skúli þó hreinsaður af allri sök.

/ 30 sannnefndur einvaldur í sýslu sinni.³²⁷ Steinn biskup dó 1739, en 1741 var Lúðvík Harboe, þá kastalaprestur í Höfn, sendur að líta eftir kirkju og kennslumálum hér á landi. Settist að á Hólum og ekki átti að veita biskupsdæmið fyrr en hann færi. Skúli var þá skipaður til að ráða fyrir stólnum og stóð svo unz Harboe fór 1745. Þá var Halldóri Brynjólfssyni prófasti að Staðastað veitt embættið að undirlagi Harboes. afhendingin fór fram umyrðalaust og biskup setti nafn sitt og innsigli undir afhendingarskjalið, en von bráðar ekki ángæður / 31 konungur skipaði tvo menn til að rannsaka, Bjarna sýsla andstæðing og Guðmund sýslumann Sigurðsson aldavin biskups. en álit nefndarmanna að stýr vel af rögg, geymt vel húsa og staðar og svarað fullu gjaldi fyrir slit, heldur þar á ofan látið hressa við og reisa að nýju talsvert af staðarhúsunum, útvegað nýjan stíl til prentsmiðjunnar og skilað af sér meira innistæðufé en veitt móttöku. Nú var allt kyrrt þangað til 1748.

³²⁶ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín: „Guð er sá sem talar skáldsins raust“, 99-100.

³²⁷ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

Þá fór Halldór biskup aftur á stúfana og fékk Bjarna til að hefja mál gegn Skúla út af ýmsum smámunum, stó það málavafstur í tvö ár og loks felldu Magnús lögmaður Gíslason og Björn sýslumaður Markússon dóm í þessu hégómamáli á Hólum 21. júlí 1750, að undangengnu ítarlegu réttthaldi og dæmdu Skúla sýknan af ákærum biskups. Eindreginn sigur. Stjórnin sá að sýnt staka samvisekusemi og fírbæra atorku og dugnað. / 32 vafalaust átt góðan þátt í því að stjórnin hóf Skúla brátt til meiri valda. Halldór biskup missti traust og hylli sakir ódugnaðar og lítillar fyrirhyggju að því er þarfi skólans snerti. Skúli útvegaði prentsmiðjunni nýjan og dugandi prentara er numið hafði prentiðn sína ði Leibzig í Þýskalandi, Halldór Eiríksson. Lét þá taka prenta bæði sumar og vetur, mest guðsorðabækur, Vídalínspostillu, Passíusálma, Gerhardshugvekjur, eintal sálarinnar, Krossskólasálmur Jóns skólameistara Einarssonar.o. fl. og mun Harboe biskup hafa miklu um það ráðið. Þrýðilega frá því gengið flestu og auðþekkt frá öðrum útgáfum. mælt að Hólastóll hafi aldrei veirð betur setinn á síðari tímum að stjórn og kennslu en meðan Skúli var ráðsmaður stólsins og Harboe í biskups stað og Gunnar Pálsson, bróðir Bjarna læknis Pálssonar skólabeistari 1742-1752. því að Gunnar var hverjum skólameistara stjórnsamari.

14. apr. 1737 fékk hann veitingu fyrir Skagafjarðarsýslu, en eigi gekk það orðalaust og lagði amtmaður mjög á móti honum. — 1738 giftist Skúli Steinunni Bjarnadóttir (Thorlaciús prests í Görðum) og voru samfarir þeirra hinar bestu, og áttu þau mörg börn. í Skagafirði undi Skúli sér hið besta, bjó hann rausnarbúi á Ökrum og var bæði stjórnsamur og héraðsríkur, en þó vinsæll, átti þar mestan þátt í hve ótrauður hann var, eins og fyr og síðar, að liðsinna bágstöddum og fátækum og halda uppi rótti þeirra, ekki síst gagnvart kaupmönnum. Hafði hann og þá á hendi umsjón Hólastóls og urðu af því deilur milli hans og Halldórs biskups Brynjólfssonar, og vann Skúli þar fullan sigur, enda fór honum það vel úr hendi. (*af vefnum upp úr bók Jóns Aðils*)

Steinn Jónsson (d. 1739) var enn biskup þegar Skúli varð sýslumaður og hafa Hólamenn væntanlega verið þýðari er hann reið í hlað sem yfirvald héraðsins en þegar hann kom þangað í ölmusuleit nokkrum árum áður.³²⁸ Annars var Steinn biskup stór maður, feitur og með slíkt hæglætisskap, að sagt var að hann hefði aldrei reiðst á ævi sinni. Hann átti aldrei í deilum og ljúflyndið aflaði honum margra vina, en enginn var hann skörungur á biskupsstóli og fór flestu aftur á Hólum í tíð hans. Steinn var hins vegar vinsælt skáld á sínum tíma og í tilefni þess að

Upprisusálmur hans voru prentaðir á Hólum orti einn maður nyrðra:

Söngva strengi ég sá eins
að öllu vel forgyllta,
Hallgríms prests og herra Steins
í hörpu guðs samstillta.

Þetta þótti mikið oflof, að líkja saman Steini og Hallgrími Péturssyni, en lýsir hversu skáld eru misjafnlega metin eftir tíðaranda. Nú er sálmakveðskapur Steins gleymdur flestum. Mannahald á Hólum var all sérstakt í tíð Steins, enda segir Espólín að oft hafi verið svo „lítill fyrirhyggja á Hólum, að varla varð entur skólinn“ og nemendur sendir heim fyrir en ætlast var til. Frændi Steins, Ólafur Jónsson, var bryti á staðnum. Hann var ölkær í meira lagi og áflogagjarn undir

³²⁸ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

áhrifum. Urðu kaupstaðarferðir Hólamanna oft sögulegar þegar hann var með í för. Steinn réði Sigurð Vigfússon Íslandströll (f. 1691) sem skólameistara á Hólum, en hann var talinn sterkasti maður landsins. Íslendingar hafa alltaf haft hinar mestu mætur á kraftamönnum og það hafði herra Steinn sérstaklega, en hann hafði sjálfur gaman af ýmsum aflraunum á sínum yngri árum. Bókvit hafði Sigurður þó ekki í jöfnu hlutfalli við krafta sína. Hann þótti slakur kennari og gekk illa að halda uppi aga.

Hólanemar nýttu sér grunnhyggni karlsins til að kría út „lekaliberationir“ eða lekafrí.³²⁹ Þá komu þeir að morgni og helltu vatni á gólfið í skólahúsinu, síðan bentu þeir Sigurði á lekann þegar kennslan átti að hefjast sem svaraði að bragði: „Það er slett af so gú óforsvaranlegt, að góðra manna börn sitji í slíku hrosshúsi.“ Varð þá ekki nein kennsla þann daginn. Hins vegar var skólahúsið hriplekt og oft urðu „lekaliberationir“ af náttúrulegum orsökum. Sigurði til aðstoðar var Þóroddur heyrari, sem áður hefur verið minnst á, hann var lítil vexti en þeim mun kjaftmeiri. Hann þótti dugandi kennari en óróagjarn og skammaðist oft í Íslandströllinu sem brá aldrei skapi, utan einu sinni. Átti Þóroddur þá fótum fjör að launa. Þórodds er einnig minnst fyrir þá sök að hann er ættfaðir Thoroddsen ættarinnar. Þorleifur Skaftason virðist hafa verið helsti burðarás staðarins á þessum tíma, enda skipaður officialis (staðgengill biskups) þegar Steinn veiktist af þeirri veikni er loks dró hann til dauða.

Einn af þekktari Hólanemum frá tíð Steins var Galdra-Loftur Guðmundsson sem áður er nefndur, en hann stundaði nám við skólann árin 1716 til 1722.³³⁰ Hann var sagður hafa reynt að vekja upp biskupa í Hólakirkju sem frægt er í þjóðsögum. Steinn átti að hafa vandað um við pilt af sínu alkunna hæglyndi, en Loftur lét það sem vind um eyru þjóta. Þorleifur Skaftason var aftur harðari í horn að taka og Galdra-Loftur reyndi því að glettast hann. Þorleifur bjó á Kálfstöðum í Hólahreppi, eins og venja var um dómkirkjupresta. Hjaltadalsá skilur á milli Kálfsstaða og Hóla, og yfir hana varð Þorleifur að fara til þess að geta messað á Hólum. Í eitt skipti er áin var í miklum vexti og leysingum varð hestur Þorleifs skyndilega staður svo hann varð að ganga af honum í miðri á og ösla yfir með hempupoka sinn í hendi. Þá var þessi vísa kveðin:

Furðar mig á fréttum þeim,
fótgangandi var hann.
Þegar hann kom til Hóla heim,
hempuna sína bar hann.

Alþýða taldi fullvíst að hér hefði Galdra-Loftur verið að verki og jafnframt að hann gæti ekki gjört honum neitt mein vegna þess hve Þorleifur væri „mikill guðsmaður“. Það átti að vísu fyrir Þorleifi að liggja að drukkna aldarfjórðungi síðar (1748) í litlum læk fyrir austan og eru nokkrar þjóðsögur þar af. Helsti veikleiki Þorleifs var áfengisnautn, sem hefur orðið til þess að þetta karlmenni endaði líf sitt í svo litlu vatnsfalli eftir að hafa áður yfirunnið margar stórar.

Skúli verður ráðsmaður Hólastaðar:

Árið 1739, tveimur árum eftir að Skúli varð sýslumaður Skagfirðinga, andaðist Steinn biskup.³³¹ Tveir prófastar sigldu þá utan til þess að ná biskupsembættinu, þeir Halldór Brynjólfsson (f. 1692) frá Staðastað, svili Skúla (Þóra, kona Halldórs,

³²⁹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³³⁰ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³³¹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

var hálf systir Steinunnar sem Skúli átti), og Björn Magnússon (f. 1702) frá Espihóli. Í Kaupmannahöfn var próföstum tekið með hæð. Dönsk kirkjuyfirvöld voru að íhuga umbætur á íslenskri kirkjuskipan, fræðslu og skólalaldi að tillögu Jóns Þorkelssonar (er verið hafði skólameistari í Skálholti). Til þess að kanna lærdóm prófastanna var þeim fengin sín bókin hvorum til þess að þýða yfir á íslensku. Í hlut Halldórs kom *Sannleiki guðhræðslunnar* eftir Eirík Pontoppidan sem átti að verða nýtt fermingarkver. Þýðing hans var síðan gefin út, en svo slælega var að verki staðið hjá Halldóri, að presti einum taldist til að 170 rangar þýðingar og 160 prentvillur væru í kverinu. Var bókin æ síðan kölluð „Rangi-Ponti“ á Íslandi. Þrátt fyrir það reyndist niðurstaða danskra yfirvalda sú að Halldór væri meiri fræðimaður en Björn. Þeir prófastar sátu hins vegar ekki aðgerðalausir ytra og rægðu hvor

annan sem mest þeir máttu við dönsk kirkjuyfirvöld. Svo fór að þeir voru báðir gerðir afturreka til Íslands án biskupstignar. Þess í stað var danskur kastalaprestur, Loðvík Harboe (f. 1709), skipaður biskup og sendur til landsins til þess að gera úttekt á kristnihaldi hérlendis og fékk hann sér til fulltingis Jón Þorkelsson sem áður er nefndur. Þeir stigu á land á Hofsósi í júlí árið 1741 og fengu heldur napurlegar móttökur, en heimamenn gerðu hróp að þeim. Voru viðtökurnar litlu betri á Hólum. Margir voru uggandi vegna komu þeirra og óttuðust að kristni í landinu yrði umbylt, píetismi (hreintrúarstefna) innleiddur og klerkar sviptir kjól og kalli. Sérstaklega var mikil reiði í garð Jóns Þorkelssonar fyrir að ófrægja Ísland í útlöndum og líklega hefur gremja og mælgí hinna hryggbrotnu prófaste ekki bætt úr skák, en þeir höfðu komið hingað út nokkru fyrir.

Svo fór að menn sefuðust.³³² Harboe þótti hins vegar skrýtnar tjáskiptavenjur Íslendinga, sem hann kynntist fyrstu vikurnar hér. Þeir drukku sig augafulla og gerðu honum síðan heimsókn og helltu yfir hann skömmum og svívirðingum, en komu svo daginn eftir og báðu forláts á öllu saman. Fyrsta verk Harboes á Hólum var að kanna kunnáttu Íslandströllsins, sem var síðan sett af sem skólameistari. Harboe var þó mildur sem ætíð. Það var látið heita svo, að Sigurður hefði hætt að eigin ósk og var hann seinna gerður að sýslumanni Dalamanna. Hólastaður var þá í döpru ástandi. Hús niðurnídd af löngu viðhaldsleysi, illur aðbúnaður staðarfólks og prentsmiðja grotnuð niður. Hér vantaði framkvæmdamann til þess að byggja staðinn upp, og vildi svo heppilega til að slíkur maður bjó ekki langt undan.

Harboe skipaði Skúla Magnússon ráðsmann Hólastaðar árið 1741 og tók hann þegar til óspilltra málanna.³³³ Nú var gert við hús staðarins, aðbúnaður skólapilta bættur og matföng dregin víða að. Klyfjapestum og sveinum Hólastaðar varð nú tíðrætt um fjallvegi til útgerðarstaða við Tröllaskaga að sækja skreið og aðrar nauðsynjar til búsins. Jafnframt þurfti Skúli sem ráðsmaður að hafa eftirlit með þeim 330 jörðum sem biskupsstóllinn átti, en hagur staðarins fór mjög eftir því hvernig sú framkvæmdastjórn var leyst af hendi. Þá var nýju lífi blásið í Hólaprentsmiðju. Skúli réð þýskan prentara til Hóla og fékk nýja stíla til prentverksins, og hófst prentun á ný af fullum krafti jafnt sumar sem vetur og fjöldi bóka gefinn út. Líklega hefur Hólastaður aldrei verið betur rekinn á þeirri öld, en undir ráðsmennsku Skúla og sannaðist þar dugnaður hans og elja. Þóroddur heyrari þurfti hins vegar að leita sér að nýju starfi, en Skúli – minnugur kjaftagangsins nokkrum árum fyrir – lét setja hann af við Hólaskóla.

³³² Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³³³ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

Nær örugglega hafa þeir Skúli og Harboe ræðst við í Auðunarstofu, íveruhúsi biskupanna á Hólum.³³⁴ Þeir voru nær jafnaldrar, Skúli 30 ára en Harboe 32 ára gamall, og höfðu báðir lesið guðfræði á svipuðum tíma við háskólann ytra. Þeir hafa því getað spjallað um fyrrum kennara sína, sameiginlega kunningja og svo auðvitað um Kaupmannahöfn – borgina sem Skúli hafði svo mikið dálæti á. Talið hlýtur einnig að hafa beinst að Íslands gagni og nauðsynjum. Biskupinn hefur spurt um efnahag og ástand landsins sem hann átti að þjóna, og hvers vegna Íslendingar væru svo fátækir og geðstirðir sem raun bar vitni. Skúli hefur væntanlega borið undir hann hugmyndir sínar um viðreisn Íslands er hann var þegar farinn að íhuga og holdguðust ekki löngu seinna í Reykjavík. Harboe var vel menntaður maður og tillögugóður, og Skúli hefur vænst þess að einhver eyru væru fyrir rödd þessa yfirvegaða guðsmanns í Kaupmannahöfn. Hér fóru auk þess saman hagsmunir beggja. Harboe hefur verið feginn því að fá styrk frá sýslumanni í þeim mikla andblæstri sem hann mætti í embætti sínu fyrsta kastið. Hann hefur einnig séð að efnahagslegar framfarir væru frumforsenda fyrir bættu kristnihaldi hérlendis, því hagur kirkjunnar var órofa tengdur landshag. Sýslumaður hefur haft hvort tveggja í senn, metnað fyrir þjóð sína og sjálfan sig.

Skúli var þess fullviss að Ísland hefði næga náttúrukosti, en það sem orti væri kjarkur og kunnátta landsmanna sjálfra.³³⁵ Harboe hafði sjálfur orðið verulega var við sinnuleysi Íslendinga í trúmálum og líklega hefur ekki verið erfitt að sannfæra hann um að svipað væri upp á teningnum í efnahagsmálum. Á miðju sumri 1742 hófu Harboe og Jón Þorkelsson mikla reisu um landið þvert og endilangt sem stóð næstu þrjú árin. Þeir vildu gjarnan vita hvaða boðskap íslenskir klerkar hefðu að flytja söfnuðum sínum úr prédikunarstóli og hvernig þeir sjálfir héldu góða og kristilega siðu. Einnig vildu þeir forvitnast um lestrarkunnáttu sóknarbarna og hversu vel prestar sinntu fræðslumálum. Í skýrslu þeirra kom fram að læsi var mest á Norðurlandi, þar sem meira en helmingur fólks gat lesið, og áhrifin af prentverki og menntunarstarfsemi á Hólum voru sterkust, en Skálholtsstifti kom lakar út. Þó verður að taka tillit til þess að sóknirnar voru misjafnar innan biskupsdæmanna og lestrarkunnátta fór mjög eftir barnafræðslu einstakra presta. Mun auðveldara var fyrir klerka að svíkjast um í sumum hinna fjarlægari kima Skálholtsstiftis, en hinum þéttbýlu sveitum Norðurlands. Skýrslan sýnir einnig hversu vanþakklátt starf það var að vera sálnahirðir á Íslandi. Einn prestur á Austurlandi átti þá ósk heitasta að fá mann í dyravörslu þegar hann messaði svo sóknarbörnin hættu að rápa út og inn úr kirkjunni. Annan prest vildu sóknarbörnin láta setja af fyrir galdra, en einhver rúnablöð höfðu sést hjá honum. Harboe tók því víðsfjarri að setja slíkan kunnáttumann af. Hinn þriðji prestur var talinn svo fáfróður að Harboe vildi þegar setja hann af, en söfnuðurinn baðst griða fyrir hans hönd því að hann var – þrátt fyrir að geta ekki prédikað – vel látinn í sókninni og hélt hann því embætti.

Eftir fjögurra ára Íslandsdvöl héldu Jón Þorkelsson og Harboe aftur utan 1745 og á næstu árum komu frá þeim ýmsar tilskipanir og reglugerðir um kristnihald hérlendis sem færðu marga hluti til betri vegar.³³⁶ Þeir gerðu aftur á móti útlægar þjóðlegar skemmtanir ýmiss konar sem þóttu skapa léttúð og spilla siðferði fólks. Þá féllu niður nokkrir gamlir helgi- og hátíðisdagar íslenskir, en helgihald hérlendis átti að líkjast sem mest því sem tíðkaðist í Danmörku. Jón Þorkelsson var efnður maður og með lærdustu Íslendingum á sínum tíma. Hann barðist fyrstur fyrir því að innflutningur á brennivíni yrði bannaður. Aflaði það honum lítilla vinsælda.

³³⁴ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³³⁵ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³³⁶ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

Uppfræðsla barna var hans hjartans mál og í erfðaskrá sinni gaf hann allar eigur sínar í sjóð til þess að byggja barnaskóla á Íslandi. Það varð til þess að fyrsti barnaskóli landsins reis á Hausastöðum á Álftanesi árið 1793, en næstu ár nutu margir aðrir barnaskólar stuðnings frá sjóðnum. Jón sjálfur kom þó aldrei aftur til Íslands.

Harboe varð seinna Sjálandsbiskup og mikils virtur.³³⁷ Dönsk stjórnvöld leituðu mjög til hans um málefni Íslands eftir heimkomuna, enda var hann einn fárra menntaðra Dana er dvalist hafði hérlendis um einhvern tíma og kynnt sér aðstæður af eigin raun. Harboe lét sér heldur ekki nægja leggja til umbætur á kristnihaldi hérlendis, heldur rak á eftir stjórnvöldum að kynna sér efnahagsástand landsins. Ífur skýrir Skúli svo frá í skýrslu sinni til Landsnefndar nokkru seinna, að upphaf Innrétinganna megi rekja til komu Harboes, þá fyrst hafi dönsk stjórnvöld farið að veita málefnum Íslands athygli og leitt hugann að úrbótum á landshögum. Það er einnig víst að eftir veru Harboes hér fóru ýmsar spurningar að berast frá veraldlegum dönskum yfirvöldum til íslenskra sýslumanna um efnahag og atvinnuhætti á Íslandi. Það gaf Skúla kærkomið tilefni til þess að koma viðreisnarhugmyndum sínum á framfæri.

Í skýrslu sinni um Skagafjörð hnýtti hann því við aftast að góð hugmynd gæti verið að skipa Íslending sem landfógeta.³³⁸ Dönnum þóttu tillögurnar stórmerkar og athyglin beindist þegar að höfundu þeirra. Brátt kom að því að skipa þurfti nýjan landfógeta og hefur Harboe væntanlega lagt gott orð með fyrrum ráðsmanni sínum sem rak biskupsstólinn með slíkri röggsemi. Spjallið í Auðunarstofu hafði þá líklega ekki alveg til einskis verið.

Biskupsfrú lætur fallerast

Jón Steingrímsson segir um Þóru biskupsfrú Björnsdóttur:³³⁹ hjónaband biskups erfitt, biskupsfrúin upp á það í drykkjuskap sínum að láta skólapilta spila, leika og slá á hljóðfæri fyrir sig í vissu húsi, með öðru ónefndu. Dylgjað með það að eitt barna Halldórs biskups hefði ekki verið rétt feðrar, átti að hafa komið undir þegar hann var utanlands í vígsluför sinni árið 1745.

*biskupsfrúin barnið átti á Hólum
bar það til á annan dag í jólum
og ekki þarf að undrast um
þótt ekki með gengi
eins og aðrir lengi. (munnleg heimild)*

Áður en Harboe gat snúið heim þurfti hann að finna eftirmann fyrir sig á Hólum, en það gekk brösuglega.³⁴⁰ „Væru prestarnir úti hér jafn vel að sér í guðlegum vísindum og þeir eru í lögfræðinni, yrði mér engin skotaskuld úr því að finna biskupsefni“ skýrir Harboe frá í einu bréfa sinna. Þorleifur Skaftason kom sterklega til greina sem næsti biskup, enda hafði hann aftur orðið officialis Hólakirkju eftir að Harboe hélt af landi brott. Þorleifur var manna best að sér og góðum gáfum gæddur, en Harboe ofbauð drykkja hans. Harboe leitaði til nokkurra mætra klerka er honum þóttu verðir í embættið en enginn þeirra vildi taka við biskupsembættinu. Svo fór að lokum að Halldór Brynjólfsson sigldi til Kaupmannahafnar í annað sinn og fékk biskupsembættið í það skiptið. Halldór var erlendis í heilan vetur, en svo bar við 5 mánuðum eftir heimkomu hans að kona hans ól barn. Nú komst

³³⁷ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³³⁸ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³³⁹ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín: „Guð er sá sem talar skáldsins raust“, 102.

³⁴⁰ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

almanarómur verulega á flug og var um það rætt að ráðsmaður Hólastaðar og svili biskups hefði farið undir fötin við frúna. Þá var meðal annars ort:

Biskupsfrúin barnið átti á Hólum.
Bar það til á annan dag í jólum.
Síra Halldór sagður var
sannur faðir að barni þar,
og þarf ei þar að undrast um,
þó ekki með hún gengi
eins og aðrir lengi.

Ekki er hægt að skera úr um sannleiksgildi orðrómsins, þó fremur ólíklegt megi telja að Skúli hafi verið faðirinn. Af ævisögu Jóns eldklerks Steingrímssonar má ráða að Þóra biskupsfrú hafi vart verið í nema í meðallagi dyggðug. Henni hafi stundum þótt gott að bergja á áfengu víni kólapilta til þess að spila fyrir sig á hljóðfæri „í vissu húsi, með öðru ónefndu“. Jón sjálfur segist aldrei hafa viljað fara og spila fyrir Þóru, en neitun hans hafi orðið orsök haturs og heiftrækni frá hennar hendi lengi síðan. Velta má þó fyrir hvort Jón hafi verið hlutlaus dómari um siðferði Þóru því þau áttu eftir að eiga í mjög harðri rimmu síðar meir. Biskupshjónin slitu ekki samvistum vegna málsins, þrátt fyrir að Jón gefi í skyn að Halldór hafi liðið önn fyrir konu sína. Eða með orðum Jóns sjálfs: „Hann [Halldór] mátti kallast einn Job“.

Burtséð frá öllum söguburði, er ljóst að eftir útkomu sína reyndi Halldór hvað eftir annað að lögsækja Skúla fyrir að hafa haft fé af Hólastað.³⁴¹ Þeim svilum, Skúla og Halldóri, hafði reyndar aldrei verið sérstaklega vel til vana. Halldóri gekk einnig fremur brösuglega að reka staðinn eftir að hann varð biskup og varð að senda nemendur heim um miðjan vetur vegna matarskorts. Málsóknir biskupsins gætu því einnig verið tilraun til þess að gera Skúla að blóraböggli fyrir eigin mistökum í rekstri. Þessar lögsóknir Halldórs runnu hins vegar út í sandinn, því að allir sem til voru kvaddir luku upp einum rómi um að staðurinn hefði fremur hagnast en tapað af ráðsmennsku Skúla.

Halldór varð ekki langlífur í embætti. Árið 1751, ári eftir að Skúli varð landfógeti og aðeins fimm árum eftir að Halldóri hlotnaðist biskupstignin, kenndi hann meina í hálsi og sigldi til lækninga og dó ytra.³⁴² Var hann jarðsettur í Frúarkirkju í Kaupmannahöfn. Eftir dauða hans varð Hólastaður í fyrsta skipti lítt eftirsóttur af mætari klerkum, sem kunnu betur við að sitja góð og tekjumikil brauð en að basla við að halda úti biskupssetri, skóla og prentsmiðju af litlum eignum. Hólastaður gleymdist þó ekki í viðreisnarhugmyndunum sem hófust á flug með Skúla, því þess var skammt að bíða að þar yrði byggð fyrsta steinkirkja landsins á árunum 1757-63, stuttu eftir að Skúli lét byggja steinhús yfir sig í Viðey.

Nauðsynlegt böl: Eins og fyrr greinir ólst Skúli upp á Húsavík og sinnti þar margvíslegum störfum á unglingsárum sínum.³⁴³ Meðal annars vann hann sem búðarloka við einokunarverslunina þar. Það var þá sem Húsavíkurkaupmaður kallaði til hans: „Mældu rétt strákur“ til merkis um að vogin skyldi fölsuð þegar innlegg bændanna var vegið. Þetta segir Skúli vera fyrstu kynni sín af prettum einokunarkaupmanna, en þau kynni urðu síðar ærið náin. Í þann tíma var sjaldgæft að Íslendingar hefðu einhverja reynslu af verslun nema ef fyrir bar prang hér innanlands, enda einokuðu Kaupmannahafnarbúar utanríkisverslun landsins. Einnig

³⁴¹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁴² Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁴³ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

var sjaldgæft að sýslumenn eða innlendir valdsmenn veittu kaupmönnum aðhald vegna þess að þeir voru oft fjárhagslega háðir þeim eða óaði við að reka mál í gegnum danska réttarkerfið úli hafði mikinn áhuga á verslun og hagvísindum, og lagði sig mjög eftir þeim fræðum á námsárum sínum ytra. Nafnlaus óvinur lýsti þessu svo í hæðniskvæðinu Veðurvita sem fjallaði um ævi Skúla:

Af norðlensku blóði borinn var,
í barndómi sínum uppólst þar,
kornungur snemma komst hann til
á kaupmanns veseni að gera skil,
og Valskri tungu á veturnar,
Þá vöruþrangarinn sigldur var;
þá fékk hann smekk og þekking fyrst
á þeirri dýrmætu handel list.

Landsmenn höfðu löngum fylgst allnákvæmlega með hlutum eins og fatatísku, en virtust kæra sig kollótta um nýjungar í verktaekni á erlendri grundu. Íslendingar sem sigldu utan til náms lærðu helst þrjár greinar; guðfræði, lögfræði og fornþókmenntir, en fæstir reyndu nokkuð til þess að kynna sér atvinnuhætti eða hagskipulag erlendra þjóða.

Skúli sjálfur taldi fáfræði í hagrænum efnum vera eitt svartasta myrkrið yfir landinu og það var eitt af baráttumálum fógetans að landar hans lærðu „handel list“ og tækju verslunina í sínar eigin hendur.³⁴⁴ Hann lagði þrífaldlega til að einokunarverslunin yrði afnumin hér við land en konungur tæki þess í stað tolla af innfluttum vörum til að afla tekna. Danakonungur gaf landsmönnum í fyrsta skipti kost á því árið 1770, að velja sér verslunarfyrirkomulag. Þá voru tillögur Skúla teknar til alvarlegrar skoðunar, en þær þóttu of róttækar fyrir dönsku stjórnina sem og Íslendinga. Bjarni Halldórsson (f. 1703) sýslumaður Húnavetninga, óskaði t.d. „einskis fremur en að landið mætti hafa áfram sín gömlu lög, sína gömlu siði og sinn sérstaka rétt og viðhalda fátækt sinni án frekari útgjalda, byrða og þyngsla“. Björn Markússon lögmaður kallaði einokunina „Malum Neccesarium“, eða nauðsynlegt böð. Þessi skoðun var heldur ekki fjarri amtmanninum, Ólafi Stefánssyni (f. 1731), en hann og þeir Stefánungar (Stephensen-ættin) voru í forystu fyrir hinum íhaldssamari embættismönnum og réðu líklega mestu um að tillögur Skúla köfnuðu í fæðingu. Landsmenn máttu því búa við verslunareinokun í sautján ár eftir það. Sú trú var rótgróin, að erlendar hagfræðikenningar gætu ekki með nokkru móti náð yfir íslenskar aðstæður og hefur sú meinloka reyndar lifað góðu lífi allt fram á þennan dag. Stefánungar voru að mörgu leyti hæfileikaríkir embættismenn og náðu miklum völdum undir lok átjándu aldar. Eftirmaður Skúla sem landfógeti varð Magnús Stephensen (f. 1762). Stefánungar unnu það meðal annars til afreka sér að leggja niður biskupsembætti og skóla á Hólum árið 1801.

Hörmangarar á Hofsósi:

Árið 1743, þegar Skúli hafði verið sýslumaður Skagfirðinga í sex ár, var Íslandsverslunin leigð hinu fræga Hörmangarafélagi og dró þá brátt til tíðinda.³⁴⁵ Skúli keypti járn á Hofsósi árið 1745 og fann að það var svikið. Hann kallaði Skagfirðinga saman til fundar og kom þá upp úr dúrnun, að ýmsir fleiri höfðu verið prettaðir. Skúli sýslumaður sótti þetta mál og hafði fullan sigur þótt yfirvald Húnavetninga, Bjarni Halldórsson á Þingeyrum, tæki að sér vörnina fyrir kaupmann og beitti hinum mestu lagarefjum. Þetta var fyrsta málið sem var sótt og unnið á

³⁴⁴ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁴⁵ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

hendur Hörmangarafélaginu og jók mjög á hróður Skúla á meðal landsmanna. En þau urðu fleiri. Skúli lögsótti Hörmangara einnig fyrir moldarblandaða korntunnu og aftur var það Bjarni Halldórsson sem tók að sér vörnina. Til eru nokkrar sögur um viðureign þeirra tveggja, að Skúli hafi kallað „Nú kemur krummanefið frá Þingeyrum“ þegar Bjarni gekk að og hann þá svarað: „ekki þó það krummanef, er kroppaði um barnabein í Grafarmóum, karl minn“. Enn er sagt að Skúli hafi riðið hjá Þingeyrum og komið á glugga og séð Bjarna lesa húslestur og þá kastað fram þessari stöku:

Maður á möttli grænum,
miðlar orðum kænum.
Bjarni er að lesa í bænum,
með kjafti breiðum og vænum.

Deilur Skúla við hörmangara héldu áfram eftir að Skúli varð fógeti.³⁴⁶ Margir þekkja eflaust sögurnar um maðkaða mjölið og ónýtu önglana sem félagið vildi selja Íslendingum, en það var ekki hið eina sem Hörmangarar gerðu af skömmum sínum. Veturinn 1754-55 var geipilega harður og fénaður landsmanna féll unnvörpum. Það er margreynt lögmál, að falli skepnurnar fer fólkið sömu leið árið eftir, berist ekki hjálp að utan. Þess vegna sendu sýslumenn landsins bænaskrár til Kaupmannahafnar um að fá korn, en hjálpin brást því Hörmangarar fluttu bæði lítið og illt korn til landsins vorið eftir. Þá voru landsmenn svo aðframkomnir af vesöld og hungri að þeir tóku fegins hendi við maðkaða korninu og fengu færri en vildu, en margir dóu úr sulti. Á þessum árum var Skúli fógeti í fararbroddi gegn falsi einokunarinnar og var sannkallaður kaupmannaskelfir ólíkt flestum öðrum valdsmönnum íslenskum á þeim tíma. Hann lét sér ekki nægja að stefna höndlurunum fyrir dóm, heldur gerði hann þeim stundum rúmrusk, leitaði í húsum þeirra að svikum vörum og flaugst jafnvel á við kaupmennina ef því var að skipta. Svo þegar líða tók að vori 1756 og hungrið fór að sverfa að þjóðinni hafði hann forgöngu um að brjóta upp búðir og dreifa úr þeim matvælum. Á endanum urðu líklega málsóknir hans og harka til þess að Hörmangarafélagið missti verslunarleyfið og konungurinn tók sjálfur að sér verslunina árið 1758. Þannig lauk þeim málum sem hófust er Skúli keypti svikið járn í Hofsósverslun.

Rskjs. Dana Rentekammeret 303: 372.56: 1745-1756. *Breve og dokumenter vedr. klager over Den islandske Handel. „Sk. Magnussons klage over Handelen på Hofsós 1745. m. m.“*

Öxaraae Landsting dend 14. Julii 1745, bréf Þingels. : undirrita ýmsir, sýslumenn, þám. Skúli: „set og overlæst omtrent kl. 11, den 15 Julij 1745 Sk,Magnussen“.

annað bréf 23. júlí. til amtmanns, margir sýslumenn undirrita líka Skúli. Bregðast við skrifum hans 14. júlí. svar og underrætning: um innflutta vöru kaupmanna.

Rskjs. Dana Rentekammeret 303: 372.56: 1745-1756. *Breve og dokumenter vedr. klager over Den islandske Handel. „Sk. Magnussons klage over Handelen på Hofsós 1745. m. m.“* Hofsósi 14. sept. 1744. S. Magnússen: undirrita báðir hann og kaupmaður Peder Ovesen, eitthvað um Skinn?, Tin? vörusvik skoðuð?

Hólum, 22. sept 1745: Skúli Magnússon til, hann djókar utan á bréfinu eða er þetta alvara:

„Deres Excellence,

³⁴⁶ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

höj Edle og hoy Velbaarne
höj Edle og Velbaarne
vel Edle og velbyrgige
samtlig höij byrdende herrer
Deputerede for de kongerige Financer,
og committerede uti kammer Collegio underdanigst
i Kiöbenhavn.“

opnar bréfið líka á fyrstu fjórum ávarpslínunum. Þegar ég 1741 að ordru yðar hátigna tók að mér Hóla biskupsstóls stjórnun, var þar tilheyrandi bókaprentsmiðja ... úr tini, forskítt og óbrúkanlegt fékk 1743 nýjan góðan Stíl. af þeir málmtegund, metall sem nú tíðkast um alla Evrópu en er minna virði. Einmitt, díllinn er um gamalt tin. restin af bréfinu um verslunarmál .. nenni ekki. um taxtann.

Annað bréf Hólum 30. sept. 1745. komið rifrildi um stílinn. Til den privilegerte Stiil Stöber í Kiöbenhavn, Dietrich Christian Hesse.

Hólum, 1. okt. 1745 med veneration deres Excellences samtlig höj byrdende herrer. underdanigste Tjenere, Skúli

um verslunina, ekki prentverkið:

Rskjs. Dana: Rentekammeret 303: 372.56: 1745-1756. Breve og dokumenter vedr. klager over Den islandske Handel. „*Sk. Magnussons klage over Handelen på Hofsó's 1745. m. m.*“

Hólum, 1. oct. 1745: Skúli: til herranna allra: ávörp sömu og fyrr: stór hluti alþýðunnar í sýslunni hefur klagað yfir versluninni og skorti á nauðsynjavöru. sem ég hef látið Peder Ovesen kaupmann vita að yrði að gefa skýringu á og leiðréttu, án árangurs, eins og bréf meðfylgjandi sýna og sanna. hefur sannað með lagalegum prósess. heilmikill heil bók bunki af skjölum um málið. þingað og réttað. undirritað ótal nöfnum. þingað um haustið, fram og aftur bréf Skúla og kaupmanns. 19 löng skjöl og vörulistar frá haustis 1744 -1745, undirrita Jón Eggertsson lögréttumaður Skagafjarðarsýslu og Einar Jónsson Ráðmaður Hóla biskupsstóls. Tek ljósmynd, þrefalt innsigli.

17. sept. 1745 gjörir Skúli Magnússon vitanlegt að 17. sept. að Hofi á Höfðaströnd settu héraðsþingi og eftirskifuðum dánumönnum til þingvitis og réttarins með sitjanda útnefndum nefnilega fyrrverandi lögréttumanni Arngrími Tómassyni, hreppstjórnum Jóni Guðmundssynk, Jóni Ólafssynik, Jóni Jónssyni, Þorgeiri Jónssyni. Bændunum Sigurði Halldórssyni, Oddi Halldórssyni og Gunnari Bjarnasyni. Eftir þar um útgefnu xxxx sýslumannsins Skúla af 14. septembris mæta og setjast í réttinn alla fyrrgreinda menn.

Var upplesið réttarins fyrirkall undir nafni og signeti sýslumannsins Skúla Magnússonar til kupamannsins Péturs Övesonar, honum auglýst þann 14 hujus til að mæta fyrir þessum rétti og heyra á vitnisburði eftirskrifaðra við óinteresseðra dándemanna, nefnilega Monsr. Einars Jónssonar á Viðvík Jóns Jónssnoar í Neðraási, Jóns Jónssonar í Brimnesi, Jóns Jónssonar á Kálfsstöðum, lögréttumannsins Eiríks Eggertssonar, hreppstjórmas Erlends Jónssonar á Egilsá, lögréttumannsins Jóns Eggertssonar, Ólafs Stefánssonar, Guðmunds Jónssonar á Bessastöðum, Jóns Rafnssonar á Langamýri, Eiríks Guðvarðssonar , Jóns Konráðssonar, Jóns Halldórssonar á Ysta-Hóli, sömuleiðis til að heyra eftirskrifaðra manna ... endalaus nafnalisti. Svör kaupmanns á milli, heilmikil dómskjöl og of langt upp að skrifa eða gera nákvæma grein fyrir. endalausir nafnalistar til staðfestingar ásökunum. **64 bls. dómsskjöl!** Allt gengur út á að sanna

að þeir hafi ekki fengið okkar umbiðjandi og við þurfandi lífsnauðsyn hjá kaupmanninum á Hofsósi, Petre Ovesyni 16. sept. okkar frambjóðandi vara er afturrekin. 6 daga óforsvaranlega erum frá okkar tiltrúaða embætti, samt viðvíkjandi heimilisnánd synjum. höfum til þessa þings að fram færa okkar uppistand mót kaupmanninum, fyrst einn dag til hingað reisa, nú komið að laugardags aftni. Alltso eftir okkar þessu sannferðuga undirlagi, prætenderum við alvarlega fullnóga satisfaction fyrir okkur af kaupmanninum Mnsr. petr Övesijne orsakaða mæðu, uppihalld og kostnað, fyrir utan það honum ber eftir réttinum lögum okkur að svara, fyrir okkar najuðsynja synjun að fyrsta bragði. Væntandi hér uppá réttarions góðrar decision, og forblífum yðar gööfugheita samt réttarins skylduguer þénarar. Jón Sigurðsson, prestur að Felli og Höfða, Jón Gunnlaugsson prestur til Ríkupur og viðvíkur. Hofsti 16. sept. 1745. AF réttinum aðspurður Lögróðettumaðurinn Eiríkur EGgertsson og Árni Sveinsson á Aabæ, hvort þeir hafi átt að gjöra nokkuð boð í Akrahrepp frá kaupmanninum, að þess hrepps innbyggjendur og hverjum þeim sem þeir mættu á leið ... víðar hér úti , já jafnvel þótt fleiri kaupmannsins áklagendur framkæmu með fullnóga pretention, afsakar sýslumaðaurinn sig að procedera ad sinni. undirrita ...

21. sept. Copier af brefum og Documenter sem milli hafa gengið sýslummsins Snr Skúla Magnússonar og kaupmannsins Peturs Ovese 1745. 14. júlí Pingel ordra til sýslumannanna. Nr. 2 4. ágúst sýsli Skúli var á Hofsósi með oss útnefndum. **Alls 21 skjal!** Skúli ofvirkur þegar hann er í ham.

Stiftamt. Ocksen 7/5 1746, Kiöbenhavn, betænkning: ýmislegt fleira, Grindavík , lax í Viðey. svo Hvad den klage som sýsselmanden udi Schagefiords syssel Schule Magnusson, haver insendt over handelen paa Hofsoos havn og hvorom den 6te post udi Deres Excellencers og hoijstærede skrifelsa handler, med klagene indsendte Documenter saaledes sysselmanden haver af de fra almuen indkomne besværinges erfaret, at der paa Hofsoos havn skulde have været nogen Mangel paa de til Indbyggerenes Ophold og Næringe Forskaffelse, med fornödne Vahre og haver derfor .. vore blivne fornærmede. De Klagende, hvoriblandt 2nde Præster, samt Rector og Conrector ved Skolan paa Holum, haver de anstændigheder Specificeret hvad de for Kiöbmanden i med betaling havde forlanget og hvor af de enten intet eller ikkun en deel havde bekommet, og at denne eller deres Folk, sem de havde indsendt, i staden for Meel, Tömmer, bredder? og værde Penge, er bleven leveret andre Vahre, men i sæt Brendeviin, som dog ere eller anden haver leveret tilbage. Det sees vel ocksaa af Tings Vidnet, at nogle hos sysslemanden beklagede dere Jarn og inden de mötte paa Tinget, har faaet biget vlrre af deb firkabgte Nödsijn, ... var blevet nægtet, med ne besvære sig dog over at de nogle Gange forgeives har maaet reise, eller senda deres Folk og heste, skade og tidsspilde. ... vitnar í þingskjalið ... nöfn, dæmi saa sijnes kiöbmandens Protest imod Warseld Tiiden at maatte bortfalde, og ikke at kunde svække Tings Widnet. Ellers til oplijsning om det paa amtets blaa klæde, ikkun ... harjeg med Magazinet ladet spørge om Priisene derpaa og tvigunt? der paa Prövene med den Priis som Sijsselmanden haver annoteret og indberettet at kiobmanden skulle have solt den for. Jeg jorbl. Deres Excellences og höjtærede herrer, iydmijgste og kongens skyldigste tienere. Ocksen.

10/4 1752 Rantzau:

Skúli hefur afskipti af hrossum Skagfirðinga:

/ 26 sannnefndur einvaldur í sýslu sinni.³⁴⁷ / 27 þótti þó fyrst taka átján yfir samþykkt sú er hann lét gera að Vallnalaug (13. maí 1739) um hrossabeit og hagagöngu. tún og engi urðu varla varin og heimahagar bitust upp. Enginn sýsli áður þorað, þrátt fyrir beiðni ýmsra héraðsbúa. Allir fundarmenn samþykktu gerning þennan eða dóm með ljúfu geði og vildu hann héldist órejúfanlegur með fullu lagagildi og óskuðu konungsstaðfestingar á samþykttinni og hét Skúli að útvega hana. Ekkert mun þó hafa orðið úr því. mörgum þótti hörð þegar til framkvæmda kom, Skúli gekk óstinnt eftir að hlýtt í öllum greinum.

Hestamennska stendur á gömlum merg í Skagafirði og þar hafa menn löngum verið hrossmargir og mikið kappsmál að vera vel riðandi.³⁴⁸ Hestahagar eru góðir í Skagafirði sem og í Húnavatnssýslum og algengt var fyrr á tíð (sem nú), að hross væru þar alin og tamin og þau síðan seld í önnur héruð. Strandamenn höfðu t.d. lítið rými fyrir hrossastóð á sínum löndum en keyptu þess í stað brúkunarklára fyrir ílát og amboð úr rekaviði. Hins vegar má öllu ofgera. Þegar Skúli kom til Skagafjarðar biðu hans margar kvartanir vegna fjölmargra hrossa sem völsuðu um héraðið og spilltu beitarlöndum og túnum. Sýslumaður var skjótur til aðgerða og árið 1739 bannaði hann lausagöngu hrossa í heimalöndum yfir sumarið, en allir hestar nema nauðsynlegir brúkunarklárar skyldu fara á heiðar upp. Í fyrstu voru menn ofur ánægðir með þessa samþykkt, en svo áttuðu þeir sig á því að yfirvaldið fylgdi lögunum eftir af hörku og sektaði þá sem út af brugðu. Þetta fannst mönnum ófært. Það var ágætt að losna við hross annarra úr byggð, en þeir höfðu ekki búist við að breyta stórvægilega sinni eigin hegðan. Allt varð þó að fara sem Skúli vildi.

Eftir að Skúli fluttist að Stóru-Ökrum lenti hann í nábyli við mesta stóðbónda Skagafjarðar og þann ófyrirleitnasta af þeim öllum, Eirík Bjarnason í Djúpadal, sem var kallaður Mera-Eiríkur.³⁴⁹ Lágu lönd þeirra saman á kafla. Af Eiríki þessum og viðskiptum hans við Skúla gengu mikil munnmæli í Skagafirði og er stuðst að nokkru við þau hér. Skúla taldist svo til í ritgerð, að Eiríkur hefði átt um 200 hross og 720 kindur þegar mest var og komst enginn skagfirskur bóndi þar nærri hvað búpening snerti. Djúpadal fylgja allgóð beitarlönd og þar gekk fénaðurinn sjálfala jafnt vetur sem sumar, en Eiríkur hlóð fjárbyrgi fyrir kindur sínar hér og þar svo þær gætu leitað skjóls í aftaka veðrum. Búskapur sem þessi var svo sem nógu algengur í þá daga, en gat verið skelfilegur ef tíðin brást og hordauði greip skepnurnar. Eiríkur þótti harður í horn að taka og gátu nágrannar hans litlum vörnum við komið þótt skepnur hans flæktust yfir á

þeirra lönd. Sagt var að hross hans væru alls staðar og hann sjálfur vissi ekki tölu þeirra eða kæmist yfir að marka þau og því væru öll ómörkuð hross sem fyndust eignuð honum. Eitt af fyrstu verkum Skúla á Ökrum var að safna saman Djúpadalsstóðinu sem að venju sótti í annarra haga. Síðan var Eiríkur sóttur og þóttist Skúli vilja taka graðhest hans sem sektarfé. Eiríkur varð höggdofa, en brá svo snögglega við og ýtti við stóðinu með miklum látum og þeysti með allan flokkinn upp á Eyvindastaðaheiði, en Skúli stóð eftir skellihljæjandi.

Skipti Skúla og Mera-Eiríks Skúli deildi við Eirík um landamerki og kom af því tilefni heim í Djúpadal.³⁵⁰ Þegar Skúli gekk inn í bæinn ofbauð honum hve fátækleg húsgögn voru þar inni, en heimilismenn sváfu allir á heydýnum með skinn yfir sér. Skúli lá ekki á skoðunum sínum um vistarverurnar og kvað þetta skömm fyrir húsráðanda. Eiríkur svaraði að bragði og sagðist ekki hafa lagt sig eftir því að

³⁴⁷ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

³⁴⁸ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁴⁹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁵⁰ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

ræna erlend skip til þess að auðga bæ sinn með. Skúli kvað það eigi rán þótt fylgt væri landslögum, en

bauð Eiríki að kaupa af sér albúin rúm en gefa folaldsmerar í staðinn. Skyldi ein hryssa ganga á móti hverju rúmi. Eiríkur tók kaupunum, en með þeim skilmála að hann skyldi halda merunum ef þær kæmu aftur í hans land ómarkaðar. Skúla þótti þetta vægt skilyrði og handsöluðu þeir kaupin. Síðan sendi Skúli rúmin til Djúpadals, en Eiríkur afhenti merarnar. Nú er að segja frá því bellibragði Eiríks, að hann víxlaði folöldum og fékk Skúla hryssur með röngum afkvæmum. Það brást heldur ekki, að áður en tókst að koma höndum yfir merarnar og marka, þustu þær í brjálæði aftur í Djúpadalshaga í leit að folöldum sínum. Skúli hleypti eftir þeim á gæðingi sínum, en náði ekki að stöðva þær og blönduðust þær Djúpadalsstöðinu. Eiríkur stóð hins vegar hjá hlējandi og harðneitaði að gefa aftur hryssurnar eða nokkuð annað fyrir rúmin og kvað samning þeirra halda. Eiríkur var hreppstjóri í Akrahreppi, en sá hreppur er það stór að áður voru stundum þrír til fjórir hreppstjórar í honum samtímis.

Bændur greiddu skilvíslega skatt eða tíund af eignum sínum.³⁵¹ Allmikið orð fór af Eiríki að hann sviki undan skatti með því að gefa upp ranga tölu á fénaði sínum, en erfitt var að sannreyna slíkt því hann hafði sitt safn á einkaafretti Djúpadal þar sem enginn taldi nema hann. Skúli ákvað að rannsaka þessi tíundarmál nánar og sendi njósnarmenn upp á Djúpadalsafrett og af skýrslu þeirra að dæma þóttist hann þess fullviss að Eiríkur sviki undan. Og nú voru engar vífilengjur. Skúli safnaði liði og hugðist smala Djúpadalsland og telja fjársafnið. Þegar Eiríkur varð mannanna var, sendi hann þegar út sáttaboða og hermir sagan að þeir Skúli hafi sæst fullum sáttum og Eiríkur goldið fyrir rúmin og þá væntanlega gefið upp rétta tölu á fénaði sínum.

Þetta eru sagnir sem hafa varðveist meðal niðja Eiríks í Djúpadal.³⁵² Eins og vænta má, halda sögumenn með heimamanni sem átti að hafa í fullu tré við sýslumann. Þeir fullyrða einnig að Skúli hafi aldrei hitt ómenntaðan mann sem væri Eiríki fremri og það skal ekki rengt hér, en vitað er að í landamerkjadeilum þeirra hafði Eiríkur sigur. Hvað sem því líður og hversu mikið sannleiksgildi sagnirnar hafa er víst, að Skúli og Mera-Eiríkur urðu hinir mestu mátar og fóru oft saman í skemmtireisur. Þeir áttu það til að ríða um héraðið ölvaðir svo dögum skipti og þóttu ekki bæta hvor annan upp með ofstopa og látum. Það er svo af Eiríki að segja, að seinna tapaði hann illa í því fjárhættuspili að setja skepnur út á guð og gaddinn. Eggert Ólafsson segir frá því í ferðabók sinni, að veturinn 1754-55 hafi verið aftaka harður og mun Eiríkur þá hafa misst 150 af sínum 200 hrossum úr hor. Missir hrossanna fékk svo þungt á hann, að hann gaf syni sínum eftir búið næsta sumar, en lifði sjálfur skammt eftir þetta.

Skúli og Jón eldklerkur:

Kynni Skúla og Jóns eldklerks Steingrímssonar voru nokkuð þversagnakennd og bera skapgerð Skúla vitni, að hann gat verið mildur og hjálpsamur við bágstadda, en jafnframt hinn verstí viðureignar ef um var að tefla eigin hagsmuni eða skyldmenna hans.³⁵³ Jón var Skagfirðingur að ætt og uppruna og foreldrar hans bjuggu á Þverá í Blönduhlíð. Þar gisti Skúli þegar hann kom fyrst til Skagafjarðar, en árið eftir (1738) dó Steingrímur faðir Jóns. Ekkjan stóð ein uppi ólétt með fjögur

³⁵¹ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁵² Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁵³ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

smá börn, en Jón var þá elstur, 10 ára gamall. Hópuðust að dánarbúinu ýmsir „misjafnt heilráðir“ ráðgjafar er vildu leysa upp heimilið, eins og Jón sjálfur segir frá. Skúli sýslumaður kom þá að málum og reyndist „hinn besti og ráðhollasti í öllum greinum“. Búið stóð eftir óhaggað, en Skúli hjálpaði ekkjunni með margt síðan svo hún fékk haldið öllu sínu. Hann réði henni vinnumenn sem gerðu sér brátt grein fyrir að sýslumaður fylgdist sjálfur með því að þeir skiluðu sínu. Skúli rak sjálfur tvo menn á brott er höfðu sýnt af sér hyskni, með þeim orðum að þeir ættu ekki skilið neitt kaup fyrir verk sem þeir hefðu ekki unnið. Skúli þekkti af eigin reynslu þær raunir sem barnmargar ekkjur standa frammi fyrir, en móðir hans hafði sem kunnugt er staðið í sömu sporum. Það var kannski vegna þessarar reynslu að Skúli varð rómaður fyrir það á sinni sýslumannstíð, að vera hjálpsamur ekkjum og munaðarleysingjum.

Jón óx úr grasi og hneigðist til bóknáms.³⁵⁴ Hann sótti um inntöku í Hólaskóla á ölmusustyrk árið 1744, og var samþykktur af Hólabiskupi, Loðvíki Harboe. Skúli var þá ráðsmaður Hólastaðar og nú bar svo við að hann þverneitaði að taka Jón inn í skólann án meðgjafar, og kvað pilti „þarfara að læra lands- og bóndavinnu“ til þess að hjálpa móður sinni. Harboe og aðstoðarmaður hans og túlkur, Jón Þorkelsson, létu neitun Skúla ekki á sig fá og gáfu peninga úr sinni eigin pyngju til framfærslu Jóns og settist hann því í skólann yfir veturinn.

Næsta ár var enn sama baráttan uppi, því Skúli ráðsmaður harðneitaði að gefa Jóni ölmusustyrk, en varð að lokum að beygja sig eftir að ekkja Steins biskups, sem bjó í Viðvík, gekk í ábyrgð fyrir drenginn.³⁵⁵ Svo undarlega vill til að þessi óvægni ráðsmaður Hólastaðar hafði sjálfur, 15 árum áður, verið í nánast sömu sporum og ölmusubeiðandinn Jón. Skúli var, eins og Jón, elstur af sínum systkinum og langaði til þess að læra í Hólaskóla, en var neitað um ölmusustyrk af Steini biskupi. Enginn tók svari Skúla og hann varð að snúa aftur heim við svo búið. Hvernig eða hvort þessi reynsla hafi á einhvern hátt ráðið svörum hans við Jón skal ósagt látið. Jón taldi sjálfur að Skúli hefði ætlað systursyni sínum, Magnúsi Ketilssyni, ölmusustyrkinn í sinn stað og það hafi stýrt gerðum hans. Jón erfði þetta ekki, og þrátt fyrir allt virtist Skúli treysta honum, því nokkru seinna bað hann Jón um að líta til með syni sínum sem var að hefja nám í Hólaskóla.

Skúli var þá ekki lengur ráðsmaður en átti í deilum við Halldór biskup og hefur ef til vill óttast að það kæmi niður á niðja sínum.

Síðustu staupin í Skagafirði:

Það eru til allgóðar heimildir um síðustu brennivínsstaupin sem Skúli steypiti í sig sem sýslumaður Skagfirðinga og enn skal gengið í smiðju eldklerks.³⁵⁶ Þetta var um vorið 1750 og Skúli því 38 ára gamall. Hann hafði þá fyrir stuttu verið skipaður landfógeti, hæsta embætti sem Íslendingi hafði þá hlotnast í þjónustu Danakonungs, og var að ferðbúast suður. Jón var 22 ára, nýútskrifaður Hólanemi, og átti leið um Stóru-Akra. Þegar Jón barði að dyrum var þar fyrir fógetinn sjálfur, nokkuð ölvaður og dreif pilt inn í stofu með þessum orðum: „Nú ertu Jón orðinn góðs manns efni; ætlaði ég aldrei að svo myndi verða, og ekkert hjálpaði ég þar til.“ Síðan þakkaði hann Jóni fagurlega hversu vel honum hafði farist við son sinn í Hólaskóla og hélt honum síðan hjá sér fram undir dagrenningu, en alla nóttina sat Skúli og staupaði sig á milli þess sem hann lagði stúdentinum lífsreglur. Jón segist í

³⁵⁴ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁵⁵ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

³⁵⁶ Ásgeir Jónsson: „Þá Skúli var yfirvald Skagfirðinga.“

ævisögu sinni, ekki muna eftir öllum heilræðunum enda fannst honum þau mörg vera „partur af brennivínsrugli“.

Hann tiltók þó nokkur dæmi um fúgetaráðin: Jón átti aldrei að áreita nokkurn að fyrra bragði, aldrei reiðast þilla væri um hann talað, svo lengi sem það væri ekki opinberlega.³⁵⁷ Ekki átti hann heldur að pranga með áfengi og tóbak en það ráð gat Jón að vísu ekki alltaf haldið – eins og Jón viðurkennir í ævisögu sinni. Fúgetinn átti þó önnur og verðmætari heilræði í pyngju sinni og nú vildi hann bæta fyrir mótstöðuna forðum. Hann eggjaði Jón til þess að sigla utan til náms og lofaði sínum stuðningi til að svo mætti verða. Hins vegar ef Jón færi ekki, myndi „erfitt til ganga um lukku“ hans. Utanferð var einnig mjög eftir löngunum Jóns, þótt örlögin höguðu því svo til að hann komst hvergi. Fúgetinn lét sig heldur ekki muna um það að spá fyrir pilti og sagði Jóni að vara sig á „slysförum fóta“ sinna, en þegar það var mælt hafði Jón slasað sig tvívegis á fæti.

Löngu seinna hittust þeir Skúli og Jón aftur í Reykjavík. Þá var svo komið fyrir eldklerki að hann hafði lent í þremur fótarslysum í viðbót og haltraði við staf. Skúli spyr hann hvort hann muni ekki ráðleggingarnar frá Stóru-Ökrum og Jón varð í „forundran“ að játa því, en síðan gekk fúgetinn á braut. Þessi seinni fundur varð Jóni tilefni til mikilla heilabrota, en hann hafði ekki búist við því að fúgetinn myndi svo glöggt eftir nóttinni í stofunni á Ökrum. Skúli skyldi þó aldrei vera skyggn eða forspár? Jóni sjálfum fannst hann að mörgu leyti vera mæðumaður í sínu lífi, sem var m.a. ein aðal ástæðan fyrir því að hann skrifaði ævisögu sína. Á tímum Skaftárelda og síðan Móðuharðinda hafa líklega læðst að honum hugsanir um það hvernig ævi hans og „lukka“ hefði orðið hefði hann fylgt ráðum Skúla, ekki einvörðungu þeim er tóku til fótarmeina heldur einnig hvatningu hans um að sigla utan.

/ 138, Skúli játar í greinargerðinni til Landsnefndar fyrri að fyrir vangá hafi þess ekki verið gætt að reisa íbúðarhús yfir æðstu stjórnendur veraldlega innanlands, fógæti, amtmann amtmann og landlækni og apótek í Reykjavík.⁵⁸⁴ Ættu þar ættu slík hús með réttu lagi að vera, erfiðleikar með boðskipti milli embættismanna, umræður og bréfaskipti eitt þeirra atriða sem hindruðu framfarir á Íslandi. *með sanni faðir Reykjavíkur* / 138 á vegum Innréttinganna fluttu til Reykjavíkur iðnaðarmenn ýmsisr, vefarar, skipasmiðir, beykjar, smiðir, sútarar og litunarsérfræðingar, auk verkafólks. fleiri slæddust með

yfirlit:

Þvert á allar væntingar, vegna bruna og kláða, hóf Almenna verslunarfélagið að skera starfsemina niður þegar eftir sameiningu.⁵⁸⁵ Útgerð, beikisiðn, sútun og kaðlagerð lagðar niður 1764-67 og tugum starfsmanna í ullariðnaðinum sagt upp frá 1767. hráefnisskortur vegna fjárkláðans og tap útgerðinnar.

Hann var háembættismaður með veigamikil hlutverk á öld sem vildi sinna uppbyggingu hér á landi í takt við tímarn í Danaveldi. Skúli fyllti sæti sem var laust. Sinnti starfi sínu vel. Tók forustuna varðandi uppbyggingu ullariðnaðar úr höndum Magnúsar lögmans, stækkaði sýnina yfir til akuryrkju og sjávarútvegs og fór miklu nær því í kröfum sem Danir voru til að gera á þessum tímum fjárausturs til iðnaðarfyrirtækja í Danaveldi.

Réð því að höfuðstaður óx hér en ekki á Mýrum eða í Hafnarfirði, eins og áður hafði verið stungið upp á.

Kjarni afreka Skúla er einfaldur. Um og uppúr miðri 18. öld eyddu Danir óhemjufé í að styrkja frumstaðan iðnað sinn.⁵⁸⁶ Straumarnir sem réðu vindátt þessari eru kenndir við *kaupauðgisstefnu*, *búauðgisstefnu*, *stjórnhyggju* eða *kammeralism* (þýsk útgáfa upplýsingar). Konungur veitti stórfé á árunum 1736-1779 til þess að styrkja iðnaðinn í veldi sínu, tæpum 830 þúsund ríkisdöllum. Eins og Lýður Björnsson sagði, Íslendinga vantaði forystumann ... til þess að ná í sem mest af þessu fé, má bæta við. Diplómátískur dans í höfuðstað Íslands Kaupmannahöfn gerði Skúla að sýslumanni kornungan. Hann einn sýndi áhuga á viðreisn þegar sýslarar fengu viðreisnarbréf frá stjórninni fyrir miðja öldina. Dugnaður, áhugi og færni í valdapólitík gerði hann þá að fógæta. Ein af skyldum

⁵⁸⁴ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttinganna“, .

⁵⁸⁵ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 139.

⁵⁸⁶ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 26-28. / Lýður Björnsson: *Skúli fógæti*, 31. / Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*, 49, 160.

landfógeta var að hafa eftirlit með verslunarmálum og þar með hugsa hagrænt gegnum og yfir allar tölur skattmanns og smámuni. Bingó, maðurinn var fundinn.

Skúli keypti strax árið 1852 tvær skútur til fiskveiða og leigði tvær aðrar til flutninga út hingað. Hingað sigldu þá 4 skip með 14 norskar og danskar bændafjölskyldur sem áttu að upphefja akuryrkju víða um land, efni í hús, rokka, litunarefni, vefstóla og rokka, hjólbörur og hestvagn.⁵⁸⁷ Strax var tekið var til við að vefa á Bessastöðum og haldið áfram á Leirá meðan byggt var yfir fyrirtækið í sveitabænum Reykjavík. Fólki var rekið burt úr bæjarhúsum, „allur skrillinn“ eins og það hét, hopp og dans muniði, nema gamall lögréttumaður, svo hýsa mætti iðnaðarmenn meðan þeir byggðu fyrstu götu Reykjavíkur.⁵⁸⁸ Danir kölluðu fyrirbærið *Indretninger*. Byggð eru hér tíu hús. Þetta var merkilegasta nýjung Íslandssögunnar fram að þessu. Samtímin tyllti niður tánnum hér, að minnsta kosti einni.

Þorleifur Óskarsson gaf styrk konungs til Innrétttinganna og stærð þeirra merkingu með samanburði í *Sögu Reykjavíkur*. Konungur eyddi sem svaraði fjögurra ára gróða af versluninni í fyrirtækið.⁵⁸⁹ Umsvifin voru mest rúm 10 prósent af heildarverðmæti útflutnings og um hundrað manns í vinnu. Alvöru fólk er bak við þessar tölur, skrautlegt lið með dúndrandi hjörtu og mismikla lús, útlendingar í kúltursjokki til að byrja með, skipstjórar, vefarameistarar, keraldasmiðir, beykir, járnsmiður, kaðlari og sútari, spinnerskur og pillerskur sem ei komust í tölu sveina. Hespurnar voru þegar mest var í tugum þúsunda og ýmsar tegundir af garni notaðar til framleiðslunnar. Undir Almenna verslunarfélaginu um 1770 er 53 manni sagt upp vegna offramleiðslu og þá verða eftir 30-40 manns í vinnu. Ákveðið var að halda vefsmiðjunni gangandi og reyna að efla hana. Og rokkar og skyttur snerust og gengu þótt í litlum mæli væri fram yfir aldamót.

Lítið hefur verið gert úr því hvernig tókst til, því stökkið frá miðöldum til nútíma náði ekki alla leið. Það er röng afstaða. Þetta var heilmikil byrjun og skipti máli upp á framhaldið. Ullarvinnslan og hreinsun brennisteins í púður fyrir byssur Dana gekk allan seinni hluta 18. aldar. Eftir að Innrétttingarnar höfðu skapað hér þorp sogaðist allt hingað, fálkahúsið kom frá Bessastöðum 1763, verslunin úr Örfirisey um 1780 og með fríhöndlun 1786 fékk þorpið kaupstaðarréttindi. Biskup Íslands kom um 1800, þá voru hér 42 hús og 301 íbúi. Svo kom dómsvaldið, latínuskólinn, alþingi, háyfirvaldið, fógeti, landlæknir og allir. Nema þeir sem aldrei fóru suður.

Hluthafar komu út í gróða.⁵⁹⁰ Kóngur tapaði litlu. Allir unnu og smám saman breyttust tímarnir. Öldin 19. ól svo af sér lýðfrelsi og þjóðernishyggi og nýjar hetjur hófu þá að stilla íslensku klukkuna eftir þeirri stóru erlendu. Smám saman óx þéttbýli og myndaðist markaður innanlands fyrir tau og klæði, svo karlar og kerlingar í myrkri torfbæja hættu að vinna þau 5 kíló af ull sem Skúla taldist til að hver maður þyrfti til að skýla nekt sinni og standast kuldann.

Nálgumst Innrétttingarnar afstætt og innlifunarlega. Þarna er fullt af forvitnilegu fólki, mikill tækjabúnaður, unnið í akkorði við að spinna og vefa í þrettán vefstólum, hægt var að vinna gólfteppi á annan stærsta vefstólinn.⁵⁹¹ Hér ganga skotrokkar og hörrokkar, balbínusnældur, lóskurðarsöx, skinnapressa og pressa til

⁵⁸⁷ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 47. / Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 97-98.

⁵⁸⁸ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 46-47, 65.

⁵⁸⁹ Þorleifur Óskarsson, 124. / Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 165. / Sverrir Kristjánsson: *Ritsafn*, 54. / Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*, 34, 175, 188.

⁵⁹⁰ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 138.

⁵⁹¹ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 67, 72-73.

að þrykkja lituðu mynstri á tau. Meðtökum dásemdar orðarunur yfir liti, Brasilútré, gult blátt og rautt tré, curuma, sumak, trenaicum rubrum, antimonium, alún, indígó, wau og vicriol. Marglitar hendur fást við litun, fyrst við Elliðaár þar sem þófaramyllan var, svo í Reykjavík. Mætti nú landinn komast úr sauðalitum og íslenskum jurtalitum og verða marglitur sem Versalabændur. Röndótt sayette, grænt embs, rautt og gult flannel og grænt rask með svörtum blómum. Bláar treyjur og ljósgrænt vaðmál fyrir fífogetafrúna, blátt vaðmál og treyjur fyrir lögmanninn. Rauðar buxur og bláar, skærar eins og Megas gengur í.

Falleg og framandleg nöfn á alls kyns vefnaði gefa fínerí til kynna, og bætast við vídd litanna.⁵⁹² Dýrindis dúka- og klæðagerð fer fram. Framleitt er flannel, hörléeft, hörstrigi, svanabaj, calemanque, kersey, sayette, sars, triffel, pycklagen og pack. Röndótt og með áþrykktu blómamynstri, mjúkt og lausofíð, þæft og ýft. Hér er siðmenningin að stíga á land í fíneríi reykvísku, marglitu, þrykktu og mynsturofnu, heldur betur. Líka voru ofnar ábreiður á hesta.

Ekki bara embættismenn, þjónar og afbrotafólk sem Jón Hreggviðsson var á Öxarárþingi upp úr miðri 18. öld.⁵⁹³ Líka hestalestir með marglitum dúkum og tauí, meðan Þingvellir voru dreifimiðstöð iðnaðarvöru litlu Reykjavíkur. Hluthafar þar skuldbundu sig til að selja til dæmis blátt og grænt triffel heima í sýslum, blátt og rautt sars, blátt og grænt rask, grænt mackey og flannel. Árið 1758 eru þetta tæpar tvö þúsund álnir. Með konungsversluninni 1759 er tekið að flytja framleiðslu Víkur til Kaupmannahafnar og henni dreift þaðan aftur á íslenskar hafnir.

flókinn heim hlutabréfa, iðnreksturs, endalausra málaferla vegna fyrirtækis, klagana og átaka við samkeppnisaðila og snýkjur til hins opinbera. Allt þetta var nýtt hér í sögunni, ótrúlega flókið stjórnsýslulega handan við sjálf iðnaðartólin, fólkið, brennisteinsvinnsluna, mylluna, sútunina og kaðlagerðina, þilskipin og verksmiðjurnar. Endalaus bréf og pappírar um endurskoðaðan rekstur, hlutafélag, eignarhaldsfélag, virðingargerðir, reikningar, greinargerðir, áætlanir, hlutabréfauppböð í kauphöll Kaupmannahafnar, ásakanir, vinnuhagræðing, iðnnám, uppsagnir, næturverðir og allt heila vesenið sem verður til þegar samfélag hoppar frá bjartri og einfaldri sveitamennsku miðalda inn í samtímann.⁵⁹⁴ Stjórnsýslu-, pappírs- og málaferlalega séð er 18. öldin býsna samtímaleg. Eftir tólf ára rekstur íslensks hlutafélags Innréttlinganna (sem konungur dældi fé í) rak Almenna verslunarfélagið (alþjóðlegt danskt stórfyrirtæki) Reykjavík í rúman áratug og að lokum tók konungur við. Þetta er Skúli Magnússon og upphaf höfuðstaðarins. Litla eggíð utan um allt saman er nokkur hús rifin upp á nóinu, ein gata birtist skyndilega hér í villta vestrinu, örlítill vísir að borg. Þilskip var smíðað úti í Örfirisey, tvö leigð og tvö keypt. Iðandi rokkar, vefsmiðjur og þófaramylla snerist hér á hálf-túndrunni á meðan barrok og rókókó gladdi augu og eyru úti í kornlöndum Evrópu.

Stofnendur Innréttlinganna hf. litu frá upphafi á vefsmiðju Magnúsar á Leirá sem hluta fyrirtækis.⁵⁹⁵ Þegar rokkarnir komu, nýung á landinu þó lengi þekktir erlendis, settust hefðarfrúr við þá og sendu spunann að Leirá og síðar til Reykjavíkur, meira að segja Steinunn Björnsdóttir landfífogetafrú Skúla. Heimilsvefsmiðjur kallar Hrefna þessa iðju. Þær voru margar á heimilum

⁵⁹² Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 17, 67-69.

⁵⁹³ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 73-74, 163.

⁵⁹⁴ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 111, 133, 158.

⁵⁹⁵ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 64, 150, 167. / Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*, 37, 40.

embættismanna sem áttu hlut í Innréttingunum. Ferlið Rokkar og lágréttir vefstólar voru lengi að taka við af frumstæðum snældum og kjásteinsvefstólum. Vefsmiðjurnar áttu sinn þátt í því að rokkar og vefstólar í takt við tímann festust í sessi á síðari hluta 18. aldar.

Tap konungs lítið 1774-1799, reiknar Lýður út.⁵⁹⁶ Bara 30 þúsund dalir. Styrkir ekki taldir til taps hjá fyrirtæki sem starfar í hálfra öld. Svipuð framleiðsla eftir að konungur tók við og hafði verið hjá AV. Samt hlóðust birgðir upp. Meira flutt inn af erlendu klæði eftir að fríverslun hófst 1787.

Í tísku hér á Íslandi í leiðindum 18. aldar var að kveða skít um fyrirbærið hans Skúla. Ég þekki það eftir að hafa ritað ævisögu jafnaldra Skúla, séra Snorra á Húsafelli sem orti m.a. um fyrirbærið Reykjavík, soltin tók með saurgan krík. Þar er vísað til syfilis, sem ekki kom með Innréttingunum heldur náði að blossa upp. Á Skriðuklaustri voru sárásjúkir. Auðvitað hafði þjóðin samræði við erlenda sárásóttarsjúklinga fyrr, einangrunin var ekki svo alger, ungir karlmenn fóru til Hafnar í nám og heim aftur.

Þegar Skúli var sjötugur var 58 erinda kvæði ort að hluta honum til háðungar, nafnlaust auðvitað, hét Veðurviti. Innréttingarnar voru á hausnum, umbætur í landbúnaði enduðu með fjárkláða, vilji Skúla í verslunarmálum hafði verið beygður, og hann sat undir ákærum fyrir vanrækslu í starfi sem landfógeti. Þar sáust afleiðingar þess að prestssonur frá Húsavík fór að leika Pétur mikla meðal kotunga hér norður frá.

með sannri faðir Reykjavíkur:

Þetta prójekt að byggja borg á Íslandi byrjar 1750.⁵⁹⁷ Skúli er faðir Reykjavíkur og teiknar líka upp byggðakjarnana, ekki fjarri því sem varð. Til að rífa landið upp er stofnuð einskona byggðastofnun, Innréttingarnar, sem gat aldrei orðið gróðafyrirtæki og átti ekki að vera það. Því ranglega sagt að hafi misheppnast. kóngur ætlaði aldrei að græða, bara byggja þéttbýli. Svo eru stofnanir landsins fluttar þangað. og þetta skotgekk. stefnan að byggja nógu stóra borg til að þú getir flutt umheiminn inn í Ísland gegnum borgina. enn þannig að skattfé landsmanna fer að stórum hluta í að halda uppi þessari þjónustu. Var plan sem gekk upp. Landsnefndin tekur upp hans hugmyndir um byggðakjarna. Skúli vildi tengja með vegum og standsiglingum, útilokað sögðu sérfræðingar þá, of fátt fólk.

yfirlit:

/ 109, Stofnun Innréttinganna er fyrsta alvarlega tilraunin til breyttra atvinnuhátta og fyrir flestra síðari tilraun út öldina og etv lengur..⁵⁹⁸ stofnendur sigldir með fingur á púlsi, elleftu stundað nám Í höfn og fimm skömmu fyrir 1750, er upplýsingar tekið að gæta þar.

/ 119 Skúla verður á í messunni, hann er ekki fullkominn býrókrat eins og koma á oft fram.⁵⁹⁹ Samþykkt um stjórn og rekstur fyrirtækisins Öxará 19. júlí 1751 stjórnin skyldi halda bókhald yfir tekjur og gjöld og sýna hluthöfum árlega á Alþingi. / 125 á þessu varð mikill misbrestur, í bréfi til stjórnarnar 9. apríl 1759 átelur Þorsteinn sýslumaður Magnússon þessa vanrækslu.

⁵⁹⁶ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 160, 164-165.

⁵⁹⁷ Samtal - *List hins mögulega - samtal um pólitík* Umsjón: Ævar Kjartansson og Jón Ólafsson. Rætt við Þórodd Bjarnason um byggðamál.

⁵⁹⁸ Lýður Björnsson: „Atvinnumál,“ .

⁵⁹⁹ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttinganna“, .

/ 124 Innréttngarnar sameinaðar Almenna vesrlunarfélaginu 1764 og þá taladar jafngilda 50 hlutabréfum að upphæð 500 rd hvert, eða metnar á 25.000 rd.⁶⁰⁰ 16 2/3 % lægri upphæð en hluthafar höfðu talið sig geta sætt sig við veturinn 1757-58.

upphafið:

haustið 1751 Skúli utan og kóngur eftir hans fyrirstillingu og undirlagið privilegerað hér eitt interssentskap til að upprétta akurdýrkun, fiskirie í kringum landið og ullarfabriqve til klæða og annarra töya verknaðar og gefið þar til eina summu peningar ... hvar með innkeyptar 2 vænar fiskiduggur ... vorið og sumarið 1752 hvörjar hér komu í fardögum með allt er þar til heyrði, jafnvel hvalveiðarverkfæri, item allra handa og yfirfljótanleg ullarfabriqveverktöy og einn danskan fabriqvemeistara að nafni Dannenberg, með nógu fólki.⁶⁰¹ úr annál

Potturinn og pannan Skúli, margir aðrir komu við sögu.⁶⁰² Mikill og vaxandi áhugi stjórnvalda á málefnum landsins. Starfsemi Vísindafélagsins danska stofnað 1742. Sendiför Harboes og Thrkellín af þeirri rót 1744-45, skýrsla Harboes. 1743 spurningalisti danskra stjórnvalda til amtmanns / 119 að frumkvæði Vísindafélagsins. Rannsóknarför Bjarna og Eggerts 1752-1757. Sendiför Nielsar Horrebows 1749-1751. Skúli og Horrebow samtíða á Bessastöðum frá vorinu 1750 þá Skúli nýskipaður. 1751 kynnir Skúli stórnvöldum nýsköpunarhugmyndir sínar um leið og skýrstla Horrebows. Svipaðar hugmyndir en Skúli taldi sig eiga heiðurinn af öllu saman. (Jón Aðils 88-90.)

Veturinn 1750-1751 lagði Skúli drög að stofnun hlutafélags sem vinna skyldi að margvíslegum framfaratilraunum, einkum á sviði ullariðnaðar.⁶⁰³ ekki ljóst með atburðarásina á Þingvöllum 1751 en þar hefur Skúli án efa borið upp hugmyndir sínar. Hlutafélag um Nýju innréttngarnar stofnað þar á Þingböllum 17. júlí og ýmsir helstu menn landsins hétu þáttöku. Hluthafar 13 og féð 1550 Rdl. 7 sýslumenn, landþingsskrifarinn, 2 lögmenn, einn varalögm, Skúli landfógeti og Ólafur Gíslason biskup. Auk Skúla og Magnúsar amtmanns í stjórninni sýslumennirnir Brynjólfur Sigurðsson og Þorsteinn magnússon. Með þetta í höndum heldur Skúli utan til að tryggja fjárframlag og önnur fríðindi, þ.á m. jarði undir starfsemina. Á sama tíma fór Horrebow / 122 út með greinargerðir sínar í farteskinu um ástandið eins og Skúli og leiðir til úrbóta. Skúli mætir á konungsfund: til vegs á ný forna atvinnuvegi, akuryrkju og garðræk m nýtísku verkfærum og hjálp útlendra bænda. Einnig tilraunir með skógrækt. Kaupa stærri skip til fiskveiða á djúpmiðum og til flutninga með ströndum fram. Koma á fót margvíslegum iðnaði og hagnýta afurðirnaar betur, þ.á m. ull og skinn. Læra að salta kjöt og fisk og það í verkahring verslunarinnar að kenna slíkt. almennar úrbætur í verslun og viðskiptum. Auka peningaveltu, stuðla að notkun peninga í stað vöruskipta. Skylda kaupmenn til að fylgja inn meiria af matvöru og nauðsynjum en minna af tóbaki og brennivíni.

Í janúar 1752 kunnngjöra stjórnvöld rausnarlegan stuðning við hinar Nýju innréttngar - 10 þús. Rdl styrk.⁶⁰⁴ auk þess jarðirnar Reykjavík, Örfirisey og Hvaleyri við Hafnarfjörð til afnota. Ákveðið þá þegar að reisa ullarverksmiðjur í Reykjavík en miðstöð þilskipaútgærðar átti að vera í Hafnarfirði.

⁶⁰⁰ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttnganna“, .

⁶⁰¹ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 117.

⁶⁰² Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 118-119.

⁶⁰³ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 121-122.

⁶⁰⁴ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 122.

Skúli samdi kostnaðaráætlun um ullarverksmiðju, hús og myllu, þilskipakaup og útgerð með meiru.⁶⁰⁵ Þar velur hann staðinn Reykjavík og Örfirisey, og Elliðaár fyrir þófaramylluna. Á alþingi sumarið 1751 gengst Skúli fyrir stofnun fyrsta hlutafélags landsins, þrettán embættismenn keyptu mismarga hluti. Skúli og Magnús á Leirá unnu mest í því að semja reglugerðina um rekstur félagsins. Þarna er samtíminn stiginn á land, með öllum þeim flókna rekstri og endurskoðunum og málaferlum sem fylgdu. Skúla er falið að sigla utan að afla styrks, og þar með gerður að framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Það er sætt og krúttlegt að fyrsta hlutabréf landsins eignast Skálholtsbiskup. Þeir báðu um sex þúsund ríkisdali en fengu tíu.

Skúli gekk djarflega fram, gekk sjálfur hvað eftir annað fyrir konung og stjórnarherrana.⁶⁰⁶ Hitti svo vel á að stjórnin var einmitt þá hlynnt slíku, segir Jón J. Aðils. Eins og Skúli hafi verið yfirnáttúrulegt óskabarn, þegar augljóst er að Skúli, Horrebow, Magnús lögmaður og allir vissu að nú var lagið til að sækja um styrki en ekki um tilviljun að ræða.

Humyndin um ullariðnað hér á landi mun í upphafi komin frá hinum norska Matthíasi Jochumssyni Vage sem ferðaðist hér 1729-1731.⁶⁰⁷ Ullariðnaður var þá ein helsta uppspretta auðs í Bretlandi.

Skúli hófst þegar handa árið 1749 í embætti landfógeta, samdi skýrslu um hvað betur mætti fara. Stofnaði félag ásamt íslenskum embættismönnum á Þingvöllum, þar sem menn hittust þá enn lærðir og leikir til fundahalds og dóma. Hafði setið og spjallað við Niels Horrebow á Bessastöðum, sem hér var í rannsóknarferð. Horrebow þakkaði sjálfum sér heiðurinn af þessari viðreisn. Hugmyndirnar voru danskar, Skúli lét til skarar skriða.

Þarna á Þingvöllum 17. júlí 1851 var að frumkvæði Skúla fyrsta hlutafélag landsins stofnað af íslenskum embættismönnum, til að vinna að viðreisn íslensks efnahags. Hálfu ári síðar fékk það stórfelldan fjárstuðning og sérleyfi konungs til framkvæmda. Féð nægði til kaupa á tveimur skútum. Starfsemin náði til [jarðræktartilrauna](#), [brennisteinsvinnslu](#), [ullarvefsmiðja](#), litunar, [kaðlagerðar](#), [skinnaverkunar](#), [skipasmíða](#), [úngerðar](#) og fleira. Miðstöðin var í [Reykjavík](#). Fyrirbæði var á kallað „*De Nye Indretninger*” nafnið fékk óárreitt að varða „*Innréttingarnar*” á Íslensku því þetta var fyrir hreinsun tungunnar. Fyrsta áratuginn var allt í fullri starfsemi. Upp úr [1760](#) hafði allt dalað nema ullarvefsmiðjurnar í [Aðalstræti](#) og brennisteinsvinnsla í Krýsuvík og síðar Húsavík. Þessi hjól ullar og brennisteins í púður fyrir danskar byssur héldu áfram að snúast til [1803](#) eða í hálföld.

Gaman að nálgast gullskýrt upphaf Reykjavíkurborgar. Þótt hún sé byggð á sjö hæðum eins og Rómaborg var hér enginn goðsögu-Skúli að drekka úlfamjólk, svo stutt er síðan, bara 260 ár. Fyrirbærið gerist lítið ljóðrænna en það að Skúli fékk Eggert Ólafsson „sem ýtti frá kaldri skor“ til að gera uppdrátt að innsigli og flaggi fyrir Innréttingarnar. Eggert stakk upp á flöttum þorski, sem varð elsta tákn Reykjavíkurborps. Raunsætt og lyktandi af íslensku slori, engin „fornra súlna er flutu á land“ seinni tíðar rómantík hvað þá súludans. Upphafið er hagræns eðlis, en heillandi fyrir því.

⁶⁰⁵ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 36-42.

⁶⁰⁶ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 93.

⁶⁰⁷ Lýður Björnsson: *Skúli fógeti*, 34.

Þáttur Magnúsar Gíslasonar:

1746 hafði Magnús sótt um /120 styrk til að koma á fót lítilli verksmiðju til dúkagerðar en fengið dræmar undirtektir og taldi nú (1750) lag að reyna til þrautar.⁶⁰⁸ Skúli mun stórtækari, þar var munurinn. Magnús fékk 300 rdl styrk vorið 1751 og kom á lítilli ullarverksmiðju heima að Leirá.

hið raunverulega upphaf:

Í maí sigldu tvær húkkortur inn á höfnina í Reykjavík, Friðriksósk og Friðriksgjöf.⁶⁰⁹ Í lestum voru alls kyns töl og tæki til iðnaðar, timbur og annað efni til nýbygginga. Um borð var líka fjöldinn allur af framandi fólki, útlendingum sem kenna áttu Íslendingum handtökin við nýjar iðnir. Þar voru einnig danskir og norskir bændur sem þóttustu eflaust albúnir að breyta grýttu holti í bleikan akur, grænan skóg eða gjöfulan matjurðagarð. / Á dekki stóð Skúli kátur ... finna bréfið, Þs. Skjalasafn amtmanns II, 87. Skúli skrifar, 16. apríl 1752.

Styrkur konungs:

/ 124 1752 15 000 rd.⁶¹⁰
1753 16 000 rd
1754 10 097, 42 sk rd
1756 10 000 rd

1757 10 000 rd eða samtals 61 000 rdl. Við þessi framlög bætast svo tekjur af jarðeignum og andvirði seldrar framleiðslu. nægðu ekki og mun það m. a. orsök þess að veturinn 1757-1758 fór Skúli fram á að Innréttningarnar fengju einkaleyfi til verslunar á höfnunum Reykjavík (Hólminum) og Húsavík. hefði orðið trygg hlutdeikld í vesrlunargróðanum en krafan varð ein orsök þess að slitnaði upp úr viðræðum stjórnvalda, fulltrúa Innréttninganna og verslunarfélags Michaels Skibsted kaupmanns. Árið 1761 lögðu þeir Skúli og Ólafur varalögmaður Stephensen til að konungur tæki að sér fjármögnun og rekstur fyrirtækisins en úr því varð ekki og seint í apríl það ár Skúla falið að stjórna þeim.

/ 99, styrkurinn 61.097 dalir og 42 skildingar, líklega yfir 13.000 kýrverð, ef gert ráð fyrir að kýrverð hafi verið um 4.5 rd. á þessum árum.⁶¹¹

fram til ársins 1757 lét konungur af hendi rakna alls 61.300 Rdl.⁶¹² Eftir það mun fyrirtækið ekki hafa notið beinna styrkja. Ríkissjóður fjármagnaði nánast allt fyrstu árin, því að framlag hluthafanna var dropi í hafið. 11752 bættust 11 hluthafar í hópinn samanlegt hlutafé 24 hluthafa nam 2.300 Rdl. Heildarframlag til 1760 3.150 Rdl. 1756 átti Skúli 12 hlutabréf, langstærsti hluthafinn, 800Rdl. /124 1752-1757 var styrkur konungs 30 þús. minna en tekjur hans af einkokunarverlsuninni. Styrkurinn svaraði 4 ára tekjum af verslun, sem konungur hafði haft góðar tekjur af síðan 1602.

Hlutabréfin:

/ 121 skanna lista 13 fyrstu og set í myndir Skúla.

1759 62 nafnverð 3100 rd.⁶¹³ æ, þessar tölur líka á myndinni og í bókinni uppi í hillu.

⁶⁰⁸ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 119-120.

⁶⁰⁹ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 122-123.

⁶¹⁰ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttninganna“, .

⁶¹¹ Lýður Björnsson: „Atvinnumál,“ .

⁶¹² Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 123-124.

⁶¹³ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttninganna“, .

Mótspyrna verslunarfélagsstjórnarinnar er stofnanirnar komast á fót:

/ 68 hið magnaða Grýlukvæði Eggerts Ólafssonar.⁶¹⁴ Um Hörmangara djöflana.

/ 61 ákvæði konungsbréfsins 4. jan 52 gegn einokun að því líti að skera rétt verslunarfélagsins, afurðir stofnananna undanskyldar verðlagsskrá og hluthafa mega selja öðrum ef ekki gengi saman. Þetta æsti kaupmenn þegar upp.⁶¹⁵ sló þegar í harða rimmu. Skúli og félagsstjórnin ósammála um verð á mörgu og / 62 Skúli vildi hvergi slaka til. Þeir vildu því ekkert með stofnanir þessa að sýsla og engin mök við þær eiga. Stjórnin lét það boð út ganga 11. apríl og 8. maí 1752 að ef veslfélagið vildi ekki taka afurðir stofnananna með því verði sem Skúla þóknaðist þá skyldi hluthöfunum íslensku heimilt að flytja þær utan og selja í Kaupmannahöfn. Mátt til þessara flutninga hafa duggurnar Friðriksvon (32 smálestir) og Friðriksgáfu (34 smálestir). Skúli bar því góðan sigur úr býtum. Stjórnin leyfði líka að allar nauðsynjar til stofnananna mættu flytja á skipunum. Skúli keypti áhöld og annað er þurfti, fermdi báðar duggurnar og kom út í fardögum 1752.

/ 72 hann hafði með sér:⁶¹⁶

1. tvo keraldasmiði
2. einn húsameistara
3. sútara
4. Kristján Dannenberg, ungan mann danskan er lagt hafði stund á vefnað í Höfn og var ráðinn / 63 til að veita ullarverksmiðjunum forstöðu

/ 63 bændurnir sumir með duggunum og aðrir með verslunarskipunum, bændurnir frá Noregi með skipi sem flutti hingað timbur til stofnananna.

húsin:

Húsin orðin átta árið 1755.⁶¹⁷ Þrjú timburhús, hin úr torfi og grjóti. 1759 eru húsin í Kvosinni orðin 16, 4 úr timbri hún úr t og g. Hið fjórða var íbúðarhús forstöðumanns fyrirtækjanna reist 1756-1757, austan megin Aðalstrætis, með múr í binding. 1774 eru húsin orðin 20, þar af sjö timburhús og öll nema eitt með múr í binding. Sjá Ps. í heimildaskrá óskoðað og J. Aðils 204-206.

/ 122 bréf Skúla til meðstjórnenda 16. apríl 1752, mesta vandamálið í fyrstu húsnæði, nota eign Innrétttinganna, Reykjavíkurhúsin.⁶¹⁸ leggur til að Þorkell lögréttumaður Þórðarson fái að hafast við í bæjarhúsunum enn um sinn, kveðst ekki fús á að byggja Jóni sýslumanni Oddsyni Hjaltalín jörðina, enda gæfist þá ekki kostur á að bera út allt fólk, orðrétt allan skrílinn á heimabænum fyrir fardaga. Skúli svipað álit á Jóni Hjaltalín og Gunnar skáld Pálsson er orti vikivaka um Jón og bæjarbraginn áh heimili hans sem hefst svo: Hjá honum Jóni Hjaltalín hoppa menn sér til vansa. Allan veturinn eru þeir að dansa. bygging hófst sumarið 1752, verksmiðurnar starfræktar að Bessastöðum uns kostur í Rvk.

/ 123 með bréfi dagsettu á Bessastöðum 14. apríl 1753 birti Dannenberg verksmiðjustjóri lista yfir þær byggingar sem hann taldi nauðsynlegt að reistar væru fyrir verksmiðjurnar, alls tíu hús.⁶¹⁹ skyldu vera traust og vel byggð. risu

⁶¹⁴ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶¹⁵ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶¹⁶ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶¹⁷ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 123.

⁶¹⁸ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innrétttinganna“, .

⁶¹⁹ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innrétttinganna“, .

smám saman á árunum 1752-1759. Skoðunrgerð 23. sept. 1755, 8 hús risin í Reykjavík, dúkvefnaðarhús, tvær vörugeymslur, smíðahús, klæðagerðarhús, íbúðarhús verksmiðjukvenna, íbúðarhús verkamann og geymsluhús fyrir matvæli og. fl. Við Elliðaár ristin þófaramylla, litunarhús og hús fyrir feldskera og vinnu hans. í bréfi 13. ágúst 1756 tjáir Skúli amtmanni að ekki lengur not fyrir húsnæði sitt á Bessastöðum, Innréttingarnar, fer fram á að amtmaður sendi einhvern með umboði til að veit þessu húsnæði viðt-öku úr þeirra hönfum. Árið 1754 virðist húsakosturinn í R spað rúmur að ularverksmiðjan að Leirá flutt til Reykjavíkur og sameinuð Innréttingunum - nei, man að hún flutt að Bessó.

/ 123 13. okt. 1759 markús Pahgl úttekt á húsnæði Innréttinganna sem þá áttu 16 hús í Reykjavík og tvö við Elliðaár, hús feldskerans hafði veirð flutt til bæjarins.⁶²⁰ litunarhúsið líka flutt 1761. tekið fram 59 að íbúð beykiis og tvö verkstæði fyrir hann séu í hinum fornu bæjarhúsum Reykjavíkurbæjar, sem gert hafi verið við. nefndistþá Beykisbær, síðar Brúnsbær og stóð þar sem nú er Tjarnargata 4. Þar stóð því Reykjavíkurbær um 1750 við upphaf Innréttinganna.

/ 59 **Vodvefnaðarstofan** stóð vestan kirkju og kirkjugarðs.⁶²¹ Hún var íslenskrar gerðar, samstæða þriggja húsa og lítið port með stétt við miðja austurhlið. Um smíðaár hennar er ekki kunnugt. Legan er eins og tíðkast hefur um bæi á kirkjustöðum. Brann árið 1764 og reistu meeenn þá spunastofu á grunni nyrðri álmu. þess getið í lýsingu frá 1794 að í spunastofunni hafi verið íbúð fyrir vefmeistarann, og reistu menn veggj þar með múrgreypingsverki, en sjálft spunaverkstæðið var með greypigrind.

/ 61 sæmilegt **þinghús** á að hafa verið kmoið upp í Reykjavík árið 1753, Kópavogur leggst þá niður sem þingstaður.⁶²² Stóð á óbyggðri og grýttri spildu rétt sunnan við garð, sem aðskildi land Reykjavíkur og Arnarhóls. nefndur þrætugarður vegna landamerkjamáls milli jarðanna árið 1776. Ofan við þinghúsið lá garður sem varði tún Stuðlkots og Skálholtskots að austan, en sunnan hússins er getið um leifar garðs niður brekkuna. Nafnið Þingholt kann að vera gamalt.

/ 60 Í rigerð Skúla um Gullgringu- og KJósarsýslu frá 1785 segir að góð ósölt vatnsuppspretta, sem nefnist Ingólfsbrunnur eftir Ingólfi Arnarsyni sé í Reykjavík. staðfærir ekki. vonandi fæst einhvern tíma úr því skorið hvað hann hefur verið.⁶²³

fólkið:

/ 109, tíð mannaskipti, alls 728 manns unnið við verksmiðjurnar 1752-1784.⁶²⁴ allmargir notið kennslu í garnspuna og vefnaði og farið út um land að veita tilsögn.

/ 215 Ámundi Jónsson, afkastamikill kirkjusmiður, útskurðarmeistari og málarí á Suðurlandi.⁶²⁵ Rangæingur, bóndasonur úr Fljótshlíð fæddur 1738. Mun hafa lært vefnað og **vann í ullarsmiðju Skúla um hríð**. Siglid utan um 1767 og dvaldist í Kaupmannahöfn við útskurðarnám og ýmis störf í þrjú ár. Settist að í Syðra-Langholti í Hrunamannahreppi og bjó þar til æviloka 1805. Smíðaði þrettán kirkjur auk stofuhúsa og annarra mannvirkja. þær horfnar en ýmsir útskornir og málaðir innviðir hafa varðveist, og predikunarstólar og altaristöflur.

⁶²⁰ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttinganna“, .

⁶²¹ Þorkell Grímsson: „Reykvískar fornleifar“, .

⁶²² Þorkell Grímsson: „Reykvískar fornleifar“, .

⁶²³ Þorkell Grímsson: „Reykvískar fornleifar“, .

⁶²⁴ Lýður Björnsson: „Atvinnumál“, .

⁶²⁵ Loftur Guttormsson: *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, .

1786 einn skóari, beikir, trésmiður, járnsmiður og múrari búandi í Reykjavík.⁶²⁶ Flestir iðnaðarmenn stunduðu enn aðra vinnu meðfram. m.a. sjósókn. / 154 tólf tukthússlimir 1769, 16 karlar og 11 konur. / 155 1762 281 íbúi í Rvk, 1769 339, 1779 364, 1784 380 svo afturkiptur vegna Móðuharðindanna.

fyrstu tólf árin 1752-1763 talið að 728 Íslendingar hafi unnið við verksmiðjurnar um styttri eða skemmri tíma.⁶²⁷ / 160 að meðaltali um 60 á ári. Ákvæðisvinna karla og kvenna, þótt sumir væru á föstu kaupi. Ákvæðisvinnan færðist í vöxt er fram liðu stundur, einkum eftir að Almenna verslunarfélagið tók við rekstrinum. hagstætt ekki síst þegar hráefni skorti. konur sjaldnast hálfdrættingar á við karla. meðallaun 1752-1764 í kringum 30 rdl á ári, að meðaltali en afar misjafnt hvð hver og einn fékk. röskusut karlmenn í kringum 50 rdl en aðrir og þá líkast til einkum konur höfðu ekki nema 15 dali upp úr krefsinsu. ÁRslaun litara um 1780 60 rdl og spunakonurnar þá að því er verður séð ekki nema 20. Fabrikkumeistarinn með fasta 80 rdl á ári en með bónus gátu þeir náð 200 rdl. Launin voru að stórum hluta greidd í fæði, fatnaði og pressuðu tóbaki / 161 af skýrslu 1773 er þó að sjá sem yfirmenn og vefarar hafi fengið greitt í peningum. þrengingar bitunuðu m.a. á launagreiðslum sem skiluðu sér seint og illa. fólkið lét ekki á sig fá meðan það gat dregið fram lífið á vikulegri matarútvigt. Nokkrir vefarar á Bessastöðum lögðu niður vinnu af þessum sökum í hálfan mánuð vorið 1755. illt hve kaupmenn fluttu litla matvöru til landsins og hráefni. því vísað til heimahganna fólki 1752 eftir að allt var komið á fullt sving og 1754 fóru þeir af sjálfsdáðum því fæði af skornum skammti og til drykkja ekkert nema blávatn, eldiviðarlaust og fólki sat krókloppið við vinnu. lítið atvinnuöryggi og oft og tíðum erfið kjör. 1766 maldaði spunakonan Ragnheiður Jónsdóttir í móinn er hún var rekin í vetrarbyrjun 1766 eftir tæplega tveggja ára vinnu við verksmiðjurnar. / 162 henni gefið að sök að vera þjófótt, óhlýðin, orðljót, löt og að hirða ekki um þá blygðunarsemi sem konum væri eðlislæg. Hún taldi sig eiga inni laun og kærði meðferðina til amtmanns sagðist bjargarlaus og sá ekki annað ráð en að flakka út og suður manna á meðal. brotnar reglur því ekki mátti segja upp nema á vori. Versnaði 1767, þá og næstu ár tugum starfsmanna sagt upp. 1773 53 reknir og því þröngt í búi hjá mörgum.

Karlar voru löngum fleiri en konur í þjónustu fyrirtækjanna, en þó vann þar fjöldi einhleypa kvenna fyrst um sinn.⁶²⁸ fram til 1767 etv 30-40% konur. Eftir niðurskurðinn tiltölulega færri, samdrátturinn bitnaði meira á þeim en körlum. Undir lokin dæmið snúist við. / 165 lítið er vitað um uppruna starfsfólks Innrétinganna. Eflaust hvaðanæva af landinu en lfestir úr nágrennasveitum og nálægum sýslum. Undir Grjótabrekunninni stóðu verkksmiðjuhúsin þar sem fólkið vann og bjó, misvel eftir stöðu og stundum margir í einni kös. Í íbúðarhúsi verksmiðjukvenna 1755 sjö föst rúmstæði og í húsi verkamanna tíu rúm og þá fólkið 61 talsins. 1769 meðalaldur starfsmanna sá sami og 1758, flest 20-30 ára. framfærðum aftur á móti fjölgað, 1762 tuttugu. / 166 og átti þá þriðjungur starfsmanna fyrir öðrum að sjá. bærinn að breytast úr vinnubúðum einhleypinga yfir í byggð fjölskyldufólks með börn. 1784 er meðalaldur starfsfólks orðinn 40 ár. Þá lærlingar komnir utan af landi og þeim ætlað að breiða þekkinguna út.

uppsagnir:

⁶²⁶ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 153-155.

⁶²⁷ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 159-162.

⁶²⁸ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 164-166.

/ 261 14. ágúst 1767 ritaði Þorkell Þóraðrson amtmanni og sendi skrá yfir 26 manns sem vísað úr starfi, nær daglega gert.⁶²⁹ ritaði annað bréf samdægurs og getur þess að ArvGudmandsen, svonefnt krigsráð, hafi í ágúst sagt sér upp starfi að tilefnislausu og sonum sínum tveimur, Benedikt og Þórði og fleirum, aldrei kvartað um vinnu sína. Vitnar til erindisbréfs síns útgafið af Skúla fólga, Holm bókara og Pahl kaupmann 4. ágúst 1766. bar 80 rd. árslau. aðeins fengið 60 rd. / 262 Þorkell er bóndasonur frá Mörðufelli í Eyjarfirði stúdent frá Hólum 1737. var ráðsmaður hjá Skúla sýslumanni þá og Hólaráðsmaður í biskupstíð Halldórs Brynjólfssonar, flutti til Rvk 1766 og Skúli fekk hann til að gerast ráðsmaður við Innréttungarnar. bjó í Reykjavík í Hólakoti. stóð talsvert í málaferlum, var sækjandi í málinu gegn Einari Jónssyni, smjörþjófi. Ólafur amtmaður sendi bréfið samdægurst til Skúla, Holms og Pahl og óskaði eftir umsögn þeirra. Skúli sagði samning við Þorkel óbreyttan, Pahl sagier að hann hefði ekki farið þess á leit að ráðsmaður yrði ráðinn aen mátt þola það þegjandi að Skúli réði Þorkel og fleiri slæpingja að fyrirtækinu. Holm segir að starfsmenn eigi ekki lengur rétt á launagreiðslum og vinnu ef yfirmenn telji ekki þörf. Arv Gudmandsen segir Þorkell ætti að vera ánægður með 60 rd. laun vinna hans lítil og til lítils gagns. / 263 segir kröfuna um laun til áramóta ósanngjarna og fifldjarfa, gerir ráð fyrir að Þorkell þykist eiga rétt á að halda vinnunni til löglegs vinnuhjúaskildaga á næsta ári. Meðaumkvun fremur en þörf orsök þess að synir hans ráðnir. Fyrirtækið ekki stofnað til þess að vera hæli fyrir flakkar, letingja, drykkjuhrúta og uppreisnarseggi. Á þetta bréf ritar amtmaður til Þorkels að hann verði að leita til sýslumann og dómstóla, sé hann ekki ánægður með þessa umsögn. Þorkell bað Arv að skila greinargerð sem afhennetn 13 ágúst en ARv ekki svarað. ARv skirfa á bréf Þorkels að hann skilji ekki ísílensku en geti sagt honum á góðri dönsku að Þorkell sé bæði mesta mannhrak og skarn.

/ 263 haldið áfram að vísa fólki úr starfi eftr þetta 6. mars 1773 vottar Þorkell ásamt fjórum öðrum í héraðsrétti í Reykjavík að 53 mönnum vísað úr starfi.⁶³⁰ 13 enn í Rvk við sárustu fátækt, 14 í Gullrginu og Kjósarsýslu, 9 í öðrum sýslum, 2 endurráðnir, 4 á húsgangi, 3 dáíð og 7 farnir af landi brott. Einn lifir á betli í Kupamannahöfn, hinir flestir við handiðnað, beykjar, reipaslagarar, skósmiðir eða hanskagerðarmenn. Meðal þeirra Benedikt sonur Þorkels Þóraðrsonar hanskagerðarmaður í Holstein. margir starfsmann sem vísað úr vinnu höfðu gengið í hjónaband og áttu börn á framfæri. Átta konur, ein dáin, tvær á vergangi tvær í Rvk, tvær á Álftanesi og ein í Borgarfjarðarsýslu, 6. mars unnu 26 manns við Innréttungarnar, sjö konur og níttján karlar.

/ 264 1770 nefnd um landshagi.⁶³¹ Landsnefndin fyrri. skyldi kanna hag Innréttunganna og gera tillögur. nefndinni bárust nokkur bréf frá starfsmönnum Innréttunganna. Bréf frá nokkrum fyrrverandi starfsmönnum frá 7. jan.1771, var sagt upp að tilefnislausu 1776-68. biðja nefnidna að rétt hlut sinn. sex fyrrverandi vefuarar, beykir og lóskeir og bjuggu allir í Reykjavík. Franz Illugason ritaði 3 dögum síðar, vísað úr starfi 68 vegna of mikilla afkasta skv. vitnisburði þeirra Þorkels frá 1773. Franz var vefari og tók því laun miðað við afköst. hafi unnið þar frá árinu 1753. Franz kærir ekki heldur fer fram á að hann fái byggingarbréf fyrir hjáleigu þeirri sem hann bjó á, þýska húsi í Neshverfi á Seltjarnranesi og losni við að taka við kúgildum þeim sem hjáleigunni fylgdu. leyfi til að mega rækta þar matjurtir undir eftirliti Björns lyfsala Jónssonar og fá aðstoð frá Innréttungunum, t.d. vefstól, sem vefa megi í kersye. vill rækta matjurtur á sumrin og vefa á vetrum.

⁶²⁹ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶³⁰ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶³¹ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

Var árið 1773 fluttur út á Álftanes og óf þá vefsmiðju þeirri sem Ólafur amtmaður starfrækti þá og allmörg næstu ár á heimili sínu, Sviðholti.

/ 264 bréf 2 maí 1771 11 vefarar, tveir lóskerar og einn kembari. / 265 bréfritarar⁶³² bera saman hag starfsmanna Innréttinganna í stjórnartíð Skúla og Arv Gudmandsens. ætíð nægileg verkefni í tíð Skúla. ekkert ómak sparað til að afla hráefnis. Arv afsökun fjárkláðans, hefði getað gert betur. vildi aðeins kaupa ulof af hálsi og hrygg og gegn svo vægu verði að menn ófáanlegri til að selja. Nefndin skipaði 16. maí 1772 nefnd sem rannsaka skyldi meðferð Almenna á Innréttingunum og leggja dóm á málið. Illa gekk að fá menn til setu, réttað 8. mars 1773 í Rvk. Fram kom í bréfi 2. maí 1771 að aldrei nægileg verkefni 25. júlí 1767 til ársloka 1772. ekki sýru til drykkjar, ekki skóleður eða vaðmál til rúmfata og hvorki vinnuljós í skammdegi né endranær. Dagsbirta réð vinnudegi. Þessi aðbúnaður hafi gert fólkið hirðulaust og ókappsamt. annað í tíð Skúla, fólk fékk að erfiða að vild og hvorki skort ljós né aðrar nauðsynjar. Þorkell Þórðarson ritaði bréf 20. mars 1773. rekur mál sitt frá 1767 treysti sér þá ekki til að standa í málaferlum við jafnvoldugan andstæðing og Arv / 266 Gudmandsen og Almenna verslunarfélagið. krefst fullra árslauna frá ársbyrjun 1768 til ársloka 1773 auk launa og fæðispeninga fyrir báð syni sína miðað við sama tímabil. biður Skúla að taka að sér mál sitt.

/ 266 Skúli tók mál þáverandi og fyrrverandi starfsmanna upp í kæru sína á hendur Almenna. dómur 11. mars 1773.⁶³³ Almenna dæmt til að greiða fyrrverandi starsmönum 4758 rd. Thodal stiftamtmaður ritaði rentukammerinu 15. sept. 1773 og óskaði eftir að stjórnardeildin leysti mál starfsfólksins. svar, treysti sér ekki til þessa, enda hluti af máli Skúla gegn Almenna. bótanna er ekki getið í samkomulagi Skúla og konungs 12. maí 1779 og kann því hlutur starfsfólksins að hafa gleymst eða fallið niður á annan hátt.

Lífskjörin:

/ 255 ætla verður að fyrir 1767 hafi 80-90 manns unnið við Innréttingarnar samtímis flest ár.⁶³⁴ 1767-73 25-50 manns. verkstjórn, sendiferðir, vefnaður, spuni og tengd verk, flokkun ullar, færaspuni, kaðlagerð og stjórnun. Fyrir allmörg þessara starfa var greitt skv. ákvæðisvinnu, en sumir á föstlu kaupi. ákvæðisvinnan virðist hafa aukist er fram liðu stundir. vefarar á föstum launum framan af. / 256 skv. skýrslu um kjör 6. mars 1773 voru allir sem unnu við vefnað, spuna og kemmingu í ákvæðisvinnu. breyting er eign Almenna verslunarfélagsins. Laun greidd amk að verulegu leyti í fæði, fatnaði og pressuðu tóbaki. enda auðvelt að nota þessar tegundir í vöruskiptum eða selja þær. Af skýrslunni 1773 er svo að sjá að yfirmenn hafi fengið laun greidd í peningum.

/ 256 1755 fyrsta verkfall á Íslandi.⁶³⁵ Vefararnir á Bessastöðum lögðu niður vinnuþar Skúli útvegaði fé til að greiða þeim með. *Dúkvefsmiðjan* var þá til húsa á Bessastöðum, húsið yfir hana ekki fullgert, er skoðunargerð yfir verksmiðjuhúsin var gerð 23. september 1755. AF annarri skoðunargerð 13. október 1759 er ljóst að þrír vefstólar starfræktir í vefsmiðju þessari og kynnu þeir að hafa verið jafnmargir 1755. þrír vefarar allir íslenskir að einum undanskildum Dananum Claus Witt Foss. Dannenberg verksmiðjustjóri flutti hann til Bessastaða. etv. einn verkfallsmanna 1755. Starfar við *klæðavefsmiðjuna* er Rön og Otto gerðu úttekt 5. júlí 1760.

⁶³² Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶³³ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶³⁴ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶³⁵ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

Þórður Jónsson í Grjóta hefur ei vegna uppáfallins þungs veikleika getað sótt sjóinn á þessum vetri, hefur konur og 3 ungbörn fram að færa öll bjargþrota, biður amtmann að meðdeila af mjöli, gjafakorni konungs.⁶³⁶ Sjötti áratugurinn harðindaskeið, óblíð veðráttu, jarðeldar, hafísar og fiskileysisár svo margt fólk dó af megurð. talið að níundi hver látist úr hungursóttum 1756-1757. Fyrsta neyðarhjálpin sem landsmönnum hafði verið send. 1400 tonn en erfiðlega gekk að dreifa til bástaddra, vegna samgönguferfiðleika. / 220 Landsmenn 21% færri 1786 en 1750, það segir enga smá sögu. 1758 enn mannfali, því þjóðin svo sliguð af áföllum undangenginna ára. 1758-1777 hlé milli bylja. Þó mannfelliur því menn misst töluvert af bústofni í harðindunum. Á kláðaárunum fjölgaði þjóðinni, þrátt fyrir allt, ekki hallærisár er á heildina er litið. 1777 hefjast harðindi og ná til Skaftárelda.

Uppsagnir við verksmiðjurnar frá 1767 komu illa við Reykvíkinga. snemma árs 1773 hafði 53 starfsmönnum verið sagt upp.⁶³⁷ Af þeim voru 13 enn í Víkinni og bjuggu við sárustu fátækt. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu 14 og 9 í öðrum sýslum. Tveir endurráðnir, fjórir voru á húsgangi, þrír dáíð og sjö farið til útlanda. einn þeirra sagður lifa á betli í Kaupmannahöfn, en hinir unnu flestir við handiðnir. Margt hafði stofnað fjölskyldu og hafði börn á framfæri. Átta konum sagt upp, ein dáin, tvær á vergangi, tvær bjuggu í Reykjavík, tvær á Álftanesi og ein í Borgarfjarðarsýslu. Landsnefndin fyrri skoðaði. Til bréf fyrirverandi og þáverandi starfsfólks til nefndarinnar. Eitt frá sex fyrirverandi starfsmönnum sem töldu að sér hefði verið sagt upp að tilefnislausu, sumir unnið við smiðjurnar allt frá fermingu. Farns Illhugason, einn þeirra vikið úr starfi eftir 15 ára samfellda þjónustu, að sögn vegna of mikilla afkasta. Bréf frá 14 starfsmönnum sem héldu starfi. þeier báru saman kjörin / 224 í tíð Skúla og Ara Guðmundssonar og tölu ólíku saman að jafna. Meðan Skúli sat við stjórnvölinn hefðu verkafólkið haft nóg að gera, enda hefði hann haft allar klær úti við að afla hráefna. Ari fjárkláðann til afbötunar. Við rannsóknina 1773 segir starfsfólk það hafi aldrei haft næg verkefni frá miðju ári 1767 til ársloka 1772. Sýra til drykkjar, ekkert skóleður eða vaðmál til rúmfata og hvorki vinnuljós í skammdegi né endranær. Dagsbirta réð því vinnudegi. Allt betra undir Skúla. Fengu þá að erfiða að vild og skorti hvorki ljós né aðrar nauðsynjar. Rannsókn leiddi í ljós að þau færðu í stílinn í lýsingum á mannvönsku Ara og Almenna verslunarfélagans. Í gögnum Landsefndarinnar fyrir sagt frá héraðsþingi í Reykjavík snemma árs 1770 140 einstaklingar í Seltjarnarneshreppi búa þá við sára neyð. Yrðu fleiri ef ekki færi að fiskast. fólksfjölgun, uppsagnir, / 225 dýrt mjög og skemmt og skemmdir á afla fyrri árs vegna óblíðrar veðráttu og votviðra.

Ragnheiðarmál:

/ 258 31. október 1766 ritaði Ragnheiður jónsdóttir spunakona amtmanni bréf og kærði brottvísun úr starfi.⁶³⁸ (Þjskjs. Bréf til amtmanns úr Kjálarnesþingi 1766-1779.) sem átt hafði sér stað þá um daginn. ráðinn í des 1756, aðeins fengið í laun 4 álnir klæðis, 5 álnir af lérefti, tvö pund af tóbaki og sjö fjórðunga í peningum, en telur sig eiga 20 faðma klæðis og fimm faðma lérefts. Getur bent á konur sem hafi ekki unnið meira en fengið meira kaup. vergangur hljóti að verða athvarf sitt, standi uppi bjargarlaus og vetur fari að. biður amtmann Að sjá um að hún fái að halda starfi sínu eða fái fé fyrir lísnaúðsynjum til næstu krossmessu. Umsögn Þorkels umsjónarmann Þórðarsonar dagsett samdægurs fylgir. Ragnheiður sé fróm og ærleg

⁶³⁶ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 219-220.*

⁶³⁷ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 223-225.*

⁶³⁸ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

til orða og verka og verkakona í betra lagi til útiverka. Getur ekki borið um störf hennar innanhúss.

/ 258 Ólafur Stephensen ritar forsvarsömmum, Holm bókara og Pahl kaupmanni 26. nóv. og bendir á að slík brottvísun að vetrarlagi sé lögbrot.⁶³⁹ Taldi réttast að þeir semdu við hana, svo jafnlítilfjörlegt og augljóst mál þyrfti ekki fyrir rétt. Hólm svarði þremur dögum síðar og ákærði amtmannt fyrir að taka svari Ragneiðar, ákærði hana fyrir þjófnað, leti, þrjósku og að brúka munn við forstöðumann spunastofunnar. Þessi umsögn muni standast fyrir hvaða dómi sem væri, m býðst til að endursenda amtmannt bréf hans. Ólafur svarar samdægursd, hefur lesið með athygli en ekki skilið. Hann hafi aðeins gert skyldu sína sem embættismaður og því ekki tekið málstað Ragneiðar. enda ekki enn felldur úrskurður / 259 hafi vonað að þeir Pahl myndu leysa málið með samningum, enda geti enginnj meinað Ragneiði að leita réttar síns fyrir dómi. Amtmaður spyr hver hafi leyfti Innréttingunum að vísa fólki úr vinnu að vetrarlagi og dregur í efa, að slíkt sé vilji Almenna verslunarfélagsins, enda öðrum landsmönnum bannað þvílíkt athæfi. fyrir lítilsháttar afbrot skuli refska skv. húsagatilskipuninni með sektum og gapastokki. telujr bréf sitt frá 26. nóv. fullkomnlega undirritað. (bókarinn vildi jú endursenda bréf hans)

/ 259 komið að Pahl að svara fyrir gerðir þeirra Holms, bréf dagsett 4. des.⁶⁴⁰ segir R svörula bæði við samstarfsmenn og yfirboðara. löt og forhert, unnt að sanna að enginn húsbóndi hafi viljað halda hana fyrir hjú vegna munnsöfnuðar. Þetta ásamt þjófnaðinum orsök brottvísunarinnar. Þeir Holm reiðubúnir að reyna að koma í veg fyrir sérhverja kæru af þessu tagi. R hafi fengið þau laun sem henni bar og leggur fram afrit af úttekt hennar. tók út heldur meira af vörum en hún hét fram í kærubréfi sínu og hún mótmælir því ekki. Bréfgi Pahl fylgja umsagnir frá Þorkeli Þórðar og verkstjórunum Pétri Kolbeinssyni og Sigfúsi Jónssyni og vottorð frá Hólmi bókara um launagreiðslur til Ragneiðar staðfest af Pétri. vildu búa traustlega um alla hnúta. Þorkell vottar að ókunnugt um þjónfað R og framkomu gagnvart verkstjórunum er hann gaf henni umsögnina 31. okt. Pétur segir R hafa verið hlýðna og skikkanlega í fyrstu, efn eftir að hún hafi fengið blátt klæði! til að skýla nekt sinni hafi hún tekið til við að espa þá sem tilkippilegir voru til að tuskast við hana og deila. hún gegni sér ekki betur en gjammandi hundi og bestu svör hennar við umvöndunum sínum hafi verið: Það gildir einu. Lítið hefur þér þótt það, minna skal það verða. Er heilsugóð og rösk en afköstin minni en skyldi vegna leti.

/ 259 henni muni hafa verið ljóst að afköstin væru í minna lagi / 260 til að draga fjöður yfir þá staðreynd hafi hún brugðið á það ráð að stela hespum frá Sigfúsi og vefurunum.⁶⁴¹ nokkrar hafi hún farið með inn til tukthússlimanna og gefið þær einni þeirra, en limirnir vinni út af fyrir sig og enginn eigi erindi inn til þeirra utan sá sem hafi eftirlit með vinnu þeirra. Svarði fullum hálsi er hann í síðastliðnum marsmánuði hafi fundið að því að hún væri að slæpast úti á götu í vinnutímanum. er í meðallagi afkastamikil við að spinna á skotrokk, ef vilja skorti ekki. Amtmaður felldi úrskurð 4. des. skyldaði Ragneiði til að biðja opneberlega afsökunar og standa nokkrar stundir í gapastokknum ef þeim sýndist svo. uppsögn afturkölluð og henni ghefið tækifæri áður en vísað brott úr starfi. Gagnaði þetta ekki skyldi hún sett í tukthús. Ólafur amtmaður tilkynnti Holm samdægurs. Holm ritaði afsökunarbréf daginn eftir. bað auðmjúklega afsökunar, hafi ritað í geðshræringu og aldrei komið til hugar að bjóða amtamnti að afturkalla bréf sitt. Amtmaður hafi

⁶³⁹ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶⁴⁰ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶⁴¹ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

í máli þessu komið fram eins og sönnum og heiðarlegum embættismanni sæmdi. Bókarinn boðar komu sína til Bessastaða til að biðjast afsökunar við fyrsta tækifæri. segir ætla að senda með bréfinu hattöskjur með hatti, hvort tveggja nýkomið frá Keflavík og biður amtmann að skipta á þessum hatti og öðrum, sem bæði hafi verið skemmdur á börðum og ódýrari. kveðjur til konu amtmanns og barna.

/ 260 uppsögn Ragnheiðar var afturkölluð, hún er spunakona við Innréttungar 20. des. og ber vitni í þjófnaðarmáli Einars nokkurs Jónssonar, sem hafði brotist inn í pakkhús Innréttunganna um veturnætur og stolið þaðan smjöri, en grásíðuna (súra smjörið) gerði hann ýmist að selja eða gæða samverkafólki sínu á henni, einkum konum að / 261 kvöldlagi.⁶⁴² starfsfólk kvaðst hafa haldi að Einari hefði tæmst arfur og hafi hann hvorki neitað því né játað. Ragnheiður er ekki í skráum um starfsfólk sumarið 1767. má því ætla að henni hafi verið vísað burt á krossmessu. skjöl tukthússins benda ekki til þess að hún hafi lent í vist í þeirri stofnun. Kærubréf Ragnheiðar er stílað til Magnúsar amtmanns Gíslasonar sem andaðist 3. nóv. sem kann að skýra þann drátt sem varð á málinu í fyrstu. Þorkell Þórðarson sem vottaði í fylgibréfinu var lögfróður og hafði sérstakt starfssvið við fyrirtækið. kjarkur hjá óbreyttri spunakonu. þó til dæmi um svona konur, nafna hennar úr Vestmannaeytjum sem missti allt í Móðuharðindunum braust til Hafnar á eigin spýtur 1758 til að reyna að fá hluta af samskotafénu. Báðar kæra beint til æðstu yfirvalda.

danskir starfsmenn:

í Reykjavík 1752 tveir danskir beykjar og sútari, að auki jóskur eða norskur bóndi með fjölskyldu sína.⁶⁴³ Vefarar, litarar og fleiri sérhæfðir starfsmenn við ullariðnaðinn vour útlendir fyrsta kastið, svo og forstöðumenn. Óhætt að gera ráð fyrir að u.þ.b. tíu útlendingar, aðallega Danir og einir á báti, hafi unnið við iðnaðinn fyrstu árin, nokkrir á Bessastöðum fram til 1755 eða 1756 og síðan í Rvk. Ílentust ekki. Árið 1760 bara tveir og 1767 enginn.

Vandamál í rekstrinum:

/ 68 hluthafarnir orðnir féprota.⁶⁴⁴ Kaupmenn gerði allt til óþægðar, sem gátu og þorðu. Vildu ekki taka ketið af fé því sem þeir létu slátra, til að fá ull til klæðagerðar og skinn til sýtunar og þrjóskuðust við að selja þeim skinn úr versluninni. Hlutfélagsstjórnin lét því Skúla því fara utan á nýjan leik, Kh. 5 1753? / 69 Skúli fór utan um haustið á annarri duggunni, þeirri er flytja skyldi utan sumaraflann, en hreppti storma mikla og óveður og hrakti þá loks að Stað í Noregi. Skúli tók sér þá vetur setu á Sunnmæri og sá þar orskanet fyrsta sinni. Keypti tvö og hafi út hingað og kom þeim hér á. Lagði um vorið yfir Kjöl og suður Svíþjóð, áleiðis til hafnar, hitti stjórnina og tjáði vandkvæði stofnannana. Konungur gaf þá enn fé til stofnananna og lét fylgja bréf sitt og boðskap um að stofnanirnar mættu senda ket sitt til hafnar ef kaupmenn vildu ekki taka. Fékk nú með sér steypara einn, *Hurtigfeldt* að nafni, útlendur verkmaður nr. 6, til að vinna brennisteininn í Krísuvík. Hann hafði og út með sér furuvið til duggsmíðar og duggsmíð íslenskan, Krogh að nafni, útlendur verkmaður nr. 6, sem numið hafði skipasmíði við Hólminn í Kaupmannahöfn.

⁶⁴² Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶⁴³ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 163.

⁶⁴⁴ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

/ 69 mangarar sátu sig ekki úr færi fremur en áður að spilla fyrir stofnununum.⁶⁴⁵ Höfðuðu mál ytra móti Skúla og kváðu hann hafa misbeitt leyfi því um flutning á nauðsynjavöru sem K hafði veitt og flutt út tóbak og brennivín og sent utan 6 tunnur af þorski, sem duggurnar / 70 hefðu ekki veitt sjálfar. En Íslendingar kærðu mangara á móti. Ljótur sakir sannaðar og af þingvitnum víðsvegar af landi. Lét Skúli nú þetta ríða á þá og sló nú í hina hörðustu rimmu og urðu mangarar undir.

/ 79 Mangarar höfðu auð fjár og einkleyfi og þar að auki fylgi stórhöfðingja erlendis, þar sem voru greifarnir Ahlefeldt og Rosenkrants, oddvitar Hörmangarafélagsins.⁶⁴⁶ Flutningsmenn Skúla voru Heltzen justizráð, Norðmaður í ráðuneyti konungs, leyndarráð Otto Thott (Oddur Totti), en þá mest og best F K sjálfur 5. skúli og lögumautar hans félitlir og allir ragir, nema Skúl einn. Magnús Gíslason amtmaður var einna rökastur, en þó ekki hugmumstærri en svo að hann vildi ekki bíða eftir framkvæmdum Skúla, heldur fékk 300 rd. styrk hjá hkonungi 1751 fyrir meðmæli Pingels, dálítill klæðaverksmiðja á Leirá, bólstað sínum. Einkaleyfi fékk hann ekki, eins og Skúla grunaði.

Sigur 1753-4:

/ 71 Skúli kemur heim úr vetursetu, ferð nr. 5, 1753-54 með aukinn k styrk, ferðakostnað endurgoldinn, Lét reisa stórt verksmiðjuhús nýtt mjed tveimur hliðarbyggingum. Verksmiðjan flutt frá Leirá til reykjavíkur og sameinuð hinum.⁶⁴⁷ Rógur mangara erlendis hélt áfram. Fór því utan ferð 6. KH. 1755 K skipaði nefnd manna 30. mars 1756 til að skera úr um það hvort stofnanirnar félaginu til meins og miska, ... Öll nefndin var á bandi Skúla. Skúli og mangarar urðu nú ásáttir um mörg atriði hluthöfunum í vil. En þá bætti Skúli nýju atriðum við: að félagið skyldi skuldbinda sig til að kaupa allan fisk er aflaðist á duggurnar ákvæðisverði, tunnu af þorsk á 4 rd og pundið á 3 mörk saltþorski og stofnunum heimilt að kaupa ull og skinn af landsmönnum / 172 og mangarar skuldbindi sig til að selja hluthöfum allt að 200 skp ullar á 15 sk. pundið, ef þeir þættust við þurfa. Nú kom þvert nei. Telur að Skúli hafi gert þetta viljandi því hann vissi að mangarar voru á völtum fótum. brotið af sé náð og hylli stjórnar og konungs og beið úrskurðar.

/ 72 .⁶⁴⁸ Skúli keypti upp alla ull í landinu sem hann gat náði í, sendi stórlestir eftir henni austur og norður og lét sækja sjóleiðis veestur. Eflði saltfisksverkunina sem mest og lét flytja fiskinn á duggum til Danm. etc. svo að einokun varð eigi við komið að mörgu leyti. þetta dró smám saman dáðina úr verslun mangaranna. Stjórnin sendi nú álit sitt og tillögur til konung, 7. maí 1757. úr misklíð ekki lyeyst að fullu, stjórnin leyfði duggunum að ganga eftir þörfum. þar átti Skúli miklum sigri að hrósa. Fyrir atfylgi Skúla og Heltzens staðfesti konungur tillögur stjórnarinnar: Hluthafarnir mættu:

1. flytja út fisk og vinnu stofnanna og inn nauðsynjar þeirra.
2. flytja mætti á duggunum húsavið og korn til útsáðs frá NOregi
3. Hluthafar mættu selja innlendum klæði og sútaskinn
4. Mangarar skyldir til að afhenda hluthöfum 100 skipspund ullar gegn 20 rd.
5. þeir flytji endurgjaldslaust til landsins sáðkorn, hamp, hör og kálfræ
- 6 stofnanirnar haldi ekki fleri en 20-30 fasta fullgilda karlmenn á vertíð.

Nú sáu Mangarar sæng sína uppreidda og sögðu upp einkaleyfi sínu (1757) við árslok 1758. Tíðindin bárust K

⁶⁴⁵ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶⁴⁶ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶⁴⁷ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶⁴⁸ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

Skúla og hluthöfunum með vorskipunum 1757 og allir fögnuðu því að Skúla hefði tekist að sálga Grýlu og þótti nú sem landið væri leyst úr allri verslunaráauð. Hróðugur var Skúli ...

ástand innréttinganna:

/ 84 Á tímum konungsverslunarinnar 1759-1763 varð gengi stofnananna mest og Skúla sjálfs.⁶⁴⁹ Landinu skipt í 6 umdæmi, 6 kaupskip í stað 20 áður. mikil fækkun starfsmanna. / 85 kaupmönnum fengin ítarleg bréf í hendur eins og öðrum embættismönnum og swtarfsmönnum um þessar mundir, afarnákvæmlega sagt fyrir um hvað eina, stórt og smátt. tekið að undirbúa vetursetu á nokkrum höfnum og byrjaði Hólminum, ná í nauðsynjar að vetrinum án uppbrots sýslumanna og þingsvitna eins og áður hafði tíðkast um langan aldur. Kgsbr. 1. maí 1759. tekið fyrir úflutning á ull um stundarsakir, enda tóku stofnanirnar nú miklum framförum á næstu árum, arður að klæðagerðinni, sútuninn, færasnúningnum og brennisteinssuðunni. / 86 1752-1764 728 manns notið atvinnu við þær skemmri eða lengri tíma. 1763 16 sveinar, 45 drengir og 40 stúlkur við klæðaverksmiðjuna eina. menn tóku óðum upp rokka og vefstóla með nýja laginu víðsvegar um land.

/ 86 Markús Pahl umsjón með versluninni og sftirlit með stofnunum.⁶⁵⁰ jafnframt kaupmaður í Hólminum. átti að senda stjórninni nákvæma skýrslu um allt saman. þetta höfðu sögurnar unnið á. Stjórnin var farin að tortryggja Skúla. / 87 skv skoðanagerð Pahl's stofnanirnar virtar á 7240 Rdl. vegna umtals, satt og logið, kallað eftir ársreikningum frá upphafi / 88 1760 tilbúnir. K lagt til 61.000 rd en hluthafar 3.240 Rd. ég skanna töfluna og set yfir í Skúlamyndir. Mestar tekjur 1952-1959 af ullariðnaðinum, svo skútunum. tekjur stls rúm 50 þús rd, útgjöld 40 þús rd. meiri en tekjur. Reynslan sýndi síðar, 1764 að ullariðnaðurinn var sú grein sem vænlegust var til arða og þrifnaðar, og þó vildi það hörmulega óhapp til / 89 ap ghingað barst fjárkláði. Skv. reikn. Skúla 1764 hreinn arður af klæðasmiðjunni í tólf ár orðinn 7 þús rd, af breinnsteinsuðunni vel 3 þús rd, minna af færasnúningi og sútun en þó. Þá hafði tapast á duggunum 12 og hálf þús rd, reyndust mjög illa til fiskiveiða líka þurftu hluthafar sakir mótþróa mangaranna að hafa duggurnar til flutninga milla landa.

/ 89 Skúli fór utan 1760 með Óla Stephnsen bókarar, sem var kominn í stjórn stofnananna með þeim Skúla. Ólafur tók sér svo nærri aðfunnslur Pahl's við reikningshald hans og fjárdráttarsakir þæ sem bornar voru á stjórnendur stofnananna að hann sagði af sér bókarastarfinu.. Vildi helst að stofnanir og verslun væri rikið í sameiningu á kostnað K, eign hans, svo engin þræta yrði framvegis. Skúla hafði ekki ámóti, en vild ekki samþykkja að landið skyldi greiða aftur það fé sem K lagt þeim til. því K gaf féð skilmálalaust. / 90 ekki beit fjárdráttarsökin á Skúla, hún náði ekki til hans, þó að tvímæi léki á um bókarinna. Stjórnarráð fór yfir reikningana og fann ekkert athugavert. Kh. ferð 8 1760. Seinast í apríl stefndi stjórnin Skúla fyrir sig og fól honum framvegis allt eftirlit með stofnunum eins og verið hafði að upphafi. áður en Skúli fór heim fékk hann því á leið komið að stofnunum væri falið að byrgja flestar hafnir landsins að klæðavöru og færurum. Skúli kom heim með sæmd og sigri.

Sigur 1753-4: 1753: / 193 júlí. Skúli enn á ný kominn til landsins eftir vetursetu.⁶⁵¹ fólk tekið að setjast að í Reykjavík á seinna að snúa aftur heim til áthaga sinna og

⁶⁴⁹ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶⁵⁰ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶⁵¹ Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1701-1760, .

útbreiða kunnáttu. auðfengið í þjónustuna því að mjög hart er í ári um / 194 þessar mundir og bjargarleysi um allar sveitir.

1766 / 39 fimmtíu reknir úr vinnu í innréttingunum.⁶⁵² 53, Arv Gudmandsen. fátt fólk eftir, kaup lækkað, svipt skinni til skólegður, vaðmáli til rúmfata, sýrublöndu til drykkjar og ljósmeti öllu aðeins fjórir vefir í notun nýttast ekki til fullst. gjald hækkað til muna sfyrir ull, band eða voðir til litunar. Skúli löngum í Khöfn vegna málaferla við Almenna og ræður Arv því einn öllu. á döfinni að svipta Skúla umsjónarmannsstarfi vegna langrar og tíðrar dvalar erlendis.

1778 / 118 Konungur tekur við, samningur gerður.⁶⁵³ Hluthafarnir fá fyrir þær tæplega 7750 rd í peningum, gefnar eftir gamlar skuldir tæplega 7200 rdl. bundinn endir á mikil og langvinn málaferli Skúla við kaupmenn. INnréttingarnar eru nú mjög úr sér gengnar, húsin hafa ekki veirið bikuð, viðir grautfúnir og áhöld langalengi legið í vanhirðiu eða fullkominni óhirðu og spillst stórum. sumt ónýtt eða glatað.

Verslunarfrumvörp Skúla:

/ 74 frumvörp Skúla 9. júlí 1857: vakti helst fyrir honum að landsmenn legðu fram höfuðstól, 100 þús rd. svo landið gæti sjálft rekið verslunina, en sá þó að þeir voru ekki færir um það og vænti þes heldur ekki að landsmenn dirfðust að fara fram á það við konung að hann legði svo mikið fé fram, ofan á allar þær rausnargjafir sem hann hafði í té látið.⁶⁵⁴ / 75 Kh. ferð 7, 1757 Skúli samdi ítarlegt skjal, Pro memoria til stjórnarninnar og vakti alla höfðingjana við Öxará af svefni með því skjali, 9. júlí 1757. Magnús Gíslason skoraði á þá sem þá þingi voru, lögmennina Svein Sölvason og Björn Markússon og 9 sýslumenn, að ræða verslunarmálið. Þeir gáfu Skúla og 5 sýslumönnum umboð sitt til að ráð því máli til lykta. Viðeyjarfundur um haustið og Skúla falið af Magnúsi amtmanni, Ólafi varalögmanni Stephensen og 5 sýslumönnum fyrir allra hönd að sigla á konungfund og reyna að koma versluninni í það horf sem bent væri á í álitsskjali hans. Landsmenn eignuðust undir forsjá stjórnarninnar, „Hvers vegna eigum vér að láta þá mala kornið, baka brauðið, byrja ölið, brenna brennivínið, tilreiða tóbakið, smíða flest áhöld úr járn og öðrum málum til almenningsnota, spinna og vefa línúkana, snúa færðin slátra fé voru og salta fisk vorn? / 76 vér höfum sjálfir nægilegt vinnuafli til alls þessa, ef vér viljum færa oss það í nyt.“ ekki brestur ísl. náttúrna auð néæði, sagði Skúli einu sinni, heldur vantar menn til að erfiða í sveita síns andlitis.

/ 76 hann stingur í raun upp á kaupfélagi, segist þó telja frjálsa verslun eina farsældarskilyrðið, eigi enn geta þrífist á Íslandi, því landsmenn geti ekki staðist samkeppnina.⁶⁵⁵ Best í sambandi við danskt félag í einkaleyfi, versl.stjórnin sitji í Höfn og nokkrir Ísl eigi sæti í henni. Spara megi 30 þús rd á ári með því að hafa aðeins 5 aðalhafnir í stað 24, Hólminn, Grundarfjörð og Dýrafjörð, Eyjafjörð og Reyðarfjörð, birgja þær upp og leggja þær upp vörur / 77 upp á úthöfnunum, sem áður aðalhafnir. fækkar mjög kaupmönnum og starsfólki. sjá til að iðnaðarmenn setjist að á aðalhöfnunum, tilsögn í að mala í vatnsmyllum og hvandkvörnum. lögmenn og sýslumenn eftirlit með versluninni í sínu umdæmi. Ekki leigja verluðina, því of mikið vald falið í því.

⁶⁵² Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

⁶⁵³ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

⁶⁵⁴ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶⁵⁵ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

/ 77 þetta kom flatt upp á höfðingjana við Öxará, því farið fram á byltingu í verslunarháttum.⁶⁵⁶ var framsýnn. Allar stjórnarráðstafanir sem gerðar voru eftir þetta báru heim af tillögum Skúla að einhverju leyti og þóttu þá jafnan til batnaðar. / 78 siglingin haustið 1757, skjal hans lagt fyrir stjórnarráð konungs. stjórnarnherrarnir féllust á flestar tillgu Skúla, en Thott greifia þótti of snöggar og fljótráðnar breytingar. Dönsku kaupmennirnir mneyttu líka allra bragða til að tefja málið. / 79 ekki annar kostur en að reyna að sjá svo til að verslunin yrði sem heppilegust fyrir landið og stofnanirnar. Skúli sendi inn nýja álitserð um að stofnanirnar fengju einkaleyfi til að reka verslun í Hólminum, og K úrskurðaði þetta 18. apríl 1758. Stjórmin bauð upp hafnirnar 10. maí 1758 og enginn vildi bjóða í / 80 konungsverslun. Skúli aftur til Hafnar haustið 1758 8. ferð til Hafnar. / 81 hafði færst of mikið í fang með stofnunum, svo víðtækar

/ 87 kaflinn „Laus skjöl“ í skjalaútgáfu Lýðs Björnssonar: *Kaupstaður í hálföld.*⁶⁵⁷ Á alþingi sumarið 1757 afhenti Skúli Magnúsi amtmanni Gíslasyni tillögum um framtíðarskipulag veslunarmála í landinu, dagsettar 9. júlí. Magnús lagði fyrir valdsmenn á þinginu, vildu ekki taka ákvörðun á svo stuttum tíma. 5 manna nefnd, Viðey 4-12 sept. samkomulag um tillögur Skúla í höfuðdráttum. 5-6 höfuðkaupþún með undirverslunum. verslun allan ársins hring og laða þangað iðnaðarmenn. hafnað / 88 segja má að með þessum tillögum og iðnrekstri í Reykjavík hafi Skúli gerst brautryðjandi hugmyndarinnar um kaupstaði á Íslandi. þráðurinn tekinn upp tæpum þremur áratugum síðar. 1784 stjórnarskipti í DM, nýja stjórnin fylgdi kenningum Adams Smith um frjálsa verslun og hafnaði kaupskaparstefnunni. Eitt fyrsta verk stjórnarinnar varðandi Íslandsmál var að setja nefnd, *Landsnefndina síðari*, 2. feb. 1785, verslunin gefin frjáls þegnum Danakonung. / 89 Við athugun ljóst að mikið samræmi er milli hinna lögákveðnu kaupstaða og kaupsviða 1787 og tillagna Skúla frá 1757.

1757: / 224 Skúli leggur til að Íslendingar annist sjálfir verslunina.⁶⁵⁸ hvers vegna eigum vér að láta erlenda menn eina haf atvinnu af íslenskri verslun, mala kornið, baka brauðið, byrta ölið, brenna brennivínið, tilreiða tóbakið, smíða áhöld, spinna og vefa, snúa færðin, slátra fé og salta fisk vörn? lántaka í Khöfn. / 225 hörmangarar afsala sér frá næstu áramótum, fallnir í stórsektir fyrir vörusvik og vanefndir, kaupa sér vægð. / 225 bænarskrá sýslumanna um hengingu þjófa. Magnús Gíslason vill typtunar hús í landinu. látnir vinna við strangan aga. þó fylgjandi því að þeir sem stela fénaði á afrétti séu hengdir. annars hafa sýslumann farið sínu fram og hengt ófáa þjófa í hallærinu.

Aðfinnslur gegn Skúla:

/ 82 urðu æ háværarí.⁶⁵⁹ Ekki nema einn fámennur fundur í Viðey hjá Skúla, hluthafar átti að halda aðalfund á alþingi árlega. Ítarlega ársreikninga átti að leggja fram, fórst fyrir líka. allt komið í óreiðu og flækju á fáum árum enginn botnaði í. menn vildu vita til hvers konungsgjöfunum hefði verið varið. Skúli átti því krappri vök að verjast. / 83 bakbitinn og smánaður af löndum og hataður af kaupmnum. missti aldrei trúna Kh. ferð 9. 1760, í lífháska undir Kulen í Svíþjóð. orti sjálfur bænurvísu

illur yfirmaður / undirmálshyski:

⁶⁵⁶ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶⁵⁷ *Kaupstaður í hálföld 1786-1836*, 87-89.

⁶⁵⁸ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

⁶⁵⁹ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

1773 verið að rannsaka rekstur undanfarandi ára, forstjórnarnir fyrrverandi áttu þá fullt í fangi með að verjast ásökunum landsmanna.⁶⁶⁰ Ari Guðmundsson einn þeirra var alræmdur og illa liðinn. Hafði rekið rugi manna á umliðnum árum og vandaði þeim ekki kveðjurnar við réttarhöldin: „það er skoðun mín að stofnanirnar séu eigi ætlaðar til að vera opið hæli og samkunduhús fyrir alls konar flökkukindur, letingja, drykkjurúta og ónytjunga og þó hefi ég séð þess ljós dæmi þann stutta tíma sem ég hef dvalið hér.“ Markús Pahl, fyrrverandi forstöðumaður hafði svipaða sögu að segja. Þegar málefni Þorkels Þórðarsonar bar á góma sagði hann að Skúli hefði einn haft hönd í bagga þegar hann var ráðinn. Fógetinn hefði „veitt honum sem mörgum örðum slæpingjum móttöku og sett þá niður við stofnanirnar.“ Talað um þetta fólk sem sérstakrar tegundar, upp til hópa hálfgerð undirmálsfólk sem ekki hefði getað unnið hefðbundin störf til sjós og lands, börn, flakkarar, fatlaðir / 168 þvert á móti má gera ráð fyrir að starfsfólk Innréttinganna hafi verið venjulegt alþýðufólk, hvorki betra né verra en almennt gerðist.

sýfilisinn:

kynsjúkdómur að líkindum sárassótt kom upp í Reykjavík árið 1756 og var ekki yfirbugaður fyrr en upp úr 1760.⁶⁶¹ Olli verulegri röskun á starfsemi, margir veiktust og rösklega 20 dóu.

1746 / 160 eitt hinna nýju lagaboða að kaupmenn á hverju kvöldi þegar vinnu lýkur í kaupstað og trumba er barin, hugi vandlega að því hvort ekki leynist lauslútt kvenfólk í kaupmannshúsunum eða í grennd við þau.⁶⁶² sýslumaður á að hafa gætur á því að þessu boði sé hlýtt, prestar og hreppstjórnar er næstir búa

1756: / 211 Venussýki í Reykjavík og víðar.⁶⁶³ Undanfarin ár hefur borið nokkuð á sjúkdómi þeim sem kallaður er sárassótt, hér og þar um landið og nú síðast á fólki við innréttingarnar í Reykjavík. Bjarni Pálsson hefur tekið sér fyrir hendur að rannsaka þennan farladur, því að margir sjúkir menn leita á hans fund. Hefur kveðið upp úr með það að þetta sé lostasýki sú eða Venussýki sem nefnd er fransós og fyrrum var kölluð Púlverjasýki. Bjarni hefur tjáð amtmanni hvað við liggur ef útbreiðsla hennar verður ekki heft. fyrirmenn hafa ekki hlutast neitt til um þennan sjúkleika undanfarin misseri, alþýða manna hefur haft það í flimtingum er einhver veikist og brosað að en varúð hefur engin verið. síðan álit Bjarna fór að spyrjast hefur sett mikinn ugg að fólki. það ráð hefur veirð tekið að safna því fólki sem sjúkt er saman á Bessastöðum, þar sem enginn embættismaður hefur búið um skeið og hefur Hannesi Hákonarsyni, stúdent í Kalastaðakoti, verið falið að gæta þess þar og lækna að fyrirsögn Bjarna Pálssonar.

/ 256 Mannskæður kynsjúkdómafaraður geisaði í Reykjavík á fyrstu árum Innréttinganna og getur Ólafur Stephensen þess í greinargerð 12.des. 1760 að yfir 20 manns hafi látist úr sjúkdómi þessum á tveimur árum og var hluti þeirra iðnmenntaður.⁶⁶⁴

1775 / 98 maí, sáraveiki eða fransós kom upp í grennd við Akureyrarkaupstað í fyrrasumar.⁶⁶⁵ Talið að borist með dönskum undirkaupmanni er kom með kaupskipinu. þrjátíu manns í Eyjafirði hafa nú fengið þessa veiki. sýsli sent suður í

⁶⁶⁰ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 167-168.

⁶⁶¹ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 160.

⁶⁶² *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

⁶⁶³ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1701-1760*, .

⁶⁶⁴ Lýður Björnsson: „Vinnudeilur á 18. öld“, .

⁶⁶⁵ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800*, .

Læknisnes eftir lyfjum handa fjórðungslækninum, magnúsi Guðmundssyni, til þess að græða með sjúklingana.

Fyrir löngu þegar ég bjó á átjándu öld í þrjú ár og skrifaði sögu séra Snorra rímnappa á Húsafelli sá ég fæðingarhríðir Reykjavíkur með augum hans. Snorri orti: „Soltin tók með saurgan krik, hún Svæluvík“. Þetta vildi alþýðan heyra og vill enn, ljótt um framkvæmdavald og bisnismenn. Mannskæður kynsjúkdómur barst til Reykjavíkur í upphafi Innrétttinganna.⁶⁶⁶ Yfir 20 manns dóu, margir iðnmenntaðir. Það bendir til hins kæra leiks ásta á svæðinu og lífs í tuskunum. Bjarni Pálsson landlæknir komst fyrir sýkina. Fræg háðvísa efast ekki um hvaða sýki þetta var:

*Íslands góður ábate
af innrétttingum held ég sé,
kominn er fransós
kláði á fé
og kúrantmynt fyrir specie.*

Ullariðnaðurinn:

/ 122 7. okt. 1752 rita stjórnendur Innrétttinganna konungi og þar kemur fram að / 123 vefnaður er þá hafinn í verksmiðjunum.⁶⁶⁷

1765 / 27 vefstofa að Ási í Vatnsdal. Íslendingur sem fyrir allmörgum árum fót til Danmerkur til að læra vefnað, Jón Sveinsson, hefur falast eftir Ási til ábúðar.⁶⁶⁸ Hann á í Danmörku litla vefstofu með tveimur vefstólum og hefur lagt drög að kaupum á hinum þriðja. fái hann 600 rdl að láni úr konungssjóði til þess að standa straum af kostnaðinum við flutninginn og koma dúkagerðinni á rekspöl hérlendis. Margt ungra manna hefur ferð til Dm til iðnaðarnáms á undanförunum áru8m, enda stjórnarvöldin hvatt mjög til þess. fæstir síðan vitjað Íslands, sumir andast, aðrir sest að þegar námi var lokið.

1773 / 87 mynd af skotrokk sem er smíðaður af séra Snorra Björnssyni á Húsafelli.⁶⁶⁹

1781: / 136 mynd af mönnum að þæfa í tunnu innan við fjós, andfætis í tunnu.⁶⁷⁰ Maí, þófaramylla á Barðastönd. Davíð sýslumaður Scheving í Haga á Barðaströnd fór þess á leit fyrir nokkru við stjórnina að hún léti honum á té leiðbeinginar um gerð þófaramyllu sem gengi fyrir vatnsafli. honum hefur veirð sent sýnishorn ásamt leiðbeiningum um æskilega fallhæð vatnsins, tilhögun alla og magn þess vaðmáls er þæfa ma á einu. skal skila skýrslu í haust

/ 64 1753 var húsið í Krísvík reist og fjölgað húsunum í R og tekinn ráðsmaður til stofnananna.⁶⁷¹ Meðan verið að reisa verksmiðjuhúsin í Reykjavík settist Dannenberg að á Bessastöðum með klæðavefstól sinn, og átti magnús Gíslason orðinn amtmaður í stað Pingels að hafa eftirlit með honum. Stjórn stofnananna falin á hendur 3 sýslumönnum, auk Skúla: Bjarna Halldórssyni á Þingeyrum, Þorsteini Magnússyni og Brynjólfi Magnússyni. Bókhaldinu slepti Skúli 1753, við Ólaf Stephensen, því Skúli var jaafnan í förum og átti býsna annríkt.

⁶⁶⁶ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 82.

⁶⁶⁷ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innrétttinganna“, .

⁶⁶⁸ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800*, .

⁶⁶⁹ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800*, .

⁶⁷⁰ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800*, .

⁶⁷¹ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

Spunaverkið, vefnaðurinn, litunin og þófið.⁶⁷² Starfsfólkið skipti tugum, langflestir við vefnað og spuna. 1752 var á Bessastöðum fyrst, kominn í Aðalstrætið 1754 og að fullu og öllu ekki síðar en 1856. 1754 var ullarverksmiðjan að Leirá flutt í húsakynnin í Kvosinni. Dúkvefstoan síðust flutt frá Bessastöðum, jafnvel ekki fyrr en 1756. Þófaramyllan við Elliðaár rak smiðshöggið á framleiðsluna, þar vour voðirnar þæfðar og litaðar. Síðar flutt til höfuðstöðvanna og þá litunarhús reist við suðurenda Aðalstrætis þar sem nú er herkastalinn. Mikil litagleði - tóku að sér að lita fyrir einstaklinga. Garn, vaðmál, hörléreft, hörstrigi, grófur ullardúkur er nefndist kersey og þar á ofan svokallað sayetta sem mun einkum hafa verið notað í sparilök. Dýrustu tegundirnar af klæði nefndust pyklagaen og pack. Enn fremur kamgarn, flannel, emms eða embs, sem var sléttofið ullarefni og loks calemanque. Það var sérstök gerð ullardúka og voru ýmist einlitir, röndóttir eða með blómamynstri. Mest framleitt af pack og kersey. Úr fjölbreytni dró er fram liður stundir og umsvif minnkuðu. Gæðum hrkakað á sama tíma, voru þó umdeild fyrir.

Markaður mest innanlenad, en ekki auðunninn og kom þar margt til.⁶⁷³ Lélegar samgöngur og einokunarkaupmenn fluttu áfram inn klæði frá útlöndum. Flest heimili sjálfum sér nóg og höfðu lítil efni fyrir / 137 munað. Hlóðust því upp birgðir, útsla, geymsluhúsin lek og innan um dýrindis voðir léku mýs og rottur lausum hala og nöguð allt sem tönn á festi. Útflutningsskýrslur 1760-1784 tilgreina engan slíkan útflutning frá Reykjavík. Lítið var úr hörvinnslnni, sem upphaflega var gert ráð fyrir. Fjárkláðinn fór illa með vinnsluna. 1767 starfsemin skorin verulega niður og smiðjurnar upp frá því reknar með hálfum afköstsum í besta falli.

Taprekstur af ullariðnaðinum, svo mikill að furðu gegnir að hann skyldi tóra í hálfra öld.⁶⁷⁴ Árið 1757 voru sumir hluthafar komnir á þá skoðun að selja ætti fyrirtækið versluninni. Vonir til að tryggja mætti betur öflun hráefna og sölu með sameiningu við það félag sem sá um Íslandsverslunina. Loks 1764 dró til tíðinda varðandi sameiningu. almenna verslunarfélagið nýtekið við versluninni / samningur 2. apríl 1764. Skúli og Magnús fyrir hönd hluthafa og Skúli ekki gengið glaður til þess verks. Almenna réð öllu um reksturinn, hluthafa óbreyttir réðu aðeins 50 hlutabréfum af um eitt þúsund og höfðu því engin áhrif. Iðnaðurinn kominn í ákjósanlegt samband við verlunina. En skömmu áður en sameiningin varð að veruleika, aðfaranótt 27. mars eldur laus í Reykjavík.

Farið heim og vikið góssið í fataskápnum ykkar. Skúli sagði að 10 pund af ull þyrfti að meðaltali til að klæða hvern íslenskan heimilismann. Fimm kíló af fötum krakkar. Takk fyrir að nenna að koma og takk menningarnótt fyrir að hafa látið mig taka þessa dýfu, bara gaman. Bless.

Gottrup er talinn hafa komið með fyrstu rokkana og nútíma vefstólana 1711-1712.⁶⁷⁵ Síðan Jón Árnason lágréttan vefstól að erlendri gerð um 1720. Magnús á Leirá og félagar stefndu ekki að grundvallarbreytingum á samfélaginu eins og Skúli, hin íslenska vefarafabrikka stofnuð af Hinu íslenska hlutafélagi og rekin á Leirá frá 1751 var árangur þeirrar viðleitni. Upphaf blómaskeiðs vefsmiðjuvinnslu á 18. öld.

Hrefna Róbertsdóttir sýndi fram á að Skúli gekk inn í ferli sem þegar var

⁶⁷² Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 136.

⁶⁷³ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 136-137.

⁶⁷⁴ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 138-139.

⁶⁷⁵ Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*, 27, 29.

hafið, hugmyndir forvera hans við stjórn ullarviðreisnar hafi etv hentað landinu betur.⁶⁷⁶ En seinkað þéttbýlismyndun.

Tvennskona ríð, taugerð og klæðagerð.⁶⁷⁷ Jón Aðils kallar dúkvefnað og klæðavefnað.

skiptist að erlendum hætti í framleisölu taus og klæðis.⁶⁷⁸

sýslumönn tilkynntu að plögg yrðu lituð og þrykkt gegn vægu verði.⁶⁷⁹

Litunin fluttist frá Elliðaám til Reykjavíkur og að lokum til Hafnar.⁶⁸⁰

Þótt nýir aðilar tækju við rekstrinum var Skúli með fingurna á fyrirtækinu, sem landfógeti, eftirlitsmaður með rekstrinum til 1769 og stærsti hluthafi. Hann hélt uppi kærur og málaþófi eftir sem áður.⁶⁸¹ 1764-1774 tók Almenna verslunarfélagið við rekstrinum, í eigu konungs 1774-1779. Sá um alþjóðlega verslun Dana við Finnland og nýlendurnar í Afríku, Karíbahafi og Grænlandi. Var brautryðjandi í að afla markaða fyrir saltfisk í Miðjarðarhafslöndum, stuðlaði að umbótum í fiskveiðum og verkun afla. Lét fyrstu kaupmenn hafa vetursetu hér á landi á 5 höfnum. Skref í átt til nútímans. Litu á Innréttungarnar sem gróðastofnun frekar en skóla. Skúli kenndi Almenna verslunarfélaginu um 5 utanreisur sínar. Hann var þó aðalumsjónarmaður fyrirtækjanna eftir samningi við AV.

Stóðu fyrir uppsögnum á fólki til hagræðingar rekstrinum, greip til harkalegra hagræðingar ráðstafanna, eins og Lýður segir á stofnanamáli.⁶⁸²

Konungur rak Innréttungarnar 1774- ... 1784 við stjórnarskipti og kaupskaparstefna og kammeralismu lagður á hilluna.⁶⁸³ Nýi stíll var að afnema hömlur og ríkisafskipti. Bók Adams Smiths *Auðlegð þjóðanna* nýkomin út á dönsku. Aflagðar styrkveitingar, verðlaun tekin upp í staðinn. Þar með voru örlög Innréttunganna ráðin. Að lokum hús og vefstólar seld. Kaupmenn keyptu það sem eftir var af Innréttungunum 1799. Bærinn hélt velli.

1784 var Skúla boðið sem stærsta hlutafjäreiganda að taka aftur við fyrirtækinu en afþakkaði.⁶⁸⁴ Orðinn lúinn, fjárlítill. Kóngur rak áfram til loka. Reynt var að selja þær samkvæmt nýrri stjórnarstefnu í hagstjórn en enginn vildi kaupa. Tveir kaupmenn keyptu 1899 og ráku um stutt skeið.

saltvinnsla:

1773 / 89 Þorkell Fjeldsted í landsnefndinni 1770 gerði í hitteðfyrri saltsuðutilraunir á Reykjanesi við Djúp og fékk þá pott af hörðu og þurru salti úr átján pottum af sjó eftir sólarhring.⁶⁸⁵ sjónum dælt í stök sem hann rennur eftir í saltsuðuhúsin september. hveravatn látið spýttast undir saltþönnurnar og eima sjóinn.

Litunarhúsið:

⁶⁷⁶ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 16. /

⁶⁷⁷ Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*, 30-31.

⁶⁷⁸ Hrefna Róbertsdóttir: *Landsins forbetran*, 25.

⁶⁷⁹ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 46.

⁶⁸⁰ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 71-72, 88.

⁶⁸¹ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 90-91, 126, 128-129, 132. / Lýður Björnsson: *Skúli fógeti*, 65.

⁶⁸² Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 122, 160.

⁶⁸³ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 143-146.

⁶⁸⁴ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 159.

⁶⁸⁵ *Öldin átjándá. Minnisverð tíðindi 1760-1800*, .

/ 63 byggt á sama stað og Þófaramyllan, við Elliðárnar árið eftir með ærnum kostnaði móti vilja Skúla.⁶⁸⁶ Dannenberg kvað vatnið í R óhæft til litunar. Að nokkrum árum liðnum flutt til R og bar þá ekki á öður en vatnið reyndist fullgott. Sérviska D hafði kostnað í för með sér og óhægindi, þar sem húsið svo bagalega langt frá verksmiðjunni.

sauðfjárnú:

/ 130, Innréttingarnar settu á stofn sauðfjárnú í Helliskoti í Mosfellssveit, í reikn. 1760 fyrst og síðast 1763, þó sett á stofn 1758. heildartap þessi ár tæpir 120 rd. en líkur til að hluti eigi rætur að rekja til gjaldfærðs stofnkostnaðar.⁶⁸⁷

Bruninn:

1764 / bls 22, apríl. aðfararnótt 27. mars.⁶⁸⁸ / 23 Ámundi Jónsson vefari vaknaði um miðnættið, vakti fólk sem talið er að ella hefði bunnit inni, eldurinn svo bráður að klukkan hálfvö þrjár vefstofur brunnar með öllu sem í var. verður mikið svo óhægt um slökkvistarf, þó tókst að varna því að eldurinn næði fleiri húsum. menn giska á að skar af kolu sem m ógætlega var farið með hafi kveikt í húsunum. hús, vefstólar og önnur áhöld metin á 2200 dali, dúkar, færi og ullarbirgðir á 1075 dali. verkafólkið missti fatnað og muni alls 430 dala virði. ágúst: vinna ekki stöðvast að ráði, um áramót gert ráð fyrir að afköst í svipað horf, nema hvað ekki enn efnt til myllu til að tvinna í band þar sem timbur í hana vantar. Spunakonur voru fljótlega fluttar út í Viðey og upp að Elliðavanti en vefarar settir niður á Leirá og látnir vefa þar rask.

/ 124 brunnu þrjár vefstofur með tíu vefstólum, en húsin reist á nýjan leik næstu ár.⁶⁸⁹ brunnu eigur 38 verkamann og 32 verkakvemma

/ 143, Hans Christensen kaupmaður gaf árið 1773 út reglur um meðferð elds í verksmiðjuþorpinu, bannað að fara óvarlega með eld, t.d. að bera hann milli verksmiðjuhúsanna án varúðarráðstafana / 144 að viðlagri tíu fiska sekt við fyrsta brot.⁶⁹⁰ Af bréfi frá Runólfi Klemenssyni verksmiðjustjóra til stiftamtmanns 4. júlí 1793 má ráða að verksmiðjurnar fengið send slökkvitæki með fálkaskipinu 1789, vatnsdælur, fötur, slöngur og brunastiga, upphaf brunavarna í REYakjví. Levezov samdi ítarlega tillögu að tilskipun um brunavarnir og slökkvilið í Reykjavík og sendi rentukammerinu en ekki var hún staðfest. 2. sept. 1789.

brunnu fabrikuhúsin 3, allir vefstaðir og verkfæri, sem því erfiði þénaði, öll þessa árs vinna og öll óunnin ull og mestallir fjármunir fabrikufólksins sextíu að tölu.⁶⁹¹ Það komst úr, margt lítt klætt en sumt nær nakið. Tjónið hátt í fjögur þúsund Rdl, fólkkið sett niður á bæi í nágrenninu til bráðabirgða og tekið til við vinnu svo fljótt sem auðirð var. Vefir voru settir upp í Viðey, á Elliðavatni og á Leirá. Innan skamms risu úr rústnum ný verksmiðjuhús í Reykjavík. beint tjón 70 starfsmanna var virt á rúma 430 Rdl og sumir töpuðu verlulegum uupphæðum. Þorleifur Sigurðsson rúnum 27 dölum, Jafet Illugason jafnvirði 70 dala. Hallur / 223 Gíslason 65, Teitur Sveinsson rúnum 17 og Jón Þorsteinsson rúnum 13. meðalárslaun starfsfólksins þá um 30 dalir.

⁶⁸⁶ Bjarni Jónsson, kennari: „Skúli fögeti“, .

⁶⁸⁷ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttinganna“, .

⁶⁸⁸ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800*, .

⁶⁸⁹ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttinganna“, .

⁶⁹⁰ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttinganna“, .

⁶⁹¹ Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti*, 139, 222-223.

Fjárkláðinn:

1756 komið á fót sauðfjárræktarbúi að Elliðavatni, þar sem rekinn var blómlegur búskapur til 1764 fyrir reikning konungs undir forstöðu Friedrichs W. Hastfers baróns. Kynbætur í þeim tilgangi m.a. að útvega verksmiðjunum fíngerðari ull. Valinkunnir útlendir hrútar fluttir hingað til lands.⁶⁹² / 138 afleiðingar kláðans geigvænlegar, mesta usla milli Hvítár í Árnassýslu og Hvítár í Borgarfirði. Sauðfé á landinu mun hafa fækkað um 60% 1761-1770. Tilskipunin um niðurskurð 1772. Fjárskipti hófust 1772 og var ekki lokið fyrr en 1779.

1761 / 6 ástæðan fyrir innflutningi kynbótahrúta sú að ull af útlendu fé er í margföldu verði.⁶⁹³ Magnús Gíslaon amtmaður flytur hvatningu á Öxarárþingi og útbýtir riti sem Hastfer barón hefur skrifað um fjárrækt, um sauðatímgun, prentað Khöfn. margir gera sér vonum að ullin batni og verð hækki, ef blandað ensku og holsteinsku fé. Magnús hefur með sér til Þingvalla reyfi af kynblendinum sem hann hefur sjálfur alið upp á Leirá og lét rýja í viðurvist tveggja sýslumanna til að sýna þingheimi hve þau bæru af ull af alíslensku fé. af ensku kyni að 3/4 og slík ull seldist utan lands á 32-48 skildinga en af íslensku aðeins 12 skildinga í Khöfn. hve Íls mættu vera konungi þakklátir fyrir fjárbúið á Elliðavatni, Ó, hve náðugur herra er girnist að gera sína fátækustu undirsáta hluttakendur í slíkri lukku! beinir orðum sínum einkum til lögmanna og sýslumann og bauðst til að láta þeim í té útlenda hrúta og hrútlömb gegn loforði skriflegu um að þeir skyldu haga fjárrækt sinni skv bæklingi Hastfers. það þá hvetja presta og bændur. / 7 í hitteðfyriravetur í Hjálmholt talsvert selt þaðan af kynblendingum, skiptir féð nokkrum hundruðum. / 6 götugir bjórar á Vatni, ágúst 1761, rétt eftir þing. Guðmundur Runólgsson sýslumaður fór að Elliðavatni ásamt tveimur tilnefndum bændum, skv fyrirmælum Magnúsar amtmanns Gíslasonar til að virða bjóra af 65 kindum sem veslast hafa þar upp síðan í júlímánuði í fyrra. tveir útlendu hrútanna drepist, austur í Hjálmholti drapst og í vetur hrútur sem kom til landsins 1756 ... bjórnir svo götugir að ekki gat heitið í þeim heil brú

1762: / 16 nóvember: ógurleg fjárpest breiðist óðfluga út um Suðurland og Vesturland.⁶⁹⁴ kjötið ei etandi matur utan kannski fyrir sárhungraða ætlað að borist með útlendu hrútunum. til marks haft að enskur hrútur drapst á leið hingað í fyrrasumar, annar kom á land veikur en var þó látinn ganga með öðru fé. Árnassýslu og norður í Dali. Magnús amtmaður á Leirá hefur orðið að lóga 70 fjár í haust - í Árnassýslu drepist um 600 fjár, í Hjálmholti hjá Brynjólfi sýslumanni Sigurðssyni misst 80. Féð verður allt slegið hrúðri og kaunum, ákafur kláði svo að skepnurnar fikjast eftir að nudda við það er þær ná til, þurrar skurfur og ákomur, virðist byrja í nárum og / 17 á koðra. þegar veikin hefur búið um sig hleypur hörundið allt í einu í eina hellu og taka sig þá oft upp ígerðir og kýli sem éta sig inn í holdið. slær bleytusudda á herðakamb, bak og síður hinna sjúku kindu unz kápan flagnar öl af hörundinu go verður þá eftir vot og spillt kvikan. ígerðir á höfði eða fótum, getur hent að augun grafi úr skepnunum og af eimleysi horn og klaufir. Kjöt af sjúku er blásvart þar sem skurfurnar standa í hold, stundum lítt ætt. menn sjá á fénu urmul lítill skorkvikinda sem þeir nefna haflús, ætla að af henni kvikni ormur, rauður um höfuð og með ofurmjórrí rófu, er skríði inn í holdið go hreiðri þar um sig. aðrir segja að sjúkdómur kunnur í sauðfé í öðrum löndum og nefna pestina fjárkláða.

⁶⁹² Þorleifur Óskarsson: *Saga Reykjavíkur í þúsund ár, 870-1870. Fyrri hluti, 137- 138.*

⁶⁹³ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .*

⁶⁹⁴ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .*

1764 / 21 janúar: bændur úr kláðahéruðunum flykkjast í verstsöðvarnar.⁶⁹⁵ Mjólkurmatur af skornum skammti og hörgull á ull í skjólflíkur og skinnum í sjóklæði. á sumum stórbýlum hefur hann þegar grandað tvö til þrjú hundruð fjár, víða á bæjum aðeins eftir nokkrir tugir kinda. amtmaðurinn á Leira meðal þeirra sem nálega fjárlausir. kláðinn virðist annað veifið sljákka svo gýs hann óðar upp aftur, hálfu magnaðari, sömu kindurnar yfirfallnar hvað eftir annað, uns pestin nístur úr þeim lífið eða eigandinn sér að þeim ekki lengur lífvænt. sneiðir helst hjá dalabændum. úr sumu hverfur allur nýrnámör og jafnvel mergur úr beinum, þótt haldi talsverðum holdum. sjúkt fé er bannað að reka í kaupstað, sérstakir eftirlitsmenn á Eyararbakka. skerðist mjög um ull og mjólkurmat, ær í kvíum nauðafáar, kýr ekki aldar upp í skyndi til að bæta þann missi. lágt í sáunum hjá húsmæðrum og smjörsafn af skornum skammti, allir flykkjast í ver, **1765** / 28 Leirá 30. sept. Magnús Gíslason amtmaður: ull og skinn í sjóklæði er nú í ár tvöfalt dýrari en áður, já, fæst eig keypt nema efnafólki sem getur sent langa leið, meira en fimmtíu mílur eftir þessu og verður þó kaup hvort tveggja dýrum dómum. Kvenfólkið á Suðurlandi fær nú að sofa frá sér tímann, því það getur ekkert gert.

1772 / 74 fjárskipti fyrirskipuð alls staðar þar sem kláðans orðið vart.⁶⁹⁶ öll fjárhús rifin, veggjum sundrað og timbur úr þeim sviðið í eldi áður en reist eru ný, rýmri og loftbetri. sauðfé í landinu ætlað að hafi fækkað um meira en helming, mjög kreppt að fólki þótt margir reynt að fjölga nautpeningi og koma upp geldneytastofni til mónvægis. áðrir leitað í verstöðvar sér til bjargar. fjárskipti hófust í fyrri, hluti Rangárvallasýslu og Barðastrandar / 75 nú í haust áfram. sumir geta ekki beðið, áðrir berjast hatrammlega gegn þessum ákvörðunum og telja ögrun við guð, sem sé að hegna landsfólkinu fyrir guðleysi þess með fjárkláðanum

1776 / 102 Þórður Thoroddi hefur séð í Svíþjóð klippur til að klippa ull af sauðfé og list stórvel á.⁶⁹⁷ Hann hefur teiknað klippurnar og sent stjórninn með tilmælum um að reyndar á Íslandi. / Gunnar segir að fyrstu lög gegn pyntingum dýra í Írlandi, klippur og bann við að binda plóg við halann á uxanum. enn rífið reyfi af kindum með hníf þegar Jónas skrifaði Þjóðháttabókina sína.

1779 / 123 fjárskiptum lokið á öllu kláðasvæðinu þó enn grunur um kláða í Miðfirði.⁶⁹⁸ harðskeytt samtök gegn fjárskiptunum voru hvergi gerð nema í Þingeyjarsýslu vestan Skjalfandafljóts, austasta fjárskiptasvæðinu á Norðurlandi, einkum megn í Bárðardal og Fnjóskadal og veittu prestar sveitanna þeim samtökum bænda forystu. Töldu fé lítt sýkt, fjárskiptin frestuðust um eitt ár vegna þessa samblásturs. yfirleitt tekist að fá nýtt fé jafnóðumfyrst án styrks, en seinna gefinn eftir hluti konungs af tíund og gjaftolli, skipt á milli efnalítilla bænda er ekki voru á sveit. rúmlega 4000 ærverð. smátt skammtað, einn til þrjár rdl í hlut / 124 og sumir 64 skildinga

íðnskóli:

Fjöldi fólks vann við fyrirtækið, langflestir við ullariðnað, spuna og vefnað.⁶⁹⁹ Fyrstu árin einnig unnið við garðrækt, akuryrkju, trjárækt, sútun og kaðlagerð í Reykjavík og skipasmíði í Örfirisey. Þófaramylla og litun var inni við Elliðaár, en litunin fluttist til Reykjavíkur. Árið 1755 voru átta hús risin í Reykjavík og árið

⁶⁹⁵ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

⁶⁹⁶ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

⁶⁹⁷ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

⁶⁹⁸ Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800, .

⁶⁹⁹ Þorleifur Óskarsson, 117-118, 123.

1774 voru hús Innréttinganna þar orðin tuttugu, þar af sjö timburhús, sex með múrbindingu.

dýrt vinnuafll fyrst, meistarar með ofurlaun, sá fyrsti á við biskup.⁷⁰⁰ Til að lokka þá á svo ömurlegan stað. Vefarar og spunakonur unnu fengu greitt eftir afköstum. titlaðir namar, námstími misjafn. Þekking dreifðist út frá vefsmiðjunni, *putting out system*, fólk lærði að flokka ull og þó nokkur spuni á rokkum fór fram úti í sveitum. einkum háembættiskonur hlutabréfaeigenda og stúlkur þeirra, en líka bændur.

Skúli hafði í huga að I áttu að vera iðnaðarskóli fyrir landið, en eigi gróðafyrirtæki, eins og AV vildi.⁷⁰¹

/ 110, verkleg fræðsla eitt af aðalmarkmiðum Innréttinganna, lítt fylegt fyrr en upp úr 1770.⁷⁰² á áttunda tug Ólafur amtmaður Stefánsson fylgdi fordmæinu og setti ullahverksmiðju á í Sviðholti. bókleg fræðsla um atvinnumál stórjókst eftir 1770. bækur og ésar, Olavius og Thoroddi og Lærdómslistafélagið 1779. tólf námsmenn, Jón Elríksson fyrsti forseti þrengdi allvítt verksmið upphafsins. höfuðtilgangur að fræða ði bústjórnarefnum, auka að kenna snjöll vísindi. efnisval fjölbreytt, melkorn, salterð, hvalveið, túnraekt, áurðu, áveitur, heyskapur, marsvínaveið, bátasmíði saltfiskverkun, járnsmíði, lax- og silnigusveiði, smáufsa meða grannþjóða, fuglaveiða ír Drangye og áraveiðar. / 111 líktist um margt tímariti Eiríks Pontoppidans, *Danmarks og Norges Oeconomiske Magazin*.

1779: / 124 Gamli vefstóllinn. Tugir ára eru liðnir síðan ný gerð vestóla kom fyrst í landið og fjöldi fólks hefur lært að vefa í hinni nýju gerð í innréttingunum í Reykjavík.⁷⁰³ Um allt land eru samt gömlu verstólarnir algerlega drottandi, enda þótt seinlegt sé að vefa í þeim.

/ 144 rentukammersbréf dagsett 156. júlí 1783 stíla til nokkurra sýslumanna.⁷⁰⁴ tjáð að stjórn konungsverslunarinnar sé fús að ráða tvær ungar stúlkur og einn pilt úr hverri þessarar sýslna að Innréttingunum, njóta ókeypiss kennslu, fæðis og húsnæðis yfir námstímamann og fá ókeypiss vinnuföt að því tilskyldu að þau færu síðan aftur heim í sýslur sínar og kenndu öðrum. námstíminn 3-4 ár að meðaltali. við brautskráningu skyldu hverjum pilti fenginn vefstóll ogt hverri stjúllu 1-2 góðir rokkar endurgjaldslaust. staðfest með öðru rentukammersbréfi 23. júlí 1785 , ekki fleiri en kveðið var á um 1783. Bendir til að um nokkra aðsókn hafi veirð að ræða. af bréfum frá Runólfi Klemenssyni til stiftamtmanns 1. feb. 1792 og 8. nóv. sama ár má ráða að í Innréttingunum hafa stundað nám ungmenni ú Rangárvalla-, Árnse-, Gullbringu-, Borgarfjarðar-, Mýra-, Húnavatns- og Eyjafraðarsýslu. ekki af heimilid þessari ráðið að þau hafi fengið ókeypiss rokka, en vefstóla og önnur áhöld til vefnaðar fengu þau. / 145 Innréttingarnar = fyrsti iðnskóli Íslands.

iðnnám erlendis:

/ 99, styrkti menn til iðnnáms í Dm, 1751 sjö menn sendir utan og nutu styrks, haustið 1759 með Hólmskipi sjö menn þessara erinda og stunduðu á ríkisstyrk næstu ár.⁷⁰⁵ / 102, 28. maí 1785 boðið að senda átta Íslendinga á ári til náms í vefnaði og spuna, afnumið 1788 afnumið en þá nokkrir við slíkt nám í Reykjavík. dæmi um skakka forræðishyggju að kennd meðferð hörs ekki ullar.

vörudreifing:

⁷⁰⁰ Lýður Björnsson: *Íslands hlutafélag*, 81, 150, 166.

⁷⁰¹ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 177.

⁷⁰² Lýður Björnsson: „Atvinnumál,“ .

⁷⁰³ *Öldin átjándi. Minnisverð tíðindi 1760-1800*, .

⁷⁰⁴ Lýður Björnsson: „Ágrip af sögu Innréttinganna“, .

⁷⁰⁵ Lýður Björnsson: „Atvinnumál,“ .

landbúskapur:

erlendir bændur:

/ 126, 1752 14 norskar og jóskar bændafjölskyldur, jarðrækt og akuryrkja. flestar hjá sýslumönnum, eða samtals 8, ein hjá Skúla í Viðey, ein við Innrétingarnar og ein hjá Sveini lögmanni Sölvasyni, en aðrar hjá bændum.⁷⁰⁶ lítill árangur, hart í ári, ónóg aðstoð Íslendinga ekki hirt um að verja fyrir búfé, síðasti bóndinn virðsit hafa farið af landi 1762. kostnaður 5534 rd 86 sk. / 127, óvant mataræði landans, getur við hæfi mjölmatur og saltað smjör í stað skreiðar undan jökli og gráðans. greinargerð samin af Bjarna Halldórssyni sýslmannni á Þingeyrum, hvorugur skildi annan, hollt að muna að tilhliðrunarsemi kemur sér vel, en kerskni og furstaskapur illa. þó kennt heimamönnum að kalddengja ljái, sem sparar mjög viðarkol, og að brýna með spýtu sem sé bikuð og fíngerðum sandi stráð í bikið. vill fólk af fleiri þjóðernum, Svía Hollendinga og Englendinga, af þeim mætti læra ýmislegt sem rífi úr aðgerðrleysinu (inertia)

Ekki gekk sem skyldi að reisa vefsmiðjur á tímabili handiðnaðarins úti í Evrópu.⁸⁴⁹ Innréttngasöguna verður að skoða út frá stóra baklandinu erlendis. Þrátt fyrir allt í hálfu öld, bæði þær og brennissteinsvinnslan. Velgengnina þarf að meta út frá félagslegum og svæðisbundum þáttum. Auðvitað var það sem gerðist miklu betra fyrir sálarástand annarra en fýlupúka en algjör kyrrstaða. Við tókum þátt í átjándu öldinni, á okkar hátt eftir okkar getu.

Myndir:

Eftir Guðrúnu Skúladóttur er m.a. varðveittur hökull sem hún saumaði fyrir kirkjuna í Viðey og er hann geymdur á Þjóðminjasafni.




⁸⁴⁸ Jón Jónsson Aðils: *Skúli Magnússon landfógeti*, 211, 244-245.

⁸⁴⁹ Hrefna Róbertsdóttir 2001, 42-43, 47.

... Udsnit af Hendrik Krocks monumentale loftsmaleri "Det guddommelige forsyn" i Kancellibygningen (Den røde bygning) i København, cirka 1720.

Rskjs. Dana. Rentekammeret 303: 372.55: 1752-1760. Breve og dokumenter vedr. "de nye indretninger" på Island.

Kiöbenhavn, d. 19de April 1753, SMagnúnssen, allra undirdánugasti og allratrúpliktsskyldasti arvaundirsáti og ténari.⁸⁵⁰ Íslandskortið fína er framan við þetta bréf.



1764 / 23 tvíhjóla rokkur úr innréttingunum.⁸⁵¹ skanna myndina og set í Skúlamyndasafn

meira en fimmtíu koparstungnar myndir í ferðabók Eggerts og Bjarna, á dönsku í tveimur stórum bindum besta lýsing á landinu sem skrifuð hefur verið.

muna mynd Eggerts Ólafssonar, Málverk íslenskunnar, Ísland í gervi konu í dökkri síðhempu með barðastóarn hatt á höfði ofan á trafafaldi.

menn spýta skinn og þurrka bera í lýsi og elta því næst í brák sem gerð er úr hrúshorni. Fest í bita með sterkum böndum. skinnið dregið fram og aftur, langsum eða þversum ums hæfilega mjúkt.



myndir eftir Eggert Ólafsson:

⁸⁵⁰ Rsk
Island.
⁸⁵¹ Öld

55: 1752-1760. Breve og dokumenter vedr. "de nye indretninger" på
-1800, .



Innsigli Skúla fógeta er í eigu Skúla Halldórssonar tónskálds, afkomenda, í flottum umbúðum, bók útg. 1990.⁸⁵² / annað innsigli fundið í Viðey: Mbl. [25. ágúst 1989](#) | Innlendar fréttir | 52 orð **Innsigli Skúla fógeta fundið í Viðey Fornleifafræðingar hafa fundið rúmlega** tveggja alda gamalt innsigli Skúla Magnússonar landfógeta í Viðey. Innsigli Skúla fógeta fundið í Viðey Fornleifafræðingar hafa fundið rúmlega tveggja alda gamalt innsigli Skúla Magnússonar landfógeta í Viðey. Ólöglegur málmklumpur, sem kom upp úr yfirborðslögum við Viðeyjarstofu í fyrrasumar reyndist eftir hreinsun vera mjög vel varðveitt koparinnigli, sem sennilega hefur ekki verið til embættisnota, heldur persónulegt innsigli Skúla. Sjá miðopnu.

Pjms. 6853 myndin fína sem ég þrælnotaði í Snorra frá Húsefeld.

Pjms. 553 Leirárteikningin fína líkl. 1766-1767 Magnús amt Gíslason sat enn staðinn.



kona reiðföt 1772

⁸⁵² Ingi Sigurðsson: „Upplýsingin og áhrif hennar á Íslandi“, 24.



minjasafn Reykjavíkur



úr Íslandsvöl Taylors

4 HAGFRÆÐI SKÚLA: SVEITABÓNDINN

9a - um ritið

9b - vinnufólk

9c - meðalbú

9d - ull, ull og aftur ull ...

9e - hvað kostar að senda mann í verið?


9f - um búskap og ábata lausamanns

9g - duglegi bóndinn og sá lini

9h - sjór og land

9i - ástæður volæðis ... ær og kýr

9j - hunangskökur og sýróp



HAGFRÆÐI SKÚLA: SVEITABÓNDINN

um ritið

Skúli fógæti Magnússon skrifaði rétt fyrir Móðuharðindin og á meðan á þeim stóð ritið *Sveitabóndann*, sem varpar ljósi á hagsögu og hversdagssögu síðari alda. Lærdómslistafélagið gaf það út. Skúli hafði áhuga á hagfræði síðan hann var stúdent í Kaupmannahöfn. Í þessu riti dregur hann upp mynd af meðalbónda, og telur upp í nákvæmum smáatriðum kostnað, gróða og tap hans til sjóss og lands.

Skúli fékk útrás fyrir áhuga sinn á hagfræði og sögu gegnum starf sitt sem landfógæti, en blómstraði sem slíkur í þessu riti sem lærdómslistafélagið gaf út 1783-1785, á meðan hann húkti gigtveikur áralangt í höfuðstað ríkisins. Ritið kom út í þremur hlutum, prentað í Höfn. Gamla ljónið, sem forðum keypti nýtt letur til Hólaprents, bograði yfir setjurum prentverksins þegar gigtin gaf fótaferð. Litlar heimildir um líf hans fjarri fjölskyldu í Höfn. Rólegheit ríkja í þessari síðustu dvöl hans þar, minni drykkja og hangs á krám og í vinahúsum ímyndar maður sér, úr því hann komst heilu og hálfu misserin ekki fram úr bælinu fyrir gigtinni. Það skrifaði hann dóttur sinni, og ýkti kannski til afbötunar veikindi sín.

Hann er vel sjötugur, fæddur 1711, enn í andlegu fjöri. Sat í bókhlöðu konungs og skjalasöfnum með aðgang að hagtölum aldanna. Eitthvað af eigin bókum og skjalakroti hefur hann með sér, eða geymir úti þar sem hann er vanur að búa. *Sveitabóndinn* lýsir lífsbaráttu árið um kring í löngu tónverki, grunnstefið er 20 hundraða jarðar ábúandi og vinnufólk hans. Út frá því spinnur hann ótal tilbrigði. Bókina prýða tölfræði töflur. Nú reynir á að segja frá þannig að lesandi drepist ekki úr leiðindum.

Bókin er í heild sinni hvatning til að byggja jarðir fleira vinnufólki, vinna betur úr gjöfum lands og sjávar, lifa betur. Hvernig átti Skúli með þessa umhyggju og löngun til úrbóta og baráttu fyrir betri verslun að samþykkja að láta flytja nær hungurdauða landa sína til Danmerkur? Missa tungu, kveðskap, tign landsins, menningu. Sem á brjóstum borið hefur mig. Kærleikur til lands og menningar sést ekki bara á ljóðum heldur líka á áhuga Eggerts Ólafssonar á fornum brúðkaupssiðum. Einskonar þjóðbygging var hafin í hópi Skúlamanna. Rit Skúla um hagfræði landsins er eins og Innréttungarnar í anda upplýsingar. Sem fól í sér verklega þjóðbyggingu.

vinnufólk

Skúli sýnir fram á samhengi tímanna í föstu verðlagi vöruskipta aldanna. Kostnaður við að halda vinnumann eftir nýja taxta er næstum sá sami og í Búalögum miðalda. Það er eins og tíminn hafi staðið í stað, sem hann gerði að þessu leyti og í verkmenningu þjóðar. Laun vinnumanns árskaup og uppheldi er: fiskur, smjör, sýra að drekka, vaðmál, tvennir sokkar og vettlingar, skæðaskinn, rúmföt og þjónustulaun, hagaganga fyrir hálf tógildi og hross eða hest og vetrarbjörg, plús 80 álnir í kaup. Þetta gerir samanlagt 33 dali 76 ½ skilding. Vinnukonan fær fisk og smjör, sýru, sængurföt, skóleður og sokka, samtals 21 rdl og 29 sk. Miklu minna kaup

en karlinn, að fornum sið. Vinnur þó lengri vinnudag, stoppar í og þjónar sjálfri sér og karlinum, dregur af honum sokka og skó.

Skúli miðar við kostnaðinn á Bessastöðum, klaustrajörðum og biskupa. Þau kjör eru, segir hann sömu og hjá flestum megandi mönnum á Íslandi. Hann birtir tölur Búalaga, gamla taxta 1702 og nýja taxta 1776. Ber saman tölukerfi landaura og peninga. Flókið var að vera tölumeistari á þessum tíma, því auk þessara breytinga þróaðist verðkerfi Danmerkur. Gömlu spesíu ríkisdalirnir urðu courant.

meðalbú

Sveitabóndi lýsir kjörum 20 hundraða jarðar ábúenda frá ýmsum hliðum. Afgift jarðar árlega, með 4 leigukúgildum og 4 tíundum, er 244 álnir eða 11 dalir og 42 skildingar. Skúli reiknar hversu margt vinnufólk og hve margt búfé sé þessari jörðu sambjóðandi. Gefur sér að búandi haldi 20 málnytu (mjólkandi) kúgildi, 6 kýr og 84 ær. Færra eða fleira af hverju fyrir sig að því leyti sem jarðarinnar ásigkomulagi hlýðir, eftir því hvað tún, engi, hagar og beit árið um kring bjóða upp á. Hann heldur auk þess 4 geldneyti, 4 kálfa, 84 lömb, 84 sauði veturgamla og eldri, samt hesta svo marga sem þvílíkt bú viðþarf, eftir sveitarinnar ásigkomulagi.

Til þess að jörðin gefi af sér fullan ávöxt þarf bóndi auk fjölskyldu sinnar þrjá vinnumenn og þrjár vinnukonur. Séu átta menn vinnufærir er þessi jörð forsvaranlega setin. Meðalbúið er snjallt viðmið, tíu hundraða jörð þarf helmingi færri, fjörutíu hundraða jörð helmingi fleiri og svo framvegis.

Skúli telur verkin árið um kring. Það almanak þekkja margir. Sláttur hefst 12. júlí og þarf téð fólk allt við að hafa að stunda heyskapinn forsómunarlaust til 15 september. Þá taka bús- og fjárhúsastörf við, garða þarf og grafta, flytja heim mó, bera mykju á tún og fleira þessu að lútandi. Síðan hefst langur vetur, 16. október til 24 maí oftast nær og víðast hvar er jörð svo frosin eða snjóskafin að eigi verður að þessari iðn staðið, nema máské á klaka eða snjó að aka grjóti til þarfa sér, ef fyrirfram úr þýðri jörðu er upp tekið. Frá 24 maí til sláttna eða 12 júlí er hinn þarfasamasti til að fara á grasafjall, flytja fisk frá útverum, fara í kaupstað, með mörgu fleira fyrirfallandi, svo þennan tíma veitir bóndanum ekki af sér og sínu hyski ef hans búi skal vel farnast. Hyski er ekki neikvætt orð á þessum tíma!

En hvað á bóndinn og fólk hans að gera allan þann tíma ársins, sem ekki þarf til að rækta búféð, eða ekki verður moldarstörfum við komið vegna hríðarregna, snjóa, frosta eða óveðra? Að reka það járn sem þetta bú þarf er svo mjög lítilfjörlegt að eigi getur hér talist, segir Skúli. Hitt að stunda ullarvinnu er það eina sem í bónda valdi stendur til að bæta kjörin yfir vetrartímamann. Fyrst því er svo varið þarf reikning er sýni hvaða ábata eða skaða bóndinn hefur af tóverki eða ullarvinnu.

Auk síns og búsins ómissandi fatnaðar til dags og nætur, þarf hann að láta vinna vörur til höndlunar. Skúli setur allar tölur hér sem annars staðar skilmerkilega upp í töflu. Reiknast varan til inntektar í fyrri

röð, en ull og kvenmannsins erfiðislaun til útgiftar í þeirri síðari, eftir nýja taxa í Courant.

ull, ull og aftur ull ...

Sjá má kvenpeninginn fyrir sér með tólgarkerti tæta ull, spinna og standa bognar við vefstól kljásteina gegnum aldirnar. Ull er allt frá mjúku þeli yfir í hart tog, hrak og úrgang, og afurðin eftir því. Mestu máli skiptir, segir Skúli, að láta vinna vaðmál eða gjaldavoð. Hann reiknar út að þetta sé gert með miklu tapi. Uppihald konunnar er bóndanum dýrara en vaðmálið sem hún tætir, spinnur, vefur og þæfir.

Ekki er skrítið að Skúla og félag hafi dreymt um að koma upp vefsmiðjum. Tapið við að koma ull í 22 álna gjaldavoð í sveitum með gamla laginu mælist 4 dalir og 7 skildingar. Við vefsmiðjuna í Reykjavík er tapið mun minna, á hverjar 22 álnir tapast bara 1 dalur og 43 skildingur. Tap íslensks almennings með löngu úrelt tól var auðvitað út í hött. Framleiðslan allt of dýr og tapsöm.

Skúli setti upp í svipaðan reikning eingirnis sokka og eingirnis vettlinga og reiknar út ábata og tap í sögulegu samhengi. Frá 1700-1743 var töluvert af þessum varningi tilbúið úr bestvalinni toglausri og hærðri ullu. Og höfðu menn er allt er tilreiknað, eftir þessum sama hætti góðan ábata, græddu 4 dali og 37 skilinga fyrir 13 þör sokka. Þessum varningi og ábatanum með hnekkti félag hörmangara. Til að lagfæra þetta var Reykjavíkur vefsmiðja stiptuð 1752! Þetta er merkilegt. Hörmangarar eyðilögðu ullarvinnu landsmanna, þannig að hún gaf ekki lengur gróða heldur tap. Hér er komin raunveruleg skýring á upphafi Reykjavíkur.

Stutt ágríp Skúla um garnspuna var prentað í Kaupmannahöfn 1754, þetta hefur lengi verið hans hjartans mál. Til voru eintök í Viðey þegar hann skrifaði *Sveitabóndann*, ef einhver vildi gefins þiggja og nýta sér. Hann sýnir mismuninn á ull og erfiðistíma, og einnig á verðinu sem þá var, hve gott og rétt tilbúið garn sé miklu ábótasamara til alþýðuvinnu, en fyrrgreind gjaldavoð og þrjónles. Hann vill beina ullinni í vefsmiðjuna.

Hann birtir töflur sem veita sýn inn í ólíkar tegundir garns. Af sumu garni er gróði: af *Pack-klæðis-garni*, til dæmis, sem er unnið úr allra bestu toglausri og velhærðri einlitri ull. Þá birtir Skúli töflur yfir *Pyck-klæðis-garn* og *Smal-tvifls-garn*. Úr sama magni verri ullar koma færri hespur og tap. Ávinningur er af *Kersu-garni* en tap af *Rask-stoff garni*. Þetta er ullarmening. *Lín, hörgarn* og *léreft* gefa líka eftir gamla taxa ávinning í framleiðslu. Skúli er enn að tala um Innréttungarnar, getur ekki hætt að hugsa um líf sitt og yndi þótt allt hafi farið nokkurn veginn í vaskinn.

Verðlag Skúla í *Sveitabóndanum* gerir ekki ráð fyrir skotrokk hjá almúga, heldur smárokk eða snældu. Hann rennur í að réttlæta hve illa gekk með rekstur verksmiðjanna, eftir að hann þurfti að láta yfirstjórn þeirra í annarra hendur. Reykvíkingar gerðu þau mistök að vilja eigi borga fyrir heimasþuna þess ullgóða, smáa og velvandaða garns eins og áður. Þess vegna hafa þeir ekkert af því fengið og er það þessvegna aflagt. Eftir nýja taxa er því af framleiðslunni tap.

Léreft er spunnið og ofið og strigi. Skautaléreftið er svo dýrt í búð kaupmanns að það borgar sig að selja ullina og tilbúa sjálfur léreftið. Ávinningur er umflýji menn skaðann af sokkunum og þoli hann á léreftinu.

Þá er kafli um sjálfa ullina. Meðalbúið fullsett ber 84 ær, 84 sauði og 84 lömb og hefur heimavinnu eftir því. Hrak og úrgangur ullar er frátekinn til reipa og banda. Hann telur þyngd ullar þessa bús og ber saman hve langan tíma taki að vinna hana í vaðmál, eingirnisvöru og klæðagarn. Fari einn eða tveir vinnumanna í ver verður ullin nóg, þannig að nóg er að starfa. Minnstur skaði er á tvíþumluðum vettlingum, meiri á eingirnis sokkum, mestur á vaðmálinu. Gerð klæðagarns gefur ekki stóran ábata, en maður sleppur þó skaðlaus nær því fimmslags garni verður saman safnað: Packi, Pycki, Tviffel, Kersi og Raski.

Karlmaður haldinn til þessarar iðnar kostar meira á dag en kvenmaður. Skúli telur þó að flestir karlmenn afkasti minna en konur.

hvað kostar að senda mann í verið?

Næst reiknar Skúli út kostnaðinn við að gera vinnumennina tvo út í verið. Þeir neyta sama matar og heima, mismunur á kostnaði fer eftir vegalengd og siðvana í verstöðvum, sem er sinn í hverri sýslu og sinn í hverri höfn, eftir því sem skipseigendur og formenn vilja ginna fólkið til sín, segir hann. Samt sé það bita munur en ekki fjár.

Vegalengdina og ferðatímamann úr Norðurlandi til Hafnarfjarðar eða Innnesja í Gullbringusýslu og Hellissands eða Rifs undir Jökli segir Skúli nokkurn veginn þá sömu. Það er að segja ef í sveit og yfir Holtavörðuheidi er farið. Frá Eyjafirði tekur ferðin tíu daga, frá Héraðsvötnum í Skagafirði átta, úr Húnavatnssýslu sex, úr Borgarfirði þrjá og ferðin úr Dalasýslu á Rif taki einnig þrjá daga. Sé Sandur eða Arnarvatnsheiði farin frá Norðurlandi sem oftast tekst um Mikkjálsmessu leyti (29. september) en ekki seinna, þá styttest ferðin um hér um bil þrjár dagferðir. Tveimur dagferðum lengra er úr Norðursýslu (Þingeyjar-). Hann telur svo dagleiðir á Suðurlandi, en látum nægja. Jú, það er furðu drjúgt að fara Suðurlandið líka, úr miðri vestari Skaftafellssýslu tekur ferðin sex daga. Afturferðin í maí er jafnlöng, en þá fara menn hvorki Sand né Arnarvatnsheiði, nema þeir sem sæta sumarvertíð til Jónsmessu, og koma heim með lestum. Þeir flytja heim sinn hlut með öðrum sem þeirra vitjar, eða færir þeim hesta. Það er sem sagt ófært að stytta sér leið úr Borgarfirði í Skagafjörð á vorin, vegna eðju leysinganna.

Hann segir að tími norðlenskra að heiman í ver á Suðurnesjum og undir Jökli sé frá 4. janúar til 24 maí sem er 20 vikur. Hann hefur og tölur um hinar sýslurnar. Þá er það reisukostnaðurinn að hestinum undanskyldum, því þessi er af bóndans búfé og á ekki að reiknast, en hinn hestinn á vinnumaður eða fer gangandi. Hann reiknar þennan kostnað til þriggja vertíða sameiginlega. Ein hesta flatjárn með umbót 30 skildingar, fyrir greiða og gisting á ferðinni einn tóbaksbiti 17 skildingar, fyrir hagagöngu heststins 30 álnir eða 1 dalur og 39 skildingar.

Fróðlegt er að sjá hvaða efni fer í einn sjóstakk. Til góðra skinnklæða ganga 3 geldsauðarskinn, 4 af ám eða tvævetrum og eitt kálfskinn. Samtals kostar efnið til klæðanna 84 ½ skilding. Menn þurfa tvenn skinnklæði til skiptanna. Þá eru tvenn þör tátíljur, þrennir sjóskór, klæðsekkur, sex þör tvíþumlaðra vettlinga, 6 eingli, 3 sáðblöð, seilar og byrðar, lifrar hár, húsaleiga og soðningarkaup á þremur vertíðum, allt verðlagt í þaula. Samtals kostnaður á öllum þremur vertíðum 9 ríkisdalir og 66 ½ skildingur Courant.

Það kostar nakta aþann að róa á kaldan sjó.

Manntals fiskurinn undir Jökli er 4 skildingum minni, en þar bætist við lóðarstrengur og sex álnir fyrir sýru. Minna gjald er fyrir gistingu fyrir þá sunnan lands, og flestir þeirra hestar rekast heim aftur. Þá minnkar göngu meðgjöfin um 42 skilinga. Skúli vandar sig. Tónverk þöglu vinnunnar sem á sér stað handan við bauk fyrirmanna er langt með tilbrigðum. Hér er bara stikað á stóur.

Þá er að ræða hlutinn sem vermaður fær. Hlutar hæð í téðum vertíðum verður ekki með vissu sett, segir Skúli, slíkt fer eftir fiskigöngum og sjógæftum. En síðan 1740 hafa menn þó talið meðalhlot: Í Snæfellsnessýslu eða undir Jökli: 2 hundruð í haustvertíð, 3 hundruð í vetrarvertíð og 2 hundruð í vorvertíð. Til samans 7 hundruð. Samt vill ég, segir Skúli, eigi reikna meira en sex hundruð. Svo kemur runan í landvöru og skrítnar mælieiningar. Gerir í dolum 32,33. Svo græðir bóndi vermanns lýsi, sex kútar á 40 skilinga. Fær sex hundruð höfða með kúlum og sundmaga.

Fiskur er borinn úr báti í fjöru, hlut skipt og gert að. Karlarnir þræluðu líka, svo sannarlega. Með ansi mörg handtök kvenna í sjóklæðum sínum. Og krossuðu sig og fóru með sjóferðabæn áður en þeir réru út á hið ógurlega haf. Kristnin er alltaf, daglega, milli línanna.

Svo telur Skúli fæðslu vermanns mót fiski, daglegt soðfiski og dregur frá. Ábati bóndans er samt mikill af meðalhlot vertíðarmanns á þremur vertíðum, þegar búið er að draga kostnað frá. Ber saman kostnað og hlut á Snæfellsnesi og í Gullbringusýslu. Þar er hluturinn meiri á haust og sumarvertíð fá vermenn 4 marka ask með málgraut í vatni soðnum einu sinni á dag. Svo er að draga frá fyrir fiskifæri, sýru og manntalsfiski, þá verður ábatinn meiri en undir Jökli.

Skúli lýkur sjókaflanum með skarpri gagnrýni. Fyrir vestan hangja menn skreiðina, en fyrir sunnan byggja menn garða til að þurrka fiskinn. Hengifiskur selst ekki eins dýrt eftir taxtanum, þessvegna er ábatinn minni á Vesturlandi en syðra. Svo víst sem Vesturland á ráð á grjóti allt eins vel og Suðurlandið, svo sannlega getur það og hlaðið sér fiskigarða, og þessir einu sinni gjörðir liggja kyrrir. Þeir gera víða tvöfalt gagn, þurrka fiskinn og verja túnið.

Þetta er merkilegt, skrítið að siðvenja sé svo föst að enginn hafi drifið í að taka upp sama lag og fyrir sunnan. Menn hafa og, bætir Skúli við, nærri sanni handafla til þess að hlaða fiskigarða, ef brúka vildu vermennina í landlegunum. Líka mætti hér geta þess, segir hann, að

afhendi vermaður hlut sinn ferskan í salt þá eykst ábati hans á hverju skipspundi með 30 sk. og hann verður að auki frí fyrir allskonar vanverkun.

Þá fjallar Skúli um hinar sýslurnar, Vestfjarðakjálkann og sveitirnar fyrir austan. Strandasýsla, Norður sýsla (Þingeyjar) og Múlasýsla sækja eigin útver. Sumsstaðar er vöðusels afli í nótt á vetrarvert. Væri sú aðferð almennari og sótt með meiri kröftum, jafnvel í Skaga- og Eyjafjörðum þyrftu þessir ekki að öfunda Nesja né Jökuls vermenn. En til hákarlatekjunnar sem er öllum þessum sýslum eiginleg er varla að telja fyrir en eftir 24 maí. Og svo er um fiskiafla, sem oftast af og til viðvarir til jóla, að hann er oft bestur um hásláttinn, nær minnst eða mjög lítt fiskast syðra og vestra. Téðum fiskafla og heyskapnum að sæta undir eins, í einu, kostar auðvitað fólk.

Vel mætti þess hér enn geta, segir Skúli, að iðjusamir vermenn geta í landlegum unnið sér litla hlutarbót með því að vinna eingirnissokka og tvíþumla vettlinga fyrir bóndann, hjá hverjum þeir til húsa eru. Þá birtir Skúli lokareikning ábata þess er vermaður fær, þóknist honum að halda svo margt verkfært fólk sem bújörð hans uppvinni. Hann birtir tölur ólíkra sýslna. Eyjafjarðarsýsla býður skaða í sínum fiskiaðdrætti af vanrækt Grímseyjar.

Þeir höndlandi segja að ef Íslenskir fengju ábatasama ullarvinnu, þá myndu þeir vanrækja hina armæðusömu sjósókn. Það er afsökun kaupmanna fyrir því að kaupa ullina svo ódýrt.

um búskap og ábata lausamanns

Niðurstaða Skúla er sú að það vanti fólk til að gera búskapinn í landinu arðbærari. Flestir á 20 hundraða jörðum halda bara einn vinnumann, auk smalan og á 10 hundraða jörðu berjast þeir fram einsamlir. Vinnumannsleysi er stærsta orsök vanrækt jarðanna. Sumir leitast við að bæta úr þessu með því að halda kaupmann. Flestir komi frá fiskiverunum og séu vinnumenn sjóbænda, sitji hjáleigur eða tómtús. Lausamenn séu nú framvegis af konungi fyrirboðnir. Skúli reiknar út hvað kaupmenn kosta í 8 vikur. Nesti til heimferðar er ær eða tvævetur sauður, þeir fá 46 skildinga á viku, smjör og ull. Hann reiknar hvað ferðin kostar hann, ábati samt. Þá reiknar töluglaður Skúli, gigtveikur gamall í Kaupmannahöfn árs ábata lausamanns sem er kaupamaður.

Hefur Ísland svo margt þenustufólk sem það viðþarf til sinnar dýrkunar, bæði til lands og sjávar? Svarið er nei. Ísland þarf meira fólk til að búskapur dafni sem skyldi. Hann dýfir sér þá niður í tölur fornar um hvort fleira fólk hafi verið fyrir á öldum. Hann ber jarðabækur Árna og Páls saman við skattbændatal um daga Gissurar biskups og telur að fólki hafi fækkað verulega.

duglegi bóndinn og sá lini

Þá kemur kafli fógeta um hve bændur séu ólíkir. Þeir eigi ekki saman nema nafnið. Meðaltalsbóndinn sem hann gerði grein fyrir, með jörð fullsetna fólki, ber með réttu nafn sveitabónda og skattbónda. Hinn sem

hangir einvirki við jörðina, latur og linur, svangur með konunni og börnunum afburðalausum og nöktum, málnytulaus, nema hvað hann hefir innstæðu-kúgildin, hefur að sönnu nafn sveitar-bónda, en er frekar sveitar-mótlæti. Hér rekur Skúli sögu duglega bóndans, hvernig hann tapar eftir sumum greinum, en fær ábata ef hann fer sjálfur eða sendir báða vinnumenn sína í verið. Einvirkinn er aftur á móti svangur, fær sig saddan í verinu og kona hans með börnunum getur lifað skár á mjólkinni undan innistæðu kúgildunum meðan hann er í burtu.

Vonandi lásu margir rit Skúla *Sveitabóndann* í ritum lærdómslistafélagsins 1783-1785. Kjarkurinn var úr þjóðinni vegna Móðuharðindanna, en landið reis aftur og ýmislegt nytsamlegt og upplýsandi mátti af því læra.

sjór og land

Fógeti reiknar hver sé jöfnuður milli lands- og sjóvara í tilliti til verslunar og drýginda í búnaði manna. Hann getur þess að tvennir taxtar hafi verið í gangi, annar *fiska reikningur* yfir allar þær vörur sem voru borgaðar með fiski og *slátur- eða prjónles reikningur* yfir það sem borgað var með sauðfé, ullu eða ullarvöru. Eftir þeim síðari kostuðu þær útlensku vörur flestar meira. Tvöfalt verðlag var á öllum höfnum sem sagt. Á sláturhöfnunum svokölluðu Norðaustan lands er líka greitt með fiski og á fiskihöfnum líka innlagðar vörur af sauðfé.

Áður ráfuðu menn milli hundraða-, álna-, fiska-, specie- og krónureikninga, segir Skúli. Gott sé að temja sér að setja alla landsins reikninga án afdráttar uppá ríkisdali og skildinga í Courant, eftir nýja taxa. Engin sjávarbóndi sé til á Íslandi, hjáleigubóndi né grasbúsmaður sem eigi hefur svolítið land-gagn eða gras, að minnstu fyrir eina eða hálfa kú; það eru tómithúsmenn einir sem hvorki hafa kú né á, og þó eiga flestir af þeim hest, sem þeir fara með til sláttar í sveitina.

Skúli reiknar gæðin af sauðum af öllum gerðum, fagurt er að sjá með augum forfeðranna fjölskyldu sauðanna nákvæmlega niður greinda eftir gæðum, frá hóli svangra manna séð. Hann skráir þyngd og gæði geldsauða, fjögurra vetra, þriggja vetra, kjöt í fjórðungum, mör í mörkum og gæran í stykkjum, í ríkisdölum og skildingum courant. Á mörgum blaðsíðum ber hann saman sölutölur sauðaafurða og fiskjar, hin ýmsu ár, fyrr og síðar, hagsögulega séð.

Skoðar höndlunarbók þess fyrsta verslunarfélags sem til er í því konunglega Rentukammeri, viljandi bæta land sem er búið að springa í versta jarðeldi skráðrar sögu. Sláturvaran nam þá helmingi á móti harða fiskinum. Þetta sannar þá meiningu að útflutningur kjöts hafi farið í vöxt frá 1684 og sé ein meðal þeirra stærri orsaka til fólksfækkunarinnar. Hann tekur fram að sveita-bændur láti um helming fiskjar vetrarvertíðar til búa sinna.

Þá er það lýsið. Skúli skoðar útflutningstölur frá 1630. Fiskur veiddur í net í Keflavík og Hafnarfirði (Skúli kom þeim veiðum á) hefur tvöfalda lifur á við hinn öngultekna. Það lýsi sem sjóbóndinn hefur umfram, af vor-, sumar- og haustafla, hverfur upp í kostnað hans af trjáviði, járn, tjöru og

veiðarfærum. Hann kemur hestum sínum á vetrargöngu á leigu. Sveitabóndinn hefur hestana umfram, en þeir ganga líka í skurðinn, og án þeirra getur hann ekki án verið sökum tildráttu og aðdráttu frá sjó og höndlun. Það réttlætir samt ekki að margir halda langtum fleiri hesta en viðþurfa, málnytu sinni til hindrunar og sjálfum sér til lítilla eða engra gagnsmuna.

Þá ber hann saman ýmsar vörur þessara ólíku bænda. Sjöbóndinn hefur viðreka og hvalreka, hvar í móti sveitabóndinn hefur ekki að bjóða nema hér og þar lítilfjörleg smíða- eða ljádengju kol. Sá fyrnefndi hefur sölva fjöru, sem mætti nýta betur, sveitabúandinn fjallagrös. Sá hefur silungsveiði en bóndinn við hafið laxveiði í sjó og selafla, sjóreiði, kola, skötu, steinbít, háf og hrognkelsi, eggver, dún og fiðurtekju. Ekki er hægt, segir Skúli, að gjöra hér samjöfnunar reikning, því verð er til dæmis ólíkt í sýslum á kolum.

Þá er það ullin. Sjöbændur gætu haft stærri sauðabú, hann kann dæmi um það. Kaupmaður Jacobæus á 20 hundraða jörðu í Ytri-Njarðvík sem heldur 80 ær, hvar engin var áður. Sjöbændur hafa ekki svo mikla ull sem þeir þurfa, sem þeir tætt geta eða unnið, með öllu þeirra hús- og sjófólki í landlegunum.

Þá er nefna allt það sem sveitabóndinn hefur framyfir sem menn telji eigi með verslunarvöru, nefnilega: Mjólk, smjör og sýru, sem málnytan af sér gefur. Þetta mættu menn hafa lært af fjárfaraldrinum (kláðanum) og vetrar harðindunum. Sveitin getur staðist án sjávar, en sjórinn ekki án sveitar. Ströndin þarf flutning frá sveitinni, menn, mat og fatnað. Þess meira sem kemur úr sveitinni, þess betur hefur sjórinn verið sóttur.

Að ala sjómannin á fiskæti einu og mjölgraut úr vatni er að taka frá honum hans líkamskrafta, er hann þó alla þarf til sjósóknarinnar. Því mun bággt að neita að þess meira kjöt sem hefur verið selt út landi, þess meira hefur landinu farið aftur. Ætli hin útlenda kornvara geti umbætt slíkt? Niðurstaða Skúla er sú að efla þurfi búskap sveitanna, til að fjölga þjóðinni og gera hana sterkari.

Hann vil skýra betur ávöxt málnytjunnar. Hefur hér ritdeilu við búnaðarritið Atla um það hve mikið kýr gefur af sér. Skúli veit að kýr sem hafa borið í júní geta mjólkað 18 potta á dag. Árið 1734 eignaðist hann kú frá búi formanns síns (sýslumannsins sem hann tók við af) á Felli í Hornafirði. Hún kefldi í miðjum Oct. mjólkaði á dag 12, gekk út eftir Krossmessu með 8, komst aftur á Jónsmessu að 12, og í september 6 pott. Svo hann taldi hennar nyt árlangt 3480 potta. Sem er meira en almennilega af tveimur kúm. Þvílíkum kúm hafði Skúli og vanist í Húsavík á Tjörnesi eða í Norðursýslu, þó langstæðari en þessi var. Þær finnast enn hjá bestu þrifnaðar bændum, það er þeim sem ala þær alleina á bestu töðu, bæði sunnan, norðan og austan lands.

Orsakir þess að kýrnar mjólka minna er sú að mestum parti mykjunnar er brennt, og hinn hirðulaust meðhöndlaður til áburðar, svo túnin gefa vart helming þeirra töðu sem náttúran fram býður. Og þessi helmingur er aftur að hálfu eigi betri en úthey. Eru svo engin rétt efni fyrir hendi til að ala kýrnar og kálfana í fjósinu á veturna, en eftir því fer bæði nyt og vænleikur.

ástæður volæðis ... ær og kýr

Flestir, helst í góðsveitum, ofsetja sig með kúafjölda í tilliti til sumargagnsins, og draga þær fram á útheyi. Þeir vanrækja og þá réttu meðferð á sauðfé og geldnautum, sem hvort tveggja hafa góð þrif af útheyinu nær húsa og virðingarleysi ekki er í vegi. Þriðja vanrækslan er túnræktarleysið, því er eigi til hjálpar komið með færivíum. Þeir bæla sauðfé á túninu frá því að taðan er inn komin og til þess er hýsa þarf, samt láta kýrnar liggja inni á nóttunni allt sumarið. Þessu verður almennt eigi við hjálpað fyrri en túngarðarnir upp komast og meira tímur er fyrir hendi. Eigi að tala svo langort sem bæri, hann langar að hafa um það langa tölu sem sagt, en lætur nægja að nefna almennings óframsýni að ofsetja sig á haustin, og eyða öllu heyninu árlega. Í flestum sveitum eru of fáir sem oftast fyrna fram undir eins árs hey, hverja trauðlega eða svo nær aldrei bilar þótt vetrarríki og harðindi tilfalli. Þeirra búpeningur lifir miklu fremur af harðindi.

Skúli setur meðal kýrnyt heila árið 1642 potta, eða 366 pt minna en *Atli*. Honum kemur ekki heldur saman við *Atla* um smjörið og veit hvergi á Íslandi svo mikið smjör fáist úr kúamjólk. Hafði þó meint að Hólastóll væri til búaðeða ein með bestu jörðum. Sjálfs hans reynsla í Viðey er þessi: á vetrartíma gefa 56 pottar 3 pund (held ég) af smjöri, og um sumardag 170 pottar af mjólk 11 pund af smjöri. Finnur árstölu í Viðey og á Mosfelli og deilir í með tveimur. ... verður ábatinn af búmatar söfnuðinum, smjör, skyr, sýra = 3 rd 95 3/8 sk meiri en ef mjólkinn væri eingöngu ný til matar höfð. Enn að tala um kýrnyt heila árið.

Hann heldur áfram í reikningsleik með kýrnyt og svo ærkúgildi. Um ávöxtinn af þeim eru enn fleiri meiningar. Eftir eigin reynslu í Skagafjarðardölum, hann greinilega reiknaði út og skráði búskap sinn þá! Undan sex ám, kallað undangerðar kúgildi, 3 og ¼ tunna mjólkur. Þar af komu 55 pd. Smjörs, 2 ¾ tunnur súrmjólk sem brúkaði til þeirrar daglegu mjöl og grasgrautar gjörðar. Eins drjúgt sem skyr, reikna þær því eins. Fær meira magn af verður meiri ábati í þessum lið en hjá *Atla*. Þó smökkuðu þessar ær, segir hann, aldrei heyrstrá. En jöfnuður var milli prestanna, samt annarra góðra bænda í Fljótum, sem gáfu ánum hey allan veturinn og hans á Ökrum í miðsveitinni, sem ekki gaf hey nema taka út hriðmál, og þeim ám sem útigengust vel eftir miðgou, að þeirra 40 gáfu eins mikla mjólk og mínar 80, hvað vér lögðum að jöfnu, en ég hafði framyfir þá ull af 40 ám og 40 sauði veturgamla með ullinni. Svo er það kjötið og smjörið en við getum ekki meir. Aðgætnir búmenn vita víst þann kraft er smjörið gefur íslenskri fæðu, og hve líttnýtir þeir þjónustumenn eru sem þess lengi þarfnast. Að selja smjör með afföllum fyrir brennivín, kaffi, sykur, te, tóbak og þetta uppsett, en eta fisk og þorskhöfuð, hvort tveggja þurrt held ég óráðlegt. Samt er svo margt selt og keypt að sitt líst hverjum.

Bókin er á netinu, kíkí sá hagtöluglaði dýpra.

Skoðum stóru línurnar, sjóbóndinn hefur í meðalári minna afgang en sveitabóndi ... eigi að tala um hans ástand nær slæm hlutaár falla. Velgengni hans ríður á því að verfólkið komi og hann haldi hjáleigum og búðum í góðu standi með gagnlegum sjómönnum. Hjáleigubændur ættu, segir Skúli, sjálfir að eiga bát og ekki að vera skyldir að róa árlangt á skipi bóndans, en dagleg

reynsla kennir að þeir síðan standa einsamlir við fjögurra manna farið. Líka svo þótt einhvern óþokkann til sín fái, geta þeir ekki að heldur sótt sem ber og verða eins sem hinir burðalausu lítt nýtu sjóbændur sjósókninni til skaða. Af hverjum alltof margir til eru. Og mega ekki fjölga en hinu má ekki neita að bóndinn er skyldugur til að aðstoða þá og vera í öllu tilbærilegu fyrirsvari þeirra vegna og skari þeir frammúr með nokkurri manndád þá geta þeir gjarnan að bændum orðið. Líka eru þeir og engan veg þrælbundnir.

hunangskökur og sýróp

Næst fjallar Skúli, í viðbæti, um mismun eingirnis sokkanna, um tvinnabands skokka og peysur, nokkuð frekara um garnspuna og um samjöfnuð á höndlunar varninginum. Fram kemur að Eyjafjarðarsýsla ber af sem hin helsta á Íslandi að ullar vinnu og því líkri lofsverðri ástundan. Að vísu hefur frá Eyjafirði í fornöld útkomið mikið þrjónles, helst eingirnis sokkar sem mest voru seldir í Hollandi og sérlega í Amsterdam. En frá 1700 fór þessari höndlun mikið fram við röksamlega tilhlutan sýslumannsins Lárusar Schevings, sér í lagi hvað tvinnabands-, svo kallaðra 16 12 og 8 fiska sokka, snertir. Í þann tíma og til 1741 viðhélst óleyfð kaupverslun við hollenska. Voru því tilbúnir tvennslags eingirnis sokkar, einir handa hollenskum eða Duggarasokkar, parið á 4 fiska sem er 9 sk kúrant, en haldnir ógildir í öllum þingskilum og höndlunartaxta kaupi, samt sem áður útseldir með öllu mögulegu móti, eigi síst á suður höfnum í fiska reikning fyrir 3 ½ fisk. Hinir aðrir gildu voru kallaðir taxta- og þinggjalds sokkar. Kostaði eitt par af þeim hjá hollenskum 8 fiska það er 18 sk eða tvöfalt á við hina, hvar í móti menn fengu mikið tóbak, járnþotta, lítið brennivín, lítið af kornvöru, hunangskökur og sýróp, samt ýmsar klæða, lérefta og kottúns vörur, sem Eyfirðingar aftur seldu með ábata sunnan lands, fyrir fisk til búa sinna. Og ekki einasta þessir heldur líka aðrir norðlenskir frá hinum sýslunum. Árlega frá 1620 þá sú íslenska kauphöndlun kom til Kaupmannahafnar. 1741 tapaðist allur sá ábati sem Norðurland hafði haft af þessu hvar fyrir Norðurlandi hefur svo mjög aftur farið.

Ullarvinnu fór aftur. Í þeirri ætlan að teygja slæma ull á langinn, fá tveim þörum fleira og fá eitthvað til að duðra í fjóra daga. Þetta er að sönnu stór vorkunn, þar iðjuleysi er mönnum hið óheilnæmasta. En hér af rís annað sem er verra, að lítið eða ekkert af þeim 14 þörum varð gjald- eða taxtagengt, vegna þess að ullin, helst hin lakari, var teygð of mjög á langinn. Mörg rit og þrætuskref sem risu af þessu efni frá 1752 til 1760, um garnspuna og verð hans til Reykjavíkur vefsmiðju, og hvar af *Ágripidd um garnspunann* út kom eru enn til óeydd. Þeir af vefsmiðjunnar forstjórum sem voru samdauna orðnir þeim ógildu eingirnis sokkum, töldu 14 eða 15 þör af tíu mörkum ullar, svo lengi þeir gátu selst með einhverju móti fyrir sama verð, en skaðinn af þessum tilætlaða ábata sviður nú eftirkomurum þeirra. Hinir meintu sig skylduga að ástunda laganna tilætlan og gjöra varning þennan taxtagengann, en þetta væri ómögulegt ef 10 merkur ullar helst af hinni lakari væru teygð til meira en tólf para, svo parið vægi 26 lóð, og 1/3 lóð væru fyrir léttir og affalli af hverju pari. Öðru vísi eða með minni ullu gætu þeir eigi tekið tilhlýðilegu þófi og haldið réttir stærð; yrðu of þunnir, slitlitlir og töpuðu verðinu.

Hvorki lögum né tóskapur sokkanna í Eyjafirði hefir spillt verði þeirra í útlenskri höndlun, heldur einasta hitt að ull og efni í þeim er ofteygt eða of lítið. Þar á móti voru hinir skagfirsku og húnversku að miklu leyti sæmilega og sumir of ullarmiklir, en flestir miður lagaðir, mislitir og lakar unnir en hinir eyfirsku. Líka er alkunnugt hvílíkt kíf uppkom 1744 þegar sýslumaðurinn í Skagafirði leitaðist við að eingirnir sokkarnir mættu allir gjaldgengir verða. Sökum óvildar við hann varð hörkramara félagið og kaupmenn á móti þessu fyrirtæki, sjálfum þeim og höndluninni til boga, á þessa þrætu komust um síðir sættir í hæsta rétti. En sýslumaður, þeas Skúli sjálfur, hafði á meðan árlega aðskilið alla þá eingirnir sokka sem honum guldust, flutt það besta til Búðahafnar, mót reiðupeningum á alþing til afgjalds síns. Hið taxtagenga flutti hann í Hofsós og afkastið, sem var allmikið, seldi hann í Hafnarfirði í þar brúkanlegan fiskareikning og hafði ekki skaða nema flutnings-starfið, en þá voru hestar nógir. Að þessi landinu svo skaðvænlega aðferð kynni að réttlætast í þá daga læt ég liggja í sínu gildi.

En með hverju eigum við nú að réttlæta oss? Er oss skyldi ekkert tímanlegt vera meir umhugað en að eftirlifa lögunum landinu til gagns! Því það er varla vert fyrir hyggna menn að afsaka sig með því að vigt eða lóðatal sokkanna sé eigi tilgreint í taxtanum. Einn merkis sýslumaður á Íslandi hefir fyrir ei svo löngu ráðlagt að höggva þumallinn af hverjum ógildum vettlingi og gjöra skurð í hvern ógildan sokk, og afhenda svo aftur svo eigandinn geti rakið upp og þrjónað betur í annað sinn. Skaði að það ráð var ekki upp tekið og þá undir eins í lög leitt hvað margar þrjónalykkjur sokkurinn hafa skyldi á fit, knésbót, kálfa og mjóalegg, og eins lengd framleistsins.

Octrojur og taxtar, tréfætturnir á Bessastöðum og í Viðey, forsigluðu sokkarnir í sérhverri kaupmannsbúð, endalausar klaganir í Rentukammerinu með alvarlegum skipunum þaðan; þetta allt er heyrum kunnara jafnvel síðan 1619; og samt hefur ekki framgengt orðið að eingirnir sokkarnir yrðu almennt svo tilbúnir sem boðið hefur verið, nema á þeim 3 austurhöfnum, og hér um bil til helminga á þeim 4 norðlensku, en hvergi nærri og varla eitt par textagengt fyrir sunnan og vestan. Þessi aðferð olli því að þessir sokkar urðu ekki settir á 16 sk í hinum nýja taxa. Til dæmis: 1771 létu forstjórar höndlunarinnar aðgreina þá frá Íslandi árinu áður útkomnu eingirnir-sokka í tvo flokka: stærri og minni, eða betri og lakari og seldu síðan á auction og urðu leikslökin þessi: tafla, S og Vland ódýrastir, 11-13 sk, Nland 14-15 og Akureyri dýrastir stærri 15-14 sk. / 151 Austurland dýrastir 19-20 sk Svipað 1775, greinilega alltaf uppboð, verðið 8 – 21 sk. ... hefði öll þessi vara verið eins gild og náð 20 sk, og sokkaverðið í taxtanum náð 16 sk þá hefði Sveitabóndinn haft minna tap, 34 sk í stað þess nú 1 rd 14 ¾ sk. Skuldin eða orsökinn til skaðans lendir að vísu hjá sjálfum oss, því þar bætir ekki um að kaupmenn hafi tekið vöruna þannig, bæði móti lögum og líka sínum innstrúxum.

England er fyrirmynd í huga Skúla. Hvað heldur hinum ensku vörum í svo góðu verði í víðri veröldu? Án efa það að allar þær vörur sem ekki eru eftir laganna fyrir mælum eru strax reknar eða virtar fyrir minna, eða af nýju umbættar, og mega ekki út af Englandi flytjast bæði til þess að þær eigi tapi sínu eiginlegu verði og líka til þess að þeir sem vel vinna fái sín laun náttúrulega borguð. Margur hver talar svo mikið um fríhöndlun á

Íslandi; bæði það og þess útgangandi ávextir eru vel verðug; en hvernig myndu vörurnar í framtíðinni útlíta hjá þeim, er svo lengi, sem áður er sagt, hafa fengist við eingirnis sokkinn og vilja þó ekki gjöra hann svo lögmætan að verði sínu haldið geti. En að það sé mögulegt sýna Austfirðingar eftir áður segðu. Hitt er líka undur að kaupmenn vorir eru svo samdauna orðnir ógildri eingirnis vöru. ... Hvorki bóndi né almúgi heldur kaupmenn og valdsmenn eiga höfuð hlutan af þessari armæðu; hún er ekki sama slags sem slæm verslunar-ár hjá fiski-bónda.

Hér er nú allri skuldinni og óláninu, hvað eingirnissokkana snertir, slegið upp á íslenska; en mun höndlunin sjálf eigi eiga einhvern hlut að þessu? Það er víst það sýna auctions gjörningarnir ... verð 1776-1778 sokkaverð lækkaði, hefur minnkað í seinustu stríðs tíð, líklegt það jafni sig aftur, svo verðið, sér í lagi á sokkunum, lagfærst geti til jafnaðar með öðru. Þessi vara er þó þörf fyrir þá sem árlega eru í sjóferðum undir köldu lofti, og ærinn partur ullarinnar er ekki til smábands, heldur til þessarar vöru og stórgjörðra vaðmála hentugur, og á ekki illa við nærverandi almúga ásigkomulag, ef verðið batnað gæti, svo vinnunni sambyði. Síðustu sex ár 1776-1782 eru út komin 88.125 pör eingirnis-sokka og einþumlaðr vettlinga, sem eru árlega 14.688 pör; líka svo 7.822 pör tvíþumlaðra sem eru árlega

Það er ekki nýtt, heldur hefur til alvarlegrar reynslu komið, að Ísland skyldi spinna garn af sinni ullu handa vefsmiðjum í Kaupmannahöfn, en það er fundið svo örðugt að því mun varla viðkomið verða: fyrst af því að spunakaupið er minna í Kaupmannahöfn en á Íslandi. En vefkaupið og allt það þarf á eftir vörunni til fullkunnunar dýrara. Og hitt annað sem er lakara, að hið íslenska garn (eins og ólituð ullarvara stundum) tekur mól og maðk í sig á ferðinni í skipinu og verður ónýtt. Þess vegna þarf nokkuð frekara að rita um það lítið garn, sem til reynslu hefur nýlega spunnið verið í Norðurlandi af hinum besta hlut ullarinnar, sem þó er svo lítill að litlum munum sætir eða lítið dregur til almennings nytsemdar. Nema hinu stórgerðara / 158 verði undir eins í lag komið, því þá má af hvorutveggja góð not hafa, hvar um frekari útskýring verður að bíða í þetta sinn. En Sveitabóndinn spyr í einfeldni sinni, hvar finnst það í lögum vorum að Ísland skuli vera spunahús vefsmiðjanna í Kaupmannahöfn? Má það ekki sjálft tilbúa að fullu fatnað sinn, af ullu sem af líni, og selja það sem kann af þessu afgangi að verða. Hver getur efast um konungsins vilja og kröftuga aðstoð í þessu, hans trúu þó fátækustu þegnum, í svo mikilvægu efni? Vefsmiðjan í Reykjavík hryndir öllum efa í þessu, hvern veg sem um hana hefur fjallað verið, síðan hún sýndi sig að geta orðið Íslandi og þess verslun, eigi einungis gagnsamleg, heldur og líka ábatasöm, og það því meir sem hennar handyrðir víðar útdreifðust og rótfestust í landinu.

Hér um bil 1722 fékk Biskup Jón Árnason vef og vefara frá Kaupmannahöfn til Skálholts, sem var mjög slæmur lín-vefstóll þeirrar aldar. Ráðsmaður Þórður lét gjöra annan eins, brúkaði samt aldrei. Árið 1743 fékk Skúli, sýslumaður Skagafjarðar þennan fluttan til Hólastóls og ári síðar annan eins niður settan á Ökrum, í hverjum ofið var mikið vaðmál, ei einasta til sýslugjalds heldur og sauðsvart selt í fiskiverum. Alin á 12 fiska, líka svo blákembt, alin á 24 fiska. Hann bjó og annan til sem fór að Þingeyrum, í hverjum ofin var mikil einskepta og þráðar-

dúkur, hvað litað og þrykkt var til flónels og selt síðan almennt, bæði í Húnavatns sýslu og annars staðar. 1750 fór hann frá Skagafirði og gaf vefstólinn einum besta merkismanni í Eyjafirði, þar í slíkri tóskaparsveit mætti af honum mikið gagn hafa. 1751 útkom Ritter til Leirár með mjóvefjar smiðju af þremur vefstólum, hvar af seinna meir mikið æxlaðist í Reykjavík af Mitlender, sem viðbætti lérefts vefnum. 1752 útkom Dannenberg með klæðavefsmiðjuna til Bessastaða og Reykjavíkur. 1769 útkom enn mjó-vefsmiðja til Hlíðarenda og Hjálmholts.

Hér mætti nú spyrja: hvað margir vefstólar eru nú út af þessu komnir á Íslandi í svo langan tíma, og hverjir hafa fært sér þá í nyt? Svarið verður: Svo nær enginn, nema 2 vefstólar í Borgarfirði og nú nefnast 7 í Eyjafirði, svo þessum tilheyrir samt æran af viðleitninni í tóskapnum þó sein sé. Hvað mun þessu valda? Þessi spurning þarf greinilegt svar og svo skýra upplýsing að nytsemd megi af hafa.

Já, gamli maðurinn er sár. Það tekur tíma að koma nýju lagi á. Hann reyndi sitt besta, er óhætt að segja. Þetta er bara brot af haggrúski hans í *Sveitabóndanum*. Verður að duga. Hann vonar að ritið skili sér í höfuð góðra manna sem dragi af lærdóm. Komið er að nýrri kynslóð að standa sig eða lúffa undan tregðunni.

